



HVERNIG VAR MÉR ÆTLAÐ AÐ LIFA?

NEÞRÁ

BYRJADU HÉR

B

að leggja UNDIRSTÖÐUR 1

að þrá EINLÆGNI 2

að dýpka TRÚ 3

að reiða sig á GUDLEGAN MÁTT 4

að taka þátt í STARFI GUÐS 5



Eins hef ég beðið Drottin, það eitt þrái ég, að ég fái að dveljast í húsi Drottins alla ævidaga mína til þess að horfa á yndisleik Drottins og leita svara í musteri hans.

Sálmarnir 27.4

hagnýtar leiðbeiningar um göngu með Guði

G A V I N A N T H O N Y

hægt er að sækja fleiri eintök hjá www.adventistar.is/eintra

© 2021 Gavin Anthony

Síðast uppfært September 2021

Þýðing: Einar Valgeir Arason
Prófarkalestur: Þóra Lilja Sigurðardóttir

Það væri gaman að vita ef þessi bók hefur hjálpað þér og þá hvernig! Ef þú vilt hafa samband eða þig vantar fleiri eintök, þá vinsamlegast hafið samband hér:
gavin@reflectingJesus.org

B

efnisyfirlit

- 1 hvert er stefnt? / 4
- 2 hvernig nota á bókina / 6
- 3 yfirlit hluta / 8
- 4 leiðbeiningar handa kennurum / 12
- 5 helstu trúarkenningar / 14
- 6 skírnarheitið-yfirlit / 22
- 7 helgidómurinn og lærisveinar / 25



Eins hef ég beðið Drottin, það eitt þrái ég, að ég fái að dveljast í húsi Drottins alla ævidaga mína til þess að horfa á yndisleik Drottins og leita svara í musteri hans.

hvert er stefnt?

velkomin af stað!

hvernig var mér ætlað að lifa?

Mjög mikilvægt er fyrir okkur mannverurnar að finna tilgang okkar. Ef ég hef bara þróast fyrir slysi þá er það mitt að svara spurningunni um hlutverk mitt hér í heimi. **En sé ég sköpuð vera og hönnuður er í myndinni þá mótast tilgangur lífs míns af tilgangi skapara míns.**

Kristnir trúa því að Guð hafi skapað þá á ákveðinn hátt og með ákveðinn tilgang í huga. Samt er svo mikið að og við upplifum svo miklar þjáningar. Því er það að þótt margir hafi afneitað Guði vegna þess að þeim finnst lífið vera hringavitleysa, þá erum við samt knúin áfram í leit að meiningu og tilgangi. Ég tel **að lykillinn að því að skilja tilgang okkar sé að skilja upphaflegt áform Guðs með okkur.** Þessi bók skoðar lífið eins og Guð ætlaðist til að því yrði lífað.

að sigrast á bókstafstrú

Um miðja 17. öld ritaði Henry Scougal nokkur bréf sem hjálpa okkur að skilja tilgang Guðs með líf okkar. Sagt er að þessi bréf hafi leitt til afturhvarfs Georgs Whitefield—eins mest prédikara sögunnar. Framan af ævi áttu Whitefield, ásamt John og Charles Wesley (meðstofnenda Meþódistakirkjunnar) erfitt með kristna bókstafstrú sem virtist lofa miklu en gaf lítið. Á hinn bóginn, sagði Scougal sannkristið fólk,

vita af eigin reynslu að sönn trú er tenging sálarinnar við Guð, þátttaka í guðlegu eðli, ímynd Guðs stimpluð í sálina, eða eins og postulinn sagði: „Kristur í okkur . . . „ (The Life of God in the Soul of Man, 38).

Þannig að vera kristinn snýst ekki einungis um hverju við trúum eða hvað við höldum. Ekki heldur um hvað við gerum. Aðallega er kristnin um hver við erum—um nánd okkar við Guð sem endurmótar okkur til að verða lík Jesú.

ein þrá

Sálmaskáldið Davíð ritaði mikið um þrá sína til að vera með Guði. Hann skrifaði:

Eins hef ég beðið Drottin, það eitt þrái ég, að ég fái að dveljast í húsi Drottins alla ævidaga mína til þess að horfa á yndisleik Drottins og leita svara í musteri hans. (Sálm 27.4).

Knýjandi þrá Davíðs var að horfa á yndisleik Guðs. Andrew Bonar segir að slík fegurð tákni „allt sem geri Guð að ímynd elsku og yndis“. **Þannig séð er yndisleikur Guðs lyndiseinkunn hans.** Davíð þráði að sjá Guð með því að nálgast hann. **Ég álít að slík**

- YFIRLIT
- **samkvæmt hönnuninni var mér ætlað að lifa í samræmi við tilgang skapans**
 - **að vera kristin snýst um hver ég er, ekki bara hvað ég geri**
 - **lífið snýst um náíð samband við Guð sem leiðir til þess að ímynd hans speglast í mér**
 - **er ég læri að endurspegla Guð, þá mun ég taka þátt í starfi hans í heiminum, þannig að aðrir verði endurreistir í hans ímynd**

grípandi löngun til að eiga samskipti við Guð, og það að þrá og virða Guð, sé æðsta markmið sem mannvera getur fileinkað sér.

afleiðing þess að horfa á yndisleik Guðs

Tvennt leiðir af því að horfa á yndisleik Guðs. Í fyrsta lagi, þegar ég þrái Guð umfram allt og nálgast hann þá mun ég endurspeglja hann. Því ég mun óhjákvæmilega mótast af persónu þeirri sem ég sé og ver tíma með. Páll lýsir þessu: „En við sjáum öll með óhjúpuðu andliti dýrð Guðs endurspeglast í Kristi og andi hans lætur okkur umbreytast eftir þeirri sömu mynd til enn meiri dýrðar“ (2Kor 3.18). Biblían segir okkur að við sköpunina vorum við gerð í ímynd Guðs (1Mós 1.26-27). Þannig að þegar ég sem brotin manneskja nálgast Guð og byrja að íhuga yndisleik Drottins, fer ég inn í ferli þar sem ímynd Guðs verður endursköpuð í mér. **Slík endurmótun mun líka hjálpa mér að standast við endurkomu Jesú, því ímynd Guðs er „nafn“ föðurins og sonarins sem ritað er á enni lýðs Guðs (Opb 14.1).**

Í öðru lagi, þegar ég þrái Guð umfram allt annað, nálgast hann og endurspeglja hann, þá mun ég eðlilega þrá að sjá aðra endurmótast í mynd hans. Páll postuli segir að það sé persónulegt forgangsmál hjá Guði að endurskapa Krist í lífi okkar því „þau sem hann þekkti fyrir fram hefur hann og fyrirhugað til þess að mótast eftir mynd sonar síns“ (Róm 8.29). Þrá Guðs eftir því að sjá aðra endurskapaða í ímynd hans sést í þjónustu Páls postula. Páll ritaði til hinna kristnu í Galatíu: „ . . . börn mín, sem **ég að nýju el með harmkvælum þangað til Kristur er myndaður í ykkur!**“ (Gal 4.19). Taktu eftir tvennu í þessu versí. Í fyrra lagi, þá var Páli umhugað um myndun, réttara sagt endursköpun, lyndiseinkunnar Jesú í lífi fólks. Í öðru lagi gat svona starf verið svo krefjandi að andlega jafngilti það því að fæða barn. Við erum sammála Páli um að þessi hvöt til að þjóna öðrum sé þess virði. Því að í heimi myrkurs og þjáninga er ekkert stórkostlegra en að sjá aðra endurspeglja lyndiseinkunn og ímynd Jesú.

það stórkostlegasta í heimi hér

Ellen White ritar að „mikilvægasta starf sem hægt er að inna af hendi í heimi okkar er að gefa Guði dýrðina með því að endurspeglja lyndiseinkunn Krists“ (6 Testimonies, 439). Enn fremur segir hún varðandi endursköpun ímyndar Guðs í okkur: „Að endurvekja ímynd Skaparans í mannum, að færa hann aftur til fullkomunnarinnar sem hann var skapaður í, að hvetja til þroska líkama, hugar og sálar svo að hinn guðlegi tilgangur með sköpun hans fullkomnaðist – þetta yrði verk hjálpræðisins“ (Education, 15-16).

Ein þrá mun hjálpa þér að skilja ferlið sem lýsir því hvernig þetta getur gerst í lífi þínu. Von mín er að þetta hvetji og leiði þig í sambandi þínu við Guð svo þú speglir ímynd hans, og að þetta verði helsti hvati lífs þíns. Það myndi gleðja mig ef þú vildir sameinast mér í þessu markmiði er við ferðumst saman. Góða ferð!

Gavin Anthony
Reykjavík, Ísland, 2021

hvernig nota á bókina

hvert er innihaldið og hvernig virkar þetta?

hvert er innihaldið?

Bókin skiptist í 2 aðalhluta:

Grunnurinn. Þessi efnisatriði sýna þér stóru myndina af því hvernig Guð áformaði líf þitt. Kjarninn er um að Guð skapaði þig til að endurspegla lyndiseinkunn hans í þessum heimi. Við skoðum strikið sem syndin setti í reikninginn og hvað við getum gert í því.

Stoðirnar fjórar. Hinn hluti bókarinnar skiptist í fjórar stoðir sem eru nauðsynlegar til að skapa það líf sem Guð áformaði fyrir þig. Hér kynnist þú ýmsum hagnýtum og mikilvægum hugmyndum sem opna fyrir þér stoðirnar fjórar:

1. einlægni
2. trú
3. guðlegur máttur
4. starf Guðs

Þessum stoðum er raðað svona upp af ásettu ráði. Líf með Guði er aðeins mögulegt sýni ég honum einlægni. Einlægnin undirbýr jarðveginn svo að trúin gefi skotið rötum því ómögulegt er að treysta Guði algerlega skorti einlægnina. Treysti ég ekki Guði getur guðlegur máttur ekki verkað í lífi mínu því allar umbreytingar sem Guð vill áorka krefjast trúar. Að lokum, þá get ég reynt að sinna verki Guðs en sé máttur hans ekki að verki í hjarta og huga mér mun ég lýjast vegna eigin erfiðis og áhrif mín á aðra takmarkast. Að vera Guði til gagns er einungis mögulegt þegar verk Guðs er unnið í mætti Guðs.

Viðbót. Hér er fernt. Í fyrsta lagi er opinber samantekt á grunnkenningum Kirkju sjöunda-dags aðventista. Í öðru lagi er yfirlit yfir skírnarheiti handa þeim sem íhuga skírni. Í þriðja lagi er samantektarkort um helgidóminn og lærisveinaferlið. Módel sem er grunnur þessarar bókar. Í fjórða lagi eru nokkrar blaðsíður fyrir athugasemdir þínar er þú vinnur æfingarnar. Kannski viltu heldur kaupa þér glósubók fyrir þetta.

hvernig hafist skal handa

1. **Byrjaðu á að ljúka við grunninn.** Við lesturinn þykir þér kannski gott að merkja við hugmyndir sem eru þér gagnlegar.
2. Það er undir þér komið hvernig þú nýtir stoðirnar fjórar. Kannski er best að vinna lexiurnar í röð en þú getur valið þær lexiur sem gagnast þér best.
3. Gefðu sérstakan gaum að spurningunni í lok hvers lexiu: „**Hvað hefur Heilagur andi opinberað þér og hvernig þarftu að bregðast við?**“ Við lesturinn skaltu ávallt hlusta eftir Heilögum anda og því sem hann vill vekja athygli þína á og því sem hann vill að þú gerir í því. Líf þitt breytist í samræmi við hvernig þú lærir að hlýða leiðsögn Heilags anda.

til þeirra sem stefna á skírn

Ein þrá getur nýst til að undirbúa þig fyrir skírn. Þar sem námsefnið dugar í eitt til tvö ár – það fer eftir hraða þínum – þá mun sumum lexíunum vera lokið fyrir skírnina en hinar er hægt að vinna síðar. Sá sem undirbýr þig fyrir skírn hjálpar þér með þetta.

Viljir þú læra meira þá hefurðu um tvennt að velja og er það skýrt í hlutanum Kafað dýpra. Í fyrsta lagi er í viðbótinni opinber samantekt á helstu kenningum Kirkju sjöunda-dags aðventista. Ýmsar lexíanna tengjast þessum grunnkenningum beint. Þú getur lesið þær og skoðað viðbótarversin sem gefin eru í lok hverrar kenningar. Í öðru lagi, til að rannsaka þessar grunnkenningar betur geturðu lesið viðeigandi kafla í bókinni Seventh-day Adventists Believe.

Lærisveinar skapa lærisveina

Eins og þú munt sjá í 56. lexíu, sem er um hvernig Jesús mótaði lærisveina, þá sérðu að hann vildi kenna lærisveinunum að gera aðra að lærisveinum. Jesú kenndi þeim margföldun, ekki samlagningu. Þannig að þegar þú lærir að lifa lífinu eins og Guð hefur hannað þig til þá geturðu íhugað hverjum þú vilt deila þessu efni með og þannig hjálpað öðrum til að lifa lífinu eins og Guð hannaði þá til!

yfirlit hluta

hvað mun ég læra?

BYRJAÐU HÉR

3

Hér er yfirlit yfir erendin í öllum fimm hlutum. Þú getur notað þessa samantekt til að áforma hvernig þú vilt fara í gegnum efnið og svo merkt við þegar hverjum þætti er lokið.

1

að leggja
UNDIRSTÖÐUR

- 1 allt er viðbrögð við kærleika
- 2 sköpun mín var til dýrðar Guði
- 3 Guð skapaði mig í sinni mynd
- 4 vandi okkar allra
- 5 hvernig áform Guðs kemst í samt lag
- 6 hvers vegna að fylgja áformi Guðs?
- 7 hversu mikið er hægt að breytast?
- 8 geimárás á hönnun Guðs
- 9 leiðsögukort fyrir ferð þína
- 10 okkur er ekki ætlað að ferðast ein
- 11 endurreisnarferlið
- 12 hjartavandamál

2

að þrá **EINLÆGNI**

- 13 biblíunni lokið upp
- 14 biblían heimfærð upp á líf mitt
- 15 að nota andlega dagbók
- 16 lifað í nærveru Guðs
- 17 lesið til að heyra Guð tala
- 18 fyrirgefningin meðtekin
- 19 að njóta orða Guðs
- 20 um hvað á að biðja?
- 21 að læra Biblíugreinar utan að
- 22 að heyra rödd Guðs í hávaðanum
- 23 opin fyrir þrenningunni
- 24 hvers vegna tilbeiðsla?
- 25 að þrá Guð sjálfan
- 26 í miðju alheimsstríði

3

að dýpka **TRÚ**

- 27 beðið með Biblíunni
- 28 hvernig Guð tekur á syndinni
- 29 það sem Jesús hefur gert fyrir mig
- 30 glímt við erfiðleika
- 31 lifað samkvæmt forsjón Guðs
- 32 trúað á sköpunina
- 33 hvað gerist þegar ég dey?
- 34 Guð í fyrsta sæti
- 35 hvers vegna að taka skírn?
- 36 mun fólk kveljast eilíflega í helvíti?
- 37 lærum að tjá lofgjörð
- 38 endurkoma Jesú
- 39 kristin sjálfsmýnd mín
- 40 kynlíf og hjónaband

4

að reiða sig á **GUÐLEGAN MÁTT**

- 41 1. skref—ég dey syndugu eðli mínu
- 42 2. skref—fyllt Heilögum anda
- 43 að gefast vilja Guðs
- 44 auðmjúk játning
- 45 kvöldmáltíðin: Jesús var undirgefinn
- 46 undirgefni og hlýðni við lögmál Guðs
- 47 líkami minn undirgefinn Guði—1
- 48 líkami minn undirgefinn Guði—2
- 49 endurreisn fyrir auðmýkt
- 50 mótuð af biblíulegum meginreglum
- 51 gefumst til að öðlast hreinleika
- 52 deyjum sjálfinu—venjur og erfiði
- 53 beðið um fyllingu
- 54 fyllt með daglegri guðrækni

5

að taka þátt í **STARFI GUÐS**

- 55 hlutverk kirkjunnarað
- 56 ferð Jesú til að ná til heimsins
- 57 þrjú grunnatriði boðunar
- 58 hvernig Guð undirbýr okkur
- 59 hvar finn ég minn vettvang til að þjóna?
- 60 tíund og ráðsmennska
- 61 endir veraldar
- 62 beðið fyrir öðrum
- 63 að deila vitnisburði með öðrum
- 64 að þjóna eins og Jesús
- 65 ævintýri í þjónustu
- 66 að vera trúverðugur
- 67 spádómsboðskapur til að deila
- 68 hvíldardagurinn

leiðbeiningar handa kennurum

aukahljálp við leiðsögn hópa

BYRJADU HÉR

4

lærisveinar sem gera aðra að lærisveinum

Ein helsta gleði lífsins er að kenna fólki fagnaðarerindið um Jesú og ríki hans og sjá það svo helgast honum æ meir. Það hefur veitt mér mikla gleði að sjá fólk ákveða að fylgja Guði. En mér brá við að sjá að ég hafði ekki kennt því að gera fyrir aðra það sem ég var að gera fyrir það.

Ef ég einungis bæti við ríki Guðs er ég ekki að fylgja fordæmi Jesú í að vinna lærisveina, en það var að gera lærisveina sem gátu svo aftur gert lærisveina. Jesús notaði margföldun ekki einungis samlagningu. Þess vegna er verk þitt ekki bara að kenna efnið heldur að tengja það við aðferð Jesú svo að við lok námskeiðsins geti nemendur þínir gert fyrir aðra það sem þú hefur gert fyrir þá. Að gera lærisveina er ekki bara um að verða betri manneskja heldur er það að öðlast færni í að gera lærisveina—sem svo gera lærisveina...

Þú getur kynnst þessari hugmynd betur áður en þú heldur áfram með því að lesa lexíu 56 sem er um aðferð Jesú.

Gangi vel að gera lærisveina!

hjálp við kennsluna

Hægt er að nota One Ambition hvort sem er til einstaklingskennslu eða hópkennslu. Hér fylgja tillögur um notkun bókarinnar handa sex manna hópi að hámarki. Verði nemendur fleiri en 6 getur það leitt til lengri kennslustunda og óvirkni sumra.

1. **Þakklæfi.** Er eitthvað frá síðustu viku til að þakka fyrir? Þessi upphafsspurning opnar fyrir þakklátssemi í garð Guðs og undirstrikar að við erum háð honum varðandi allt gott.
2. **Áskoranir.** Hvað hefur verið krefjandi í síðustu viku? Þessi spurning hjálpar þátttakendum að vera opnir og gagnsæir varðandi líf sitt með því að viðurkenna galla og þörf fyrir Guð og hvert annað.
3. **Hvernig gekk?** Hér eru rifjadar upp skuldbindingar þátttakenda frá síðustu viku varðandi númer 5 og 6 hér fyrir neðan. Að spyrja hvert annað svona varðandi viðbrögð við Guði og að deila því með öðrum kallar fram ábyrgð og hvatningu.
4. **Lexían.** Farðu yfir lexíu vikunnar. Gefðu þátttakendum tíma til að svara sjálf númer 5 og 6 áður en rætt er um efnið.
5. **Undirstrika.** Gagnlegt getur verið að biðja þátttakendur að undirstrika gagnlegar hugmyndir sem þeir fundu í lesefninu. Þetta auðveldar að deila með hópnum.
6. **Hvað hefur Heilagur andi opinberað þér og hvernig þarft þú að bregðast við?** Þessi spurning er í lok hvarra lexíu. Hún er mikilvæg því við breytumst ekki með því að afla upplýsinga heldur með því að heyra sjálf rödd Guðs sem svo leiðir til

hlýðni við hann. Kenndu öllum að vera persónulega móttækileg við orðum Heilags anda, og hvernig þeir velja að hlýða, svo að líf þeirra endurmótist stöðuglega samkvæmt áætlun Guðs.

- 7. Með hverjum getur þú deilt þessu?** Þessi spurning er einnig í lok hvernar lexíu. Guð mælist til þess að við deilum því sem við höfum lært – þannig að aðrir geti deilt því svo með öðrum. Að deila með öðrum gerir það að vana og styrkir okkur í að reiða okkur á Guð þegar við biðjum hann um að veita okkur tækifæri á að vitna.
- 8. Hvað verður mest krefjandi í komandi viku?** Hér gefst tækifæri til að hjálpa hvert öðru.

Taktu eftir að engar ákveðnar **bænastundir** eru í kennsluáætluninni. Bænin dettur inn hvenær sem það hentar.

kennt fyrir skírn

- Sértu að nota Ein þrá til að undirbúa fólk fyrir skírn þá þarftu, eftir að hafa lokið Grunninum, að ákveða hvaða lexíur úr Stoðunum fjórum verði teknar fyrir skírn og hverjar eftir skírn. Þó freistandi sé að fara í grunnkenningar fyrir skírn þá minnumst þess að skírnarþegar þurfa meira en kenningalega fræðslu. Þeir þurfa tileinka sér mikilvægar venjur og viðhorf sem halda þeim í sambandi við Guð. Fyrir skírnina ættu skírnarþegarnir að hafa góðan skilning og reynslu í einlægni, trausti og að vera háð Guði, og jafnvel að hafa byrjað samstarf með Guði í verki hans.
- Viljir þú að skírnarþegar skoði betur kenningarleg málefni þá eru einhverjar leiðbeiningar í hlutanum Kafað dýpra í sumum lexíum.

helstu trúarkenningar

Samantekt á kenningum Sjöunda-dags aðventista

BYRJAÐU HÉR

5

Sjöunda-dags aðventistar viðurkenna Biblíuna sem einu trúarjátningu sína og álíta vissar grunnkenningar vera það sem Heilagur Ritningar boða. Þessar kenningar, eins og þær eru settar fram hér, byggjast á skilningi kirkjunnar og er framsetning hennar á því sem Biblían kennir. Endurskoðun þessara yfirlýsinga getur farið fram á fundi Aðalsamtakanna þegar kirkjan er leidd af Heilögum anda til fullkomnari skilnings á sannleika Biblíunnar eða þegar hún finnur hentugra tjáningarform til að lýsa kenningum Guðs heilaga Orðs.

1 heilagur ritning

Heilög ritning, Gamla og Nýja testamentið, er hið ritaða orð Guðs, borið fram af helgum guðinnblásnum mönnum, sem töluðu og rituðu eins og Heilagur andi blés þeim í brjóst. Í þessu orði hefur Guð veitt mannkyninu þá þekkingu sem nauðsynleg er til sálhjálp. Heilög ritning er hin óskeikula Opberun á vilja Guðs. Hún er mælikvarði á lyndiseinkunn mannsins, prófsteinn á mannlega reynslu, óvæfengjanleg Opberun kenninga og áreiðanleg heimild um athafnir Guðs í sögu mannkynsins. (Slm. 119.105; Okv. 30. 5, 6; Jes. 8. 20; Jóh. 17. 17; 1Pess. 2.13; 2. Tím. 3. 16, 17; Heb. 4.12; 2 Pét. 1. 2, 21.)

2 þrenningin

Guð er einn. Faðir, sonur og Heilagur andi, eining þriggja sam-eilífra persóna. Guð er ódauðlegur, almáttugur, alvitur, öllu ofar og ávallt nálægur. Hann er óendanlegur og ofar mannlegum skilningi, en þó þekktur vegna þess að hann hefur Opberað sig. Hann er eilíflega verðugur tilbeiðslu, lotningarfullrar aðdáunar og þjónustu alls hins skapaða. (1Mós. 1.26; 5Mós. 6. 4; Jes. 6.8; Matt. 28. 19; Jóh. 3.16; 2Kor. 1.21, 13.14; Ef. 4. 4-6; 1Pét. 1. 2.)

3 Faðirinn

Guð, hinn eilífi faðir, er skapari, uppspretta, sem viðheldur öllu og er alvaldur allrar sköpunarinnar. Hann er réttlátur og heilagur, miskunnsamur og náðarríkur, seinn til reiði og fullur staðfastrar elsku og tryggðar. Þeir eiginleikar og þær eigindir, sem sonurinn og Heilagur andi búa yfir, eru einnig Opberun hins sama hjá föðurnum. (1Mós. 1. 1; 5Mós. 4.35; Slm. 110.1,4; Jóh. 3. 16; 14.9; 1Kor. 15.28; 1. 1.17; 1Jóh. 4.8; Opb. 4. 11.)

4 Sonurinn

Guð, sonurinn eilífi, varð hold í Jesú Kristi. Fyrir tilstilli hans voru allir hlutir skapaðir, grundvallareðli Guðs Opberað, mannkyninu búið hjálpræði og heimurinn dæmdur. Hann er sannur Guð frá eilífum tíðum en gerðist einnig sannur maður, Jesús Kristur. Hann var getinn af Heilögum anda og fæddur af Maríu mey. Hann lifði og varð fyrir

freistingum eins og hver annar maður en birti fullkomlega réttlæti og kærleika Guðs í lífi sínu. Með kraftaverkum sínum sýndi hann mátt Guðs og það sannaðist, að hann var hinn fyrirheitni Messías Guðs. Hann leið og dó sjálfviljuglega á krossi fyrir syndir okkar og í okkar stað, var reistur upp frá dauðum og steig upp til himna til þess að þjóna í hinum himneska helgidómi fyrir okkur. Hann mun koma aftur í dýrð til að frelsa endanlega lýð sinn og að endurreisa alla hluti. (Jes. 53.4-6; Dan. 9.25-27; Lúk. 1.35; Jóh. 1.1-3, 14; 5.22; 10.30; 14.1-3, 9, 13; Róm. 6.23; 1Kor. 15.3,4; 2Kor. 3.18; 5.17-19; Fil. 2.5-11; Kól. 1.15-19; Heb. 2.9-18; 8.1,2.)

5 Heilagur Andi

Guð hinn eilífi Andi tók, ásamt föðurnum og syninum, virkan þátt í sköpuninni, holdtekjunni og endurlausninni. Hann veitti þeim guðlega andagift, sem rituðu bækur Biblíunnar. Hann fyllti líf Krists mætti. Hann laðar menn til sín og sannfærir þá um synd. Þá, sem veita honum viðtöku, endurnýjar hann og umbreytir í ímynd Guðs. Hann er sendur af föðurnum og syninum til að vera ávallt með börnum Guðs. Hann gefur söfnuðinum andlegar gjafir, veitir honum kraft til að bera Kristi vitni og leiðir hann, samkvæmt Heilagri ritningu, í allan sannleikann. (1Mós. 1.1,2; 2Sam. 23.2; Slm. 52.11; Jes. 61.1; Lúk. 1.35; 4.18; Jóh. 14.16-18, 26; 15.26; 16.7-13; Post. 1.8; 5.3; 10.38; Róm. 5.5; 1Kor. 12.7-11; 2Kor. 3.18; 2Pét. 1.21.)

6 sköpunin

Guð er skapari alls og hefur gefið okkur í Biblíunni áreiðanlega frásögn af sköpunarstarfi sínu. Á sex dögum skapaði Drottinn „himin og jörð“ og allt, sem lífsanda dregur á jörðinni, og hvíldist á sjöunda degi þessarar fyrstu viku. Þar með stofnaði hann hvíldardaginn til ævarandi minningar um lok sköpunarverks síns. Fyrsti maðurinn og fyrsta konan voru sköpuð í mynd Guðs sem kóróna sköpunarverksins, þeim veitt yfirráð yfir allri jörðinni og falin sú ábyrgð að annast hana. Þegar jörðin var fullnuð var hún „harla góð“ og bar dýrð Guðs vitni. (1Mós. 1-2; 5; 11; 2Mós. 20. 8-11; Slm. 19. 1-6; 33. 6, 9; 104; Jes. 45.12,18; Post. 17.24; Kól. 1.16; Heb. 1.2; 11.3; Opb. 10.6; 14.7.)

7 eðli mannsins

Þau, karl og kona, voru sköpuð í mynd Guðs, hvort með sitt einstaklingseðli og hæfileika og frelsi til að hugsa og framkvæma. Þótt þau hafi verið sköpuð frjáls, voru þau hvort um sig óaðskiljanleg eining líkama, hugar og anda og háð Guði um líf og anda og allt annað. Þegar fyrstu foreldrar okkar óhlýðnuðust Guði afneituðu þau því, að þau væru honum háð og féllu úr hinni háu stöðu sinni hjá Guði. Mynd Guðs í þeim saurgaðist og þau urðu undirorpin dauðanum. Niðjar þeirra gjalda þessa fallna eðlis og afleiðinga þess. Þeir eru fæddir með veilur og tilhneigingar til ills. En í Kristi sættti Guð heiminn við sig og með Anda sínum endurnýjar hann mynd skaparans í iðrandi dauðlegum mönnum. Þeir eru skapaðir Guði til dýrðar og kallaðir til að elska hann og hver annan og að annast umhverfi sitt. (1Mós. 1. 26-28; 2. 7, 15; Slm. 8.4-8; 51.5,10; 58.3; Jer. 17.9; Post. 17. 24-28; Róm. 5.12-17; 2Kor 5. 19, 20; Ef. 2.2; 1Þess. 5.23; 1Jóh. 3.4; 4.7, 8, 11, 20.)

8 deilan mikla

Allt mannkynið er nú þátttakandi í mikilli deilu milli Krists og Satans varðandi grundvallareðli Guðs, lögmál hans og yfirráð hans yfir alheiminum. Þessi barátta sem hófst á himni þegar sköpuð vera, gædd valfrelsi, varð, vegna sjálfsupphafningar, Satan eða andstæðingur Guðs, og tældi hluta af englaskaranum til uppreisnar.

Hann bar uppreisnarandann með sér inn í þennan heim þegar hann tældi Adam og Evu til að syndga. Synd manna leiddi það af sér, að mynd Guðs í mannkyninu brenglaðist, glundroði komst á í hinum skapaða heimi og að honum var að lokum eytt á tíma alheimsflóðsins. Öll sköpunin fylgdist með því þegar þessi heimur varð vettvangur allsherjar átaka, en í þeim mun Guð kærleikans að síðustu fá uppreisn æru. Kristur sendir Heilagan anda og trúfasta engla lýð sínum til hjálpar í þessum miklu átökum til að leiðbeina honum, vernda hann og styrkja á vegi hjálpræðisins. (1Mós. 3; 6-8; Job. 1.6-12; Jes. 14.12-14; Esk. 28.12-18; Róm. 1.19-32; 3.4; 5.12-21; 8.19-22; 1Kor.4.9; Heb. 1.14; 1Pét. 5.8; 2Pét. 3.6; Opb. 12.4-9.)

9 líf Krists, dauði hans og upprisa

Í lífi Krists, sem einkenndist af fullkominni hlýðni við vilja Guðs, og í þjáningum hans, dauða og upprisu, tryggði Guð einu friðþægingarleiðina, sem til er, fyrir syndir manna, svo að þeir, sem í trú veita friðþægingu þessari viðtöku, geti öðlast eilíft líf og öll sköpunin skilji betur óendanlegan og heilagan kærleik skaparans. Þessi fullkomna friðþæging staðfestir réttlæti lögmáls Guðs og miskunnsemina í grundvallareðli hans, því að hún gerir hvorttveggja, að fordæma syndir okkar og afla okkur fyrirgefningar. Kristur dó sem staðgengill, og jafnframt til að friðþægja, sætta og umskapa. Upprisa Krists boðar sigur Guðs yfir öflum hins illa. Þeim, sem veita friðþægingunni viðtöku, veitir hún fullvissu um endanlegan sigur yfir synd og dauða. Hún kunngerir herratign Jesú Krists, sem hvert kné á himni og á jörðu mun beygja sig fyrir. (1Mós. 3.15; Slm. 22.1; Jes. 53; Jóh. 3.16; 14.30; Róm. 1.4; 3.25; 4.25; 8.3, 4; 1Kor. 15.3, 4,20-22; 2Kor. 5.14, 15, 19-21; Fil. 2.6-11; Kol. 2.15; 1Pét. 2.21, 22; 1Jóh. 2.2; 4.10.)

10 hjálpræðið í reynd

Af óendanlega miklum kærleik og miskunn gerði Guð Krist, sem enga synd þekkti, að synd okkar vegna, svo að við mættum verða réttlæti Guðs í honum. Þegar við erum leidd af Heilögum anda finnum við þörf okkar, viðurkennum að við erum syndug, iðrumst misgjörða okkar og ástundum trú á Jesú sem Drottin og Krist, staðgengil okkar og fordæmi. Þessi trú, sem leiðir til þess að menn veita hjálpræðinu viðtöku, lifnar fyrir hinn guðlega mátt Okvins og er hún gjöf náðar Guðs. Fyrir Krist erum við réttlætt, meðtekin sem synir Guðs og dætur og frelsuð undan drottinvaldi syndarinnar. Fyrir Andann endurfæðumst við og helgumst. Andinn endurnýjar hugarfar okkar. Hann ritar kærleikslögmál Guðs í hjarta okkar og gefur okkur kraft til að lifa heilögu lífi. Með því að vera í honum fáum við hlutdeild í guðlegu eðli og öðlumst fullvissu um endurlausn nú og í dóminum. (1Mós. 3.15; Jes. 45.22; 53; Jer. 33.33-34; Esk. 33.11; 36.25-27; Hab. 2.4; Mrk. 9.23,24; Jóh. 3.3-8,16; 16.8; Róm. 3.21-26; 8.1-4, 14-17; 5.6-10; 10.17; 12.2; 2Kor. 5.17-21; Gal. 1.4; 3.13, 14, 26; 4.4-7; Efe.2.4-10; Kól. 1.13,14; Tít. 3.3-7; Heb. 8.7-12; 1Pét. 1.23; 2.21, 22; 2Pét. 1.3,4; Opb. 13.8.)

11 að vaxa í Kristi

Jesús sigraði til fulls hin illu öfl með krossdauða sínum. Andaverur vonskunnar lutu valdi hans á hérvistardögum hans, og með dauða sínum braut hann vald þeirra á bak aftur og tryggði endanlegan dóm þeirra. Sigur hans veitir okkur sigur yfir hinum illu öflum, sem sækja fast að okkur í okkar daglega lífi sem við göngum með honum í djúpum friði og fullvissu um kærleika hans. Heilagur Andi dvelur hið innra með okkur og veitir okkur kraft. Ok hins liðna er létt af herðum okkar er við felum líf okkar Jesú sem frelsara okkar og Drottin. Svípt er burt hulu myrkurs, vanþekkingar, tilgangsleysis fyrra lífennis og óttans við hin illu öfl. Við erum kölluð til vaxtar í líkingu við lyndiseinkunn Drottins í því frelsi sem Jesús veitir okkur og daglegra samskipta við hann í bæninni. Við nærumst á orði hans, hugleiðum það daglangt og hversu hönd

hans hvílir yfir okkur, syngjum honum lof, stundum trúarsamfélagið og tökum þátt í boðun kirkjunnar. Stöðug nærvera hans fyrir tilstilli Heilags Anda umbreytir sérhverju andartaki okkar og athöfn í ríkulega andlega reynslu um leið og við gefumst honum í þjónustunni fyrir hann fyrir aðra og þeirra sálarheill. (1Kro. 29.11; Slm. 1.1,2; 23.4; 77.11, 12; Matt. 20.25-28; 25.31-46; Lúk. 10.17-20; Jóh. 20.21; Róm. 8.38, 39; 2Kor. 3.17,18; Gal. 5.22-25; Ef. 5.19,20; 6.12-18; Fil. 3.7-14; Kól. 1.13,14; 2.6, 14, 15; 1Þess. 5.16-18,23; Heb. 10.25; Jak. 1.27; 2Pét. 2.29; 3.18; 1Jóh. 4.4.)

12 söfnuðurinn

Söfnuðurinn er samfélag trúaðra sem játa Jesú Krist sem Drottin sinn og frelsara. Sem arftakar lýðs Guðs á tímum Gamla testamentisins erum við kölluð út úr heiminum. Við komum saman til tilbeiðslu, til samfélags, til að fræðast um orð Guðs, til að neyta kvöldmáltíðar Drottins, til þjónustu við allt mannkyn og til boðunar Okvins um víða veröld. Söfnuðurinn fær vald sitt frá Kristi, sem er orðið holdi klætt, og Biblíunni, sem er hið ritaða orð. Söfnuðurinn er fjölskylda Guðs sem hann hefur tekið að sér sem börn sín. Þeir, sem heyra honum til, lifa á grundvelli hins nýja sáttmála. Söfnuðurinn er líkami Krists, trúarlegt samfélag þar sem Kristur sjálfur er höfuðið. Söfnuðurinn er brúðurin, sem Kristur dó fyrir til þess að hann gæti helgað hann og hreinsað. Þegar hann kemur aftur sem sigurvegari mun hann leiða hana fram fyrir sig sem dýrlegan söfnuð, hina trúföstu allra alda, þá sem hann keypti með blóði sínu og hvorki hafa blett né hrukku, heldur eru heilagir og lýtalausir. (1Mós. 12.1-3; 2Mós. 19.3-7; Matt. 16.13-20; 18.18; 28.19, 29; Post. 2.38-42; 7.38; 1Kor. 1.2; Ef. 1.22, 23; 2.19-22; 3.8-11; 5.23-27; Kól. 1.17,18; 1Pét. 2.9.)

13 leifarnar (hinir aðrir afkomendur konunnar) og köllun þeirra

Allsherjarsöfnuðurinn er byggður upp af öllum, sem í sannleika trú á Krist, en á hinum síðustu dögum, tímum almenns fráhrarfs, hafa leifar verið kallaðar til að varðveita boðorð Guðs og trúna á Jesú. Leifar þessar kunngjóra að dómsstundin sé komin, boða hjálpræði í Kristi og láta það hljóma að endurkoma hans sé í nánd. Englarnir þrír í Opberunarbókinni 14. kafla eru tákmynd af þessari boðun. Hún fer fram á sama tíma og dómsrannsóknin á sér stað á himnum og leiðir til iðrunar og siðbótar á jörðinni. Sérhver trúaður maður er kallaður til gerast þátttakandi í þessum alheimsvitnisburði. (Dan. 7.9-14; Jes. 1.9; 11.11; Jer. 23.3; Mik. 2.12; 2Kor. 5.10; 1Pét. 1.16-19; 4.17; 2Pét. 3.10-14; Júd. 3, 14; Opb. 12.17; 14.6-12; 18.1-4.)

14 eining í líkama Krists

Söfnuðurinn er einn líkami með mörgum limum, sem kallaðir eru frá sérhverri þjóð, kynkvísl, tungu og lýð. Í Kristi erum við ný sköpun. Það, sem skilur að kynþætti, menningarsvæði, þjóðir og í þekkingu og munur á háum og lágum, auðugum og fátækum og körlum og konum, má ekki valda sundrungu okkar á meðal. Við erum öll jöfn í Kristi, sem fyrir einn og sama Anda hefur tengt okkur saman í eitt samfélag með honum og hvert með öðru. Við eigum að þjóna og njóta þjónustu án manngreinarálits eða skilyrða. Fyrir Opberun Jesú Krists í Biblíunni eigum við sömu trú og von og flytjum öllum einn og sama vitnisburð. Þessi eining á rót sína að rekja til einingar hins þríeina Guðs sem hefur tekið okkur að sér sem börn sín. (Slm. 133.1; Matt. 28.19,20; Jóh. 17.20-23; Post. 17.26,27; Róm. 12.4,5; 1Kor. 12.12-14; 2Kor. 5.16, 17; Gal. 3.27-29; Ef. 2.13-16; 4.3-6, 11-16; Kól. 3.10-15.)

15 skírn

Með skírninni játum við trú okkar á dauða Jesú Krists og upprisu, vottum að við séum dauð syndinni og að ásetningur okkar sé að ganga í endurnýjung lífsins. Þannig viðurkennum við Krist sem Drottin og frelsara, verðum lýður hans og erum meðtekin sem heyrandi til kirkju hans. Skírn er tákni um sameiningu okkar við Krist, um fyrirgefningu synda okkar og að við höfum tekið á móti Heilögum anda. Hún er framkvæmd með niðurdýfingu í vatni. Forsenda þess að láta skírast er að játa trú á Jesú og að fram komi iðrun gagnvart synd. Skírnin fer fram eftir að fólk hefur fengið fræðslu um Heilaga ritningu og tekið við kenningum hennar. (Matt. 28.19, 20; Post. 2.38; 16.30-33; 22.16; Róm. 6.1-6; Gal. 3.27; Kól. 2.12, 13.)

16 kvöldmáltíð Drottins

Heilög kvöldmáltíð er hlutdeild í táknum líkama og blóðs Jesú og tjáning trúar á hann, Drottin okkar og frelsara. Við kvöldmáltíðina er Kristur viðstaddur til að finna fólk sitt og að styrkja það. Þegar við tökum þátt í þessari athöfn boðum við dauða Drottins fagnandi, uns hann kemur aftur. Undirbúningur fyrir kvöldmáltíðina felur í sér sjálfsrannsókn, iðrun og játningu. Meistarinn stofnaði fótaþvottinn sem athöfn til að tákna endurnýjaða hreinsun, vilja til að þjóna öðrum í kristilegri auðmýkt og til að tengja saman hjörtu okkar í kærleika. Kvöldmáltíðarþjónustan er Opb öllum trúuðum kristnum mönnum. (Matt. 26.17-30; Jóh. 6.48-63; 13.1-17; 1Kor. 10.6,17; 11. 23-30; Opb. 3.20.)

17 andlegar gáfur og þjónusta

Guð gefur öllum þeim andlegar gjafir, sem heyra söfnuði hans til, og hver safnaðarmaður á að nota þær í kærleiksríkri þjónustu söfnuðinum og öllu mannkyni til heilla. Gjafarinn er Heilagur andi, sem útbýtir hverjum að vild sinni, og gjafirnar gera menn hæfa til að inna af höndum alla þjónustu, sem söfnuðurinn þarfnast til að gegna því starfi, sem Guð ætlar honum. Samkvæmt Heilagri ritningu eru þessar gjafir m. a. fólgnar í þjónustugreinum eins og trú, lækningu, spádómum, boðun, fræðslu, stjórnun, sáttargjörð, samúð, sjálfsfórnanði þjónustu og góðgerðarstarfsemi, mönnum til hjálpar og uppörvunar. Sumir eru kallaðir af Guði og innblásnir af Andanum til starfa í söfnuðinum sem hirðar, trúboðar, postular og fræðarar, sem sérstaklega er þörf fyrir til að búa meðlimina undir þjónustustarf, til að uppbyggja söfnuðinn til andlegs þroska og stuðla að einingu trúarinnar og þekkingu á Guði. Þegar safnaðarfólk notar þessar andlegu gáfur sem dyggir þjónar hinnar margbreytilegu náðar Guðs, er söfnuðurinn verndaður fyrir eyðileggingaráhrifum falskenninga, hann vex að þroska sem Guð veitir og byggist upp í trú og kærleik. (Post. 6.1-7; Róm. 12.4-8; 1Kor. 12.7-11, 27, 28; Ef. 4.8, 11-16; 1. Tim. 3.1-13; 1Pét. 4.10, 11.)

18 spádómsgáfan

Ein af gjöfum Heilags anda er spádómsgáfan. Þessi gáfa er auðkenni leifa safnaðarins og kom fram í hirðisstarfi Ellen G. White. Þar sem hún er sendiboði Drottins verða rit hennar varanleg og áreiðanleg uppspretta sannleika, sem veitir söfnuðinum huggun, leiðsögn, fræðslu og áminningu. Þau taka líka af öll tvímæli um að Biblían er sá staðall, sem allar kenningar og reynsla verður að miðast við. (4Mós. 12.6; 2Kro. 20.20; Am. 3.7; Jl. 2.28, 29; Post. 2. 14-21; 2Tím. 3.16, 17; Heb. 1. 1-3; 19.10; 22.8, 9.)

19 lögmál Guðs

Hinar miklu meginreglur lögmáls Guðs eru fólgnar í boðorðunum tíu og koma fram í lífi Krists. Þau bera kærleika Guðs vitni og sýna vilja hans og takMrk að því er varðar mannlega hegðun og samskipti og eru bindandi fyrir alla menn á öllum öldum. Þessi lagafyrirmæli eru grundvöllur sáttmála Guðs við lýð hans og viðmiðunin í dómi Guðs. Fyrir starf Heilags anda benda þau á synd og vekja vitund um þörf fyrir frelsara. Hjálpræði fæst ekki fyrir verk heldur einungis fyrir náð, en ávöxtur þess er hlýðni við boðorðin. Þessi hlýðni þroskar kristilega lyndiseinkunn og veitir vellíðan. Hún ber kærleika okkar til Drottins vitni og einnig umhyggju okkar fyrir samferðamönnum. Hlýðni í trú ber vott um mátt Krists til að umbreyta líferni manna og hún styrkir því kristilegan vitnisburð. (2Mós. 20. 1-17; 5Mós. 28. 1-14; Slm. 19. 7-14; 40.7, 8; Matt. 5.17-20, 20.36-40; Jóh. 14.15; 15.7-10; Róm. 8.3,4; Ef. 2.8-10; Heb. 8.8-10; 1Jóh. 2.3; 5.3; Opb. 12.17; 14.12.)

20 hvíldardagurinn

Eftir sex sköpunardaga hvíldist hinn kærleiksríki skapari á sjöunda deginum og stofnsetti hvíldardaginn handa öllu mannkyni til minningar um sköpunina. Fjórða boðorð hins óumbreytanlega lögmáls Guðs býður okkur að virða þennan hvíldardag, sjöunda dag vikunnar, sem dag hvíldar, tilbeiðslu og þjónustu, í samræmi við kenningu og venju Jesú, herra hvíldardagsins. Hvíldardagurinn er dagur unaðslegs samfélags við Guð og menn. Hann er tákn um endurlausn okkar í Kristi, um helgun okkar, um hollustu okkar og er forsmekkur eilífrar framtíðar, sem okkur er búin í ríki Guðs. Hvíldardagurinn er ævarandi tákn Guðs um eilífan sáttmála milli hans og lýðs hans. Með því að halda þennan dag heilagan fagnandi frá kvöldi til kvölds, sólsetri til sólseturs, erum við að halda minningarhátfíð um sköpunar- og endurlausnarstarf Guðs. (1Mós. 2. 1-3; 2Mós. 20. 8-11; 31. 13-17; 3Mós. 23. 32; 5Mós. 5.12-15; Jes. 56.5, 6; 58.13,14; Esk. 20.12,20; Matt. 12.1-12; Mrk. 1.32; Lúk. 4.16; Heb. 4.1-11.)

21 ráðsmennska

Við erum ráðsmenn Guðs, treyst fyrir tíma og tækifærum, hæfileikum og eignum, blessunum jarðar og auðlindum hennar. Við erum Guði ábyrg fyrir rétttri notkun þessa alls. Við viðurkennum eignarhald Guðs með trúfastri þjónustu við hann og mannfólkið með því að gjalda tíund og gefa gjafir til boðunar fagnaðarerindis hans og til að efla og styrkja kirkju hans. Ráðsmennska er forréttindi sem Guð veitir okkur til að gera okkur kærleiksríkari og sigrast á sjálfselsku og ágirnd. Ráðsmaðurinn gleðst yfir þeim blessunum sem öðrum hlotnast vegna trúfesti hans. (1Mós 1.26-28; 2.15; 1Kron 29.14; Hag 1.3-11; Mal 3.8-12; 1Kor 9.9-14; Matt 23.23; 2Kor 8.1-15; Róm 15.26, 27).

22 kristileg breytni

Við erum kölluð til að vera guðrækið fólk og hugsanir okkar, tilfinningar og gjörðir eiga að vera í samræmi við grundvallarreglur himinsins. Til þess að Andinn geti endurskapað í okkur grundvallareðli Drottins tókum við aðeins þátt í því sem leiðir til kristilegs hreinleika, heilbrigðis og fagnaðar í lífi okkar. Það merkir, að allt sem við gerum okkur til skemmtunar og afþreyingar á að standast hinar ýtrustu kröfur kristilegrar smekkvísi og fegurðarskyns. Þó að okkur sé ljóst, að fólk kemur úr mismunandi menningarumhverfi, á klæðnaður okkar að vera látlaus, siðsamlegur og snyrtilegur og við hæfi þeirra sem meta ekki sanna fegurð eftir ytra útliti heldur hinum óförgengilega búningi hógværs og kyrrláts anda. Það merkir einnig að þar eð líkami

okkar er musteri Heilags anda eigum við að annast hann skynsamlega. Auk þess sem við sjáum til þess að líkami okkar hljóti næga hreyfingu og hvíld eigum við að neyta hinnar heilsusamlegustu fæðu sem völ er á og forðast óhreina fæðu eins og hún er skilgreind í Biblíunni. Með því að neysla áfengra drykkja og tóbaks og ábyrgðarlaus notkun lyfja og vímugjafa er skaðleg líkamanum, eigum við einnig að forðast notkun slíkra efna. Þess í stað eigum við að ástunda hvaðeina sem færir huga okkar og líkama undir ögun Krists, sem vill að við séum heilbrigð, glöð og góð. (1Mós. 7.2; 2Mós. 20.15; 3Mós. 11.1-47; Slm. 106.3; Róm. 12.1,2; 1Kor. 6.19, 20; 10.31; 2Kor. 6.14-7.1; 10.5; Ef. 5.1-21; Fil. 2.4; 4.8; 1. Tim. 2.9, 10; Tit. 2.11,12; 1Pét. 3.1-4; 1Jóh. 2.6; 3 Jóh. 2.)

23 hjónabandið og fjölskyldan

Hjónabandið var stofnað af Guði í Eden og Jesús staðfesti að það væri ævilangt samband manns og konu í kærleiksríku samfélagi. Hinn kristni vinnur Guði hjúskaparheitið, ekki síður en makanum, og báðir aðilar eiga að vera sömu trúar. Gagnkvæm ást, virðing, tillitssemi og ábyrgð eru uppistaðan í slíku sambandi, sem á að endurspeglar kærleika, helgi, innileika og varanleika sambandsins milli Krists og safnaðar hans. Varðandi hjónaskilnað kenndi Jesús að sá, sem skilur við maka sinn, nema vegna saurlífnaðar, og gengur að eiga annan, drýgi hór. Þótt sum fjölskyldubönd séu ekki að öllu leyti fullkomin þá geta hjón, sem gefast hvort öðru að öllu leyti í Kristi, öðlast kærleiksríkt samband fyrir handleiðslu Andans og umönnun safnaðarins. Guð blessar fjölskylduna og ætlast til að þeir, sem henni tilheyra, hjálpi hver öðrum til að öðlast fullan þroska. Foreldrar eiga að ala börn sín þannig upp, að þau læri að elska Guð og hlýða honum. Með fordæmi sínu og orðum eiga þeir að kenna þeim, að Kristur sé kærleiksríkur tyftari, ætíð mildur og nærgætinn og vilji að þau verði limir á líkama hans, fjölskyldu Guðs. Vaxandi samkennd fjölskyldunnar er eitt af einkennum síðasta boðskapar fagnaðarerindisins. (1Mós. 2. 18-25; 2Mós. 20.12; 5Mós. 6.5-9; Okv. 22.6; Mal. 4.5,6; Matt. 5.31, 32; 19. 3-9, 12; Mrk. 10.11, 12; Jóh. 2.1-11; 1Kor. 7.7, 10, 11; 2Kor. 6.14; Ef. 5.21-33; 6.1-4.)

24 þjónusta Krists í hinum himneska helgidómi

Á himnum er helgidómur, hin sanna tjaldbúð, sem Drottinn reisti en ekki maður. Í honum þjónar Kristur fyrir okkur og veitir trúuðum blessun friðþægingarfórnar sinnar sem færð var á krossinum í eitt skipti fyrir öll. Hann var vígður sem hinn mikli æðsti prestur okkar og hóf meðalgöngustarf sitt við uppstigningu sína. Árið 1844, við lok 2300 daga spádómstímans, hóf hann síðari þátt friðþægingarþjónustu sinnar. Það er dómsrannsókn, sem er þáttur í endanlegri útrýmingu allrar syndar, og var hreinsun hins forna helgidóms Hebra á friðþægingardeginum táknmynd af henni. Í þessari táknrænu þjónustu var helgidómurinn hreinsaður (honum komið í samt lag) með blóði fórnardýranna en himneskir hlutir hreinsast með hinni fullkomnu fórn, blóði Jesú. Dómsrannsóknin Opberar hinum himnesku verum hverjir hinna dánú hafi sofnað í trú á Krist og séu því í honum verðugir að fá hlutdeild í fyrri upprisunni. Hún Opberar einnig hverjir meðal hinna lifandi breyti í lífi sínu eftir kenningu Krists, varðveiti boðorð Guðs og trúna á Jesú og séu í honum viðbúnir að verða ummyndaðir og teknir inn í eilíft ríki Guðs. Þessi dómsrannsókn staðfestir að Guð sé réttlátur er hann frelsar þá sem trúa á Jesú. Þar er því lýst yfir að þeir, sem haldið hafa tryggð við Guð, skuli ríkið erfa. Við lok þessarar þjónustu Krists miðast endir náðartímans, rétt fyrir endurkomu Krists. (3Mós. 16; 4Mós. 14. 34; Esk. 4.6; Dan. 7.9-27; 8.13,14; 9.14-27; Heb. 1.3; 2.16,17; 4.14-16; 8.1-5; 9.11-28; 10.19-22; Opb. 8.3-5; 11.19; 14.6, 7; 20.12; 14.12; 22.11,12.)

25 endurkoma Krists

Endurkoma Krists er hin sæla von safnaðarins, háMrk fagnaðarboðskaparins. Koma frelsarans verður bókstafleg, persónuleg, sýnileg um víða veröld. Þegar hann kemur aftur munu hinir réttlátu, sem dánir eru, rísa upp og verða ásamt þeim réttlátu, sem á lífi eru, dýrlegir gjörðir og síðan farið með þá til himins, en hinir ranglátu munu deyja. Þar sem nær allir spádómar hafa uppfyllst og í ljósi núverandi ástands heims mála, má sjá að koma Krists er í nánd. Ekki hefur verið Opberað hvenær þessi viðburður muni eiga sér stað og þess vegna erum við áminnt um að vera reiðubúin hvenær sem er. (Matt. 24; Mrk. 13; Lúk. 21; Jóh. 14.1-3; Post. 1.9-11; 1Kor. 15.51-54; 1Þess. 4.13-18; 5.1-6; 2Þess. 1.7-10; 2.8; 2Tím. 3. 1-5; Tít. 2.13; Heb. 9.28; Opb. 1.7; 14.14-20; 19.11-21.)

26 dauðinn og upprisan

Laun syndarinnar er dauði. En Guð sem einn er ódauðlegur mun gefa sínum endurleystu eilíft líf. Fram að þeim degi er dauðinn öllum mönnum sem meðvitundarlaust ástand. Þegar Kristur, lífgjafi okkar, birtist, munu hinir réttlátu upprisu og hinir lifandi réttlátu verða dýrðlegir gjörðir og hrifnir upp til fundar við Drottin sinn. Síðari upprisan, upprisa hinna ranglátu, verður þúsund árum síðar. (Job. 19.25-27; Slm. 146.3,4; Préd. 9.5,6,10; Dan. 12.2,13; Jes. 25.8; Jóh. 5. 28, 29; 11. 11-14; Róm. 6.23; 16; 1Kor. 15.51-54; Kol. 3.4; 1Þess. 4. 13-17; 1. Tím. 6.15; Opb. 20. 1-10.)

27 þúsund árin og endalok syndarinnar

Þúsundarárikið er þúsund ára tímabil þar sem Kristur og hans heilögu ríkja á himnum milli fyrri og seinni upprisunnar. Á þessum tíma munu látnir syndarar vera dæmdir, jörðin verður alger auðn og án mannvera, en þar verða Satan og englar hans. Við lok tímans mun Kristur ásamt sínum heilögu og borginni helgu koma niður af himni og til jarðar. Óréttlátir dánir munu þá verða reistir upp og munu ásamt Satan og englum hans umkringja borgina. En eldur frá Guði mun eyða þeim og hreinsa jörðina. Þannig um alheimur losna við synd og syndara að eilífu. (Opb 20; 1Kor 6.2, 3; Jer 4.23-26; Opb 21.1-5; Mal 4.1; Esk 28.18, 19).

28 ný jörð

Á hinni nýju jörð, þar sem réttlætið býr, mun Guð gefa hinum endurleystu eilíft heimili og fullkomið umhverfi fyrir eilíft líf, kærleika, hamingju og fræðslu í návist hans. Guð mun sjálfur búa hjá lýð sínum og þjáningar og dauði verða horfin. Átökunum miklu verður lokið og syndin er þá ekki frammar til. Allir hlutir, lifandi og dauðir, munu þá kunngjöra að Guð sé kærleikur og að hann muni ríkja um eilífd. Amen. (Jes. 35; 65. 17-25; Matt. 5. 5; 2Pét. 3.13; Opb. 11.15; 21.1-7; 22. 1-5.)

Copyright © 2013, General Conference of Seventh-day Adventists
Nýjustu útgáfu þessara kennisetninga er að finna hjá www.adventist.org.

skírnarheitið–yfirlit

undirbúningur fyrir ævilanga vegferð sem lærisveinn Jesú

sameinast líkama, fjölskyldu, Krists

Að skírast til Krists er að sameinast líkama hans eins og sagt er, þ.e. kirkjunni. Skírnarheitið hér er að neðan eru sameiginlegar trúarsannfæringar þegna Kirkju sjöunda dags adventista. Þessi heiti eru opinberar yfirlýsingar á skilningi okkar á því hvernig fagnaðarerindið mótast atferli okkar í dag.

Þegar þú undirbýrð þig fyrir skírn skaltu lesa þessar 13 samantektir og nokkur vers úr Biblíunni sem skýra hvert atriði. (Tilvitnanirnar eru úr bókinni Fulfilling God's End-time Mission eftir Mark Finley).

- Ég trú á einn Guð: Föður, Son og Heilagan anda; einingu þriggja eilífra persóna.
 - 2Kor 13.14
 - 5Mós 6.4
 - Matt 28.19
 - Ef 4.4-6
- Ég viðurkenni dauða Jesú Krists á Golgata sem friðþægingarförn fyrir syndir mínar og trú því að ég frelsist fyrir náð Guðs frá synd og refsingu hennar fyrir trú á úthellt blóð hans.
 - Ef 2.8
 - Róm 3.23
 - Róm 6.23
 - Róm 8.1-4
- Ég meðtek Jesú Krist sem Drottin minn og persónulegan frelsara og trú því að Guð í Jesú Kristi hafi fyrirgefið mér syndir mínar og gefið mér nýtt hjarta.
 - 1Jóh 1.9
 - Heb 8.12
 - Post 3.19
 - 2Kor 3.17-18
- Fyrir trú meðtek ég réttlæti Krists, meðalgöngumann minn í himneska helgidómnum og meðtek fyrirheit hans um umbreytandi náð og mátt til að lifa kærlleiksríku lífi í Kristi, bæði heima og frammi fyrir heiminum.
 - Heb 7.25
 - Fil 4.13
 - 2Kor 5.17
 - Heb 4.15-16

5. Ég trúi að Biblían sé innblásið Orð Guðs, eini staðall trúar og breytni hins kristna. Ég geri sáttmála um að verja tíma reglulega í bæn og lestur Biblíunnar.
- 2Tím 3.16
 - 2Pét 1.21
 - Jóh 17.17
 - Slm 119.105
6. Ég viðurkenni að boðorðin tíu lýsi lyndiseinkunn Guðs og opinberi vilja hans. Ég ætla mér fyrir mátt Krists í mér að halda þetta lögmál, líka fjórða boðorðið sem krefst þess að sjöundi dagur vikunnar sé haldinn sem hvíldardagur Drottins og til minningar um sköpunina.
- Jóh 14.15
 - 1Mós 2.1-3
 - 2Mós 20.8-11
 - Mrk 2.27-28
7. Ég líft fram til bráðrar endurkomu Jesú og hinnar sælu vonar þegar „hið forgengilega íklæðist óforgengileikanum og hið dauðlega ódauðleikanum“ (1Kor 15.54, 1981 þýð.). Er ég undirbý mig til að mæta Drottni mun ég vitna um elskuríkt hjálpraði hans með því sem ég geri og á, og hjálpa þannig öðrum að vera reiðubúin fyrir dýrðarkomu hans.
- Jóh 14.1-3
 - 1Þess 4.16-17
 - Opb 1.7
 - Opb 19.11-16
8. Ég viðurkenni það sem Biblían kennir um andlegar gjafir og trúi því að andi spádómsins sé eitt af einkennum lokasafnaðarins, leifanna.
- Opb 12.17
 - Opb 19.10
 - 1Kor 1.4-8
 - 1Pét 1.10-11
9. Ég trúi á skipulag kirkjunnar. Ég ætla að tilbiðja Guð og styðja kirkjustarfið með tíund og gjöfum ásamt persónulegu þátttöku og áhrifum.
- Hag 1.3-11
 - Mal 3.8-12
 - 1Kor 9.8-14
 - Róm 15.26-27
10. Ég trúi því að líkami minn sé musteri Heilags anda og mun ég sýna Guði hollustu með því að fara vel með hann, forðast að neyta þess sem skaðlegt er og halda mér frá óhreinni fæðu. Ég mun hvorki nota, framleiða né selja alkóhóldrykki sem ætlaðir eru til neyslu; né heldur tóbak í nokkurri mynd sem ætlað er til neyslu. Ég mun ekki misnota eða versla með eituryf eða önnur lyf.
- Róm 12.1-2
 - 1Kor 6.19-20
 - 3Mós 11.1-12
 - 1Kor 10.31

11. Ég þekki og skil biblíulegu meginreglurnar sem Kirkja sjöunda dags aðventista kennir. Fyrir náð Guðs áset ég mér að hlýða vilja hans með því að aðlaga líf mitt þessum meginreglum.

- 1Jóh 2.6
- 1Jóh 2.15-17

12. Ég viðurkenni niðurdýfingarskírni sem Nýja testamentið kennir og óska eftir að taka skírni sem er opinber staðfesting mín um trú á Jesú Krist og fyrirgefningu synda minna.

- Matt 28.19-20
- Jóh 3.5
- Mark 16.16
- Kól 2.12

13. Ég viðurkenni og trúi að Kirkja sjöunda dags aðventista séu leifarnar sem talað er um í spádómum biblíunnar og að fólki af hverri þjóð, kynþætti og tungu sé boðið og það meðtekið inn í þetta samfélag. Ég óska að verða meðlimur í söfnuði sem tilheyrir þessari heimskirkju.

- 2Kor 10.5
- Opb 10
- Opb 12.17
- Opb 14.6-7, 12
- Opb 18.1-2
- Matt 16.16-18

Þar sem ég skil það sem Guð hefur gert fyrir mig þá er það mín helsta ósk að helgast fullkomlega sem lærisveinn Jesú og hefja ævilanga göngu í samstarfi við hann til þess að endurreisa skaddaðar mannverur í hans mynd.

Undirskrift

Dagsetning

helgidómurinn og lærisveinar: samantekt

Slm 27.4—Eins hef ég beðið Drottin, það eitt þrái ég, að ég fái að dveljast í húsi Drottins alla ævidaga mína til þess að horfa á yndisleik Drottins og leita svara í musteri hans.

SAMANTEKT UM HELGIDÓMINN OG LÆRISVEINAFERLIÐ		
	SAMANTEKT FERLIS	TENGL MILLI HELGIDÓMSINS OG FERLILYKLA
1. þrá eftir einlægni	Ég get ekki vaxið andlega án einlægni gagnvart Guði. Hún hjálpar mér að þokast að helgidómnum—þar sem ég get „íhugað dýrð Drottins“.	Sem helgidómur Guðs þarf hjarta okkar að vera mjúkt, ekki hart, svo að Heilagur andi geti haft áhrif.
2. sívaxandi trú	Einlægni hjálpar trúnni til að taka rótfestu í mér. Trúin hjálpar mér að treysta nægilega til að íhuga „dýrð Drottins“ í helgidómi hans.	Sem helgidómur Guðs þarf hjartað að vera umskorið – sem sýnir traust sáttmálsamband.
3. háð guðlegum mætti	Án trúar mun ég aldrei gefast Guði algerlega svo ég fyllist Anda hans. Þegar ég íhuga yndisleik Drottins í helgidómi hans yfirtekur guðlegur máttur hans syndugt eðli mitt og gerir mér fært að endurspegla hina guðlegu mynd.	Daglegu helgisiðirnir í helgidómnum—sem sýna okkur vera stöðugt háð Guði—krefjast fórnar (einhvers sem er algerlega dauft), sem svo eyðist algerlega í eldi.
4. þátttaka í verki Guðs	Þegar ég hef fyllst Heilögum anda get ég samstarfað með Guði með því að nýta mátt hans frekar en eigin mátt. Þetta er afleiðing þess að íhuga „Drottin dýrðarinnar“.	1. Þörf er á hinum guðlega eldi frá fórnaraltarinu – sem logar stöðuglega vegna stöðugra fórna – fyrir þjónustu prestsins í hinu heilaga: til þess viðhalda sífellt brauð-, reykelsis- og ljósfórnumum. 2. Staðfestin á nærveru Guðs í helgidómi hans er sýnileg öllum.

2Kor 3.18 – En við sjáum öll með óhjúpuðu andliti dýrð Guðs endurspeglast í Kristi og andi hans lætur okkur umbreytast effir þeirri sömu mynd til enn meiri dýrðar.

BIBLÍULEGAR UNDIRSTÖÐUR

1. Hart hjarta er ekki opið fyrir Guði (2Mós 7.13).
2. Hart hjarta skilur ekki andleg sannindi (Mrk 8.17).
3. Guð lofar að gefa okkur hjarta af holdi fyllt Heilögum anda í stað steinhjartans (Esk 36.26).

1. Umskurn er tákna um sáttmálssamband við Guð (1Mós 17.10-11).
2. Guð þráir umskurn hjarta okkar, þ.e. að við verðum þátttakendur í kærleiksáttmála með Guði (5Mós 30.6).
3. Umskurn hjartans er gerð af Heilögum anda (Róm 2.28-29).

A) Stöðug fórn (TAMID: Þýðir stöðug á hebresku)

1. Fórnir sem tákna að vera helguð Guði þarf að bera fram stöðuglega (4Mós 28.3-4).
2. Að verða lærisveinn Jesú hefst með því að fylgja fordæmi hans og deyja (Lúk 9.23).
3. Við eigum að bjóða okkur fram sem lifandi fórnir (Róm 12.1).
4. Syndugt eðli verður að deyja (Róm 6).

B) Stöðuglega brennd í guðlegum eldi (TAMID)

1. Heilagur eldur á fórnaraltarið átti upphaf sitt á himni (3Mós 9.24; 2Kron 7.1).
2. Hinn heilagi eldur verður að loga stöðuglega á altarinu (3Mós 6.8-13).
3. Hin stöðuga eldfórn verður að eyðast í eldi (4Mós 28.8).
4. Gjöf Heilags anda til handa Tímóteusi er lýst sem eldi (2Tím 1.6).
5. Söfnuðurinn í Þessaloníku var hvattur til að slökkva ekki eld Heilags anda (1Þess 5.19).
6. Heilagur andi (eldur) kemur yfir Jesú þegar hann stígur upp úr hinni votu gröf skírnarinnar í ánni Jórdan (Matt 3.16) og svo kemur hann yfir lærisveinana á hvítasunnudaginn (Post 2).

A) Hin stöðuglega og helgaða þjónusta prestanna (TAMID)

1. Prestsþjónustan er stöðug (2Mós 28.29-30).
2. Guðs fólk er frelsað til að vera konunglegt prestafélag (2Mós 19.6; 1Pét 2.9-10).

B) Stöðug og þríþætt þjónusta (TAMID) sem krefst guðlegs elds

1. Effir að Jesús hlaut Heilagan anda hóf hann starf sitt sem var leitt og eft af Heilögum anda (Lúk 3.21-4.19).
2. Effir að lærisveinarnir fengu Heilagan anda hófu þeir að boða og þjóna (Post 2).
3. Jesús stofnsetti þetta prestlega hlutverk fyrir fylgjendur sína þegar þeir voru sendir út í heiminn sem sáttagjörðarmenn: eins og Jesús sjálfur er fórn sem eldur Heilags anda leikur um (Matt 3.16) áður en hann hefur starf sitt. Þannig á Heilagur andi að leika um fylgjendur hans (Post 1.8) og bera öllum heiminum vitni. Eins og Jesús sjálfur er brauð lífsins (Jóh 6.51; sbr. Fil 2.16), ljós heimsins (Jóh 8.12) og meðalgöngumaður (Jóh 17), þannig eru fylgjendur hans kallaðir til að deila þessu brauði (Jóh 6.11), opinbera ljós hans (Matt 5.14) og biðja fyrir öðrum (1Tím 2.1). Því er það að hinir kristnu, samkvæmt Nýja testamentinu, taka að sér hið prestlega hlutverk sem „Ísrael Guðs“ (Gal 6.16).

C) Sýnileg nærvera Guðs

1. Dýrð Guðs yfir helgidómi hans var sýnileg (2Mós 40.34-38).
2. Dýrð Guðs opinberast þegar ímynd hans er endurreist í okkur (2Kor 3.18; Kól 3.9-15).





HVERNIG VAR MÉR ÆTLAÐ AÐ LIFA?

NEÞRÁ

BYRJAÐU HÉR **B**

að leggja **UNDIRSTÖÐUR**

1

að þrá **EINLÆGNI** **2**

að dýpka **TRÚ** **3**

að reiða sig á **GUDLEGAN MÁTT** **4**

að taka þátt í **STARFI GUDS** **5**



Eins hef ég beðið Drottin, það eitt þrái ég, að ég fái að dveljast í húsi Drottins alla ævidaga mína til þess að horfa á yndisleik Drottins og leita svara í musteri hans.

Sálmarnir 27.4

hagnýtar leiðbeiningar um göngu með Guði

G A V I N A N T H O N Y

hægt er að sækja fleiri eintök hjá www.adventistar.is/eintra

© 2021 Gavin Anthony

Síðast uppfært September 2021

Þýðing: Einar Valgeir Arason
Prófarkalestur: Þóra Lilja Sigurðardóttir

Það væri gaman að vita ef þessi bók hefur hjálpað þér og þá hvernig! Ef þú vilt hafa samband eða þig vantar fleiri eintök, þá vinsamlegast hafið samband hér:
gavin@reflectingJesus.org

efnisyfirlit

- 1 allt er viðbrögð við kærleika / 32
- 2 sköpun mín var til dýrðar Guði / 34
- 3 Guð skapaði mig í sinni mynd / 36
- 4 vandi okkar allra / 38
- 5 hvernig áform Guðs kemst í samt lag / 40
- 6 hvers vegna að fylgja áformi Guðs? / 42
- 7 hversu mikið er hægt að breytast? / 44
- 8 geimárás á hönnun Guðs / 46
- 9 leiðsögukort fyrir ferð þína / 50
- 10 okkur er ekki ætlað að ferðast ein / 54
- 11 endurreisnarferlið / 56
- 12 hjartavandamál / 62



Eins hef ég beðið Drottin, það eitt þrái ég, að ég fái að dveljast í húsi Drottins alla ævidaga mína til þess að horfa á yndisleik Drottins og leita svara í musteri hans.

allt er viðbrögð við kærleika

ferð hin kristna hefst með því að mæta kærleika Guðs

HVERNIG VAR
MÉR ÆTLAÐ AÐ
LIFA?

1

rétt stefna tekinn

Ég var að tala við mann sem sagðist vera að yfirgefa kirkjuna. Hugsun skaut upp í huga mér og ég spurði: „Hefurðu einhvern tímann reynt kærleika Guðs?“ Hann leit ringlaður á mig og svaraði „nei.“

Ég hef hugsað mikið um þetta samtal. Eitt var á hreinu: ef hann hafði aldrei mætt kærleika Guðs þá var augljóst að kærleiki Guðs var ekki ástæðan fyrir því að hann hóf að sækja kirkju eða ákvað að verða kristinn.

1. Hvers vegna ákveður fólk að verða kristið eða sækja kirkju?

Fólk ákveður að fylgja Jesú vegna þess að það er sannfært um „sannleikann“. En ef þú reynir að vera kristin án þess að mæta persónunni Guði, sem er sannleikurinn, þá getur trú þín auðveldlega orðið að formstrú—trúarlegum venjum og helgisíðum sem eru þurrir, leiðinlegir og íþyngjandi. Slík uppskrift mun ekki veita þér gleði eða tilgang í lífinu.

Við þurfum því að átta okkur á hvað kristni og kirkjusókn snýst um. **Kristnin er ekki aðeins listi hugmynda heldur samband við persónu.** Ef persóna Guðs er ekki upphafsreitir minn mun kristið líf mitt byggjast á öðru. Ég mun leitast við að fylgja Jesú, ekki vegna þess að það sem hann sagði sé mikilvægt og satt, heldur líka vegna þess að ég hef upplifað kærleika hans í minn garð. Allt sem ég geri í kristilegu lífi mínu ætti að byggjast á viðbrögðum við áþreifanlegri og persónulegri reynslu af kærleika Guðs.

kærleikurinn er upplifun

Þar sem kærleikur Guðs er kjarni kristindómsins þá er guðlegur kærleikur ekki bara guðfræðileg hugmynd til að örva huga minn heldur reynsla sem snertir hjarta mitt. Að njóta kærleika veitir okkur tilfinningu um öryggi, það að tilheyra, fullvissu um að allt sé í lagi, um að við séum einhvers metin, um að ég geti gert mistök án þess að verða afneitað. Þannig verkar guðlegur kærleiki á líkama, huga og anda. Sem foreldri vil ég vil að börn mín upplifi guðlegan kærleika gegnum mig og hins sama óska ég þeim sem koma til kirkju. Við verðum aldrei söm eftir að mæta guðlegri ást.

YFIRLIT

□ **Sönn kristni sprettur af því að upplifa kærleika Guðs**

□ **Kristindómur er ekki heimspeki/lífssýn heldur samband**

□ **Þegar ég upplifi kærleika Guðs mun ég 1) vera bjargarlaus í synd minni, 2) gefast Guði í iðrun, 3) gefast Guði algerlega svo að eðli Guðs komi í stað syndugs eðlis míns, 4) treysta orðum Guðs**

hvernig veit ég að Guð elskar mig?

Guð sýnir kærleika sinn á mismunandi hátt . . .

2. Biblían segir það beint (Jóh 3.16)
 3. Gegnum kærleika annarra (1Jóh 4.7)
 4. Sögulega staðreyndin um að Jesús dó fyrir mig (1Jóh 4.10)
 5. Með því að upplifa náð og fyrirgefningu Guðs (Ef 2.4-5)
 6. Með fegurð náttúrunnar (Sálm 19.1)
 7. Heilagur andi sannfærir mig um að ég sé barn Guðs (Róm 8.16)
 8. Fleiri tillögur?
-

áhrif þess að upplifa kærleika Guðs

Hvað gerist hjá okkur þegar við upplifum kærleika Guðs? Biblían nefnir a.m.k. 4 afleiðingar þess að upplifa kærleika Guðs . . .

9. **Ég finn fyrir öryggi og að ég sé einhvers virði** (Róm 8.16, 31-39)
 10. **Ég get elskað aðra** (1Jóh 4.19)
 11. **Ég finn fyrir bjargarleysi í synd minni og þrá til að hverfa frá henni** (Lúk 5.4-8)
 12. **Er ég gef hjarta mitt Guði og þrái að guðlegt eðli hans komi í stað syndugs eðlis míns þá mun ég líkjast Jesú** (2Kor 3.18). Þegar ég stöðuglega gefst Guði með því að líta á Jesú fremur en mig verð ég sífellt líkari honum.
 13. **Fleiri áhrif?**
-



hvernig var mér ætlað að lifa?

Hvað hefur Heilagur andi opinberað þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

sköpun mín var til dýrðar Guði

ég þarf að skilja tilgang Guðs með líf mitt

HVERNIG VAR
MÉR ÆTLAÐ AÐ
LIFA?

2

YFIRLIT

- **sköpun mín snýst um að opinbera náð Guðs**
 - **dýrð Guðs er lyndiseinkunn hans**
- **ég opinbera dýrð Guðs með veru Heilags anda í mér**
 - **þegar Heilagur andi Guðs býr í mér mun ég opinbera lyndiseinkunn Guðs—því Guð sjálfur býr í mér**

áform Guðs með líf mitt

Er við skoðum áform Guðs með líf okkar þurfum við að íhuga tilgang lífs okkar.

1. Hver er tilgangur lífs þíns í ljósi síðustu ára?

Skoðum þetta nánar. Árið 1643 bað enska þingið hóp guðfræðinga og leikmanna að endurbæta þjóðkirkju Englands. Hópurinn kom saman í Westminster Abbey um fimm ára skeið og samdi trúarjátningu sem þingið samþykkti. Þá var fólki, einkum börnum, kennt helstu atriði kristinnar trúar með með spurningum og svörum. Eitt spurningaheftið, Minna Westminster spurningakverið, hefst með spurningu og svari:

Sp: Hvert er helsta hlutverk mannverunnar?

Sv: Helsta hlutverk hennar er að gefa Guði dýrð og njóta hans um eilífð.

2. Lestu Jesaja 43.6-7. Hver segir Guð að sé tilgangur með sköpun lýðs Guðs?

Í þessum versum notar Guð orðin „skapað“, „myndað“ og „mótað“ og það beinir lesandanum að sköpun heimsins. Guð segir að þegar hann í upphafi skapaði Adam og Evu í Eden þá skapaði hann þau sér til dýrðar – og sá tilgangur er enn drifkraftur Guðs. Við munum skoða vel tilgang okkar sem mannvera í þessari bók, en þessi vers eru kannski þau mikilvægustu þegar tilgangurinn er skoðaður frá sjónarhorni Guðs. Guð segir afdráttarlaust að hann hafi skapað mannverur sér til dýrðar.

3. Lestu Efesusbréf 1.11-14. Hverja segir Páll vera ástæðuna fyrir því að Faðirinn hafi valið þig til að njóta heilagleika og arfleifðarinnar sem barn hans þegar þú reiðir þig á hjálpræði Jesú þér til handa?

Allar mannverur voru upphaflega skapaðar Guði til dýrðar og það stendur enn – jafnvel þótt syndin hafi stimplað sig inn í líf okkar. Reyndar kom Jesús til jarðar til að tryggja að við gætum samt lifað Guði til dýrðar.

hvað er dýrð Guðs?

Samkvæmt þessum versum þýðir það að vera sköpuð Guði til dýrðar að vera sköpuð til heiðurs honum. Guðs er heiðurinn því hann skapaði okkur. En hvers vegna er þetta Guði heiður? Til að svara þessu þurfum við að íhuga fyrst dýrð Guðs sjálfs.

4. Lestu 2. Mósebók 33.18-23 og 34.5-7. Hvað er dýrð Guðs?

Ef dýrð Guðs er lyndiseinkunn hans hvernig geta mannverur þá gefið Guði dýrð og heiður? Við byrjum að sjá svarið í mikilvægri mynd Gamla testamentisins. Þegar Guð bauð lýð sínum að reisa tjaldbúð var það til þess að hann gæti „búið mitt á meðal þeirra“ og haft náið samband við fólk sitt (2Mós 25.8). Daginn sem þjónustan hófst fyllti líkamleg dýrð Guðs tjaldbúðina og síðar musterið (sjá 2Mós 40.35-36 og 2Kron 7.1-2). En á dögum Nýja testamentisins fyllir dýrð—persóna, lyndiseinkunn—Guðs ekki musteri af steini heldur allt annað.

5. Lestu 1. Korintubríf 6.19. Hvernig er þér lýst?

6. Lestu Efesusbréf 3.17. Í hverju vill Guð búa?

7. Lestu Galatabréfið 5.22-23. Hvað verður sýnilegt þegar Andi Guðs kemur inn í líf þitt?

Samantekt

Líkamleg dýrð Guðs er sýnilegt tákni um innri hreinleika og eðli. Hann opinberaði líkamlega dýrð sína í tjaldbúðinni og musterinu þegar hann kom til að búa meðal lýðs síns. Nú ert þú musteri Guðs og hann þráir nánd við þig með því að dvelja í hjarta þínu og lífi. Eins og raunveruleg dýrð Guðs skein út úr tjaldbúð og musteri Gamla testamentisins þannig er dýrð lyndiseinkunnar Guðs fyrir návist Heilags anda ætlað að skína út úr musteri Guðs – lífi þínu. Þér er ætlað að opinbera dýrð Guðs og þrátt fyrir áhrif syndarinnar vill Guð að líf þitt opinberi heiminum dýrð hans – lyndiseinkunn hans. Og þegar þetta gerist þá er Guði sjálfum heiður sýndur og dýrð hans fyllir jörðina, með hverju og einu lífi í senn.

?

hvernig var mér ætlað að lifa?

Hvað hefur Heilagur andi opinberað þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

Guð skapaði mig í sinni mynd

Ímynd Guðs skilgreinir hvað er að vera mannleg

HVERNIG VAR
MÉR ÆTLAÐ AÐ
LIFA?

3

YFIRLIT

- við vorum sköpuð í Guðs mynd
- ímynd Guðs er allt sem ég er: vitsmunalega, tilfinningalega, líkamlega og andlega
- lyndiseinkunnin er lykilatriði í ímynd Guðs
- ímynd Guðs skilgreinir hvað það er að vera mannleg

skilgreind við sköpunina

Biblían hefst á sköpun heimsins og erum við innifalin. Við lesum:

Þá sagði Guð: „Vér viljum gera manninn eftir vorri mynd, líkan oss. Hann skal drottna yfir fiskum sjávarins, fuglum loftans, búfénu, villidýrunum og allri jörðinni og öllum skriðdýrum sem skriða á jörðinni. Og Guð skapaði manninn eftir sinni mynd. Hann skapaði hann eftir Guðs mynd. Hann skapaði þau karl og konu. (1Mós 1.26-27).

Í þessum versum eru mannverurnar sagðar vera „eftir vorri mynd, líkar oss . . . sinni mynd . . . eftir Guðs mynd“. **Samkvæmt Biblíunni þróast þú ekki af tilviljun eða handahófi, heldur vorum við hönnuð af Guði sjálfum – „í sinni mynd“.** Þannig skilgreinir ímynd Guðs hvað það er að vera mannleg.

1. Hvernig er Jesú sjálfum lýst? (Kólossubréfið 1.15)

2. Hvað segir Páll að gerist þegar við horfum á Jesú? (2. Korintubréf 3.18)

brennandi spurning

En hvað er ímynd Guðs? Þetta hefur verið rökrætt öldum saman. En við þurfum að skilja þetta sem best. Því ef ímynd Guðs skilgreinir hvað er að vera mannleg, **þá er ímynd Guðs fyrirmynd þess sem við eigum að vera og gera.** Hluta svarsins er að finna við sköpun Adams.

3. Ímynd Guðs – hvað felur þetta í sér? (1. Mósebók 2.7).

Þetta vers lýsir mannverum sem samblandi af mold og lífsanda. Versið segir mold plús lífsanda vera „lifandi veru“. Aðrar þýðingar nota orðið „sál“. Venjulega hefur verið lítið á sálina sem einhvers konar gufu sem er aðskilin frá líkamanum og kemur sú hugmynd úr grískri heimspeki. Nú orðið eru æ fleiri Biblíusérfræðingar sem segja að mannsálin samstandi af öllu sem við erum, líkama (mold) og innra lífi (lífsanda), og að við getum ekki aðskilið þessi fyrirbæri sem gera okkur að því sem við erum. Þannig getum við sagt að ímynd Guðs sé allt það sem við erum eða ættum að vera – vitsmunalega, tilfinningalega, líkamlega og andlega.

lyndiseinkunnin í brennidepli

Þó Biblían sýni mikilvægi þess að við heiðrum Guð með líkamanum (1Kor 6.19-20), þá má ætla að **mikilvægast sé að ímynd Guðs sjáist í lyndiseinkunn okkar**. Margir hafa séð að

plantir þú hugsun uppskerð þú orð;
plantir þú orði uppskerð þú athöfn;
plantir þú athöfn uppskerð þú vana;
plantir þú vana uppskerð þú lyndiseinkunn;
plantir þú lyndiseinkunn uppskerð þú örlög.

Theodore Roosevelt, 26. forseti Bandaríkjanna (1858-1919) sagði: „Til langs tíma lítið er lyndiseinkunnin það sem allt veltur á í lífi einstaklinga sem og þjóða.“ Kristinn höfundur víkkaði hugmyndina og tengdi hana eilífðinni: „Lyndiseinkunn sem mótuð er eftir guðlegri uppskrift er eini fjársjóðurinn sem við getum flutt úr þessum heimi til hins næsta“ (Christ's Object Lessons, 332).

En hvað er lyndiseinkunn? D. L. Moody sagði þessi fleygu orð: „Lyndiseinkunn er það sem þú ert í myrkri.“ Kannski er uppáhaldsskilgreiningin mín orð Ellenar White um að **siðferðisleg lyndiseinkunn sé „hugsanir og tilfinningar samtvinnaðar“** (5 Testimonies, 310).

Þannig að hugur mótaður í ímynd Guðs þróar með sér lyndiseinkunn sem endurspeglar lyndiseinkunn Guðs sem svo aftur ákveður hvað við gerum í þessu lífi og eilífðinni.

Við munum koma oft að þessu á næstu blaðsíðum. En í þessum inngangi höfum við komist að mikilvægri niðurstöðu – hugmynd sem hefur mátt til að breyta algerlega stefnu lífs okkar: við vorum sköpuð í ímynd Guðs og það vísar til alls sem við eigum að verða, sérstaklega lyndiseinkunnar okkar.

Sem sagt: Guð skapaði þig upphaflega í sinni ímynd sem átti svo að endurspeglar huga hans og líka lyndiseinkunn hans. Þegar lyndiseinkunn Guðs birtist í þér þá ertu fær um að uppfylla tilgang Guðs hér á jörðu og breiða út ríki hans fyrir hann. En eins og við munum sjá nú þá fór eitthvað úrskaiðis og ímynd í okkur Guðs spilltist, í okkur öllum.

Sem betur fer þurfum við ekki festast í þessu fari. Við getum lifað eins og Guð ætlaðist til.

?

hvernig var mér ætlað að lifa?

Hvað hefur Heilagur andi opinberað þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

vandi okkar allra

þetta snýst allt um eðli okkar

HVERNIG VAR
MÉR ÆTLAÐ AÐ
LIFA?

4

YFIRLIT

- **ég endurspeglar ekki ímynd Guðs eins og hann ætlaðist upphaflega til**
- **eðli mitt er stóra vandamálið**
- **syndin er uppreisn gegn konunglegu valdi Guðs yfir mér**
- **húsi ég þennan vanda með syndugt eðli mitt þá kalla ég reið Guðs yfir mig**
- **ég get ekki breytt syndugu eðli mínu –ég þarf að skipta á því og eðli Jesú**

hvers vegna er lamb ljúft?

Þótt við mannverurnar höfum upphaflega verið skapaðar í Guðs mynd og fyrir eitthvað einstakt og gott þá er reyndin oft allt önnur. Hvers vegna?

1. Hvaða vanda stóð Páll postuli frammi fyrir? (Rómverjabréfið 7.15).

Okkur líður öllum svona stundum og við getum orðið ergileg og niðurdregin. Svo hvers vegna gerum við margt gagnstætt því sem við vitum að er rétt og móti því sem Guð hafði í huga með okkur? Andrew Murry svarar þessu.

Hvers vegna er lamb alltaf ljúft? Því það er eðli þess. Er lambinu erfitt að sýna mildi? Nei. Hvers vegna ekki? Það er svo fallegt og ljúft. Þarf lambið að læra að vera ljúft? Nei. Hvers vegna er þetta lambinu svo auðvelt? Það er eðli þess. Og úlfurinn – hvers vegna er honum áreynslulaust að vera grimmur og sökkva tönnumum í lambið eða kindina? Því það er eðli hans. Hann þarf ekki að tala sig til; úlfseðlið er til staðar (Absolute Surrender, 16).

syndaverksmiðjan

Vandamálið sem Murray bendir á er kjarni þess hver ég er – þetta hefur með eðli mitt að gera. Málið snýst ekki bara um athafnir mínar heldur frekar um verksmiðjuna sem framleiðir þessar athafnir. **Aðalmálið hjá mér er ekki syndirnar sem ég geri heldur verksmiðjan innra með mér sem framleiðir þessar syndir. Þessi verksmiðja er eðli mitt. Og því meir sem ég nálgast Guð því betur sé ég alvarleika málsins. Því nær sem ég nálgast ljós Guðs því betur getur Heilagur andi sýnt mér mátt syndaverksmiðju minnar.**

2. Hvernig lýsir Páll mannlegu ástandi okkar og rötum þess? (Efesus 2.3).

Páll bendir á tvennt. Í fyrsta lagi höfum við öll þurft að eiga við syndugar langanir en í öðru lagi þá köllum við yfir okkur reiði Guðs vegna eðlis okkar. Þetta er alvarlegt. Vandamálið með verksmiðju syndugs eðlis okkar nær alla leið til Adams og Evu í Eden. Þar sem þau bjuggu í fullkomnum heimi án syndar kom Satan inn í Eden og freistaði Evu til að óhlýðnast Guði. Hún valdi að fylgja uppástungu Satans og svo fylgdi Adam henni. Afleiðingin var skemmd á ímynd og lyndiseinkunn Guðs innra með þeim báðum. Frekar en að langa að vera með Guði þá földu þau sig fyrir honum. Bæði voru samkvæmt eðli sínu í uppreisn gegn konunglegu valdi hans. Þú getur lesið söguna í 1. Mósebók 3. kafla ef þú þekkir hana ekki vel.

Svo ef eðli mitt er skaddað og syndugt hvernig get ég forðast öll vandamál, þjáningar og vanmátt sem slíkt eðli orsakar?

Eins og þú munt sjá í næsta kafla þá er svarið ekki bara að reyna meira á sig til að verða betri. Ég get ekki breytt eðli mínu til að verða góðlegri og betri. Það eina sem ég get gert – það eina sem hver og einn getur gert – er að skipta út innra eðli fyrir eðli Jesú. Í framhaldinu munum við skoða hvernig þetta er hægt.



hvernig var mér ætlað að lifa?

Hvað hefur Heilagur andi opinberað þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

hvernig áform Guðs kemst í samt lag

breyting verður þegar ég viðheld nánu sambandi við Guð

HVERNIG VAR
MÉR ÆTLAÐ AÐ
LIFA?

5

YFIRLIT

- *syndin fær mig til að fela mig fyrir Guði*
- *Guð á frumkvæði að öllum samskiptum*
- *upplýsingar breyta ekki mannverum*
- *einungis fyrir samband við Guð er hægt að breytast í ímynd Guðs*
- *allur andlegur þroski kemur sjálfkrafa vegna sambands við Guð*

Þér var ætlað að lifa í nánu persónulegu sambandi við Guð. En við höfum séð að þótt mannverur hafi verið skapaðar í ímynd Guðs – hannaðar til að lifa samkvæmt lyndiseinkunn Guðs í þessum heimi – þá er sú ímynd ekki tær og skír, heldur sködduð. Þetta orsakast af spilltu og syndugu eðli okkar. Hvernig bregst syndug vera við þessum vanda?

rofið samband

Ef við skoðum söguna um fyrstu uppreisn Adams og Evu í 1. Mósebók 3 sjáum við að þau földu sig fyrir Guði sem var ein fyrsta vísbendingin um að eitthvað væri að. „Þá heyrðu þau til Drottins Guðs sem gekk um í aldingarðinum í kvöldsvalanum og maðurinn og kona hans földu sig fyrir augliti Drottins milli trjána í aldingarðinum. Drottinn kallaði á manninn og sagði við hann: „Hvar ertu?““ (1Mós 3.8-9). Innri skaði þeirra fékk þau til að fela sig fyrir Guði því þau skömmuðust sín fyrir nekt sína. Einn höfundur gefur í skyn að þau hafi verið hjúpuð ljósi (kannski eins og Guð sjálfur er hjúpaður ljósi, Sálmi 104.2) en innri spilling orsakaði hvarf ytri dýrðar. En Guð kallaði á þau. Hann vildi hafa þau hjá sér þar sem þau höfðu verið sköpuð til að lifa óttalaus í fögnuði.

sambandið bætt með fórn

Hér er eitthvað gefið í skyn sem kemur æ betur í ljós síðar í sögu Biblíunnar. Adam og Eva gátu notið heilleika aftur en einungis vegna þess að Jesús mundi persónulega borga dauðasektina sem uppreisn þeirra krafðist (Róm 3.23-34). 1. Mósebók 3.21 segir að Guð hafi gert skinnkyrtla. Það þýddi að fórna þyrfti dýrum svo þau gætu klæðst og numið brott skömmina. Þannig fórnir hafa ávallt verið þungamiðja tilbeiðslu fólks Guðs. Fórnin var kjarninn í tjaldbúðar- og musterspjonustu Ísraels. En fórnin var ekki tilgangur þjónustunnar – tilgangurinn var að fórnin sameinaði Guð og mann. Guð sagði: „Þeir skulu gera mér helgidóm svo að ég búi mitt á meðal þeirra“ (2Mós 25.8). Umbreyting gat einungis orðið með því að Guðs lýður væri í návist Guðs. Þannig er það með okkur. Til að lifa eins og Guð ætlaði okkur verðum við að læra að lifa í návist hans. Það þýðir að gefa frá okkur það sem hamlar okkur í að tengjast Guði þá er allt sem við losum okkur við til að tengjast Guði aftur er ekki alvöru fórn.

samband orsakar umbreytingu

Mannverur umbreytast ekki með upplýsingum heldur með samneyti við Guð.

Upplýsingar eru mikilvægar en það er einungis raunverulegt samneyti við Guð sem skapar þá nánd sem leyfir eðli Guðs að flæða inn í okkur og skipta út syndugu eðli okkar. Jesús útskýrði þetta fyrir lærisveinunum með sögunni um vínviðinn. Hann sagði: „Ég er vínviðurinn, þér eruð greinarnar. Sá ber mikinn ávöxt sem er í mér og ég í honum en án mín getið þér alls ekkert gert“ (Jóh 15.5).

1. Til hvers eigum við að vera tengd Jesú og hverjar eru afleiðingar þess? (8. vers).

2. Hvaða þrjú hugtök notar Jesús í eftirfarandi versum til að lýsa tengslum við Guð, 9-10, 11 og 14-15?

3. Hve oft er orðið „ef“ notað ofangreindum versum í Jóh 15 og hvað þýðir það?

Að lifa sem kristin vera er eins og að vera sjónvarp sem tengt er í vegg. Sérðu að horfa á sjónvarp og einhver tekur úr sambandi þá hverfur myndin samstundis. Til að fá hljóð og mynd þarf sífellt stöðuga orku. Því er klóin svo mikilvæg. Klóin tengir orkuna við tækið. Á hinn bóginn þá **er líf hins kristna ekki eins og að vera knúinn af rafhlöðum.** Sumum kristnum finnst lífið með Guði sé eins og að hlaða rafhlöðurnar með bæn og Biblíulestri að morgni, og endurhlaða svo aftur síðar. Slík hugsun getur verið hættuleg.

Jesús kallar sig vínviðinn og okkur greinarnar. **Þegar við erum tengd honum eins og klóin getur eðli hans streymt frá honum til okkar og við munum sjálfkrafa bera ávöxt – því eðli hans er innra með okkur. En þörf er á að vera alltaf í sambandi. Annars er hættu á að við reynum að lifa sem kristin—en án máttar hans.**

Þegar mannshugurinn tengist huga Guðs, hið endanlega við hið óendanlega, þá eru áhrif á líkama, huga og sál ómælanleg. Í slíku sambandi er að finna hina æðstu menntun. Þetta er Guðs leið fyrir þroska okkar" (Act of the Apostles 126).



?

hvernig var mér ætlað að lifa?

Hvað hefur Heilagur andi opinberað þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

hvers vegna að fylgja áformi Guðs?

það snýst allt um fögnuð

HVERNIG VAR
MÉR ÆTLAÐ AÐ
LIFA?

6

YFIRLIT

- fögnuður er innri afleiðing þess að spegla lyndiseinkunn Guðs
- ytri afleiðing þess að spegla lyndiseinkunn Guðs er við vitnum fyrir heiminum og alheiminum
- fögnuður er vottur þess að Guði sé að takast að opinbera sig gegnum mig

Hvers vegna ættum við að endurspeglu lyndiseinkunn Guðs – aðeins til að laga eitthvað sem var í ólagi – ímynd Guðs í okkur? Það hefur verið mér stórkostleg uppgötvun að **áform Guðs snúast um fögnuð, gleði**. Gleðin á að gegnsýra alla tilveru okkar og ég tel að Guð ætlist til að hún gegnsýri duldustu hluta alheimsins. Sjáðu hvernig gleðin hefur alltaf verið þema Guðs.

fögnuður við sköpunina

Þegar Guð mótaði heim sem speglaði dýrð hans fagnaði hann. Þegar Guð lagði frá sér verkfærin að kvöldi dags sá hann ítrekað að „það var gott“ og „harla gott“ (1Mós 1.4, 10, 12, 18, 21, 25, 31). Reyndar bætti Guð við aukadegi til að fagna einstakri sköpun sem hafði náð hámarki með sköpun vera „í sinni mynd“ (1Mós 1.26-27). „Og Guð blessaði sjöunda daginn og helgaði hann því að þann dag hvíldist Guð frá öllu sköpunarverki sínu sem hann hafði unnið að“ (1Mós 2.3). Englarnir og himneskar verur sem höfðu séð Guð skapa í sinni mynd fylltust gleði. Svo slegnir undrun yfir stórfengleika sköpunar Guðs að þeir sungu hástöfum „morgunstjörnurnar sungu saman gleðisöng og allir synir Guðs fögnuðu“ (Job 38.7).

fögnuður við endursköpunina

Koma syndarinnar gat ekki einu sinni slegið á gleðina. **Meðan Jesús vann að endursköpun mannkyns í ímynd Guðs svo við gætum lifað samkvæmt ríki föðurins, þá var fögnuður markmiðið.** „Ef þér haldið boðorð mín verðið þér stöðug í elsku minni, eins og ég hef haldið boðorð föður míns og er stöðugur í elsku hans. Þetta hef ég talað til yðar til þess að fögnuður minn sé í yður og fögnuður yðar sé fullkominn“ (Jóh 15.10-11). Fyrir þá sem hugsa hvort slíkt líf sé lögmálsþrálfur útskýrir Páll: „Guðs ríki er ekki matur og drykkur heldur réttlæti, friður og fögnuður í Heilögum anda“ (Róm 14.17).

Pétur fjallar um þessa gleði í ljósi endursköpunarinnar: „Þið hafið ekki séð hann en elskið hann þó. Þið hafið hann ekki nú fyrir augum ykkar en trúið samt á hann og fagnið með óumræðanlegri og dýrlegri gleði þegar þið eruð að ná takmarki trúar ykkar, frelsun sálna ykkar“ (1Pét 1.8-9).

Örlög hinna frelsuðu er fögnuður. Inni í gullhring er hægt að sjá gæðastimpil sem sannar þeim sem ber hann að hringurinn sé ekta. Eins er gleðin gæðastimpill sem sýnir að Guð starfi í okkur því ávöxtur Heilags anda í okkur „er...gleði“ (Gal 5.22). Þannig að **þegar við sjáum Guð að verki þá er ekki hægt annað en að sjá gleði hans og fyllast fögnuði**. Jafnvel undir álagi þá var það vegna þess að „gleði beið hans . . . að hann leið með þolinmæði á krossi . . . og hefur (hann) nú sest til hægri handar hálstóli Guðs“ (Heb 12.2).

En Guð ætlar þeim líka gleði sem vinna að þessu í annarra þágu. Páll skýrir fyrir Filippímönnum: „Fyrst Kristur veitir kjark, fyrst kærleikur hans uppörvar, fyrst andi hans

skapar samfélag, fyrst þar ríkir hlýja og samúð gerið þá gleði mín fullkomna með því að vera einhuga, hafa sama kærleika, einn hug og eina sál“ (Fil 2.1-2). Þegar Jóhannes ritar um að Guð tali orð endursköpunar í Kristi segir hann: „Þetta skrifum við til þess að fögnuður vor verið fullkominn“ (1Jóh 1.4). Síðar segir hann afdráttarlaust: „Ég hef enga meiri gleði en þá að heyra að börnin mín hlýði sannleikanum“ (3Jóh 4). Enga meiri gleði! Hugsaðu þér!

gleði inn í eilífðina

Guð sér fyrir sér eilífð sem bíður okkar og er hún algerlega fyllt gleði. Þegar hann lítur fram og sér heim án syndar og nýja sköpun eilíflega endurreista í ímynd hans – alveg eins og hann hafði alltaf ætlað – þá flæðir fögnuður milli hans og fólks hans. „Sjá, ég skapa nýjan himin og nýja jörð og hins fyrri verður ekki minnst frammar og það skal engum í hug koma. Gleðjist og fagnið ævinlega yfir því sem ég skapa því sjá, ég geri Jerúsalem að fögnuði og íbúa hennar að gleði. Ég mun gleðjast yfir Jerúsalem og fagna yfir þjóð minni, þar mun aldrei frammar heyrast grátur og kvein“ (Jes 65.17-19). Ennfremur: „Drottinn, Guð þinn er hjá þér, hin frelsandi hetja. Hann mun fagna og gleðjast yfir þér, hann mun hrópa af fögnuði þín vegna eins og á hátíðisdegi og hugga með kærleika sínum“ (Sef 3.17).

Reyndar virðist Jóhannesi sem að upphafsstundir eilífðarinnar samanstandi af fagnaðarópum. „Og ég heyrði raddir sem frá miklum mannfjölda og sem nið margra vatna og sem gný frá sterkum þrumum. Þær sögðu: „Hallelúja, Drottinn Guð vor, hinn alvaldi, er konungur orðinn. Gleðjumst og fögnum og vegsömum hann því að komið er að brúðkaupi lambsins og brúður hans hefur búið sig. Henni var fengið skínandi klæði og hreint lín til að skrýðast í“ (Opb 19.6-8).

Að lokum hefur nekt Adams og Evu og allra barna þeirra sem hafa treyst Jesú verið hulin með réttlæti hans. Nú hafa þau klæði sem endurspeglar dýrð Guðs sjálfs. Börn hans eru nú reiðubúin til að fylla jörðina með dýrð Guðs og njóta gleði sem aldrei dvínar.

Og er eilífðarárin líða fram, munu þau færa mönnunum enn dýrlegri opinberanir um Guð og um Krist. Eins og þekkingin er framsækin, þá mun kærleikur, virðing og hamingja vaxa. Því meira sem menn læra um Guð, þeim mun meiri verðu aðdáunin á eðli hans. Þegar Jesús opinberar þeim auðæfi endurlausnarinnar og hið dásamlega afreksverk í hinni miklu deilu við Satan, þá munu hjörtu hinna endurleystu fagna í enn heitari hrifningu og frá sér numdir munu þeir slá gullhörpunar og tíu þúsund sinnum tíu þúsundir og þúsundir þúsunda radda munu fylla loftið máttugum lofsöngvum (Deilan mikla, 708).



hvernig var mér ætlað að lifa?

Hvað hefur Heilagur andi opinberað þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

hversu mikið er hægt að breytast?

ferðalag umbreytingarinnar er eilíft ferðalag

HVERNIG VAR
MÉR ÆTLAÐ AÐ
LIFA?

7

YFIRLIT

spurning

Heldur þú að englar himins—englarnir sem syngja „heilagur, heilagur, heilagur við háscæti Guðs—endurtaki sig? Syngja englar eins og vélar, eins um alla eilífð, alltaf sama gamla sönginn?

*Heilagur, heilagur, heilagur er Drottinn allsherjar,
öll jörðin er full af dýrð hans.
—Jes 6.3.*

Ég held ekki að englarnir endurtaki sig. En við framgang eilífðarinnar fá þeir sífellt nýja innsýn í yndisleik og dýrð Guðs okkar. Slíkar nýjar sýnir koma upp því Guð sjálfur er óendanlegur. Svo það er engin endastöð þegar kemur að þekkingunni á Guði. En þú hefur möguleika á eilífri vegferð endalauss þroska – þar sem þú æ betur endurspeglar lyndiseinkunn Jesú (2Kor 3.18). Til að hjálpa okkur að skilja þessa óendanlegu möguleika – sem grundvallast á óendanleika Guðs – þá skulum við skoða nokkrar staðreyndir um alheiminn.

- *svipað og alheimurinn er óendanlegur, eins er dýpt fegurðar, kærleika, gæsku og réttlætis Guðs*
- *vegna þess að Guð er óendanlegur, þá getur þekking mín og reynsla af kærleika, gæsku, gleði og mætti hans vaxið í eilífðinni*
- *því meir sem þekking mín á Guði vex, því betur líkist ég honum*

óendanleiki skilgreindur

Mér skilst að hægt sé að koma milljón jörðum fyrir í sólinni. Þvermál sólarinnar er 1,4 milljónir kílómetra. Þvermál VV Cephei er um 2000 sinnum meira. Væri henni stillt upp þar sem sólin er núna mundi hún ná yfir sporbauga Merkúr, Venus, jarðar, Mars, Júpiters og ná næstum Satúrnusi líka!

Ímyndaðu þér að þykkt þessa blaðs sé fjarlægðin frá jörðu til sólar, um 150 milljónir kílómetra. Á þessum skala yrði fjarlægðin til næstu stjörnu, sem er í 4,5 ljósára fjarlægð, staffli pappírs 21,5 m hár. Á sama skala yrði þvermál vetrarbrautarinnar okkar, sem er 100.000 ljósár, staffli pappírs 500 km hár.

Og að enda alheimsins? Staffinn okkar, þar sem ein blaðþykkt táknar fjarlægðina milli jarðar og sólar, yrði 50 milljónir kílómetra hár.

Og hvað er svo í öllu tómarúminu? Gerald Calvin framsetur skemmtilegar staðreyndir til að reyna að útskýra þetta. Stjörnuþokan sem er vetrarbrautin okkar heitir Vetrarbraut. Nálæg vetrarbraut sem kallast Magellanský er í aðeins 170.000 ljósára fjarlægð frá okkur og samanstendur af 15 milljörðum stjarna. Í um 2.2 milljóna ljósára fjarlægð er Andrómeda-stjörnuþokan, tvöfalt stærri en Vetrarbrautin okkar. Hún inniheldur 250 milljarða stjarna. Enn lengra frá er stjörnuþokan M87 með 750-1000 milljarða stjarna. Hér eru aðeins fjórar stjörnuþokur nefndar en Calvin segir að **ef Adam hefði byrjað að telja vetrarbrautir (stjörnuþokur) og talið 100 á mínútu og væri enn á lífi, þá væri hann enn að telja!** Og nú tölum við einungis um það sem mönnum hefur tekist að sjá með tækjum eins og Hubble-sjónaukanum.

Alheimurinn er óendanlegur. Við verðum ringluð af að hugsa um svona stærðir og vegalengdir. Þetta hjálpar okkur að skilja Guð örlífið betur. Guð er líka óendanlegur. **Það er einhvers konar óendanleiki við fegurð og gæsku lyndiseinkunnar hans og dýrðar.**

Miðað við þessa innsýn inn í stærð alheimsins þá getum við aldrei þekkt Guð algerlega – þann sem „ákveður tölu stjarnanna, nefnir þær allar með nafni“ (Sálm 147.4).

Alheimurinn okkar stórkostlegi gefur okkur til kynna að við munum aldrei skilja allt sem Guð varðar. En við getum byrjað að kynnast honum. Og svo haldið áfram að kynnast honum.

Það þýðir **að því lengur sem ég er að kynnast Guði því meira get ég lært. Þar sem Guð er óendanlegur þá getur þekking mín á honum og mikilleika hans, kærleika, gæsku, gleði, náð o.s.frv sífellt aukist.**

Sífellt.

Um alla eilífð. Sem þýðir milljarðar og milljarðar ára. Og svo lengur. Þannig er söngur englanna ætíð nýr. Alltaf ferskur. Og alltaf að dýpka og breikka með aðdáun og lofi.

Þroskast um eilífð

Þar sem Guð er óendanlegur mun ég aldrei ná því að segja: „Nú veit ég allt um Guð.“ Ég mun jafnvel ekki getað sagt það um neitt sem hann varðar.

Áttaðu þig á að meginmálið er ekki að þekkja Guð vitsmunalega. Aldrei. Þekking á Guði þarf alltaf að vera byggð á reynslu. Því það að þekkja Guð snýst alltaf um að verða. Verða – eins og hann.

Að þekkja Guð – sem sagt að verða eins og hann – er þungamiðja eilífs alheimstilgangs Guðs með lífi okkar.

Reyndar er sívaxandi endurspeglun á lyndiseinkunn Guðs miðdepill tilgangs hvernar skapaðrar veru.

Og mun verða það um milljarða og milljarða ára.

Eilíflega.



hvernig var mér ætlað að lifa?

Hvað hefur Heilagur andi opinberað þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

geimárás á hönnun Guðs

ég er í miðju alheimsstríðs sem snýst um lyndiseinkunn Guðs

HVERNIG VAR
MÉR ÆTLAÐ AÐ
LIFA?

8

barist um ímynd Guðs

Á sautjándu öld samdi enska ljóðskáldið John Milton hið fræga ljóð Paradísarmissi sem er um fall Lúsifers af himnum ofan. Milton notar Biblíuvers (t.d. Kólossubréfið 1.16, Sálmana 2.6-7 og Filippíbréfið 2.9-10,18) til að gefa ástæður fyrir komu syndar í heiminn.

Gary Anderson fjallar um skilning Miltons á uppreisn Satans í Harvard-ritgerð sinni. Sagan hefst með því að Satan heyrir að Faðirinn og Sonurinn ætluðu að skapa manninn. Sem æðsta sköpuð vera himinsins móðgaðist Satan því hann var ekki hafður með í ráðum. Er Faðirinn varð þess var kallaði hann saman alla englana og hóf upp Jesú og sýndi hann sem óviðjafnanlegan. Anderson lýsir hvernig Milton afhjúpar viðhorf Satans við þessa upphafningu Jesú.

Hafi Satan fundist þetta hneykslanlegt og næg ástæða til uppreisnar þá er líklegt að honum hafi fundist Adam og Eva enn meiri þyrnir í augum. Á vissan hátt er upphafning Krists ögrun sem gefur Satan tækifæri til að tjá andúð sína á áformum Guðs með alheiminn. Upphafning Krists opinberar hið dulda hatur þessa mikla engils og andstæðings (The Fall of Satan in the Thought of St. Ephrem and John Milton", Hugoye: Journal of Syriac Studies, Vol. 3, No. 1, January 2000).

Tvö hundruð árum eftir ljóð Miltons lýsir Ellen White upphafi uppreisnarinnar á líkan hátt:

Skaparinn mikli kallaði saman allan himinsins her svo hann gæti í viðurvist allra englanna sæmt Son sinn sérstökum heiðri. Sonurinn settist á háscætið við hlið Föðurins og allur hinn himneski her heilagra engla umkringdi þá. Faðirinn lýsti því þá yfir að hann hefði sjálfur ákvarðað að Kristur, Sonur hans, yrði honum jafn, þannig að hvar sem Sonurinn væri þar væri Faðirinn. Orði Sonarins skyldi hlýtt sem það væri orð Föðurins. Hann hefði veitt Syninum vald yfir hinum himnesku hersveitum. Sérstaklega ætti Sonurinn að samstarfa með Föðurnum við sköpun jarðarinnar og alls þess sem skyldi lifa á jörðinni. Sonur hans mundi framkvæma vilja hans og áform en ekki gera neitt af sjálfum sér. Vilji Föðurins mundi uppfyllast í honum. Lúsifer var öfundsjúkur og afbrýðissamur út í Jesú Krist. Samt beygði hann sig með englunum þegar þeir beygðu sig fyrir Jesú til að staðfesta yfirráð hans og yfirvald og rétt til að ráða, en hjarta hans var fullt öfundar og haturs (The Story of Redemption, 13-14).

alheimsstríðið í Biblíunni

1. Hvernig lýsir Biblían reiði Satans og falli hans af himni? (Opinberunarbókin 12.7-9).

YFIRLIT

- **ég er í miðju stríði milli Guðs og Satans**
- **stríðið snýst um löngun Satans til að eyða lyndiseinkunn Guðs í fólki sem er skapað til að endurspegla lyndiseinkunn hans**
- **endurlausnarstarfinu er ætlað að endur-mynda það sem Satan hefur af-myndað—sem er ímynd Guðs í mannum**

Hér lýsir Jóhannes postuli Satan sem þeim sem „afvegaleiðir alla heimsbyggðina.“ En hvert beindu Satan og englar hans blekkingum sínum?

Við höfum þegar séð að mannverur voru skapaðar í „ímynd Guðs“ (1Mós 1.27). Nú lýsir Páll postuli hvernig verk hjálpræðisins beinist að fólki sem hefur verið mótað í ímynd Guðs. En sú ímynd er nú afmynduð vegna íhlutunar Satans.

2. Hver er tilgangur Guðs með þig samkvæmt Páli? (Rómverjabréfið 8.29)

3. Hvað gerist þegar þú samstarfar með Guði? (2. Korintubréf 3.18)

4. Um hvað snerist starf Páls? (Galatabréfið 4.19)

Þessi vers sýna að **árásir Satans—sem fagnaðarerindið fjallar um—varða ímynd Guðs í okkur.**

Á næstu síðu sérðu samantekt sögunnar um deiluna milli Guðs og Satans varðandi lyndiseinkunn Guðs. Þarna eru sjö lykilatburðir. **Það hjálpar þér að leggja þetta á minnið því allt annað sem gerist í Biblíunni tengist einu eða fleirum þessara mikilvægu tímabila.** Taktu eftir hvernig sérhver aðalviðburður tengist baráttunni um lyndiseinkunn Guðs.

?

hvernig var mér ætlað að lifa?

Hvað hefur Heilagur andi opinberað þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

heimsdeilan varðandi lyndiseinkunn Guðs



1	2	3	4	5	6	7
<p>Fall Satans og engla hans af himni</p> <p>Satan langaði að hafa mátt Guðs en án lyndiseinkunnar hans. Vegna dráms sins fór Satan í stríð við Jesú og guðsríki á himni, því var Satan og þriðjungj englanna varpað af himni. Drámb og reiði Satans jókst og hann hóf svo að eyða þeim sem Jesú hafði skapað í sinni mynd. Hinn fallni Satan og englar hans eru mönnum ósýnilegir.</p> <p>Jesaja 14.12-15 Esekiel 28.14-17 Op. 12.7-9 Efesusbréfið 6.10-12</p>	<p>Sköpunin—í fullkominni mynd Guðs</p> <p>Jesús skapaði okkur í sinni mynd. Öll sköpun hans var fögur og vakti mikla gleði hjá honum sjálfum og öllum í alheimi.</p> <p>1. Mósebók 1.26-27 1. Mósebók 1.31 Jobsbók 38.4-7 Kól. 1.15-17</p>	<p>Fallið—ímynd Guðs af mynduð</p> <p>Stuttu eftir sköpunina fór Eva að sklingstré góðs og illis – þangað sem Guð hafði bannað henni að fara. Þar tókst Satan að freista hennar. Þegar þau Adam höfðu óhýðnast Guði fundu þau sig nakin. Þessi synd hafði skadað lyndiseinkunn Guðs í þeim. Svo virðist sem þau hafi verið hulin áyrðarþarma sem táknaði dýrdarlyndiseinkunn Guðs innra með þeim. Og nú þegar lyndiseinkunn Guðs innra með þeim var sköðuð þá hvarf yfri áyrðarhjúpurnin. En það sem verri var, nú fóru þau að finna fyrir afleiðingum óhýðninnar – þau hófu að deyja.</p> <p>Hvernig gátu þau og allir afkomendur þeirra frelsast undan afleiðingum syndarinnar?</p> <p>1. Mósebók 3.1-12.</p>	<p>Hjálpæðið—ímynd Guðs endur-mynduð</p> <p>Synd leiðir ávallt til dauða. Sem syndarar erum við dæmd til eilífs dauða. En Jesús kom og dó fyrir okkur. Hann tók á sig syndarefingu okkar. Þannig að þegar ég trúi að Jesús hafi dáið fyrir mig þá frelsar Guð mig frá afleiðingum syndarinnar í framföðinni – frá eilífum dauða. En hann frelsar mig líka frá synd hér og nú. Þegar ég treysti á mátt endur-sköpunar Jesú fyrir Heilagan anda, þá lætur Jesús mig fá sína eigin lyndiseinkunn – lyndiseinkunn sem af-myndaðist í Adam og Evu í Eden. Þegar Heilagur andi heldur áfram að starfa í okkur þá endurspeglum við Jesú æ betur.</p> <p>Jesaja 53.4-6 Rómverjabréfið 3.21-24; 6.23 Rómverjabréfið 8.29 Galatabréfið 4.19 2. Korintubréf 3.18</p>	<p>Dómurinn</p> <p>Hver getur sagt að einhver sé frelsaður? Einungis Guð. En þar sem Satan sakar Guð um að hafa verið ósanngjarn og óréttlátur frá upphafi þá er dómurinn opin og þar sem alheimurinn getur séð að ákvarðanir Guðs eru réttar, góðar og sanngjarnar. Við frelsumst fyrir trú á Jesú. Slík trú skapar að nýju ímynd Guðs í okkur sem og breytingar í lífi okkar. Þess vegna segir Jesús hreint út að við verðum dæmd af veikum okkar sem eru óhjákvæmilegur ávöxtur trúar okkar. Slíkur ávöxtur sést þegar Heilagur andi opinberar sig í gegnum okkur.</p> <p>Róm. 14.10-12 Daníel 7.9-10 Matteus 25.31-46 Galatabréfið 5.22-23</p>	<p>Endurkomman</p> <p>Það sem undirbýr okkur til að standast á erfiðleikafimum endurkomunnar er að vera endurgerð í ímynd Guðs. Því ímynd Guðs er sama og „nafn“ Föðursins og Sonarins sem er „ritað“ á enni fólks Guðs. Jesús lofaði að snta aftur til jarðar, og það líkamlega – eins og þegar hann kom í fyrra skiptið. Þetta verður engin leynikoma heldur sýnileg öllum. Þá munu líkamar okkar „á einu augabragði“ klæðast sömu dýrð og Adam og Eva í Eden.</p> <p>Op. 14.1 Jóhannes 14.1-3 Postulasagan 1.9-10 Matteus 24.24-27 1. Kor. 15.35-55</p>	<p>Eyðing hins illa og eilíf endursköpun</p> <p>Eftir 1000 ára avöl með Jesú á himni munum við dæma Satan, engla hans og syndara. Eftir þennan dóm mun Guð eyða heiminum með eldi og endurskapa hann samkvæmt upphaflegu áformi. Við munum þá búa á jörðinni og verða æ líkari Jesú um alla eilífð.</p> <p>1. Korintubréf 6.3 Op. 20.7-15 Op. 21.1-5 2. Korintubréf 3.18</p>

Leiðsögukort fyrir ferð þína

hvernig ég held mér á réttri braut þegar á gefur

HVERNIG VAR
MÉR ÆTLAÐ AÐ
LIFA?

9

YFIRLIT

- lífið er ferð sem leiðir til Guðs sjálfs
- Guð er ætíð með okkur á þessari ferð sem leiðir til hans
- hvati hins kristna til að fara í þessa ferð er ekki bara til að flýja synduga jörð heldur til að búa í návist Guðs
- í gegnum Heilagan anda er Guð sífellt að hvetja mig til að verja tíma með honum

23. Davíðssálmur framsetur mismunandi áfanga lífsgöngunnar...



27. Davíðssálmur gefur ástæðuna fyrir þessari ferð

4 Eins hef ég beðið Drottin, það eitt þrái ég, að ég fái að dveljast í húsi Drottins alla ævidaga mína til þess að horfa á yndisleik Drottins og leita svara í musteri hans.

8 Ég minnst þess að þú sagðir: „Leiðið auglitis míns.“ Ég vil leita auglitis þíns, Drottinn.

ferð á átakasvæði alheimsstríðsins

Persónulegar áskoraningar eru nægar þegar búið er á átakasvæði alheimsstríðs. Þegar á reynir á lífsins göngu hvað heldur okkur þá gangandi, svo að áform Guðs varðandi okkur haldist? Davíðssálmarnir 23 og 27 hjálpa okkur að skilja ferðalagið og hvers vegna við ættum að keppa áfram þó erfitt sé.

23. Sálmurinn lýsir ferð með fjórum áfangastöðum sem tengjast með réttum vegum—vegum lærisveinsins. Fyrst er svæði (1) grænna grunda og vatna sem hressa. Annar áfangastaðurinn (2) er dimmur dalur. Þriðji (3) staðurinn hefur borð hlaðið góðgæti handa mér, en samt umkringgt óvinum mínum. Rétti vegurinn endar við fjórða áfangastaðinn – þar sem fólk verður lærisveinar Jesú – (4) þ.e. hús Drottins.

Það sem fyrir augu ber

Svo hvað getur þessi sálmur kennt okkur um að spjara okkur þegar á þjatar svo við missum ekki sjónar af eilífðaráfangastað okkar?

- 1. Sama hversu óundirbúin og veikburða við erum fyrir svona ferð, þá lofar hirðirinn að útvega allt sem þarf.** „Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert breyta. Á grænum grundum lætur hann mig hvílast, leiðir mig að vötnum þar sem ég má næðis njóta“ (1. og 2. vers). Ég man eftir að lesa á ensku „I shall not want“ („mig mun ekkert skorta“ en getur þýtt „sem ég ekki vil“) og hálf hreytti að Guði „jú, ég vil víst! – ég vill!“ Hér er fyrsta áskorun ferðarinnar: ef við ætlum að ferðast án þess að kvarta yfir hirðinum þá verðum við að viðurkenna að væntingar okkar varðandi ferðina eru aðrar en hirðisins. Fyrsti þröskuldurinn er að láta af sífelldum kröfum okkar, væntingum og framagirni, og skilja að það sem Guð lætur í té sé allt sem við þurfum.
- 2. Sama hversu ruglingsleg ferð mín getur orðið þá mun vegur hirðisins ávallt uppfylla ætlanir hirðisins fyrir líf mitt.** „Hann leiðir mig um rétta vega fyrir sakir nafns síns“ (3. vers). Hér er talað um „rétta vega“, í sumum erlendum þýðingum er talað um „réttlætisins vega“. Hvers vegna er þessum vegum lýst sem „réttum“ eða „réttlætis“ vegum? Í fyrsta lagi eru þessir vegir réttir því þeir leiða til rétts áfangastaðar. Í öðru lagi eru þeir réttir vegna þess að samferðamaðurinn er réttur, hirðirinn. Í þriðja lagi eru þessir vegir réttir því þeir móta okkur rétt. Sjáðu hvernig við ferðumst eftir réttum – réttlætis – veginum „fyrir sakir nafns hans“ (3. vers), þ.e. til heiðurs og dýrðar hirðinum. En hvernig nákvæmlega er hirðinum sýndur heiður og dýrð? Við heiðrum hann ekki bara með því að harka af okkur og komast heim til hans án þess að gefast upp. Til að verða rétta fólkið þurfum við að uppfylla áform hirðisins. Eins og við munum sjá þá heiðrum við hirðinn mest með því að fyllast eðli hans og þannig endurspeglja lyndiseinkunn hans. Það skrytna er að hirðirinn nær þessu markmiði kannski aðallega með því að leyfa okkur að þjást. Meira um þetta í næstu grein.
- 3. Sama hversu ógnvekjandi ferð okkar getur orðið, þá er dimman ekkert til að óttast því þar hjálpar hirðirinn mér til að þroskast og líkjast honum.** „Þótt ég fari um dimman dal óttast ég ekkert illt því þú ert hjá mér, sproti þinn og stafur hugga mig“ (4. vers). Þegar við sjáum ekki hirðinn vegna myrkurs þá mun Satan freista okkur til að halda að Guð hafi yfirgefið okkur eða að við höfum villst. En því er alveg öfugt farið. Elisabeth Elliot útskýrir þetta: „Lamb sem væri státt í dimmum dal gæti ályktað að það hefði verið afvegaleitt. En lambinu var nauðsynlegt að kynnastr myrkrinu til að læra að óttast ekki. Hirðirinn er ennþá með því“ (Elisabeth Elliot, Quest For Love, (Grand Rapids, MI: Fleming H. Revell, 1996), 218). Vissulega sjáum við í myrkrinu óvini okkar reyna að koma okkur á óvart, en þá sjáum við allt í einu hirðinum bregða fyrir þar sem hann beitir sprota sínum til að bægja óvininum frá. Og þegar okkur verður á að ráfa burt og erum alein og hrætt vegna hjóðanna í myrkrinu og þess sem við ímyndum okkur að sé þar, þá finnum við óvænt, og stundum á sársaukafullan hátt, fyrir staf hirðisins sem kippir okkur frá hættunni. Það er kannski helst í þessum dimmu dölum sem við upplifum hjálpræði hirðisins og lærum að treysta honum.
- 4. Sama hversu auðveld okkur finnst að ferð okkar ætti að vera þá leyfir hirðirinn óvinum okkar reglulega að umkringja okkur svo að við skiljum betur kærleika hans í okkar garð.** „Þú býrð mér borð frammi fyrir fjendum mínum, þú smyrð höfuð mitt með olíu, bikar minn er barmafullur“ (5. vers). Ég spurði börn í kirkju: „Hvað ef þið hefðuð allt sem ykkur langaði í á borði fyrir framan ykkur en svo stæðu óvinir ykkar hjá?“ „Ég held að óvinirnir mundu stela öllu,“ sagði einn

drengurinn. Rétt hjá honum! Hversu oft erum við ekki hrædd um að óvinir okkar steli hamingju okkar, starfi eða áformum Guðs fyrir okkur. Þetta er ein af lexíunum um borðið. Guð staðsetur það beint fyrir framan óvini okkar og svo sjáum við að þeir geta ekki tekið neitt af því sem Guð hefur lofað okkur. Þegar við sjáum yfirgnæfandi blessanir Guðs eru og hvernig ekkert og enginn getur haldið þeim frá okkur, þá fyllumst við furðu og þakklæti yfir gæsku föðursins. Því þá getum við sagt með Sálmaskáldinu: „Ég lofa þig, Drottinn, því þú dróst mig upp úr djúpinu og lést óvini mína ekki hlakka yfir mér“ (Sálm 30.1).

5. **Sama hversu einmana ég virðist á ferðinni þá er hirðirinn ávallt nálægur.** „Gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína og í húsi DROTTINS bý ég langa ævi“ (6. vers). Gæfa og náð eru eiginleikar Guðs. Ef gæfa og náð fylgja mér þýðir það að Guð sjálfur fylgir mér. Davíð fullvissar okkur um að gæfa og náð fylgja honum dag hvern. Gæfa og náð fylgja honum um grænar grundir sem og um dimma dali. Hvort sem hirðirinn leiddi Davíð inn í myrkrið eða hvort hann hafi ráfað þangað sjálfur þá fylgja honum samt gæfa og náð. Þegar óvinir Davíðs hæða hann þá svara gæfa og náð öllum þörfum hans. Gæfa og náð yfirgefa hann aldrei. Hirðirinn, Immanúel, verður við hlið hans alveg til endimarka jarðar.

hvati ferðarinnar

Ferð lærisveinsins með hirðinum endar í húsi hirðisins. En ég hef nokkrar spurningar: Hvers vegna langar Davíð að fara þennan veg? Hver er ástæða þess, sérstaklega í ljósi erfiðleikanna? Hvers vegna heldur Davíð sínu striki þegar aðrir gefast upp og fara aðrar leiðir?

Í Sálmunum 27.4 er því lýst sem hvetur lambið til að gefast ekki upp heldur halda áfram: „Eins hef ég beðið Drottin, það eitt þrái ég, að ég fái að dveljast í húsi Drottins alla ævidaga mína til þess að horfa á yndisleik Drottins og leita svara í musteri hans.“ Dýpsta þrá Davíðs, sú sem hefur hvatt hann á ferð lífsins, er að horfa á yndisleik Drottins.

Eins og er um okkur þegar við viljum endilega verja tíma með einhverjum, þá vill Davíð verja öllum stundum með Guði því eðli Guðs er mikilvægar öllu öðru.

hvernig var mér ætlað að lifa?

Hvað hefur Heilagur andi opinberað þér og hvernig þarftu að bregðast við?



hverjum geturðu deilt þessu með?

okkur er ekki ætlað að ferðast ein

leitum andlegs stuðnings

HVERNIG VAR
MÉR ÆTLAÐ AÐ
LIFA?

10

opinberum Jesú saman

1. Lestu Efesusbréfið 4.11-13. Hvert er sambandi þess að ná vaxtartakmarki Krists fyllingar – að verða eins og hann?

Páll segir að það að ná vaxtartakmarki Krists fyllingar sé tengt samfélagi. Það eru postular, spámenn, trúboðar og aðrir með andlegar gáfur sem starfa saman í að styrkja hverjir aðra í þjónustu og andlegum vexti. Að vaxa í samfélagi er mikilvægt vegna tveggja áskorana.

áskoranir: hvers vegna við þurfum samfélag

Fyrri áskorunin er við sjálf.

Eftir að Adam og Eva syndguðu erum við öll fædd með eðli sem er andstætt Guði og ríki hans.

2. Hvernig lýsir Davíð vandamáli okkar allra í Sálmunum 51.5?

Svo þegar við hefjum að fylgja Kristi erum við þá þegar haldin ýmsum föstum venjum sem erfitt er að láta af í einum hvelli. Svo getum við líka verið feimin eða lífil í okkur að eðlisfari og þráum stuðning annarra.

Seinni áskorunin er yfirnáttúrulegur óvinur okkar.

3. Hvernig lýsir Pétur óvini okkar í 1. Pétursbréfi 5.8?

Við getum ekki ein barist við slíkan yfirnáttúrulegan óvin sem býr yfir yfirnáttúrulegum mætti. Við þörfnumst sífellt yfirnáttúrulegs máttar annar staðar frá. Guð einn getur veitt hann. Mikilvægast er að við öðlumst slíkan mátt þegar við hvílum í nærveru hans og þráum Guð sjálfan umfram allt.

þroskumst saman

Hvernig mætum við þessum áskorunum í viðleitni okkar til að verða lærisveinar Jesú?

YFIRLIT

- **að opinbera fyllingu Krists gerist best í samfélagi**
- **andlegt samfélag veitir hvatningu í glímu minni við syndugar venjur**
- **andlegt samfélag er mér hvatning í glímu minni við yfirnáttúrulegan óvin**

4. Hvernig gagnast ráð Salómons þér við að verða lærisveinn? (Prédikarinn 4.9-12).

Stuðningur annarra á öllum sviðum lífsins skiptir máli en sérstaklega í andlega lífinu. Þó smá feimni hamli þér í fyrstu að deila með öðrum andlegri göngu þinni þá mundu að **Guð ætlaði þér að lifa og þroskast í kirkjusamfélaginu**. Þó viss einkamál séu aðeins milli einstaklingsins og Guðs þá er okkur ekki ætlað að vera ein á andlegri göngu okkar. Tilgangurinn er að þú sért ávallt meðal fólks sem hvetur þig og styður og sem þú líka getur hvatt og stutt. Því sendi Jesús lærisveinana til starfa tvo og tvo saman. Hvað með þig? Þegar þú íhugar að gefast Guði finnst þér þú geta gert það í eigin mætti? Ég hvet þig til að finna einhvern sem þú getur orðið samferða til að þið hvetjið og uppörvið hvort annað, og sérstaklega biðjið hvort fyrir öðru.

Þegar þú finnur slíkan einstakling sem hjálpar þér að tengjast Jesú skaltu verja tíma til að biðja Guð um leiðsögn. Íhugaðu svo eftirfarandi spurningar:

- Hver getur veitt mér andlega hvatningu og stuðning?
- Vil ég einhvern sem er kominn lengra en ég eða einhvern sem er á sama stað og ég er?
- Með hverjum líður mér vel með? Hverjum get ég treyst?
- Hvern gæti ég hvatt og stutt andlega?

einher til að tala við

Skrifaðu nafn þeirrar persónu sem þig langar að biðja að ganga með þér næsta áfanga á andlegri göngu þinni.

?

hvernig var mér ætlað að lifa?

Hvað hefur Heilagur andi opinberað þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

endurreisnarferlið

fjórar stoðir sem endurskapa ímynd Guðs

HVERNIG VAR
MÉR ÆTLAÐ AÐ
LIFA?

11

endurmótun er ferli

Drögum saman helstu hugmyndirnar sem við höfum skoðað hingað til. Mannverur voru skapaðar í ímynd Guðs (1. Mósebók 1.26-27). Þannig skilgreinir ímynd Guðs hvað það er að vera mannvera. Syndin hefur rústað ímynd Guðs í manningu (sjá 2. Korintubríf 4.4), þannig að endurlausnin beinist að endurmótun ímyndar hans í okkur – ekki bara því að sleppa úr þessum heimi til himins. **En þó að sættin við Guð geti gerst á augabragði þá er ekki svo um umbreytinguna í ímynd Guðs. Að umbreytast æ meir í ímynd Guðs er ferli. En hvernig virkar það?**

endurmótun í helgidómi Guðs

Bók þessi er byggð á ferli þess að verða lærisveinar sem svo aftur byggist á helgidómi Biblíunnar. **Helgidómur er staður þar sem Guð býr.** Davíð tjáir þrá sína til að vera á slíkum stað:

Eins hef ég beðið Drottin, það eitt þrái ég, að ég fái að dveljast í húsi Drottins alla ævidaga mína til þess að horfa á yndisleik Drottins og leita svara í musteri hans (Sálmarnir 27.4).

Davíð þráði að horfa á yndisleik Guðs – fegurð og dýrð lyndiseinkunnar Guðs. Eini staðurinn sem bauð upp á þetta var í nærveru Guðs. Á tíma Davíðs var Guð í musterinu. Guð var ekki bara aðlaðandi heldur mundi nærvera hans umbreyta Davíð. **Eins og Páll segir í 2. Korintubræfi 3.18 þá endurnýjumst við í ímynd Guðs þegar við með „óhjúpudu andlífi sjáum dýrð Guðs endurspeglast í Kristi og andi hans lætur okkur umbreytast effir þeirri sömu mynd til enn meiri dýrðar“ – og dýrð Guðs og persónuleg nærvera er reynsla sem á sér stað í helgidómi Guðs.**

Og þó þessi umbreyting hefjist á jörðu þá mun henni ekki ljúka við endurkomu Jesú. Meðan við „horfum á yndisleik Drottins“ um alla eilífð þá munum við „umbreytast effir þeirri sömu mynd til enn meiri dýrðar.“ Þetta hugtak um umbreytingu er kjarni þessarar bókar.

Persónuleg nærvera Guðs átti sér fyrst stað hjá Adam og Evu í Eden (1. Mósebók 2-3). Þau mótuðust æ meir í ímynd Guðs þar sem þau hittu hann daglega. Eden var fyrsti helgidómurinn. Eftir komu syndarinnar var persónulega nærvera Guðs að finna í tjaldbúðinni. „Þeir skulu gera mér helgidóm svo að ég búi mitt á meðal þeirra“ (2. Mós ebók 25.8). Persónuleg nærvera Guðs sýndi sig síðar í musterinu í Jerúsalem (2. Kronikubók 7.1). **Helgisíðir helgidómsins og mustersins áttu að kenna fólki Guðs hvernig það gæti orðið heilagt eins og hann (3. Mósebók 11.44; 20:7; sbr. 1. Pétursbréf 1.16).**

Jóhannes notar málfar helgidómsins til að lýsa því hvernig Jesús kom og bjó með okkur (Jóhannesarguðspjall 1.14). Páll segir að kirkjan sé musteri Guðs (2. Korintubríf

YFIRLIT

- **helgidómur er bústaður Guðs**
- **endursköpun í ímynd Guðs gerist þegar ég íhuga dýrð Guðs í helgidómi hans**
- **hjarta mitt er helgidómur tileinkaður Guði**
- **samfélag við Guð sem endurreisir ímynd sína í mér er fjórþætt ferli: 1) þrá fyrir einlægni, 2) styrking trúar, 3) traust á guðlegan mátt, 4) þátttaka í starfi Guðs**
- **einlægni gerir mér mögulegt að einblína á yndisleik Guðs, trú skapar traust á Guði til að einblína á yndisleikann, traust á Guði er kjarninn í að leyfa umbreytingunni að endurspegla yndisleik Guðs, þátttaka í starfi Guðs er afleiðing þess að einblína á yndisleik Guðs**
- **ferlið er eins og spirall sem sífellt hringast meðan mismunandi þættir ferlisins þroskast í lífi mínu**

6.16-17) og líkamar okkar (1Kor 6.19-20). Páll skrifar líka um að „Kristur megi einnig fyrir trúna búa í hjörtum ykkar“ (Ef 3.17) sem gefur til kynna að hjarta mitt sé musteri handa Guði. Þetta þýðir að nærvera Guðs geti verið innra með okkur öllum. Þannig eru helgidómar staðir þar sem við getum dvalið og verið í sambandi við Guð og séð dýrð hans. Þannig eru helgidómar staðir umbreytinga. Dag einn munum við búa sem umbreytt fólk í nærveru Guðs í hinu himneska musteri! (Op 3.12; 21.3).

Páll undirstrikar áform Guðs um að endurskapa ímynd sína í okkur: „Þau sem hann þekkti fyrir fram hefur hann og fyrirhugað til þess að mótast effir mynd sonar síns...“ (Róm 8.29). Svo segir hann þetta líka vera áform þeirra sem starfa fyrir Guð. Hann skýrir þetta út frá eigin reynslu: „...börn mín, sem ég að nýju el með harmkvælum þangað til Kristur er myndaður í ykkur!“ (Gal 4.19).

En hvað þýðir þetta allt? Hvað hjálpar mér til að mæta yndisleik Guðs í helgidómi hans og upplifa endurmótun í ímynd hans?

stoðirnar 4

Bók þessi er byggð á 4 stoðum sem eiga að hjálpa þér að móta líf þitt eins og Guð ætlaði þér að lifa. Stoðirnar þurfa að koma í röð.

E

stoð 1—einlægni

Fyrsta stoðin er einlægni. Einlægni gagnvart Guði er val mitt (Sálm 65.4 ?) sem gerir mér fært að nálgast staðinn þar sem ég get „íhugað dýrð Drottins“ (1. Korintubrэф 3:18).

1. Hvernig lýsir Biblían hjartalagi farós (2. Mós 7.13) og lærisveina Jesú? (Markús 8.17).

2. Hvað lofar Guð að gera fyrir þá sem hafa steinhjarta? (Esekíel 36.26).

Steinhjarta hindra Heilagan anda í að hafa áhrif á mig. Á hinn bóginn er mjúkt hjarta það sem er opið fyrir áhrifum Heilags anda. **Eðli mitt vill ekki vera einlægt gagnvart Guði (Róm 3.10-12). Því hefur Guð frá upphafi átt frumkvæði af því að ná sambandi við okkur (1Mós 3.8-9). Ferð mín hefst þegar ég segist vilja vera í sambandi við Guð.**

T

stoð 2—trú

Önnur stoðin er trú. Trúin gerir mér fært að treysta honum nægilega til að „íhuga dýrð Drottins.“

3. Hver er ábyrgur fyrir að skapa skuldbindingu innra með okkur? (Róm 2.28-29).

4. Hvað lofar Guð að gera við hjarta þeirra sem opnir eru fyrir honum og hvað þýðir þetta? (1. Mósebók 17.10-11, 5. Mósebók 30.6).
-

Umskurn í Ísrael var ytra tákni um að vera helgaður sáttmála Guðs (samningur um samband). Á andlegan hátt þarf hjarta mitt sem helgidómur Guðs að umskerast sem sýnir þá traust mitt á Guði. Að vera opinn fyrir Guði þýðir ekki að ég treysti honum ennþá en einlægni er jarðvegurinn fyrir trú mína að festa rætur í hjarta mínu. Með syndugt eðli hið innra get ég ekki breytt mér. Guð einn getur breytt lífi mínu. Þannig verð ég að læra að treysta því að Guð geri það sem hann lofaði.

Ef þú íhugar þessar tvær tegundir hjartna þá á hjartað fyrst að verða mjúkt eða einlægt áður en það verður hjarta sem treystir Guði. Án einlægni get ég ekki treyst Guði. Trúarstoðin er nauðsynleg til að ég treysti á mátt Guðs frekar en eigin mátt.

stoð 3—raust á guðlegan mátt



Þriðja stoðin er um mikilvægasta atriðið sem styður við stöðuga umbreytingu í lífi mínu. Daglega þjónustan var kjarni helgisiða mustersins. Þetta voru morgun- og kvöldfórnirnar sem brunnu í guðlegum eldi á altarinu í forgarðinum. **Fórnirnar sem brunnu stöðugt í guðlegum eldi voru kjarni helgidómsþjónustu Ísraelsmanna. Þetta átti að sýna að Ísraelpjóð var stöðuglega háð Guði.**

5. Í ljósi helgidómsþjónustunnar, hvað segja Jesús og Páll að ég þurfi að gera til að verða lærisveinn? (Lúkas 9.23-24; Róm 12.1; sbr. Róm 6.5-7).
-

6. Daglegu fórnirnar voru ekki bara drepnar, þær eyddust líka í eldi. Hvaðan kom sá eldur? (3Mós 9.24; 2Kron 7.1).
-

7. Hvað getur eldurinn táknað í Nýja testamentinu? (Post 2.3-4; 1Þess 5.19).
-

Bæði fórnirnar og guðlegi eldurinn í tjaldbúðinni tengjast orðinu tamid sem þýðir „stöðugt“. Þörf var á stöðugum fórnum svo að eldurinn á altarinu – sem átti upptök sín á himni – brynni stöðuglega. Annars hefði fólk þurft að gera sinn eigin eld sem hentaði ekki heilögum tilgangi Guðs (3Mós 10).

Þannig má sjá þriðju stoðina sem tvær hliðar penings:

Hlið 1—stöðug fórn. Andlega séð er dauðinn eina leiðin til að fást við syndugt eðli mitt.

Hlið 2—stöðugt logandi fórn í guðlegum eldi. Þegar syndugt eðli mitt er dautt þarf eðli Guðs að koma í staðinn. Þetta gerist fyrir Heilagan anda Guðs sem sífellt fyllir líf mitt.

stoð 4—starfað fyrir Guð

Fjórðu stoðina má sjá sem afleiðingu þess að „íhuga dýrð Drottins.“ Mikilvægt er að sjá að allt sem ég geri fyrir Guð er afleiðing þess að verja tíma með honum. Oswald Cambers segir: „Aðalmálið í kristindómi er ekki það sem við gerum heldur sambandið sem við viðhöldum og svo andrúmsloftið sem það samband skapar. Það er allt sem Guð biður okkur að gæta að og það er það sem verður sífellt fyrir árásum“ (My Utmost for His Hightest, 4. ágúst). Þegar ég tengist Guði betur þá skapar andinn guðlegt andrúmsloft. Þetta styrkir mig í að hjálpa særðu og þjáðu fólki og hjálpar Guði að hafa áhrif á aðra gegnum mig.

Þessi hugmynd er undirstrikuð í daglegri þjónustu prestanna. Í hinu heilaga voru þrjár fórnir: brauð, ljós og reykelsi. Þessar fórnir þörfnuðust elds. En guðlegur eldur af fórnaraltarinu var einn leyfður – heilagur eldur sem logaði stöðugt vegna stanslausra fórna. Það var verk prestsins að fara með heilagan eld frá altarinu inn í hið heilaga þannig að ljósið, reykelsið og brauðið væri sífellt fært Guði. Starf prestsins og þessar fórnir þrjár – allt átti þetta að vera viðvarandi.

Brauð-, ljós- og reykelsisfórnimar bentu á persónu og stöðuga þjónustu Jesú. Þannig benda þær líka á okkur og það sem við gerum fyrir Jesú. Við eigum stöðuglega að vera prestar fyrir Guð og verða lifandi fórnir fylltar Heilögum anda. Þegar við líkjum eftir Jesú þá flytjum við öðrum orð hans, biðjum fyrir öðrum og sýnum öðrum ljós lyndiseinkunnar Guðs. Þetta ber okkur að sífellt gera. Þessar þrjár fórnir eru forgangsatriði í starfi þínu fyrir Guð.

8. Hvernig lýsir Pétur þessu viðvarandi hlutverki þínu? (1Pét 2.9).

Starf prestanna hjálpaði fólki Guðs – þó syndugt væri – að viðhalda sambandi sínu við heilagan Guð. En þetta átti ekki að vera leynilegt samband.

9. Hvernig var návist Guðs í helgidóminum sýnileg? (2Mós 40.34-35).

10. Hvaða áhrif á aðra gæti það haft þegar fólk sér betur og betur dýrð Guðs í helgidómi þíns eigin lífs? (2Kor 3.18).

samantekt

Guð ætlaði mér að sýna heiminum ímynd hans og lyndiseinkunn. Til að verða í nærveru Guðs þar sem ég get séð dýrð Guðs og breyst og líkst honum þá er þarna fjögurra þrepa ferli í gangi:


- Þrá einlægni.** Ég þarf að leyfa Heilögum anda að hafa áhrif á hjarta mitt eigi eitthvað að breytast.
- Dýpri trú.** Þegar einlægni er til staðar getur trúin fest rætur í hjarta mínu. Trúin er skilyrði fyrir umbreytingu því án hennar treysti ég ekki Guði og fyrirheitum hans um að breyta mér.
- Traust á guðlegan mátt.** Þegar trú mín er nægilega sterk til að fórna (gefa eftir/sleppa) öllu sem ég á í hendur Guðs þá kemur hinn guðlegi máttur

Heilags anda inn í hjarta mitt og ég endurspeglu Guð æ betur.

4. **Samstarfað með Guði.** Þegar ég samstarfa með Guði í að deila orði hans, biðja fyrir öðrum, og sýna heiminum lyndiseinkunn hans þá mun ég gera það með Heilögum eldi Heilags anda sem er lífi mínu. Þegar guðlegur máttur verkar í starfi hans – eins og gerðist hjá lærisveinunum á hvítasunnudaginn (sjá Postulasöguna) – þá gerist margt stórkostlegt þegar persónuleg nærvera Guðs verður sýnileg og virk í mér.

Ein þrá—ferlið

að þrá að ganga inn í helgidóm Guðs og sjá dýrð hans þannig að ég endurspegli dýrð og ímynd Guðs



Mikilvægt er að sjá þetta ferli sem spirál upp í loftið. Ferðalag okkar er ekki bara að byrja á einlægni og enda í starfi Guðs. Heldur erum við sífellt í hringferli, sífellt að þroskast í ímynd Guðs—eilíflega.

við ferðina bætist bænin

Bænin er skilyrði við hvert skref þess ferlis til að verða lærisveinn. Reyndu því að semja bæn sem leiðir þig gegnum þessa 4 stöðir.

Kæri faðir, (löngun mín til að sýna Guði einlægni:) _____

(löngun mín í sterkari trú:) _____

(löngun mín til að treysta á guðlegan mátt:) _____

(Löngun mín til að starfa fyrir Guð í mætti hans:) _____

Í Jesú nafni, amen.

?

hvernig var mér ætlað að lifa?

Hvað hefur Heilagur andi opinberað þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

hjartavandamál

greining einkenna og stíflulosun

HVERNIG VAR
MÉR ÆTLAÐ AÐ
LIFA?

12

stíflur og einkenni þeirra

Við höfum skoðað stoðirnar 4—einlægni, trú, traust á guðlegan mátt og að starf fyrir Guð – sem saman sýna hvernig ímynd Guðs getur stöðuglega vaxið innra með okkur.

En hvað gerist þegar eitthvað strandar í ferlinu? Hvaða einkenni sýna mig afhuga Guði? Eða að ég lifi í vantrú? Eða gangi fyrir eigin afli? Og þegar ég sé vandamálið hvernig losa ég stíflurnar í stöðnuðu hjarta mínu?

Svona ættur stoðirnar 4 að líta út:



En svo geta andstæður þeirra orðið að stíflum. Þá birtast einkenni sem sýna skaddað hjarta. Hér eru nokkur dæmi:



1. Sjáðu þennan lista sjúkdómseinkenna. Merktu við þau sem eiga við þig.
2. Getur þú bætt einkennum við sem þú hefur séð hjá fólki? Skráðu þau á línurnar að ofan.

einkenni og ímynd Guðs

Íhugaðu þessi einkenni um stund. Sjáðu hvernig sum þeirra tengjast augljóslega synd en önnur hafa áhrif á okkur tilfinningalega, vitsmunalega og jafnvel líkamlega.


YFIRLIT

- *án sambands við Guð mun hjarta mitt eðlilega verða lokaðra, trúlausara og sjálfu sér nógt*
- *sérhver hjartastífla sést á ytri einkennum*
- *þar sem ég er í ímynd Guðs þá munu einkenni hjartavandamála snerta mig andlega, vitsmunalega, tilfinningalega og líkamlega*

Samt eru þau öll afleiðingar syndugs eðlis. Þar sem við erum mynduð í ímynd Guðs og hver þáttur er tengdur öðrum þá mun hugur, líkami og andi verða fyrir áhrifum af einkenna andlega vanheils hjarta.

stíflulosun

Þegar einkenni andlega vanheils hjarta koma fram þá er hægt að hefjast handa við stíflulosun. Hér fylgja nokkrar leiðbeiningar um að breyta lokuðu í opið, trúlausu í trúfast, sjálfbirgingshætti í guðlegan mátt og starfi mínu í starf Guðs. Í 2. hluta Ein þrá munum við skoða þetta nánar.



3. Hjörtu sem eru lokuð, trúlaus og sjálfum sér nóg getum við kallað að sé með óbreytanlegar stillingar, hjarta sem er ekki í sambandi við Guð. Bið nú Guð um að sýna þér það sem í lífi þínu—vitsmunalega, líkamlega eða andlega—gæti fengið hjarta þitt til að vera:

lokað: _____

trúlaust: _____

sjálfu sér nóg: _____

4. Merktu við erfiðustu stíflurnar í spurningunni hér að ofan. Svar þitt hjálpar þér að ákveða hvaða stöðum þú þarft að sinna mest í næsta hluta.

?

hvernig var mér ætlað að lifa?

Hvað hefur Heilagur andi opinberað þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?





HVERNIG VAR MÉR ÆTLAÐ AÐ LIFA?

NEÞRÁ

BYRJADU HÉR

B

að leggja UNDIRSTÖÐUR

1

að þrá EINLÆGNI

2

að dýpka TRÚ

3

að reiða sig á GUÐLEGAN MÁTT

4

að taka þátt í STARFI GUÐS

5



Eins hef ég beðið Drottin, það eitt þrái ég, að ég fái að dveljast í húsi Drottins alla ævidaga mína til þess að horfa á yndisleik Drottins og leita svara í musteri hans.

Sálmarnir 27.4

hagnýtar leiðbeiningar um göngu með Guði

G A V I N A N T H O N Y

hægt er að sækja fleiri eintök hjá www.adventistar.is/eintra

© 2021 Gavin Anthony

Síðast uppfært September 2021

Þýðing: Einar Valgeir Arason
Prófarkalestur: Þóra Lilja Sigurðardóttir

Það væri gaman að vita ef þessi bók hefur hjálpað þér og þá hvernig! Ef þú vilt hafa samband eða þig vantar fleiri eintök, þá vinsamlegast hafið samband hér:
gavin@reflectingJesus.org

efnisyfirlit

- 13 biblíunni lokið upp / 70
- 14 biblían heimfærð upp á líf mitt / 72
- 15 andleg dagbók / 74
- 16 lifað í nærveru Guðs / 76
- 17 lesið til að heyra Guð tala / 78
- 18 fyrirgefningin meðtekin / 80
- 19 að njóta orða Guðs / 82
- 20 um hvað á að biðja? / 84
- 21 að læra Biblíugreinar utan að / 86
- 22 að heyra rödd Guðs í hávaðanum / 88
- 23 opin fyrir þrenningunni / 90
- 24 hvers vegna tilbeiðsla? / 92
- 25 að þrá Guð sjálfan / 94
- 26 í miðju alheimsstríði / 96



Eins hef ég beðið Drottin, það eitt þrái ég, að ég fái að
dveljast í húsi Drottins alla ævidaga mína til þess að horfa á
yndisleik Drottins og leita svara í musteri hans.

biblíunni lokið upp

opnum okkur fyrir vegahandbók Guðs

að þrá
EINLÆGNI

13

YFIRLIT

hvað er Biblían?

Yfir 40 manns rituðu Biblíuna á 1.500 ára tímabili. Höfundarnir voru konungar, fjárhirðar, fiskimenn, læknar, bændur o.s.frv. Þeir rituðu í höllum, fangelsum og eyðimörkum – víðsvegar í Asíu, Evrópu og Afríku. Þeir fjölluðu um mannkynssögu, sögur, ljóð og spádóma – samtals 773.000 orð á grísku, hebresku og arameísku. Gamla testamentið er 39 bækur sem benda til komu Jesú, svo eru 27 bækur í Nýja testamentinu sem fjalla um komu Jesú. Saman mynda þessar bækur Heilagar ritningar. Undravert er hve samhljóma þessir mismunandi höfundar eru og bendir það til guðlegs uppruna Biblíunnar.

Biblían sjálf segist vera orð Guðs til okkar. Tilgangur Biblíunnar er að leiða okkur og móta líf okkar samkvæmt upphaflegri hönnun Guðs. **Án leiðsagnar Guðs gætum við ekki vitað hvað sé gott og siðferðilega rétt. Við mundum þá ekki þekkja tilgang tilveru okkar eða skilja hvað Guð er að gera.**

Þúsundir handrita sanna sögulegan áreiðanleika þess sem ritað var. Áskorun okkar snýst um hvort við séum reiðubúin að meðtaka vald þessara rituðu orða. Erum við viljug að hlusta á Guð í þessum orðum og bregðast svo við með hlýðni?

hvað gerist þegar Guð talar?

Orð skipta Guð miklu máli. Hann kaus að opinbera sig með orðum frekar en myndum. Þegar við lesum þessi orð heyrum við hann tala. Ýmislegt gerist þegar við heyrum það sem honum líggur á hjarta.

1. Hvað gerðist þegar Guð talaði í 1. Mósebók 1.3, 6, 9, 11, 14, 20, 24, 26?

2. Hvað gerðist þegar Jesús talaði í Markúsarguðspjalli 2.5-12?

3. Hvað gerðist þegar fólk Guðs talaði og ritaði orð Guðs handa öðrum til að lesa?

a. Esekíel: Esekíel 37.1-10 _____

b. Pétur: Postulasagan 2.40-41 _____

c. Páll: Rómverjabréfið 1.13-16 _____

□ **Biblían er opinberun Guðs á sér mér til handa – svo ég megi þekkja hann**

□ **líf mitt tekur breytingum við að lesa orð Guðs því Heilagur andi, sem léði orðunum innblástur, er einnig að verki í mér við lesturinn**

Það sem Biblían segir um sjálfa sig

4. Hvað segir postulinn Páll Tímóteusi um gagnsemi Ritninganna í 2. Tímóteusarbréfi 3.14-17?

5. Hvað lærum við af Pétri í 2. Pétursbréfi 1.20-21?

hagnýting

6. Er eitthvað sem þú þarft að glöggva þig á til að viðurkenna vald orða Guðs í lífi þínu?

7. Hvað þarft þú gera til að kynnast betur því sem Guð vill segja þér í Biblíunni?



að þrá einlægni

Hvað hefur Heilagur andi opinberað þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

kafað dýpra

1. Þú getur séð útdrátt um það sem Sjöunda-dags aðventistar trúá varðandi Biblíuna í Bryriaðu hér 5, Helstu trúarkenningar: heilagar ritningar.
2. Til að skoða málið betur skaltu lesa um þessa grunnkenningu í bókinni Seventh-day Adventists Believe.

biblían heimfærð upp á líf mitt

einlægni mín gagnvart Guði vex þegar ég spyr hvernig Biblían
höfðar til lífs míns

að þrá
EINLÆGNI

14

YFIRLIT

▫ **með notkun
spurninga við lestur
Biblíunnar leyfi ég
Heilögum anda að
benda mér á
mikilvæg atriði til að
gefa gaum að**

hvernig höfðar þetta til mín?

Við lestur Biblíunnar hef ég stundum hugsað með mér: „Hvernig kemur þetta mér við?“ eða „hvaða máli skiptir þetta?“ Ef ég læri ekki neitt sem hjálpar mér að verða þegn himinsins hef ég sóað tíma mínum.

8 spurningar handa Heilögum anda

Að heimfæra Biblíuna upp á líf okkar er mikilvægasti þáttur Biblíurannsóknar. Hér eru 8 spurningar handa Heilögum anda sem hjálpa okkur að tengja textann við líf okkar.

1. Er hér fordæmi fyrir mig að fylgja?
2. Er synd sem Guð vill að ég forðist eða iðrist?
3. Er skipun hér sem mér ber að hlýða?
4. Hvað kenna þessi vers mér um Guð?
5. Er eitthvert vandamál sem ég þarf að kanna?
6. Er fyrirheit sem ég þarf að gera tilkall til?
7. Er eitthvað í lesefninu sem ég ætti gera að bænarefni?
8. Hver þarf að heyra það sem ég hef lært?

lesefni til að byrja með

Mjög gott er að byrja á sögunum um Jesú í guðspjöllunum. Þú getur byrjað fremst í hverju guðspjalli og unnið þig svo áfram. Mundu með spurningarnar 8 í huga að þessar sögur eru ekki aðeins skráning heimilda heldur eru þær innblásnar til að styðja við andlegan vöxt þinn.

Svo geturðu lesið Postulasöguna svona, og rit Páls. Bréf hans til Efesus-, Filippí- og Kólossumanna eru tilvalin.

hvernig nota skal spurningarnar

1. **Með bæn skaltu velja grein til að lesa eða halda áfram þar sem frá var horfið.**
2. **Bið Heilagan anda að kenna þér svo sannleikur Biblíunnar móti líf þitt æ betur.** (Sannleikur þessi felur í sér meginreglur og lögmál guðsríkis, sem svo aftur spegla lyndiseinkunn Guðs).
3. **Lestu ritningargreinina yfir nokkrum sinnum þar til þú skilur efnið alveg.**
4. **Við lok lestursins skaltu spyrja spurninga sem hjálpa þér að heimfæra efnið upp á líf þitt.** Skráðu spurningar og svör þín í dagbók/vinnubók. Þú getur unnið spurningarnar 8 hverja fyrir sig.

5. **Mjög mikilvægt er að biðja við lok lestursins.** Bið um að Heilagur andi minni þig á það sem þú hefur lært, og að líf þitt spegli æ betur áherslur og vilja Jesú.

æfðu þetta

Gefðu þér núna tíma til að æfa spurningarnar 8. Notaðu vinnubók þína í komandi viku til að æfa þig á því sem þú hefur lært. Þetta verður auðveldara eftir því sem þú æfir þetta betur. Kannski er þér gagnlegt að æfa þetta með vini eða í litlum hóp.



að þrá einlægni

Hvað hefur Heilagur andi opinberað þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

að nota andlega dagbók

einlægni gagnvart Guði vex við að ígrunda andlega vegferð mína

að þrá
EINLÆGNI

15

gagnsemi íhugunar

John Dewey skrifaði: „Við lærum ekki af reynslunni ... við lærum af að íhuga reynsluna.“ Þetta á við um líf okkar með Guði. Við munum vaxa andlega við að íhuga orð Guðs, starf hans í umhverfi okkar og okkar eigin spurningar og strit.

Íhugun gagnast okkur á tvo vegu. Í fyrsta lagi er mikilvægt fyrir okkur að verða meðvituð um starf Guðs í lífi okkar. Stundum sjáum við greinilega Guð að verki. Stundum er erfitt að sjá slíkt. Þá freistumst við kannski til að álíta að hann sé ekki með okkur eða honum sé sama um okkur. En það er ekki rétt.

Vissirðu að í Esterarbók kemur orðið „Guð“ aldrei fyrir? Þó Guð virðist ósýnilegur þá var hann önnur kafinn við að koma áformum sínum varðandi Ester og fólk hennar í framkvæmd. Oft getur það verið hjá okkur eins og Ester þar sem Guð kaus ekki að sýna sig á augljósan hátt. Því er gagnlegt að verja tíma í ró og næði til að hugsa um hvernig Guð gæti verið að sinna þér núna. Þetta sannfærir þig um að Guð verði með þér í framtíðinni þótt þú sjáir hann ekki.

Guð getur verið að sinna þér á margan hátt t.d.:

1. Í persónulegri Biblíurannsókn og bæn
2. Þegar þú sækir kirkju eða aðrar trúarlegar samkomur
3. Í samræðum við fólk
4. Við bókalestur eða tónlist
5. Í því sem gerðist í vinnunni eða skólanum
6. Í ýmsu óverulegu sem virtist ekki skipta máli þá

Í öðru lagi, þá er gagnlegt að íhuga líf okkar til að verða meðvituð um hvernig við þroskumst sem kristnar persónur. Sókrates sagði að „órannsakad líf sé einskis virði“. Þetta gæti þýtt m.a. að við þurfum fyrst að sjá hvernig við erum hið innra til þess að geta tekið framförum og breyst. Guð hefur gefið okkur Heilagan anda til vera sem spegill sálarinnar – til að sjá hvernig við erum í raun og veru. Þegar við stöldrum við, hugsum, erum hljóð fyrir Guði þá gefst Heilögum anda færi á að tala til okkar um málefni lífs okkar og þau áform sem Guð hefur til að opinbera enn betur lyndiseinkunn sína fyrir okkur.

hvað er andleg dagbók?

Andleg dagbók er eins og dagbók þar sem þú ígrundar líf þitt með Guði og gerir það á áþreifanlegan og effirminnilegan hátt. Þú byrjar þetta með því að finna þér stað til að skrá hugsanir og vangaveltur.

Þetta kallast oft andleg dagbók vegna þess að við erum að tjá okkur um líf okkar með Guði. En svo er þetta kannski ekki góð lýsing á þessu því lífið allt snýst um Guð. Við getum ekki aðskilið líf okkar með Guði frá öllu hinu sem við gerum. Þannig að

YFIRLIT

- **andleg dagbók hjálpar mér að muna það sem Guð er að gera og hefur gert í lífi mínu**
- **slík vinnubók er góður staður til að tjá fyrir Guði efasemdir og baráttumál**
- **vinnubók hjálpar mér að gera andlegt líf mitt áþreifanlegt og sérstakt**

þegar við höldum dagbók þá erum við að skrifa um lífið og hvernig Guð er með okkur.

Þú getur notað dagbókina til að íhuga:

1. Mikilvægar uppgötvanir úr Biblíurannsókn þinni, bæn, kirkjusókn eða aðrar kristilegar samkomur.
2. Uppgötvanir sem tengjast sársauka og erfiðleikum.
3. Fyrirbænin og svör Guðs.
4. Spurningar varðandi erfiðleika sem hrjá þig.
5. Persónulegar hugsanir og tilfinningar varðandi vegferð þína með Guði.
6. Gagnlegar tilvitnanir eða Biblíuvers sem þú vilt muna.
7. Spurningar sem þú vilt spyrja um þig, Guð og lífið.
8. Árangur og þakkir til Guðs.
9. Sérstakt atriði sem tengist þessari ferð þinni. T.d. hvernig Guð tali til mín.

Mikilvægt er að þessi vinna verði þér ánægjuleg og gagnleg. Sé þetta þér of erfitt muntu líklega gefast fljótt upp. Sumir eiga ekki auðvelt með að tjá hugmyndir sína á blað. Kannski ertu frekar fyrir að hugsa en að skrifa. Þó það eigi við um þig núna þá skaltu reyna um stund. Ef þú lærir að njóta þess að skrifa þá verður það ómetanleg hjálp þegar þú síðar getur skoðað það sem þú skráðir um Guð að verki í lífi þínu.

gagnsemi

Margvíslegt gagn er af að halda svona dagbók:

1. Hvatning þegar þú síðar sérð það sem Guð hefur kennt þér.
2. Traust á Guði við að sjá leiðsögn hans.
3. Þú munt eignast sívaxandi sjóð uppgötvana, versa og tilvitnana sem gleymast ekki.
4. Bókin er öruggur staður til að kanna eigin tilfinningar og hugsanir sem eru of persónulegar til að deila með öðrum.

hvar og hvenær?

Sumir skrifa sitt við lok dags. Aðrir skrá nýjar hugmyndir jafnóðum. Aðrir gera þetta reglulega við Biblíulestur og bænagjörð. Finndu þér hentugan tíma. Svona skriftir eru mjög persónulegar – kannski sér þetta enginn annar. Finndu þér því hljóðlátan stað þar sem þú getur í kyrrð og næði heyrt Heilagan anda meðan þú lest, hugsar, biður og skrifar.



að þrá einlægni

Hvað hefur Heilagur andi opinberað þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

lifað í nærveru Guðs

lærum að vera einlæg og opin fyrir Guði sem er hjá okkur

að rembast við að muna

Ég á til að gleyma því að Guð er með mér. Ég fer á fullt og hugsanir mínar um Guð gufa upp. Eða ég lendi í erfiðleikum og sé ekki merki um nærveru Guðs. Með tímanum finn ég mig óvænt fjarlægjast Guð.

Því tel ég að Jesú hafi fengið alveg sérstakt nafn. Engillinn sagði við Jósef: „Sjá, yngismær mun þunguð verða og fæða son og lætur hann heita Immanúel,“ það þýðir: Guð með oss“ (Matt 1.23). „Guð með oss“ – Guð vill ekki að þú gleymir því að hann muni aldrei yfirgefa þig. Og Jesús minnti lærisveina sína á er hann hélt til himna: „Sjá, ég er með yður alla daga allt til enda veraldar“ (Matt 28.20). Þetta fyrirheit um stöðuga nærveru hans gildir líka um þig.

Ég tel að tilhneiging okkar til að gleyma nærveru Guðs sé ástæðan fyrir því að Guð sagði við sálmaskáldið: „Hættið og játið að ég er Guð“ (Sálm 46.11). **Því betur sem okkur tekst að vera vitmunalega opin fyrir Guði yfir daginn, því auðveldar verður að mynda óslífið samband við hann.** Svo mun þetta veita okkur endalaus uppsprettu guðlegrar visku, hvatningar og máttar.

æfum nærveru Guðs

Orðasambandið „að æfa nærveru Guðs“ er úr bók eftir Bróður Lawrence. Hann var uppi á 17. öld og hafði lesið fjölda bóka um hvernig við getum haft samband við Guð en honum fannst þær vera ruglingslegar. Þar sem hann þráði að lifa algerlega fyrir Guð ákvað hann að lifa eins og hann og Guð væru einir í þessum heimi. Í bréfi lýsir hann hvernig

hvert andartak, hverja klukkustund, hverja mínútu, jafnvel á kafi í verkefnum, þá ýtti ég úr huga mér hverju því sem gæti truflað hugsun mína um Guð (The Practice of the Presence of God, 32).

Hann reyndi að gera þetta að lífsvenju sinni. Þetta hjálpaði honum að muna meðvitað og sífellt að hann væri alltaf í nærveru Guðs.

Bróðir Lawrence vildi ekki reyna að forðast fólk né lifa eðlilegu lífi. Frekar **var það tilgangur hans að gera nærveru Guðs svo raunverulega og sterka í huga hans að hugsanagangur og líf Guðs mundi stjórna samskiptum hans við fólk.**

Við bænagjörðir hugsaði bróðir Lawrence oft um sjálfan sig á mismunandi hátt.

Stundum ímyndaði ég mig frammi fyrir Guði sem væri ég fátækur glæpamaður við fætur dómars; öðrum stundum leit ég á hann í hjarta mér sem föður, sem Guð minn. . . . Stundum sá ég mig sem stein í höndum steinhöggvara sem ætlaði að höggva til stytta; þannig gefst ég Guði og þrái

- **að sýna einlægni og skynja sífellt nærveru Guðs hjálpar mér að dрукkna ekki í önnum eða truflast af atriðum sem eru ekki nauðsynleg Guði eða ríki hans**

YFIRLIT

að hann í sál minni móti mig samkvæmt fyrirmynd sinni og geri mig líkan sér“ (sama 31-37).

Ellen White lýsir því hvernig bæði Enok og Móses æfðu nærveru Guðs:

Og hvernig gekk Enok með Guði? Hann kenndi huga sínum og hjarta að finnast hann sífellt vera í nærveru Guðs og þegar hann var í vanda stigu bætur hans upp til Guðs til að vernda hann. Hann neitaði að gera nokkuð sem mundi misbjóða Guði. Hann hélt Guði ætíð fyrir hugskotssjónum. Hann bað: „Kenndu mér vegu þína svo ég syndgi ekki. Hvers væntir þú af mér? Hvað skal ég gera til að heiðra þig, Guð minn?“ (Ellen White, *Christ Triumphant*, 43).

Vinum fyrir meistarann af ósérplægni og höfum Guð sífellt fyrir hugskotssjónum. Hugsaðu til Móse, til þreksins og þolgæðisins sem einkenndi líf hans. Í Hebreabréfinu segir Páll að hann „var öruggur eins og hann sæi hinn ósýnilega.“ . . . Móse fann sterklega fyrir persónulegri návist Guðs . . . Guð var honum raunverulegur, ætíð í huga hans (Ellen White, *5 Testimonies*, 651).

Þráir þú að finna sterklega fyrir nærveru Guðs? Hvernig sem fortíð þín er þá mun Guð kenna þér að lifa í návist sinni í dag. Við getum notið stöðugs friðar og gleði vitandi að við erum ekki ein, heldur að með okkur sé sá sem ætíð elskar okkur svo mjög og mun uppfylla allar þarfir okkar.

æfðu þetta

Lestu Hebreabréfið 11.27 sem er um staðfestu Móse sem byggðist á trú hans á sífældri nærveru Guðs. Íhugaðu um stund hvernig þú getur gert þetta. Reyndu að æfa nærveru Guðs í 10 mínútur. Skráðu svo hvernig æfingin hefur áhrif á hugsanir, val og gjörðir. Kannski viltu íhuga gildin sem þú lifir eftir. Helsta ástæða fyrir þrá Davíðs til að vera í nærveru Guðs var að „horfa á yndisleik Drottins“ (Sálm 27.4). Hvernig áhrif hefur það á gildismat þitt þegar þú horfir á yndisleik Drottins? Skráðu nokkur gildi þín sem mótast af „yndisleik Drottins“.

Reyndu að einbeita þér að nærveru Guðs hvern dag í komandi viku. Lýstu því í dagbókinni hvernig það að æfa nærveru Guðs breytir því hvernig þú talar við fólk. Breytir það hvernig þú verð tíma þínum eða hvað þú hugsar um? Hefur það áhrif á hvernig þú upplifir Guð? Er þetta erfitt? Af hverju? Þetta er kannski ekki auðvelt í byrjun en með æfingunni verður þetta auðveldar og meira gefandi!

E

að þrá einlægni

Hvað hefur Heilagur andi opinberað þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

lesið til að heyra Guð tala

við erum opin fyrir Guði þegar við hlustum á Anda hans í orði hans

að þrá
EINLÆGNI

17

YFIRLIT

Þetta snýst um persónu

Viskan fæst ekki með því að þekkja hluti, heldur persónu—Jesú. Þetta þráði Páll fyrir hönd Kólossumanna, að þeir gætu „gjörþekkt leyndardóm Guðs sem er Kristur. En í honum eru allir fjársjóðir spekinnar og þekkingarinnar fólgnir“ (Kól 2.2b-3).

Því er það að þegar við bjóðum Heilögum anda að leiða okkur og gefa okkur visku í rannsókn á Biblíunni þá mun hann kenna okkur um Jesú og hvað honum liggur á hjarta varðandi okkur. Þegar við útfærum það sem við lærum og vöxum að visku verðum við sem sá sem er viskan—Jesús Kristur.

fyrirheit handa okkur

Evelyn Christenson nefnir í bók sinni *Lord Change Me* gagnlega aðferð við Biblíulestur. Fyrst hvetur hún okkur með fyrirheitinu í Jakob 1.5. Lestu versið og skráðu fyrirheitið.

Alveg einstakt fyrirheit! Sama hver þú ert eða hver fortíð þín er þá lofar Guð að gefa þér visku. Þú þarft aðeins að biðja um hana. Hverju lofa Jesús þér í Matteusi 7.7-8?

Þegar þú hefur rannsókn þína á Biblíunni þá skaltu vita að Guð þráir að fylla þig visku—visku um sig.

svona hlustum við við lestur Biblíunnar

Þessi aðferð Biblíurannsóknar snýst um að hlusta á Guð meðan við lesum orð hans til okkar. Svona virkar þetta:

1. **Með bæn skaltu ákveða hvað þú ætlar að lesa.** Gott er að byrja á einu guðspjallanna.
2. **Gerðu tilkall til fyrirheitisins í Jakob 1.5 og bið Guð að veita þér visku við lesturinn.**
3. **Byrjaðu á að lesa textann hægt og með einbeiti.** Þegar Guð bendir þér á eitthvað skaltu stoppa. Ekki halda áfram. Christenson segir að Guð geti stöðvað þig á mismunandi vegu, svo sem með:
 - Þrumu úr heiðskíru lofti – „Já, einmitt!“
 - Hljóðlegri áminningu – „Hefurðu hugsað út í . . .?“
 - Hvatningu – „Þetta hjálpar við . . .“

□ **Guð talar enn við okkur í dag – aðallega gegnum orð sín**

□ **Heilagur andi er sá sem opinberar mér visku**

□ **Guð heitir visku hverri mannveru sem biður hann í trú**

- Hvísli – „Hvað með . . .?“

4. Þakkaðu Guði fyrir það sem þú lærdir.
5. Næst skaltu halda áfram að lesa þar sem frá var horfið.

æfðu þetta

Þetta sagði Jesús um hvernig hann talar og fólk hans hlustar:

. . . sauðirnir heyra raust hans og hann kallar á sína sauði með nafni og leiðir þá út. Þegar hann hefur látið út alla sauði sína fer hann á undan þeim og þeir fylgja honum af því að þeir þekkja raust hans. En ókunnugum fylgja þeir ekki heldur flýja frá honum því þeir þekkja ekki raust ókunnugra (Jóh 10.3-5).

Í komandi viku skaltu æfa að hlusta á rödd Jesú gegnum Biblíuna þína og lesa hana samkvæmt þessum leiðbeiningum. Skráðu í dagbókina þína það sem Guð kennir þér. Með því að skrá dagsetningu við færslurnar geturðu séð hvernig Guð hefur kennt þér á síðustu vikum og mánuðum.



að þrá einlægni

Hvað hefur Heilagur andi opinberað þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

fyrirgefningin með tekin

fyrirgefningin eyðir syndinni sem lokar fyrir samband mitt við Guð

að þrá
EINLÆGNI

18

YFIRLIT

- *syndin setur hindrun milli mín og Guðs, því er viðurkenning á synd mikilvægt skref í að laga samband mitt við hann*
- *ég get öðlast fyrirgefningu Guðs einungis fyrir þá sögulegu staðreynd að Jesús dó fyrir mig*

syndin fjarlægð

Þjónustan í tjaldbúðinni og musterinu á tímum Gamla testamentisins var til að kenna Ísraelsmönnum hvernig synd væri fjarlægð svo þeir gætu notið lífsins eins og Guð ætlaði þeim—gleðifylltu lífi í nánú sambandi við hann. **Fjarlægja varð synd þeirra svo að þeir gætu endurspeglad lýndiseinkunn hans.**

Þessar athafnir áttu að sýna hvað Messías mundi gera þegar hann gæfi líf sitt sem fórn fyrir syndir þeirra. Við getum lært mikið um fyrirgefningarferlið sem Guð setti í athafnirnar.

5 skrefa fyrirgefningarferli

Hugsaðu þér að þú sért Ísraelsmaður sem hafi stolið peningi úr tjaldi nágrannans. Hvað þurfti að gerast til að Guð fyrirgæfi þér? Þú þyrftir að:

1. **Játa synd þína.** Fyrst og fremst þarftu að skilja að þú hefur óhlýðnast Guði. Slík viðurkenning á yfirsjón fær þig til að gera eitthvað í málunum.
2. **Treysta á fyrirgefningu Guðs.** Ákveðir þú ekki að treysta komandi Messíasi þá muntu aldrei laga samband þitt við Guð. En til að bregðast við þarftu að trúa því að Guð hafi mátt og áhuga á að hjálpa þér. Sem Ísraelsmaður mundir þú með þessari ákvörðun þinni að treysta Guði velja þér lýtalaust naut fyrir fórn og fara með það til tjaldbúðarinnar. (Mismunandi dýr voru notuð fyrir mismunandi fórnir).
3. **Færa fram fórn þína.** Þú segir Guði að þú iðrist. Til að kenna þér að syndin drepur þarftu að leggjast af öllum þunga á nautið. Svo skerðu dýrið á háls. Þú finnur líf þess fjara út og veist að þú orsakaðir dauð þess.
4. **Treysta Jesú til að fjarlægja synd þína.** Með játningu þinni yfirfærðir þú syndina á nautið. Presturinn, sem táknar Jesú, tekur blóð nautsins (með synd þína táknrænt í blóðinu) og dreifir því inni í helgidóminum framan við tjaldið sem skilur að hið heilaga frá hinu allra helgasta. Nú hefur synd þín flust frá þér á nautið og svo inn í hið heilaga. Táknrænt séð verður syndin í tjaldbúðinni til loka ársins þegar henni er eytt að eilífu á friðþægingardaginn.
5. **Þakkaða Guði.** Syndin sem var nógu mikil til að gera út af við þig hefur verið fjarlægð með fórn þinni. Það er sannarlega hægt að þakka Guði fyrir! Svo voru aðrar tegundir fórna sem tengdust þakkargjörð.

Þú getur lesið um fyrirgefningu synda á tímum Gamla testamentisins í 3. Mósebók 4. kafla.

en hvað ef ég syndga í dag?

Ísraelsmenn horfðu í trú fram til komu Messíasar en við horfum í trú aftur til dauða

Jesú. Hvort sem lítið er fram eða aftur þá er ferlið sem bjargar mannverunni frá refsingu syndarinnar hið sama. Þú getur fylgt sama ferlinu til að leyfa Biblíunni að móta jáátningu fyrir Guði og laga samband þitt við hann.

Flettu upp tilvitnunum meðan þú ferð aftur yfir skrefin fimm:

1. Játa syndina sem gerist þegar Heilagur andi vinnur innra með þér (Jóh 16.7-11).
2. Ákveða að treysta á fyrirgefningu Guðs (1Jóh 1.9).
3. Gefast Guði og leggja synd þína fyrir hann (Róm 6.13).
4. Setja traust þitt á Jesú sem fjarlægir synd þína (Róm 3.22-24).
5. Þakka Jesú fyrir það sem hann hefur gert fyrir þig (Sálm 13.5-6).

Sjáðu hvernig þessi skref geta mótað iðrunarbæni þínar. Hér er dæm:

Kæri faðir,

(1. skref) Ég sé að það var rangt að ljúga um hvað ég var að gera í gærkvöldi. (2. skref) Ég veit að þú lofar að fyrirgefa synd mína og umbreyta lífi mínu. (3. skref) Mér þykir leitt að hafa gert þetta. (4. skref) Ég trúi að Jesús hafi dáið fyrir mig svo að syndir mínar yrðu fyrirgefnar og ég geti upplifað algera hreinsun innra með mér. (5. skref) Þökk sé þér fyrir það sem þú hefur gert fyrir mig.

Í Jesú nafni,
Amen.

æfðu þetta

Æfðu nú þessa tegund bænar. Skráðu í dagbókina fyrirgefningarbæni þínar og þakkir fyrir það sem Guð hefur heitið að gera fyrir þig. Kannski viltu skrá syndahreinsun Guðs í lífi þínu eins og Davíð sem skráði iðrunarbæn sína í 51. Davíðssálmum svo aðrir gætu lesið. En svo getur verið að þú viljir ekki skrá neitt þar sem efnið er svo persónulegt og er bara milli þín og Guðs. Reyndu að æfa þessa tegund bænar dag hvern í komandi viku.

E

að þrá einlægni

Hvað hefur Heilagur andi opinberað þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

að njóta orða Guðs

einlægni krefst stundum næmrar hlustunar

að þrá
EINLÆGNI

19

YFIRLIT

að njóta orða Guðs

Við getum rannsakað Biblíuna og spurt spurninga um textann eins og maður sem grefur eftir fjársjóði. Með tímanum, erfiðinu og hakanum finnst fjársjóðurinn. En svo er önnur aðferð til að heyra og skilja orð Guðs og líkist hún frekar því að smakka á gæðasúkkulaði. Þú gleypir það ekki í einum grænum heldur reynir þú að halda því sem lengst í munnum svo þú getir notið bragðsins og tiffinngarinnar. Sálmaskáldið segir: „Hve sæt eru fyrirheit þín gómi mínum, hunangi betri munni mínum“ (Sálm 119.103). Við getum lært að njóta orða Guðs með því að læra að íhuga Ritningarnar.

Þegar Jósúa tekur við af Móse og leiðir Guðs lýð inn í fyrirheitna landið birtist Jesús Jósúa og segir: „Þessi lögbók skal ekki víkja úr munni þínum. Þú skalt hugleiða efni hennar dag og nótt svo að þú getir gætt þess að fylgja nákvæmlega því sem þar er skráð, til þess að ná settu marki og þér farnist vel“ (Jós 1.8). Taktu eftir tvennu í textanum. Í fyrsta lagi áttu orð Guðs að vera stöðuglega í huga Jósúa. Í öðru lagi mundu orð Guðs í huga Jósúa leiða til hlýðni. Þannig yrði Jósúa jafn gæfusamur og Guð hafði áformað.

Svona íhugun er allt annars eðlis en sú sem finnst í austrænum trúarbrögðum. T.d. er íhugun í búddisma leið til að tæma hugann. Biblíuleg íhugun er andstæða þess. Í biblíulegri íhugun lærum við að fylla hugann með orðum Guðs. Þetta lærum við með því að hlusta á orðin sem Guð mælir við okkur.

hlustað á orð Guðs

Hér er sýnd ein leið til að hlusta á orð Guðs með biblíulegri íhugun á ákveðinni grein. Biddu um leiðsögn og kennslu Heilags anda áður en þú hefur lesturinn. Þegar þú hefur valið þér texta:

- 1. Lestu til að kynna þér textann.** Kannski viltu lesa upphátt. Jafnvel tvisvar sinnum þangað til þú hefur kynnst textanum. (Gott er að lesa ekki of mörg vers í einu). Ekki hafa áhyggjur þó þú skiljir ekki eitthvað. Eftir því sem þú sekkur þér í orð Guðs mun hann veita þér skilning.
- 2. Lestu til að skilja.** Lestu greinina aftur til að sjá hugmyndina eða orðasamband sem þú tókst eftir við fyrri lestur. Nú skaltu „hlusta“ á þýðinguna. Ekki flýta þér. Reyndu ekki að kreista textann, gefðu frekar Heilögum anda tíma til að sýna þér hvað hann þýðir fyrir þig. Hérna þarftu að fara rólega, hlusta og horfa.
- 3. Lestu til að bregðast við.** Lestu greinina í þriðja sinn. Miðað við það sem þú sást og heyrðir skaltu bregðast við með bæn til Guðs. Það gæti verið bæn lofgjörðar, þakklætis, eða einhvers annars.
- 4. Lestu til að íhuga.** Lestu greinina í síðasta skipti. Hinkraðu við í þögn og í nærveru Guðs. Þetta hægir á okkur og við rjúkum ekki í næsta verkefni og glötum þannig því sem Guð var að kenna okkur. Guð bendir þér kannski líka á

- *stundum er mikilvægt að hlusta með næmleika á textann frekar en að hamast*
- *biblíuleg íhugun er að fylla hugann með orðum Guðs – ekki að tæma hugann*

eitthvað nýtt sem þú hafðir ekki séð áður.

Með æfingu þarftu ekki að fylgja þessari röð í íhugun þinni. Þú getur gert þetta aftur á bak eða áfram eða í hvaða röð sem er—lestur, hlustun, viðbrögð og íhugun. Sé þetta gert í hópi þá getur fólk deilt með félagi eða hópnum í heild efnis eða fjórða hluta.



Ath: Svona biblíulega íhugun er hægt að framkvæma með einum lesara þar sem fólk getur ekki lesið Biblíuna sjálf.

æfðu þetta

Reyndu að æfa svona biblíulega íhugun núna. Þú getur notað dagbókina hvenær sem er til að punkta niður hugsanir eða bænir. Sértu í vandræðum með hvar þú eigir að hefja lesturinn prófaður þá t.d. (1) Markús 10:46-52. (2) Jesaja 53. (3) Sálmarir 103:2-6. (4) Sálmarir 51.1-12. Reyndu að æfa þetta dag hvern í næstu viku.



að þrá einlægni

Hvað hefur Heilagur andi opinberað þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

Um hvað á að biðja?

ég verð opnari og einlægari gagnvart Guði þegar ég læri að biðja

að þrá
EINLÆGNI

20

tvær tegundir bæna

Því meiri tíma sem ég ver í nærveru Guðs því dýpra verður samband mitt við hann. Mikilvægur þáttur í að verja tíma með Guði er að tala við hann um það sem hann vill okkur. Biblían lofar:

Ef þið trúið munuð þið öðlast allt sem þið biðjið (Matt 21.22).

Og þetta er traustið sem við berum til hans: Ef við biðjum um eitthvað eftir hans vilja, þá heyrir hann okkur. Og ef við vitum að hann bænheyrir okkur um hvað sem við biðjum, þá vitum við að við höfum þegar öðlast það sem við báðum hann um (1Jóh 5.14-15).

Við getum beðið um margt en hægt er að flokka það í tvo hópa.

Fyrri hópurinn er bænir tengdar veraldlegum beiðnum. Margar beiðnir okkar snúast um að allt gangi vel í skóla eða vinnu, að fá sólardag eða batna af einhverjum veikindum.

Seinni hópur bæna tengist andlegum bænarefnum. Andleg bænarefni tengjast beint starfi Heilags anda í okkur. T.d. að treysta betur fyrirheitum Guðs um að leiða mig (Orðsk 3.5-6), að verða þolinmóðari (Kól 3.12), að sýna elsku þeim sem erfitt er að elska (Jóh 13.34-35), að slúðra ekki um aðra (2Kor 12.20).

Vissir þú að Guð svarar alltaf síkum bænum með „já“? Hann mun aldrei segja „nei“ því slíkar bænir snúast um að endurspegla hann. Páll skrifar:

Við vitum að þeim sem Guð elska samverkar allt til góðs, þeim sem hann hefur kallað samkvæmt ákvörðun sinni. Þau sem hann þekkti fyrir fram hefur hann og fyrirhugað til þess að mótast eftir mynd sonar síns svo að hann sé frumburður meðal margra systkina (Róm 8.28, 29).

Ekkert skiptir Guð meira máli en að við endurspeglum líf og lyndiseinkunn Jesú. Svo hvað sem Guð veitir okkur, eða veitir okkur ekki, þá er það alltaf vegna sömu ástæðu – að við getum betur endurspeglað lyndiseinkunn hans, og þá sjá allir að Guð lifir – og lifir í okkur.

Jesús ráðlagði lærisveinum sínum að forgangsraða eilífðarmálunum.

Safnið yður ekki fjársjóðum á jörðu þar sem mölur og ryð eyðir og þjófar brjótast inn og stela. Safnið yður heldur fjársjóðum á himni þar sem hvorki eyðir mölur né ryð og þjófar brjótast ekki inn og stela“ (Matt 6.19-20).

Við getum líka heimfært þetta upp á bænarlíf okkar.

YFIRLIT

- **reglulegt bænarlíf heldur huga og hjarta opnu fyrir Guði**
- **þó svo Guði sé annst um líkamlega velferð mína þá er andleg velferð mín og annarra mikilvægust**
- **flokkun á bænum mínum getur aukið jafnvægi og skerpu**

fjórar aðferðir við að biðja

Ein leið til að skipuleggja bænir okkar er að nota fjóra flokka: lof, þakkir, beiðnir varðandi mig, beiðnir varðandi aðra. Með þessum flokka í huga getum við haft jafnvægi á bænunum og varast að vera sjálfhverf.

Punktaðu hjá þér hvað þessir Biblíuhöfundar báðu um sem tengjast aðferðunum fjórum:

1. Lof—Nebúkadnesar (Dan 4.34-35).

2. Þakkir—Sálmaskáldið (Sálm 118.1-9).

3. Bænir fyrir sjálfum sér—Davíð (Sálm 27.4).

4. Bænir fyrir öðrum—Páll (Ef 3.14-21).

æfðu þetta

Prófaðu að verja stund til að biðja og nota aðferðirnar fjórar. Skráðu bænaefni þín í töfluna hér að neðan eða í dagbókina þína. Svo skaltu verja smá stund dag hvern þessa viku og æfa þessa aðferð til að móta bænir þínar.

Dagsetning	Lof fyrir það hver Guð er	Þakkir fyrir það sem Guð hefur gert	Bænir fyrir okkur sjálfum	Bænir fyrir öðrum

E

að þrá einlægni

Hvað hefur Heilagur andi opinberað þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

að læra Biblíugreinar utan að

ég verð opnari og einlægari gagnvart Guði þegar ég fylli hugann af orðum hans

að þrá
EINLÆGNI

21

YFIRLIT

- **að læra utanbókar er auðveldar þegar við biðjum með orðum Guðs**
- **utanbókarlærdómur hjálpar okkur að 1) þekkja Guð, 2) líkja effir Kristi, 3) tilbiðja Guð, 4) vinna verk Guðs**

Ég hef mikla trú á að læra Biblíuvers utanbókar. Ég hef gert það frá barnsaldri en svo er þetta ekki jafn auðvelt á fullorðinsárum. Þetta er mjög spennandi fyrstu dagana en svo fer amstur hversdagsins að setja strik í reikninginn.

Joshua Choonmin Kang setur fram góð rök fyrir að læra hluta Biblíunnar utanbókar í bók sinni Scripture by Heart. Grunnáhersla hans er að „**til þess að læra Biblíugreinar utan að verðum við fyrst að biðja Biblíuna.**“ Þessi sýn breytir því hvernig við lítum á utanbókarlærdóm á Biblíunni. Þetta snýst ekki aðeins um að geta sagt vers utan að heldur að Biblían verði undirstaða og leiðsögn í samskiptum við Guð. Þegar Biblían verður hluti af bænarlífi mínu þá verður auðveldara að læra utan að því þá er kominn hvati til að safna orðum Guðs upp í hjarta mér.

Kang setur fram fjórar ástæður fyrir að læra greinar úr Biblíunni utan að: 1) að þekkja Guð, 2) að líkja effir Kristi, 3) að tilbiðja Guð, 4) að vinna verk Guðs.

fjórar ástæður fyrir utanbókarlærdómi

að þekkja Guð

Við getum ekki átt í sambandi við Guð án þess að þekkja hann. Því hefur Guð gefið okkur Biblíuna. Þegar Biblían fyllir huga okkar vöxum við í þekkingunni á Guði.

1. Lestu Jesaja 11.9. Hvað segir Guð Jesaja um hversu langt þekkingin á Guði muni ná?

Þekking á Guði breiðist út efir að hafa fyrst verið safnað í huga okkar og svo deilt með öðrum.

að líkja effir Kristi

Þú kannt að hafa séð að ferli þess að verða lærisveinn Jesú er ævilangt ferli og nær inn í eilífðina. Páll segir að Guð hafi ætlað þér „að mótast effir mynd sonar síns“ (Róm 8.29). Hvernig mótastu þá effir mynd Jesú?

2. Lestu Jóhannes 1.1. Hvernig lýsir Jóhannes Jesú?

Þetta vers minnir okkur á þegar Guð skapaði með orði sínu (1Mós 1). Jóhannes vill sýna okkur að sami Jesú sem skapaði heiminn (Kól 1.15) með orði sínu muni tala aftur—og með orðum sínum endurskapa líf okkar í sinni mynd.

3. Lestu 2. Tímóteusarbréf 3.16. Hverju getur orð Guðs áorkað í lífi þínu?

að tilbiðja Guð

4. Lestu Jesaja 43.21. Hvað mun útvalinn lýður Guðs gera?

Guð segir okkur að hann hafi skapað mannkynið fyrir tilbeiðslu. Sem þýðir að lífi okkar er ætlað að snúast um tilbeiðslu á Guði. Löngu eftir að Guð talaði fyrir munn Jesaja sagði Jesús konunni við brunninn að sannir tilbiðjendur mundu tilbiðja í „anda og sannleika“ (Jóh 4.23). Tilbeiðslan er tvíþætt – hún er innblásin af Heilögum anda og mótuð af orði Guðs – sannleika Guðs. Þannig er tilbeiðsla það að leyfa orðum Guðs að móta hugi okkar. Besta leiðin til þess er að fylla huga okkar með orðum Guðs.

að vinna verk Guðs

Hér á jörðu var Jesús alltaf að vitna í ritningarnar, sem við í dag köllum Gamla testamentið. Í guðspjöllunum vitnar Jesús utan að í 24 bækur Gamla testamentisins!

5. Lestu 2. Tímóteusarbréf 3.17. Hvað segir Páll að Biblían geri í lífi þínu?

nú byrjum við

Kang nefnir fjölda hjálplegra aðferða við að læra Ritningargreinar utan að, t.d.:

1. Byrjaðu bara, en byrjaðu smátt og bættu svo við þig með tímanum.
2. Vertu viss um að skilja það sem þú ert að leggja á minnið.
3. Settu þér markmið og tímamörk til að vera markviss.
4. Skrifðu Biblíuvers á minnskort sem þú getur tekið með þér. En dreifðu þeim líka um íbúðina eða hafðu nokkur í bílum eða á skrifstofunni þar sem þú rekst reglulega á þau.
5. Kíktu svo á gömul kort og rifjaðu upp eldri vers.
6. Gerðu þetta að vana, t.d. með að velja ákveðinn tíma dags.
7. Finndu þér þægilegt umhverfi þar sem svona vinna verður ánægjuleg.
8. Heimfærðu upp á líf þitt það sem þú lærir.
9. Mundu að það að læra vers utan að er að mynda samband við Guð.

E

að þrá einlægni

Hvað hefur Heilagur andi opinberað þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

að heyra rödd Guðs í hávaðanum

að þrá
EINLÆGNI

22

ég verð opnari og einlægari gagnvart Guði við að minnka hávaðann kringum mig

YFIRLIT

- **Guð talar oft með hljóðláttri rödd**
- **oft er erfitt að heyra í Guði í hávaða**

hvers vegna talar Guð ekki hærra?

Hugsaðu um þetta: Guð elskar þig svo mikið að hann leyfði einkasyni sínum að deyja fyrir syndir þínar. Hann gerði þetta til að geta átt samband við þig því hann vil endurskapa þig í sinni ímynd. Mundi slíkur Guð, við að reyna að ná sambandi við þig, tala svo lágt eða einkennilega að þú gætir alls ekki skilið hann?

Heldurðu að Guð reyni að vera erfiður eða klaufalegur þegar hann á í samskiptum við okkur? En hvers vegna eigum við þá svo oft erfitt með að heyra hann tala? Er Guð með einhverja stæla?

Það er ekkert vit í því að almáttugur Guð geri okkur erfitt að heyra hann. Gætu aðrar ástæður legið að baki því að við heyrum ekki í Guði?

Getur verið að við heyrum ekki Guð tala við okkur persónulega vegna þess að við hlustum ekki nægilega vel, frekar en að hann tali ekki nógu hátt?

Kannski. Kannski er þetta bæði vegna þess að við höfum ekki nægan tíma til að hlusta og að við sköpum svo mikinn hávaða að rödd Guðs drukkna í honum. Slíkur „hávaði“ er ekki endilega bókstaflegur hávaði sem glymur í eyrum okkar heldur hvað sem truflar athygli okkar við að heyra í Heilögum anda.

Sagan um Elía sýnir hvernig Guð er oft að finna í kyrrðinni. Eitt sinn þegar Elía var langt niðri kom Guð til hans til að koma honum í rétt horf. Í hellinum upplifði Elía mikinn storm, síðan jarðskjálfta, og þá eld – en Guð var ekki í neinu þessara fyrirbæra. Loksins kom Guð og talaði við hann í „þýðum blæ“. Söguna er að finna í 1. Konungabók 19.1-18. Einnig sagði Guð Sálmaskáldinu „verið kyrrir og viðurkennið að ég er Guð“ (Sálm 46.11). **Best heyrst í Guði í kyrrðinni.**

hávaði

Hvers konar hávaði drekkir rödd Guðs? Hér eru nokkrar tegundir „hávaða“:

- **Náttúrulegur hávaði:** Spilun tónlistar. Sjónvarps- eða kvikmyndaáhorf. Fréttafíkn, netnotkun, tölvupóstur.
- **Huglægur hávaði:** Sífelld kvart og kvein, sjálfsvorkunn.
- **Tilfinningalegur hávaði:** Að velta sér upp úr ástartilfinningum, velgengni; hefnigirni eða að fá rétti mínum framgengt gagnvarð skaða af hálfu annarra, hugsun um slúður um frægt fólk eða fólk sem ég þekki, að hugsa endalaust um íþróttalið.
- **Andlegur hávaði:** Öllum tíma varið í lesa kristilegar bækur eða hlusta á kristilega tónlist; kannski finnst mér þetta vera gott og andlegt en ef ég hef ekki tíma til að íhuga og hlusta á Guð vegna þess að ég er sífelld að hugsa um eitthvað nýtt þá getur það verið bara „hávaði“.

Kannski finnst þér effir að hafa lesið listann að þetta sé ekki hávaði og að þú eigir ekki í vanda með neitt af þessu. Sjáum til.

Ein leið til að sjá hversu háð við erum hávaðanum í kringum okkur er að hvíla okkur á honum – fara í hávaðaföstu eða -bindindi. Fastan er mikilvæg trúarleg athöfn því hún veitir okkur stund og rúm til að gera hlé og sjá hvað við erum raunverulega að hugsa um og gera yfir daginn. Því er gagnlegt að sjá raunverulegar hvatir okkar fyrir því sem við gerum.

Hvernig virkar hávaðafasta eiginlega?

svona virkar hávaðafasta

Venjuleg fasta snýst um að borða ekki, hávaðafasta felur í sér að hvíla sig á öllum ytri hávaða. Þú getur reynt þetta svona:

- Í 10 daga skaltu sleppa allri tónlist, sjónvarpi, útvarpi og kvikmyndum. Farðu ekki á netið og lestu engin blöð.
- Í staðinn skaltu verja tímanum sem hefði farið í allt þetta í að hlusta á Guð, bænagjörð, Biblíusestur eða sjá fingraför Guðs í náttúrunni.

Þú verður hissa á hversu erfitt þetta er! En getir þú gert þetta í 10 daga muntu uppgötva að það sem þú gast ekki verið án er ekki svo aðlaðandi lengur. Og svo muntu kynnast innri „hávaða“, eigin tilfinningum og þrám á þann hátt sem þig hefði aldrei getað grunað.

Kannski kemstu að þeirri niðurstöðu að þú viljir breyta lífsstíl þínum. En dýrmætast er að þú heyrir kannski Guð miklu skýrar.

æfðu þetta

Prófaðu hávaðaföstu þessa vikuna og skráðu reynslu þína í dagbókina. Tjáðu þig um erfiðleika, bænir og það sem þú lærir og hvernig næmni fyrir rödd Guðs eykst.

E

að þrá einlægni

Hvað hefur Heilagur andi opinberað þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

opin fyrir þrenningunni

Þekking eykst og stefnan skýrist þegar við erum opin fyrir Guði

að þrá
EINLÆGNI

23

YFIRLIT

Þríeinn

Til er arfsögn um heilagan Patrek að hann hafi notað smáralauf til að útskýra eðli Guðs fyrir kristnum Írum til forna. Eins og hvert lauf samanstendur af þremur hlutum, en samt er það eitt lauf, þannig eru þrjár persónur í þrenningunni – Faðirinn, Sonurinn og Heilagur andi – samt er hver um sig Guð. Svipað og að vatn, ís og gufa eru sama efnið en upplifun og mynd manna af efninu er mismunandi.

Lúkas segir frá skírni Jesú þar sem þrjár persónur guðdómsins voru samankomnar:

Er allt fólkið lét skírast var Jesús einnig skírður. Þá bar svo við, er hann gerði bæn sína, að himinninn opnaðist og heilagur andi steig niður yfir hann í líkamlegri mynd, eins og dúfa, og rödd kom af himni: „Þú ert minn elskaði sonur, á þér hef ég velpóknun“ (Lúkas 3.21-22).

Hér sjáum við Guð Soninn í Jórdanánni, Guð Heilagan Anda koma af himni og yfir Jesú, og Guð Föðurinn sem talar af himni. Orðið „þrenning“ er ekki að finna í Biblíunni heldur er það latneskt orð sem þýðir „þrír“.

Þó svo að eðli Guðs og vegir hans séu óútskýranlegir þá segir Biblían mismunandi persónur þrenningarinnar hafa sama eðli og hæfni. Samt dregur Biblían fram vissa þætti sem skipta okkur máli í þessum heimi.

Skoðum nokkur atriði um Guð Föður, Guð Son og Guð Heilagan Anda sem koma fram í Jóhannesarguðspjalli.

að skilja Guð

Jesús er e.t.v. sú persóna guðdómsins sem auðveldast er að skilja því hann kom til jarðar sem mannvera. Jesús sagði að öll Biblían væri um hann (Lúkas 24.27). Gamla testamentið bendir fram til lífs hans og dauða en Nýja testamentið ræðir mikilvægi lífs hans og dauða.

1. Hvers vegna er mikilvægt að mannverur séu opnar fyrir Jesú? Jóhannes 3.16 og 12.46-47.

Heilagur andi er kannski sú persóna þrenningarinnar sem erfiðast er að skilja því hann getur verið á mörgum stöðum í einu. En Biblían lýsir honum ekki sem afli heldur sem persónu.

2. Hvers vegna segir Jesús í Jóhannesi 16.7-15 að við ættum að vera opin fyrir Heilögum anda?

□ **allar persónur þrenningarinnar, guðdómsins, eru í eðli sínu Guð**

□ **við verðum að vera opin fyrir opinberun Guðs um sjálfan sig svo við skiljum hver hann er og hvernig hann vill að við lifum**

□ **Heilagur andi fylgir mér sífellt til að leiða, hugga, og sannfæra mig um synd**

Heilagur andi talar ekki til að koma upplýsingum á framfæri, hann talar til að fá viðbrögð. Og hann veit hvenær við erum svo upptekin af eigin málum að það sé tímasóun að mæla með öðru. Þá er hann oft hljóður. Hann bíður eftir því að við séum nægilega róleg til að hlusta og svo að hlýða (Charles Stanley, *The Wonderful Spirit Filled Life*, 1992).

Faðirinn—það getur verið erfitt að skilja hann þar sem enginn hefur séð hann (Jóh 6.46). En eins og Jesús sagði við Filippus: „Sá sem hefur séð mig hefur séð föðurinn“ (Jóh 14.9). Jesú kom til jarðar til að opinbera lyndiseinkunn föðursins og lifa á jörðu eins og hann lifir á himni.

3. Jesús sagði að tilbiðja ætti föðurinn „í anda og sannleika.“ Lestu um þetta í Jóhannesi 4.21-24. Hvað telur þú að það þýði að tilbiðja föðurinn svona?

Einn er Guð: faðirinn, sonurinn og Heilagur andi. Þegar við erum opin fyrir boðskap Jesú til okkar, hlustum á rödd Heilags anda beint að okkur og finnst að Faðirinn sé verðugur tilbeiðslu þá öðlumst við aukinn skilning á því sem Guð hefur gert fyrir okkur, finnum stefnu fyrir líf okkar og lífum sem fagnandi borgarar ríkis Guðs.

hagnýting

4. Hvaða meiningu hefur það fyrir okkur að vera opin fyrir starfi og nærveru þrenningarinnar?



að þrá einlægni

Hvað hefur Heilagur andi opinberað þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

kafað dýpra

1. Þú getur lesið samantekt af því sem Sjöunda-dags aðventistar trúá varðandi þrenninguna í Byrjaðu hér 5, Helstu trúarkenningar: 3, 4 og 5.
2. Til að rannsaka efnið dýpra skaltu lesa um þessar grunnkenningar í bókinni *Seventh-day Adventists Believe*.

hvers vegna tilbeiðsla?

tilbeiðsla opnar hjarta og hug fyrir Guði

að þrá
EINLÆGNI

24

YFIRLIT

hvað er tilbeiðsla?

Orðabækur skilgreina tilbeiðslu sem lotningu og virðingu sem veitt er guðlegri veru. En hvernig gerum við þetta gagnvart Guði?

Sérfræðingur í lögum kom til Jesú og spurði hann hvert væri æðst allra boðorða. Jesús svaraði og sagði það vera að „elska Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni, öllum huga þínum og öllum mætti þínum“ (Markús 12.30).

Taktu eftir tvennu í þessu versí. Í fyrra lagi þá elskum við Guð með hjarta okkar, sál, huga og mætti. Með öðrum orðum, **þá elskum við Guð með öllum tilfinningum okkar, hugsunum og gjörðum**. Í öðru lagi, taktu eftir endurtekningunni á orðinu „allur“. **Við eigum að elska Guð—ekki með hluta hjartans, sálarinnar, hugans og máttarins – heldur með öllu**. Með öðrum orðum, það er alls enginn möguleiki á að elska eitthvað sem ekki er tengt Guði. Því hefjast boðorðin tíu á að Guð segir:

Þú skalt ekki hafa aðra guði en mig. Þú skalt hvorki gera þér líkneski né neina eftirlíking af því sem er á himnum uppi eða því sem er á jörðu niðri eða í hafinu undir jörðinni. Þú skal hvorki falla fram fyrir þeim né dýrka þau því að ég, Drottinn, Guð þinn, er vandlátur Guð . . . (2Mós 20.3-5a).

Því tilbiðjum við Guð þegar við vottum honum lotningu og virðingu—sem er að elska hann með öllu sem við erum, meðan við beinum elsku hjarta okkar, sálar, huga og máttar að engu öðru. Slík tilbeiðsla fer ekki bara fram í guðsþjónustunni í kirkjunni. Tilbeiðsla er viðhorf og lífsstíll.

rýnt í tilbeiðsluna

Rýnum aðeins í hugmyndina um tilbeiðslu svo við sjáum hana í framkvæmd. Biblían segir að ýmsir þættir tengist tilbeiðslunni sem hjálpa okkur að skilja hvað það þýðir að elska og tilbiðja Guð af öllu hjarta, huga, sál og mætti.

1. **Við viðurkennum Guð sem skapara okkar.** „Komið, föllum fram og tilbiðjum, beygjum kné vor fyrir Drottin, skapara vorum. Því að hann er vor Guð og vér erum gæslulýður hans, hjörðin sem hann gætir“ (Sálm 95.6-7).
2. **Við viðurkennum aðeins einn sannan Guð.** „Fallið fram fyrir heilagri hátign Drottins, öll jörðin skjálfi frammi fyrir honum“ (Sálm 96.9).
3. **Lofgjörð.** „Esra lofaði Drottin, hinn mikla Guð, og allt fólkid rétti upp hendur sínar og svaraði: „Amen, amen.“ Því næst hneigði fólkid sig og féll til jarðar fram á úsjónu sína“ (Nehemía 8.6).
4. **Förn:** „Því brýni ég ykkur, systkin, að þið vegna miskunnar Guðs bjóðið fram sjálf ykkur að lifandi, heilagri, Guði þóknanlegri fórn. Það er sönn guðsdýrkun af ykkar hendi“ (Róm 12.1).
5. **Hlýðni.** „En konungsveldi, vald og tign allra konungsríkja undir himninum verður

□ **tilbeiðsla er tími, staður og rými til að vera opin fyrir Guði**

□ **regluleg tilbeiðsla hjálpar mér að halda falsguðum frá því að stjórna lífi mínu**

fengið hinum heilögu Hins æðsta. Konungdæmi þeirra verður eilíft konungdæmi og því munu öll ríki þjóna og hlýða“ (Dan 7.27).

6. **Þjónusta.** „Ritað er: ‚Drottin, Guð þinn skalt þú tilbiðja og þjóna honum einum““ (Lúkas 4.8).

Þó mig langi til að fara eftir þessu þá hneigjast hjarta mitt, sál, hugur og máttur að því að setja eitthvað í stað Guðs. Vissulega þarf að minna mig á skipun Guðs um að „hafa ekki aðra guði en mig“!

að kljást við aðra guði

Hvað með okkur nú? Eru aðrir guðir í lífi okkar sem trufla hjarta, sál, huga og mátt okkar og leiða okkur frá hinum sanna Guði? Skoðum þetta aðeins.

Hvað sem leiðir okkur frá Jesú er einhvers konar guð. Hvaða guðir torvelða mér að leyfa hjarta, sál, huga og mætti að helgast Jesú algerlega? Hvaða falsguðum leyfir þú að stjórna lífi þínu? Hvaða falsguði lofar þú, hlýðir þú eða færir fórnir fyrir? Aðferð Guðs til að takast á við falsguði var skýr.

Þið skuluð geryða öllum helgistöðunum þar sem þjóðirnar, sem þið eigið að ryðja úr vegi, þjónuðu guðum sínum á háum fjöllum, hólum og undir hverju grænu tré. Þið skuluð rífa niður ölturu þeirra, brjóta merkisteina þeirra, brenna Asérústólpa þeirra í eldi og höggva skurðgoð þeirra niður og afmá nafn þeirra af staðnum (5Mós 12.2-3).

Hvernig ætlar þú að eyða þínum falsguðum?

æfðu þetta

Þið nú Heilagan anda að sýna þér guðina í lífi þínu sem skyggja á hinn sanna Guð. Skráðu í dagbókina þessa guði þína og áform þín og bænir sem sýna hvernig þú ætlar að fara með þá. Þú getur líka skoðað hvaða skref þú ætlar að taka til að þroskast og móta viðhorf og lífsstíl tilbeiðslu. Þú getur beðið Guð í komandi viku að fletta ofan af huldum guðum í lífi þínu.

E

að þrá einlægni

Hvað hefur Heilagur andi opinberað þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

að þrá Guð sjálfan

með því að læra um Guð verð ég sífellt opnari og einlægari fyrir honum

að þrá
EINLÆGNI

25

YFIRLIT

- *ég þrái Guð af því að ég þekki hann*
- *því meira sem ég veit um Guð því viljugri er ég að opna hug og hjarta fyrir honum*

þráir hjarta þitt Guð?

Langar þig í frí til Malé? Kannski ertu ekki of viss? Er heitt þarna? Kalt? Hvasst? Hver veit?

Hvað ef ég segði þér að Malé væri kóral-hitabeltiseyja í miðju Indlandshafi?

Maldíveypjaklasinn umhverfis Malé státar af undurfögurum hvítum ströndum og hlýjum sjó. Þarna er kjörlið að snorka og sjá alls kyns tegundir fagurra fiska. Þetta er eins og paradís á jörð.

Kannski ertu þegar að hugsa um að fara þangað í næsta frí. Sérðu hvernig það að vita eitthvað skapar löngun? Við þráum ekki eitthvað sem við vitum ekkert um þó það sé fallegt.

Sama með Guð. **Okkur mun ekki langa að vera með Jesú og verja tíma með honum í nærveru hans ef við vitum ekki mikið um hann.**

tengsl hugar og hjarta

Beint samband er á milli þess að þekkja með huganum og þrá með hjartanu. **Þráin effir Guði er ekki bara tilfinning sem við búum til innra með okkur. Þessar tilfinning að þrá Guð er afleiðing þess sem „sjón hjartans“ hefur séð (Ef 1.18).**

Sálmaskáldið hrópaði „sálu mína langaði til, já, hún þráði forgarða Drottins, nú fagnar hjarta mitt og hold fyrir hinum lifanda Guði“ (Sálm 84.2). Hví sagði hann þetta? Því hann sá fegurð staðarins þar sem Guð „bjó“—musteri Salómons í Jerúsalem og skildi þannig mikilfengleika þess Guðs sem musterioð táknaði.

Hvað með þig? Hvað sérð þú í Orði Guðs eða sköpun hans sem fær þig til að langa að verja meiri tíma með honum? Þetta er okkur öllum áskorum því það er svo margt annað sem kallar á athygli okkar. Sjónvarpið, netið, áhugamál, vinna—og listinn heldur áfram. **Svo eigi hjörtu okkar að þrá að vera með Guði þá verðum við að setja stund til hliðar til að vera ein með honum til að „horfa á yndisleik Drottins“ (Sálm 27.4).**

afleiðingar þess að þrá Guð

Að sjá yndisleik Guðs er að sjá lyndiseinkunn hans. Þegar ég sé yndisleik lyndiseinkunnar Guðs þá eykst þrá mín effir honum og að líkjast honum. Að sjá yndisleik lyndiseinkunnar Guðs er hvati til að hlýða lögmáli Guðs því lögmál Guðs er einfaldlega birtingarmynd þess hver Guð er og hvernig hann lifir. Endanlega tengjast allar hugsanir mínar og gjörðir þránni að endurspegla yndisleik Guðs.

Lærum að þrá Guð

Hjarta mitt fer að þrá Guð þegar ég sé eitthvað undursamlegt við hann...

1. Löngun hans og gleði til að vera með mér eins og skráð er í Biblíunni
2. Lýsingar Biblíunnar á eðli Guðs og hvernig hann var sífellt að efla Lýð sinn
3. Þegar ég sé fyrirheit hans í Biblíunni um að hann sinni öllum þörfum mínum
4. Hvernig hann starfar í lífi fólks því til góðs
5. Hvernig Heilagur andi fullvissir mig um nærveru og kærleika hans þegar ég bið
6. Þegar ég minnst velgjörða hans í minn garð á liðnum tíma
7. Þegar ég sé fegurð hans í náttúrunni
8. Þegar ég sé gæsku hans í andstöðu við illskuna í heiminum og hjarta mínu sem svo eflir löngum mína eftir Guði sjálfum og himninum

Ef morgun- og kvöldbænir okkar eru ekki annað en að hraðlesa nokkur vers og rjúka svo út eða fara að sofa þá munum við ekki læra að þrá Guð eins og höfundur 84. Sálmsins. Reyndu því að:

1. Verja tíma kvölds og morgna til bænagjörða án þess að flýta þér þannig að nægur tími gefist til að lesa, biðja og íhuga gæsku Guðs í þinn garð.
2. Við lestur Biblíunnar skaltu taka eftir...
 - a. Lýsingum sem sýna hversu Guð metur þig mikils
 - b. löngun Guðs að vera með þér
 - c. löngun Guðs til að gæta þín
 - d. löngun Guðs til að umbreyta þér
 - e. hvernig Guð gerir fólki sínu gott
3. Verðu tíma til bæna og þakkaðu honum fyrir það sem þú sérð—ekki flýta þér.
4. Við bænagjörðina skaltu beita næmni fyrir áhrifum Heilags anda sem undirstrika sannleikann um það sem þú hefur lesið í Biblíunni
5. Svo yfir daginn skaltu reyna að muna það sem þú uppgötvaðir með Guði og spyrja sífellt: „hvernig finn ég ánægju og gleði í því sem ég sé í lyndiseinkunn Guðs?“

æfðu þetta

Skráðu það sem þú uppgötvar um Guð sem eykur þrá þína eftir gleði og ánægju í honum. Mundu að við getum ekki framkallað þrá eftir Guði. En þegar þú sérð gæsku hans mun löngun þín, gleði og ánægja varðandi hann aukast. Dag hvern þessa viku skaltu biðja Heilagan anda að sýna þér ný sannindi um Guð sem auka löngun þína til að verja tíma með honum.



að þrá einlægni

Hvað hefur Heilagur andi opinberað þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

Í miðju alheimsstríði

að skynja yfirnáttúrulegan raunveruleika

að þrá
EINLÆGNI

26

YFIRLIT

□ *ég er í miðri yfirnáttúrulegri styrjöld*

□ *stríðið hófst á himni þegar Satan vildi öðlast mátt Guðs en ekki lyndiseinkunn hans*

□ *eina leiðin fyrir mig til að komast af er að vera í yfirnáttúrulegu sambandi við Heilagan anda*

Í einum upphafskaflanna kíktum við aðeins á alheimsstríðið milli Guðs og Satans. Stríðið er umgjörð þess sem gerist í heimi okkar. Skoðum framvindu þessa stríðs aðeins nánar.

stríðið í stuttu máli

Lestu eftirfarandi vers. Þau lýsa upphafi þessa alheimsstríðs. Taktu eftir kjarnanum:

1. Ástæðan fyrir árás Satans á Guð (Jes 14.12-14).

2. Afleiðingarnar fyrir Satan og engla hans (Opb 12.7-9).

3. Afleiðingarnar fyrir mannkynið (2Kor 4.4 og Ef 2.1-3).

Sjáðu hvernig Satan vildi „líkjast Hinum hæsta“ (Jes 14.14). Hann langaði í mátt Guðs en ekki lyndiseinkunn hans. Þessi valdagræðgi hófst á himni en breiddist til jarðarinnar. Þegar syndin kom í heiminn fyrir tilstuðlan Satans (1Mós 3) sagði Guð Adam og Evu að frelsari kæmi sem mundi krefja vald Satans og frelsa þau frá valdi syndarinnar (1Mós 3.15). Svo með framvindu sögu Biblíunnar lærum við hversu mjög við þörfnumst yfirnáttúrulegs máttar Heilags anda, því það er **aðeins með yfirnáttúrulegum mætti sem við getum fengist við syndina í okkur og freistingarnar sem streyma frá Satan og englum hans umhverfis okkur.**

4. Samkvæmt orðum Páls í Efesus 6.10-20, hvernig eiga mannvörur að glíma við yfirnáttúrulegan óvin?

5. Hvað uppörvun veitir Pétur í 1. Pétursbréfi 5.8-10 þeim sem eru í miðju þessa alheimsstríðs?

samantekt

Margt er í gangi umhverfis okkur þó við greinum það ekki með skilvitum okkar fimm. Þar sem við lifum og hrærumst í yfirnáttúrulegu stríði þar sem Satan og Jesús keppast um hylli okkar þá gætum við þurft að hugsa og hegða okkur öðruvísi en ef við værum ómeðvituð um þennan raunveruleika. En mikilvægast er að vera sífengd við yfirnáttúrulegan mátt Heilags anda.

hagnýting

6. Hvaða máli skiptir þig að vita að þú sért í miðju alheimsstríðs?



að þrá einlægni

Hvað hefur Heilagur andi opinberað þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

kafað dýpra

1. Þú getur séð útdrátt um það sem Sjöunda-dags aðventistar trúa varðandi deiluna miklu í Byrjaðu hér 5, Helstu trúarkenningar: 8 Deilan mikla.
2. Til að rannsaka málið betur geturðu lesið um þessa grunnkenningu í bókinni Seventh-day Adventists Believe.





HVERNIG VAR MÉR ÆTLAÐ AÐ LIFA?

NEÞRÁ

BYRJAÐU HÉR	B
<i>að leggja</i> UNDIRSTÖÐUR	1
<i>að þrá</i> EINLÆGNI	2
<i>að dýpka</i> TRÚ	3
<i>að reiða sig á</i> GUÐLEGAN MÁTT	4
<i>að taka þátt í</i> STARFI GUÐS	5



Eins hef ég beðið Drottin, það eitt þrái ég, að ég fái að dveljast í húsi Drottins alla ævidaga mína til þess að horfa á yndisleik Drottins og leita svara í musteri hans.

Sálmarnir 27.4

hagnýtar leiðbeiningar um göngu með Guði

G A V I N A N T H O N Y

hægt er að sækja fleiri eintök hjá www.adventistar.is/eintra

© 2021 Gavin Anthony

Síðast uppfært September 2021

Þýðing: Einar Valgeir Arason
Prófarkalestur: Þóra Lilja Sigurðardóttir

Það væri gaman að vita ef þessi bók hefur hjálpað þér og þá hvernig! Ef þú vilt hafa samband eða þig vantar fleiri eintök, þá vinsamlegast hafið samband hér:
gavin@reflectingJesus.org

efnisyfirlit

- 27 beðið með Biblíunni / 104
- 28 hvernig Guð tekur á syndinni / 106
- 29 það sem Jesús hefur gert fyrir mig / 108
- 30 glímt við erfiðleika / 110
- 31 lífað samkvæmt forsjón Guðs / 112
- 32 trúað á sköpunina / 114
- 33 hvað gerist þegar ég dey? / 116
- 34 Guð í fyrsta sæti / 118
- 35 hvers vegna að taka skírni? / 120
- 36 mun fólk kveljast eilíflega í helvíti? / 122
- 37 lærum að tjá lofgjörð / 124
- 38 endurkoma Jesú / 126
- 39 kristin sjálfsmynd mín / 128
- 40 kynlíf og hjónaband / 130



Eins hef ég beðið Drottin, það eitt þrái ég, að ég fái að dveljast í húsi Drottins alla ævidaga mína til þess að horfa á yndisleik Drottins og leita svara í musteri hans.

Sálmarnir 27.4

beðið með biblíunni

trú mín vex þegar bænir mínar mótast af orðum Guðs

að dýpka
TRÚ

27

YFIRLIT

hvað á ég að biðja um?

Stundum viljum við biðja—en okkur dettur ekkert í hug.

Þegar slíkt gerist er gagnlegt að nota Biblíuna til að biðja. Þannig bænir framkalla hugmyndir frá huga Guðs. Við endurspeglum lyndiseinkunn hans þegar hugsanir hans verða að okkar hugsunum. Þegar við skiljum betur hvernig ríki hans virkar getum við betur lifað samkvæmt áformi Guðs.

notum bænir úr biblíunni

Áhugavert getur verið að sjá hvað fólk í Biblíunni bað um og leyfa bœnum þess að móta okkar eigin bænir. Við getum notað bænir:

- Davíðs—um fyrirgefningu: Sálms 51
- Jesú—til að læra að biðja: Matt 6.9-13
- Salómons—um visku: 1Kon 3.5-9
- Stefáns—þegar fólk réðst á hann: Post 7.59-60
- Páls—þegar hann bað fyrir öðrum: Ef 1.15-20; 3.14-21

En við þurfum ekki að nota bara bænir úr Biblíunni – við getum notað ýmsar greinar hennar til að móta bænir okkar. Og **hvencær sem við biðjum Guð með orðum hans vex traust okkar á honum því við erum minnt á að hann muni gera það sem hann lofaði**. Skoðum eitt dæmi.

dæmi: Sálmarir 23.1-3

„Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert breyta.“

Drottinn, þakka þér fyrir að vera hirðir minn. Hjálpaðu mér að muna að þú sérð fyrir öllum þörfum mínum.

„Á grænum grundum lætur hann mig hvílast, leiðir mig að vötnum þar sem ég má næðis njóta.“

Drottinn, ég kem ekki auga á neinn kyrrðarstað. Ég er í miklu uppnámi núna. Hjálpaðu mér að treysta þér svo ég geti upplifað frið þinn.

„Hann leiðir mig um rétta vega fyrir sakir nafns síns.“

Drottinn, þökk sé þér að vegir þínir eru alltaf bestir—að þeir eru hannaðir þannig að fylgi ég þér þá mun ég endurspegla lyndiseinkunn þína.

□ **meðan trú mín vex með því að kynnast því sem Guð hefur sagt þá vex einnig trú mín þegar ég bið til hans með hans eigin orðum**

□ **við að nota orð Guðs í bœnum okkar getum við verið viss að Guð muni gera það sem hann hefur heitið**

□ **með því að nota orð Guðs í bœnum mínum víkka þær og dýpka hugmyndir mínar um það sem ég get beðið um**

□ **að biðja yfir fyrirheitum Guðs sannfærir mig um það sem Guð muni gera fyrir mig**

□ **fyrirheit Guðs lýsa honum og þegar ég sé betur hver hann er þá hjálpar það mér að sjá hvað hann hefur í huga með mig**

biðjum fyrirheit Guðs

Við getum einnig beðið fyrirheit Guðs. **Í fyrsta lagi eru fyrirheit um að Guð muni gera eitthvað í fyrir okkur.** Þau byrja oft með t.d. „ég mun...“. Hér eru svo nokkur fyrirheit Guðs:

að bera ávöxt, Jóh 15.4-5	fríður, Jóh 14.27	nýtt nafn, Jes 62.1-2
arfleið, 1Pét 1.3-4	frelsun, 2 Tím 4.18	ríkuleg laun, Matt 10.42
andleg saðning, Jóh 6.35	félagsskapur Jesú, Matt 18.19	styrkur, Fil 4.13
andleg lækning Hós 6.1	fögnuður, Jes 35.10	skynsemi, Sálm 119.104
andlegt ljós, Jóh 12.46	gjafir andans, 1 Kor 12	sigur, 1Jóh 5.4
andlegur fjársjóður, Matt 6.19-20	himneskt heimili, Jóh 14.1-3	tímanlegar blessanir, Matt 6.25-33
börn Guðs, 1Jóh 3.1-2	huggun, Jes 51.3	upprisa, Róm 8.11
bænasvör, 1Jóh 5.14	hreinsun, Jóh 15.3	vernd Guðs, 1Pét 5.6-7
eilíft líf, Jóh 3.16	hvíld, Heb 4.9,11	vöxtur, Ef 4.11-15
endurreisn, Jes 57.18; 1Jóh 1.9	klæði, Sak 3.4	viska, Jak 1.5
endurnýjun, Títus 3.5	lífsgnægð, Jóh 10.10	von, Heb 6.18-19
félagsskapur, Jóh 15.15	lífsins kóróna, Opb 2.10	þekking, Jer 24.7
frelsi, Róm 8.2	leiðsögn, Jes 42.16	<i>Willmington, H. L. (1987). Willmington's book of Bible lists. Wheaton, Ill.: Tyndale House.</i>
fullvissa, 2 Tím 1.12	máttur til að þjóna, Jóh 14.12	

Í öðru lagi eru lýsingar á Guði sjálfum einnig fyrirheit. Rómverjabréfið 8.29 segir það hafa verið áform Guðs að við yrðum sem Sonur hans. „Þau sem hann þekkti fyrir fram hefur hann og fyrirhugað til þess að mótast eftir mynd sonar síns...“ Sem sagt, þegar við lesum lýsingar á Jesú þá geta þær orðið að fyrirheitum fyrir bænin okkar um að verða eins og hann. (Þetta á ekki við um lýsingar á Guði sem aðeins eiga við um hann, t.d. um að hann sé almáttugur, alvitur og alls staðar á sama tíma).

Séreinkenni Guðs sem fullvissa okkur um að bænum okkar verði svarað	Einkenni Guðs sem við deilum með honum—sem fólk sem hann þráir að endurskapa í sinni mynd	
almáttugur, Jes 6.1-3; 14.27	auðmýkt, Jóh 13.1-5	langlyndi, 2 Pét 3.9, 15
eilífur og óendanlegur, Jes 26.4; Heb 1.10-12	blíður, 1 Kon 19.12; Lúkas 18.15-16	miskunnsemi, Sálm 103.13-14; Mark 1.41
hæstráðandi, 2 Sam 7.22; Dan 4.34-35	fórnfús, Jóh 3.16; 1Jóh 4.10-11	miskunnssamur, Ef 2.4-5
skapari og endurskapari, Jes 44.24; 44.2-3	fús að fyrirgefa, 2 Mós 34.5-7; Sálm 86.5	náðugur, Jóh 1.16
vegsamlegur og dýrlegur, 1 Kron 29.10-13; Sálm 145.4-5	fríður, Jes 9.6; 2Kor 13.11	réttlátur, Sálm 45.5; Jes 5.16
ættíð nálgætur, Jes 41.10; Matt 28.19-20	frelsar og reisir upp, 2 Sam 22.3; 1 Pét 5.10	réttlátur, Sálm 119.75-76; 1 Jóh 2.1
	gleði, Neh 8.10; Sef 3.17	speki, Ef 1.17; 2 Tím 3.14-15
	gæska, Jes 63.7; Ef 2.6-7	sannleikur, Jóh 14.6; Sálm 119.160
	góður, 1Kron 16.34; Nah 1.7	sjálfsagi, Gal 5.22-23
	hógværð, 2 Kor 10.1	trúfesti, 5 Mós 7.9; Sálm 71.22-23
	hreinn og heilagur, 2 Mós 3.2-5; 1Jóh 3.2-3	verndar, Jes 43.1-3; 2 Þess 3.3
	kærleikur, 2 Mós 15.13; 1 Jóh 4.11-17	þolgóður, Dóm 2.1; 2 Þess 3.4-5
		þolinmæði, Matt 23.37

æfðu þetta

Nú skaltu grípa til dagbókarinnar og skrá ritningarstaði og fyrirheit og bænaviðbrögð. Æfðu þetta hvern dag í komandi viku.

hvernig Guð tekur á syndinni

spádómur sem sýnir að ég get treyst Guði til að taka á syndinni

að dýpka
TRÚ

28

YFIRLIT

ótrúlegur spádómur

Einn undraverðasti spádómur Biblíunnar lýsir hvernig Guð er að taka á vandamáli þjáninga og syndar. Spádómurinn kann að virðast dálítið flókinn í fyrstu, en ekki gefast upp. Guð veitir okkur stórkostlega innsýn í það sem hann hefur gert og er að gera varðandi syndina.

Spádóminum er hægt að skipta í tvennt. Fyrri hlutinn segir nákvæmlega fyrir um tímasetningu þjónustu og dauða Jesú. Guð tekur á syndinni með dauða Jesú fyrir mig. Afleiðinga syndarinnar er alltaf dauði, en í stað þess að syndin deyddi mig kom Jesús í minn stað. Dauði Jesú sýnir hvernig syndin endar alltaf í þjáningu og dauða.

Í Daníel 9 sjáum við að Jesús muni koma til að deyja. Spámaðurinn Daníel bað Guð að koma fólki sínu úr útlegð í Babýlon og heim til Ísraels. Í töflunni hér að neðan sérðu engiliinn Gabríel svara Daníel og ráða drauminn.


- **ég get treyst Guði til að leyfa syndinni ekki að viðhaldast eða sleppa við dóm**
- **Jesús er á himni að dæma heiminn rétt áður en hann kemur aftur**
- **ég er uppi á tíma dómsins rétt fyrir endurkomu Jesús**

Dan 9.23 Hyggðu því að orðinu og öðlastu skilning á sýninni.	Sýnin vísar til sýnarinnar um kvöld og morgun sem hófst í 8. kafla þar sem Daníel hafði verið sagt frá valdi sem mundi reyna að skyggja á þjónustu Jesú á himni og fólks hans á jörðinni (8.9-12). Þetta er sýn um 2300 kvöld og morgna (8.14, 26) og er upphaf spádómsins.
24 Sjötíu vikur eru útmældar þjóð þinni og hinni heilögu borg þinni	„Vika“ eða „sjöundir“ í spádómum Biblíunnar tákna ár (sjá 4Mós 14.34; Esk 4.6). 70 spádómsvikur = 70 x 7 = 490 bókstafleg ár sem nær yfir fyrsta hlutann og varðar Ísrael
þar til mælir misgjörða þinna er fullur og syndin afplánaðar, þar til friðþægt verður fyrir ranglætið og eilíft réttlæti kemst á, sýnir spámannanna rættast og hið háheilaga hlýtur smurningu.	Jesús mundi koma sem uppfylling fórnanna. Með fórn sinni tók Jesús á sig það sem mun gera okkur fært að öðlast hjálpræði og gera honum kleift að þjóna sem æðsti prestur okkar á himni.
25 Vita skaltu og skilja að frá því að orð barst um endurreisn og endurbyggingu Jerúsalem, allt til komu hins smurða, líða sjö vikur og á sextíu og tveim vikum verður hún endurreist, torg hennar og síki. Það verður erfiður tími.	Árið 457 f.Kr. gaf Artaxerxes út tilskipun um að Gyðingar fengju að ráða borgaralegum og trúarlegum málefnum sínum (Esra 7.12-13). Þetta ártal er upphaf 2300-daga spádómsins sem svo hjálpar okkur að tímasetja komu og dauða Jesú. Svo koma „sjö vikur“ (þ.e. 49 almanaksár) plús sextíu og tvær vikur (þ.e. 434 ár) = 483 ár.
26 Að þessum sextíu og tveimur vikum liðnum mun hinn smurði afmáður með öllu. Her leiðtoga nokkurs, sem koma skal, mun eyða borginni og helgidómnum en hann mun farast í flóði. Tortíming er fyrirhuguð uns hernaðinum lýkur.	Við lok viknanna sextíu og tveggja mun Messías – hinn smurði, Jesús – verða deyður og Jerúsalem rústað. Jerúsalem var eytt árið 70 e.Kr.
27 Hann mun gera traustan sáttmála við marga í eina viku, frá miðri viku mun hann afnema sláturförn og mafförn. Við horn altarisins verður viðurstyggð eyðingarinnar uns hin fyrirhugaða tortíming steypist yfir viðurstyggðina.	Sáttmálinn um endurlausnina sem dauði Jesú kom í kring mundi verða gerður í síðustu ár-vikunni eftir 483 árin. Þjónusta Jesú mundi byrja við upphaf þessara sjö ára og hann mundi deyja um miðbik þessara síðustu sjö ára.

Á næstu skýringarmynd muntu sjá að sagt var nákvæmlega fyrir um tímasetningu starfstíma og dauða Jesú – um 500 árum fyrir komu hans til jarðar!

hvernig Guð tekur á syndinni

„Tvö þúsund og þrjú hundruð kvöld og morgna.
Þá verður helgidómurinn hreinn á ný“ (Dan 8.14)



Annar hluti spádómsins segir fyrir um hvencær Guð muni fella endanlegan dóm yfir syndinni. Syndin sem drýgð hefur verið gegnum aldirnar mun loksins verða gerð upp þegar hann fellir dóm varðandi þá hræðilegu glæpi sem fólk og englar hafa faramið—glæpi gagnvart hvert öðru og gegn Guði.

1. Hvar og hvencær um dómurinn fara fram? (Dan 7.9-10; 8.14).

Málfarið í spádómi Daniels tengist helgidómsþjónustu Gamla testamentisins. Guð kenndi Ísrael hvernig hann tekur á syndinni með árlegri sýnikennslu. Við árslok kom friðþægingardagurinn sem sýndi eyðingu syndar meðal Lýðs Guðs. Kysi einhver ekki að játa synd sína fyrir þennan dag var hann í raun að afþakka hjálpræði Guðs. Þetta var háalvarlegur dómsdagur (3Mós 23.26-32). **Þessi árlega trúarathöfn átti að sýna hvernig Guð tæki á syndinni í mannkynssögunni.** Dagurinn kemur þegar Guð kveður upp dóm og segir: „Hinn ranglátí haldi áfram að fremja ranglæti, hinn saurugi haldi áfram saurlífi sínu og hinn réttláti stundi áfram réttlæti og hinn heilagi helgist áfram heilögu lífverni“ (Opb 22.11). Þá mun Jesús koma aftur.

2. Hvernig hvetur engill Guðs menn til að bregðast við dómi hans á himnum?
3. Hvernig ætti ég að bregðast við því að ég – og aðrir – sætum dómi? (Heb 4.14-16).

kafað dýpra

1. Þú getur séð útdrátt um það sem Sjöunda-dags aðventistar trúá varðandi milligöngustarf Jesú fyrir okkur í dag í Byrjaðu hér 5, Helstu trúarkenningar: 24. Þjónusta Krists í himneska helgidóminum.
2. Til að rannsaka málið betur geturðu lesið um þessa grunnkenningu í bókinni Seventh-day Adventists Believe.

Það sem Jesús hefur gert fyrir mig

ég réttlætist—öðlast fyrirgefningu—með trúnni einni á það sem Jesús hefur gert fyrir mig

að dýpka
TRÚ

29

YFIRLIT

Jesús er ekki hugmynd eða heimspeki. Jesús er Guð sem kom til jarðar í manggervi og var hluti af sögunni. Mismunandi höfundar skráðu það sem hann gerði. Nú þurfum við að lesa það sem þeir skráðu til að skilja meiningu lífs hans, dauða og upprisu og hvers vegna nauðsynlegt var fyrir Jesú að yfirgefa himininn og koma til jarðar.

hvers vegna Jesús?

1. Hvaða ástæða er gefin í Jóh 1.1-3 og Kól 1.16 fyrir persónulegum áhuga Jesú á örlögum mannveranna?

2. Lestu Jóh 1.4-18 og Kól 1. 17-23. Hver var tilgangur Jesú með komu sinni hingað til jarðar?

- *Jesús kom til jarðarinnar til að hjálpa mér því hann skapaði mig*
- *þar sem óhlýðni leiðir ávallt til dauða og við höfum öll óhlýðnast, getur Guð vegna fullkomins lífs Jesú lifið á hann sem staðgengil minn varðandi dauðarefsingu*
- *fyrirgefninguna hlýtt ég einungis fyrir fullkomna hlýðni og réttlæti Jesú*
- *þar sem fyrirgefning mín grundvallast algerlega á Jesú, þá byggist hjálpraði mitt á trú á hann*

dauðinn var nauðsynlegur

Páll skrifar Kól 1.19-20 að við séum sætt við Guð og höfum frið við hann vegna dauða Jesú á krossinum. M.ö.o. dauði var Jesú nauðsynlegur til að koma sambandi aftur á við Guð. En hvers vegna þurfti Jesús að deyja til þess?

3. Lestu 1Mós 2.15-17 og Róm 6.23. Hver er afleiðing óhlýðinnar?

Ef Guð segir afleiðingar uppreisnar gegn honum vera eilífur dauði og svo syndga ég gagnvart honum en hann leyfir mér ekki að deyja, þá gæti Satan réttilega sagt að Guð sé ekki sanngjarn eða réttlátur. En ef Jesús lifði fullkomnu lífi og kaus að deyja í minn stað þá get ég samt lifað og Guð verið réttlátur og sanngjarn. Allt sem ég þarf að gera er að meðtaka að Jesús dó í minn stað fyrir synd mína.

4. Hvað er það eina sem þú getur gert til að öðlast fyrirgefningu? Róm 3.9-26.

Þar sem við erum syndug getum við ekkert gert til að vinna okkur inn hjálpræði. Því erum við réttlætt og okkur fyrirgefið með trúnni á Jesú einni saman. Og þú munt læra í öðrum köflum **að frelsun er ekki bara að sleppa af jörðinni og komast til himins, heldur snýst hún um hvernig Jesús breytir þér til að líkjast honum.** Einnig þetta næst með trú á Jesú.

hagnýting

5. Hvað gæti valdið efa hjá þér varðandi fyrirgefninguna? Af því sem þú hefur lesið og því sem Páll segir í Ef 1.13-14, hversu viss getur þú verið um að Guð hafi fyrirgefið þér synd þína?

T

að dýpka trú

Hvað hefur Heilagur andi opinberað þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

kafað dýpra

1. Þú getur séð útdrátt um það sem Sjöunda-dags aðventistar trúa varðandi Jesú og hjálpræðið í Bryjaðu hér 5, Helstu trúarkenningar: 4. Sonurinn, 9. Líf, dauði og upprisa Krists og 10. Hjálpræðið.
2. Til að skoða málið betur skaltu lesa um þessa grunnkenningu í bókinni Seventh-day Adventists Believe.

glímt við erfiðleika

Guð notar erfiðleika lífsins til að styrkja trú mína

að dýpka
TRÚ

30

YFIRLIT

ástæður erfiðleika

Gullsmiður einn var að hreinsa gull í eldinum. „Hvernig veistu hvenær gullið er fullhreinsað?“ spurði einhver. „Þegar ég get séð andlit mitt í því“ (Amy Carmichael, *Learning Of God*, 50).

Stundum gerir Guð svona við okkur. **Guð hleypir erfiðleikum inn í líf okkar til að syndin verði brennd í burtu svo að við getum endurspeglað lyndiseinkunn hans enn betur.** Erfiðleikar í lífi þínu þýða ekki að Guð hafi yfirgefið þig. En eins og Pétur tjáir þjáðum söfnuði:

Það er til þess að trúfesti ykkar, langtum dýrmætari en forgengilegt gull, sem þó er reynt í eldi, getir orðið ykkur til lofs og dýrðar og heiðurs við opinberun Jesú Krists (1Pét 1.7).

Ellen White er á sömu línu:

Andlega lífið styrkist við átök. Þrautir sem bornar eru vel munu skapa staðfestu hugans og verðmæta andlega kosti. Hinn fullkomni ávöxtur trúar, auðmýktar og kærleika þroskast oft best í stormaskýjum og myrkri“ (Christ’s Object Lessons, 61).

Mismunandi ástæður eru fyrir þjáningum okkar í þessum heimi. Í fyrsta lagi verðum við fyrir árásum Satans sem orsaka sársauka og ringulreið í heiminum (Opb 12.12). Í öðru lagi uppskerum við afleiðingar syndugra athafna okkar (Róm 6.23). Í þriðja lagi gætum við þjást því Guð er að fjarlægja synd okkar því hún er svo sterkur hluti af okkur (Jer 9.7). Í fjórða lagi gætum við þjást vegna þess að Guð er að „hreinsa“ líf okkar.

hreinsun

Jesús segir um föður sinn: „Hverja þá grein á mér sem ber ekki ávöxt sníður hann af og hverja þá sem ávöxt ber hreinsar hann svo að hún beri meiri ávöxt“ (Jóh 15.2). Kannski man ég ekki eftir að hafa beint syndgað en sem syndari veit ég að ég er veikur í trú og trausti og öllum eiginleikum sem Guð vill styrkja innra með mér. Því ritar Bruce Wilkinson:

Biður þú yfirgnæfandi blessanir Guðs og að hann geri þig líkari Syni sínum? Sé svo þá ertu biðja um skærin.

Ímyndaðu þér sársauka Páls vegna fleinsins/þyrnisins. Páll skrifar: „Og til þess að ég skuli ekki ofmetnast af hinum miklu opinberunum er mér gefinn fleinn í holdið. Satans engil, sem slær mig til þess að ég skuli ekki líta of stórt á mig. Þrisvar hef ég beðið Drottin þess að láta hann fara frá mér“ (2Kor 12.7-9). Páll telur sér hafa verið „gefinn“

- **þrautir eru tækifæri fyrir Guð til að fága dýpri og hreinni trú**
- **þrautir geta átt sér mismunandi ástæður— (a) Satan er að verki í heiminum, (b) við uppskerum afleiðingar synda okkar, (c) Guð er að aga okkur, (d) Guð er að hreinsa okkur svo við berum meiri ávöxt**
- **þrautir munu móta trú mína samkvæmt viðhorfi mínu til þrautanna og Guðs þegar ég er mitt í þeim**

Þessi sársaukafulli „fleinn“ eða þyrnir. Hann álíftur hann vera „Satans engil“ sem engu að síður er ætlað heilagt hlutverk því Guð leyfir þennan flein til halda Páli auðmjúkum.

En hver var þessi fleinn, þyrnir? Ellen White segir það hafa verið slæma sjón hans. Hún segir að „hann átti æfíð að bera á líkama sínum merki dýrðar Krists, í augum sér, sem höfðu blindast af ljósinu himneska, og hann þráði að bera sífellt með sér fullvissuna um lífgefandi náð Krists“ (SLP, 34). Svo **Guð leyfði líkamlegum kvilla að hrjá Pál til að blessa hann andlega—að hann líktist honum æ meir og yrði honum gagnlegur til þjónustu.**

Mikilvægt er að muna að við líðum ekki ein. Guð hefur þjáðst síðan syndin kom í heiminn því börn hans þjást svo. Og svo hefur enginn þjáðst jafn mikið og Jesús. Þess vegna hvetur Hebreabréfið okkur:

Ekki höfum við þann æðsta prest er eigi geti séð aumur á veikleika okkar heldur þann sem freistað var á allan hátt eins og okkar en án syndar. Göngum því með djörfung að hásæti Guðs náðar. Þar finnum við miskunn og náð þegar við erum hjálparþurfi (4.15-16).

æfðu þetta

Skráðu nú í dagbókina þína þau atriði sem þú glímir við og spurningar þína til Guðs varðandi erfiðleika þinna. Gerðu þetta dag hvern í komandi viku. Þegar þú kýst að sýna Guði hollustu þrátt fyrir erfiðleika mundu þá að þeir koma af mismunandi ástæðum. Bið Heilagan anda um að sýna þér ástæðu erfiðleikanna sem þú átt við að glíma. Fáirðu ekki að sjá ástæðuna skaltu biðja með Job: „Prófi hann mig reynist ég sem gull“ (Job 23.10).

1. Er þetta ástand erfitt vegna þess að Satan er að verki í heiminum en ekki vegna einhvers sem ég hef gert? Ef svo skaltu vita að „að þeim sem Guð elska samverkar allt til góðs, þeim sem hann hefur kallað samkvæmt ákvörðun sinni“ (Róm 8.28).
2. Líður mér illa vegna þess að ég er að uppskera afleiðingar syndar minnar? Sé svarið já þá skaltu iðrast með því sama og treystu því að „ef við játum syndir okkar, þá er hann trúr og réttlátur svo að hann fyrirgefur okkur syndirnar og hreinsar okkur af öllu ranglæti“ (1Jóh 1.9).
3. Er Guð mögulega núna að fjarlægja synd frá mér? Sé svo skaltu ekki gefast upp! „Um stundar sakir virðist allur agi að vísu ekki vera gleðiefni heldur hryggðar en eftir á veitir hann þeim er alist hafa upp við hann friðsamt og réttlátt líf“ (Heb 12.11). Lestu allt samhengið í Hebreabréfinu 12.7-13.
4. Eru þessar aðstæður erfiðar vegna þess að Guð er að hreinsa mig? Ef svo er skaltu hlýða á rödd Heilags anda. Ekki er víst að Guð útskýri allt fyrir þér í dag. Sýndu þolinmæði, haltu í hann, mundu fyrirheit hans: „Því að ég, Drottinn, er Guð þinn, ég held í hægrí hönd þína og segi við þig: „Óttast eigi, ég bjarga þér“ (Jes 41.13).



að dýpka trú

Hvað hefur Heilagur andi opinberað þér og hvernig þarftu að bregðast við?

lífað samkvæmt forsjón Guðs

trúin vex þegar ég kýs að treysta Guði jafnvel þó ég skilji ekki
áform hans

að dýpka
TRÚ

31

YFIRLIT

- **þegar ég treysti Guði varðandi allt stjórnar hann atburðum samkvæmt ákvörðun sinni (Róm 8.28)**
- **stundum er Guð hulinn mér til þess að prófa mig, þroska mig eða til að veita mér mismunandi reynslur svo að ég geti hvatt öðra og hjálpað þeim**

hin hulda hönd Guðs

Biblían segir að Orð Guðs (Sálm 119.105) og Heilagur andi (Jóh 16.13) leiði okkur. En Guð notar líka annað – forsjónina. Orðið forsjón er ekki notað mikið í dag en að skilja það hjálpar okkur að sjá hvernig Guð stjórnar lífi okkar.

Forsjónin hefur verið kölluð „hin hulda hönd Guðs“. Guð stjórnar með forsjóninni – en við sjáum ekki endilega sönnun um inngrip eða nærveru Guðs. Því getum við átt erfitt með að vera sammála Biblíunni þegar hún segir „við vitum að þeim sem Guð elska samverkar allt til góðs, þeim sem hann hefur kallað samkvæmt ákvörðun sinni“ (Róm 8.28).

Það er manni mikil áskorun effir að hafa beðið Guð um leiðsögn þegar svo allt virðist hrynja. Er Guð ennþá með mér? Leiðir hann mig? Kannski er það eins og hjá „deisma“ að Guð skapaði heiminn en lét hann svo rúlla af sjálfu sér. Hvernig getum við vitað það? Hvernig sé ég það sem virðist vera fjarvera Guðs? Hafðu eftirfarandi dæmi í huga þegar þú íhugar leiðsögn Guðs en hann virðist ekki nærri:

Guð að verki—þegar svo virðist ekki

1. Job fékk enga viðvörðun eða útskýringu frá Guði en hver er niðurstaða hans effir að hafa glatað öllum auðæfum sínum og börnum og sjálfur sleginn sjúkdómi? (Job 23.10. Sagan er í Job 1-2).

2. Bræður Jósefs seldu hann (1Mós 37), svo varð hann þræll í ókunnu landi og ranglega kærður fyrir nauðgun (1Mós 39) og síðan gleymdur í fangelsi (1Mós 40). En allt í einu var hann orðinn næstráðandi í Egyptalandi (1Mós 41). Þegar hann leit til baka á þessa þrjá atburði hvað gæti hann hafa álitnið vera ástæður Guðs fyrir að hafa leyft þessar þrjár hremmingar? Lestu líka niðurstöðu hans í 1Mós 50.20.

3. Hvað ályktaði Páll að Guð væri að gera effir að hann hélt hann mundi deyja? (2Kor 1.8-10). Til hvers leiddu þjáningar Páls? (2Kor 1.3-4).

4. Nafn Guðs kemur ekki fyrir í Esterarbók. Hver heldurðu að sé ástæðan fyrir því að Guð lét skrifa þessa bók án þess að Guð sé nefndur á nafn?

Lifað samkvæmt forsjón Guðs

Þegar atburðir virðast ekki benda á nærveru Guðs skaltu reyna eftirfarandi:

1. **Biddu stöðuglega um skilning.** Bið „Guð Drottins vors Jesú Krists, föður dýrðarinnar, að gefa ykkur anda speki og opinberunar svo að þið fáið þekkt hann“ (Ef 1.17). Einungis Heilagur andi getur sýnt þér ástæðu atvika – kjósi hann það.
2. **Treystu því að Guð vilji þér hið allra besta þó líf þitt geti verið erfitt eða ruglingslegt (Róm 8.28-29).** Forðastu freistinguna að víkja frá Guði þegar á bjátar en haltu sambandi við hann, sama hvað. Guð gæti svo komið þér á óvart með aðferðum sínum.
3. **Líttu á kringumstæðurnar sem Guðs vilja og gefstu honum.** Guð er yfir öllu í alheimi, líka því sem gerist í lífi okkar (Matt 10.29). Þetta þýðir ekki að allt sé frá Guði komið heldur að Guð hafi tök á öllu í lífi þínu.
4. **Sjáðu lífið sem skóla. Guð notar reynslur okkar sem tækifæri til að þroska okkur í ímynd sinni.** T.d. ef þú biður um að vaxa í hógværd gætir þú orðið fyrir rangri eða óréttlátri ásökun.
5. **Í skóla lífsins gætir þú þurft að ná einum bekk til að komast upp í næsta.** Vilji Guð kenna þér heiðarleika gæti hann komið þér í aðstöðu þar sem reynir á heiðarleika þinn. Fallir þú á prófinu mun hann prófa þig frekar þangað til þú nærð. Hlýddu leiðbeiningum Guðs strax samkvæmt leiðbeiningu Biblíunnar og Heilags anda.
6. **Líttu á tækifæri til að starfa fyrir Guð sem persónulegt boð hans um að starfa með honum.** Við þurfum ekki að efast um hvort þetta eða hitt sé frá Guði. Hann leiðir alltaf sbr. ský- og eldstólpann í eyðimörkinni. Svo fremi sem augu okkar og eyru eru opin þá þurfum við ekki annað en að fylgja honum hvert sem hann leiðir okkur.
7. **Reyndu ekki með látum að opna lokaðar dyr—eða vera í fýlu vegna þess að þær eru lokaðar.** Á réttum tíma, að mati Guðs, mun hann opna fyrir þér lokuðu dyrnar.

æfðu þetta

Teiknaðu tímaás í dagbókina þína. Merktu á tímaásinn mikilvæg atvik í lífi þínu. Hugleiddu andlegu áhrifin sem þessi atvik höfðu. Hvað kenndi Guð þér þarna? Var það eitthvað sem þú skildir ekki strax en skilur nú? Hvað geturðu lært af fortíðinni sem getur hjálpað þér áfram? Geturðu séð atvik nú þar sem Guð var til staðar en þér fannst það ekki þá? Bættu á ásinn þinn í komandi viku.



að dýpka trú

Hvað hefur Heilagur andi opinberað þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

trúað á sköpunina

fyrir trú trúi ég því að Guð hafi skapað og treysti því að hann endurskapi

að dýpka
TRÚ

32

YFIRLIT

- **þar sem ég var ekki á staðnum nýti ég mér trúna á Orð Guðs til að skilja hvernig heimurinn var skapaður**
- **allar skoðanir varðandi upphaf heimsins krefjast trúar því enginn getur bent á afgerandi sannanir**
- **Biblían notar sköpun heimsins til að útskýra hvernig endursköpun Jesús getur komið á lífi mínu**

ég var þar ekki

Ég var ekki á staðnum þegar Guð skapaði heiminn. Ekkert okkar var þar. Hvernig getum við þá skilið það sem gerðist við upphaf alls? Skapaði Guð heiminn með orðum? Þróaðist hann á milljónum ára eftir „miklahvell“?

Þar sem við vorum ekki viðstödd byggjast skoðanir okkar á trú. Sumir álfta að skilningur þeirra á upphafi alls byggji á vísindum en engin sönnunargögn eru til um það sem gerðist. Jafnvel meðal þróunarsinna eru skoðanir varðandi upphaf heims heimspekilegar vangaveltur sem vilja breytast með tímanum.

Kristnir geta heldur ekki á grundvelli sannana sagt hvað gerðist við sköpunina. **Eina sönnunin sem við getum bent á grundvallast á þeirri staðreynd að Biblían sjálf sé innblásið orð Guðs til okkar.** Því meðtökum við það sem Biblían segir um það sem við vitum ekki sjálf, - alveg eins og við meðtökum orð hennar varðandi þýðingu dauða Jesú.

Guð blés höfundu Hebreabréfsins í brjóst: „Fyrir trú skiljum við að Guð skapaði heimana með orði sínu og að hið sýnilega varð til af hinu ósýnilega“ (Heb 11.3).

Taktu eftir að Biblían bendir ekki á sönnunargögn til að sanna sköpun heimsins heldur á trú á orð Guðs. Við sjáum í sköpunarsögunni í fyrsta kafla fyrstu Mósebókar að hver dagur hefst með orðunum „Þá sagði Guð...“. Því kjósum við að treysta innblæstri Biblíunnar og svo reynum við að sjá hvernig opinberun Guðs í vísindunum getur stutt við biblíulegan innblástur.

Jesús mælir fram orð endursköpunar

Jóhannesarguðspjall segir að Jesús sé Orðið:

Í upphafi var Orðið og Orðið var hjá Guði og Orðið var Guð. Hann var í upphafi hjá Guði. Allt varð til fyrir hann, án hans varð ekki neitt sem til er (Jóh 1.1-3).

Jóhannes kynnir Jesú með því að benda lesendum til 1. Mósebókar þegar Guð talaði og skapaði heiminn. Hann vill að við skiljum að sami Guð sem talaði og skapaði undurfagan heim úr myrkri og ringulreið muni tala aftur fyrir munn Jesú. Jesús getur gert líf þitt undurfagurt. Kólossubrésið 1.15 segir hreint út að Jesús skapaði heiminn svo það er aldeilis við hæfi að Jesús endurskapi líf okkar.

æfing

1. Lestu 1Mós 1. Hvaða orð mundir þú nota til að lýsa gerð þess heims sem Guð skapaði og aðferð hans við það?

orð sem lýsa sköpun heimsins	
t.d. fagur	

Kíktu aftur á listann þinn. Mörg þessara orða eru lýsingarnar sem eiga við endurskapandi starf Jesú í lífi okkar. Og eins og jörðin var sögð vera „auð og tóm“ og að „myrkur grúfði yfir djúpinu“ (1Mós 1.2) þannig er líf okkar í myrkri en getur endurskapast.

Mikilvægast er að skilja að skilningur okkar á sköpun heimsins og þrá okkar til að verða endursköpuð í mynd Guðs byggist á trú.

hagnýting

2. Hvernig mundir þú útskýra sambandið milli trúar og sannana við útskýringu á kenningum Biblíunnar varðandi upphaf jarðar? Hafa sannanir hlutverki að gegna, hvernig þá?



að dýpka trú

Hvað hefur Heilagur andi opinberað þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

kafað dýpra

1. Þú getur séð útdrátt um það sem Sjöunda-dags aðventistar trúá varðandi sköpunina í Byrjaðu hér 5, Helstu trúarkenningar: 6. Sköpunin.
2. Til að skoða málið betur skaltu lesa um þessa grunnkenningu í bókinni Seventh-day Adventists Believe.

hvað gerist þegar ég dey?

fyrir trú treysti ég því sem Guð segir um líf eftir dauðann

að dýpka
TRÚ

33

YFIRLIT

- **Biblían skilgreinir sálina sem líkama plús anda—allt sem ég er**
- **Biblían kennir að ég hafi ekki meðvitund eftir dauðann**
- **frá upphafi hefur Satan logið því að ég muni ekki raunverulega deyja**
- **Lasarus er dæmi um það sem gerist þegar ég dey**

úr hverju er ég?

Höfundur 1. Mósebókar ritar:

Þá mótaði Drottinn Guð manninn af moldu jarðar og blés lífsanda í nasir hans. Þannig varð maðurinn lifandi vera (2.7).

Þetta er hægt að setja upp sem formúlu, þ.e. að „lifandi vera“ (í öðrum þýðingum þýtt sem „sál“) sé samsetning moldar og anda Guðs (lífs). Margir kristnir guðfræðingar (mótmælendur og kaþólskir) hafa nýlega bent á að **maðurinn hafi ekki sál, hann er sál**. Við erum margslungin samsetning moldar og anda sem ekki er hægt að aðskilja.

hvað gerist þegar ég dey?

Þannig að þegar að Jesús dó þá var enginn hluti hans sem sveif til himins sem „sál“. Jesús sagði við Maríu við gröfina: „Snertu mig ekki. Ég er ekki enn stigin upp til föður míns. En farðu til bræðra minna og seg þeim: Ég stíg upp til föður míns og föður ykkar, til Guðs míns og Guðs ykkar“ (Jóh 20.17).

Hvað segja eftirfarandi vers um það sem gerist þegar ég dey?

1. Préd 9.5 _____
2. Sálm 115.17 _____

Vegna þess að við höfum að vera til þegar við deyjum, nema í huga Guðs, þá vísar Jesús í Jóh 11, til uppvakningar Lasarusar frá svefni eftir að hann hafði verið látinn í fjóra daga. Lasarus hafði ekki stigið upp um leið og hann dó til fullkomnunar himinsins bara til að vera dreginn aftur til þessa synduga heims. Lasarus hafði dáið – hætt að vera til—og svo reisti Jesús hann upp. **Þannig er svefn biblíuleg lýsing á ástandi látinnar persónu**. Það þýðir að a) sá látni er ekki með meðvitund, b) tíminn kemur þegar slíkir verða vaktir upp til nýs lífs.

3. Hvað geturðu lært um dauðann í sögunni um Lasarus í Jóh 11.17-43?

lygin mikla

Hvers vegna trúa þá svo margir á að við förum beint til himins eða helvítis við dauðann? Svarið við þessu hefst þegar Satan freistaði Evu í Eden. Eftir að Eva hafði sagt Satan frá boði Guðs um að snerta ekki einu sinni skilningstré góðs og ills svaraði

Satan:

Þá sagði höggormurinn við konuna: „Sannið til, þið munuð ekki deyja. En Guð veit að um leið og þið etið af honum ljúkast augu ykkar upp og þið verðið eins og Guð og skynjið gott og illt (1Mós 3.4-5).

Þó svo Guð hefði sagt Evu að syndin mundi leið til dauða hélt Satan því fram að hún dæi ekki þótt hún óhlýðnaðist. **Satan vill ekki að nokkur trúi því að „laun syndarinnar sé dauði“ (Róm 6.23).** Hann vill ekki að við trúum því að gjörðir okkar hafi afleiðingar heldur því að við getum lifað eins og við viljum.

spurning um traust

Fáein dæmi eru í Biblíunni um fólk sem var reist upp. Jesús er augljósasta dæmið. En aðrir eru Móse (t.d. Júdas 9) og Lasarus. En við höfum ekki dáið og snúið til baka til að útskýra það sem gerist. En við erum kölluð til að treysta orðum Jesú um líf og dauða þegar hann sagði Maríu og Mörtu „ég er upprisan og lífið. Sá sem trúir á mig mun lifa þótt hann deyi“ (Jóh 11.25).

hagnýting

4. Ef við lifum ekki eftir dauðann hvernig útskýrir þú þá drauga og vofur sem líkjast látnum ástvinum? Hvað græðir Satan á því að sannfæra okkur um að við lifum áfram eftir dauðann?

T

að dýpka trú

Hvað hefur Heilagur andi opinberað þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

kafað dýpra

1. Þú getur séð útdrátt um það sem Sjöunda-dags aðventistar trúa varðandi dauðann í Byrjaðu hér 5, Helstu trúarkenningar: 7. Eðli mannsins og 26. Dauði og upprisa.
2. Til að skoða málið betur skaltu lesa um þessa grunnkenningu í bókinni Seventh-day Adventists Believe.

Guð í fyrsta sæti

það reynir á trúna að setja Guð í forgang

að dýpka
TRÚ

34

YFIRLIT

ástæðan fyrir komu Jesú

Jesús átti sér eitt skýrt markmið: „Ég er stigin niður af himni, ekki til að gera vilja minn heldur vilja þess er sendi mig“ (Jóh 6.38). Hann sagði líka greinilega að þeir sem kysu að verða lærisveinar hans ættu sér sama markmið:

Ekki mun hver sá sem segir við mig: Drottinn, Drottinn, ganga inn í himnaríki heldur sá einn er gerir vilja föður míns sem er á himnum (Matt 7.21).

hver er vilji föðurins?

Tilgangur Jesú var að opinbera lyndiseinkunn Föðurins. Í þúsundir ára hafði Satan lýst Guði föður sem hörðum og miskunnarlausum. Á hinn bóginn sýndi Jesús einungis kærleika og fórnaði öllu sínu fyrir heiminn. Þannig sýndi hann eðli föðurins: „Enginn hefur nokkurn tíma séð Guð. Sonurinn eini, Guð, sem er í faðmi föðurins, hann hefur birt hann“ (Jóh 1.18).

Helsta markmið Jesú hafði með föðurinn og ríki hans að gera; þannig á markmið mitt að vera að einblína á ríki Guðs. Jesús sagði: „En leitð fyrst ríkis hans“ (Matt 6.33).

Að leita fyrst ríkis Guðs er að álíta áform Guðs með líf mitt mikilvægari en eigin

áform. Lífið snýst um að lifa eftir vilja míns himneska föður frekar en eftir eigin hvötum. Slíkt krefst trúar. Ég þarf að vera algerlega viss um að þegar ég lít til Guðs þá sé hann á náinn hátt til staðar varðandi tilgang minn, stefnu og atburði í lífi mínu.

Svo bætti Jesús við „... og réttlætis“. Réttlæti Guðs er allt sem er gott og rétt í fari Guðs – með öðrum orðum: lyndiseinkunn hans. Jesús hvetur okkur til að íhuga gæsku og rétta framkomu Guðs. Það gerði Jesús hér á jörð.

Lestu Matteus 6.25-31:

1. Hve er ástæðan fyrir því að hafa ekki áhyggjur af lífinu? (25. vers).

2. Hvað segir Jesús að geti hindrað þig í að einblína algerlega á Guð?

3. Hvers vegna er trúin frumskilyrði fyrir að setja Guð í forgang? (30. vers).

□ **Jesús kom til að opinbera lyndiseinkunn Föðurins**

□ **forgangsatriði lífs míns er að setja Guð og ríki hans frammar öllu öðru**

□ **forgangsatriði Guðs er að ég endurspegli lyndiseinkunn hans**

□ **ég get ekki opinberað lyndiseinkunn Föðurins nema guðsríki sé mitt forgangsmál**

Að setja Guð í forgang er skilyrði fyrir lærisveina Jesú því það er aðeins með því að lifa lífi sem er algerlega Guði falið að við getum séð Jesú greinilega og þannig opinberað hann.

Ellen White undirstrikar mikilvægi þess að opinbera öðrum lyndiseinkunn Föðurins:

Æðsta athöfn sem hægt er að framkvæma í heimi okkar er að upphefja Guð með því að lifa samkvæmt lyndiseinkunn Krists (6BC 1109).

Mótun lyndiseinkunnar er mikilhæfasta verk sem nokkru sinni hefur verið mönnum falið; og nú sem aldrei fyrr hefur verið jafn mikilvægt að rýna í það (Education 225).

æfðu þetta

Taktu þér stund til að hugsa og biðja varðandi forgang Guðs fyrir líf þitt. Íhugaðu eftirfarandi:

- Hver eru forgangsatriði Guðs fyrir þig í dag?
- Hvað geturðu lært í Biblíunni um þessi forgangsatriði?
- Sérðu eitthvað gerast í lífi þínu núna sem bendir til þess að Guð sé að reyna að beina athygli þinni að öðrum forgangsatriðum en þínum eigin?
- Eru einhver forgangsatriði sem þú ert að glíma við og þarft að biðja meira fyrir?

umvefja í bæn?

Gerðu lista yfir forgangsatriði fyrir næstu viku/mánuð/ár/lífið. Við hvert atriði skaltu skrá sértæk skref sem þarf til að þetta gangi upp.

Í næstu viku skaltu skoða listann dag hvern til að sjá hvort atriðin séu að leiða þig. Svo skaltu líka uppfæra listann öðru hvoru.



að dýpka trú

Hvað hefur Heilagur andi opinberað þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

hvers vegna að taka skírni?

skírni er tákni um traust mitt á Jesú varðandi algerlega allt

að dýpka
TRÚ

35

YFIRLIT

- skírni táknar frelsi frá synd
- skírni táknar dauða syndugs eðlis míns, nýtt líf í Heilögum anda og það að Guð hefur fallið mér hlutverk
- það að skýrast þýðir að að gerast meðlimur líkama Krists—kirkjunnar

lausn úr þrældómi

Þegar Ísraelsmenn flúðu frá Egyptalandi eftir fjögur hundruð ára þrældóm lá leiðin í gegnum Rauða hafið. Guð opnaði þeim leið eftir sjávarbotninum. Þegar þeir komust á land hinumegin og hermenn faraós eltu þá og voru komnir ofan í féll vatnið saman og hermennirnir fórust. Lýður Guðs var nú sannarlega frjáls.

Sagan undirstrikar meginhugmynd skírnarinnar sem lausn úr þrældómi. Ísraelsmenn Guðs voru raunverulegir þrælur í Egyptalandi og þannig erum við raunverulegir þrælur syndarinnar. En fyrir yfirnáttúrulegan mátt Guðs frelsaðist lýður hans með því að fara gegnum hafið. Eins erum við frelsuð frá synd er við förum á táknrænan hátt í skírnarvatnið því þar með sýnum við heilshugar trú okkar á það sem frelsarinn Jesús hefur gert fyrir okkur.

skírni Jesú

Skírni Jesú er bæði dæmi og útskýring að því hvað skírni táknar. Lúkas lýsir því svona:

Er allt fólkíð lét skýrast var Jesús einnig skírður. Þá bar svo við, er hann gerði bæn sína, að himinninn opnaðist og heilagur andi steig niður yfir hann í líkamlegri mynd, eins og dúfa, og rödd kom af himni: „Þú ert minn elskaði sonur, á þér hef ég velpóknun.“ En Jesús var um þrítugt er hann hóf starf sitt (3.21-23).

Sjáðu þrjá þætti sögunnar. Í **fyrsta lagi** fór Jesús niður að vatninu sem táknar gröfina. Í **öðru lagi** bað Jesús um og fékk Heilagan anda sem veitir guðlegan mátt og vísu. Í **þriðja lagi** var eðlilegt framhald það að Jesús hóf þjónustu sína í mætti Heilags anda. Skoðum þetta nánar.

skírnin táknar dauða fyrra lífs míns

1. Hvað kennir Rómverjabréfið 6.3-7 okkur um skírnina?

ég skýrist til nýs lífs í Heilögum anda

2. Hvað táknar skírnin í Galatabréfinu 3.26-27?

skírnin sem upphaf þjónustu minnar

3. Hvað gat Jesús gert eftir að hann fyllist guðlegum mætti Heilags anda?

i) Lúkas 4.1-3 _____

ii) Lúkas 4.14-19 _____

skírð til líkama Krists

4. Hver er afleiðing skírnar Andans? 1Kor 12.13?

Við sáum í 4. kafla Lúkasar að skírnin leiðir til boðunar. Kirkjan er kölluð líkami Krists í Nýja testamentinu og það er með kirkjunni sem Jesús stjórnar boðun sinni á jörðu. **Því er það að þegar við skírumst þá erum við skírð til Krists og verðum sjálfkrafa hluti líkama hans, kirkjunnar.**

hagnýting

5. **Ef þú hefur ekki enn ákveðið að skírast:** Hvað varnar þér því að fylgja fordæmi Jesú og taka skírn?

6. **Ef þú hefur þegar tekið skírn:** Var skírn þín sem dyr til boðunar? Hvað getur þú gert til að auka þátttöku þína í starfi líkama Krists?



að dýpka trú

Hvað hefur Heilagur andi opinberað þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

kafað dýpra

1. Þú getur séð útdrátt um það sem Sjöunda-dags aðventistar trúa varðandi skírnina í Byrjaðu hér 5, Helstu trúarkenningar: 15. Skírn.
2. Til að skoða málið betur skaltu lesa um þessa grunnkenningu í bókinni Seventh-day Adventists Believe.

mun fólk kveljast eilíflega í helvíti?

fyrir trú treysti ég því sem Guð segir um helvíti

* Sumt efni þessa kafla er úr bókinni Adventists Believe.

að dýpka
TRÚ

36

YFIRLIT

vandinn við grískar hugmyndir

Sagt hefur verið að kenningin um eilífan vítiseld hafi gert fleiri fráhverfa kristni en nokkuð annað. Einn vandi við þessa kenningu er að fólk kann að fylgja Guði af ótta við eldinn frekar en af kærleika. En Guð vill að samband okkar við hann grundvallist á kærleika því „Guð er kærleikur“ (1Jóh 4.8).

Kenningin um að þeir sem afneiti Guði muni brenna í vítiseldi í milljónir ára byggist á þeirri röngu hugmynd að mannverur hafi í sér ódauðlega sál. Hugmyndin barst inn í kristnina úr grískri heimspeki og svo var Biblían lesin með þeim gleraugum. William Temple, erkibiskup, segir:

Eitt getum við sagt með viss um: Eilífar kvalir standast ekki. Ef menn hefðu ekki flutt inn hina grísku og óbiblíulegu hugmynd um varanleika sérhverrar sálar, og svo lesið Nýja testamentið með það sem bakgrunn, hefðu þeir sett fram úr því (Nýja testamentinu) kenningu um tortímingu, ekki eilífar kvalir. Það er eldurinn sem er aeonian (eilífur), ekki lífveran sem varpað er í hann (Christian Faith and Life, 81).

Við höfum séð í öðrum kafla að hugmyndin um að deyja aldrei er lygi sem Satan setti fram í Edensgarðinum þegar Satan sagði Evu að Guð væri ekki að segja satt þegar hann sagði að óhlýðni leiddi til dauða (1Mós 3.2-3).

helvíti og dómurinn

Orðið „helvíti“ eða „víti“ í Biblíunni er þýðing á hebreska orðinu „sheol“ og gríska orðinu „Hades“. Þessi orð vísa venjulega til grafarinnar þar sem bæði réttlátir og óréttlátir bíða upprisunnar og dómsins. En gríska orðið „gehenna“ er líka þýtt sem helvíti en það orð vísar til refsingar í eldi eftir síðasta dóm yfir þeim sem hafa hafnað Guði í þessu lífi. Orðið Ghenna kemur úr hebresku, Ge Hinnom, þ.e.

„Hinnomssonardalur“, sem er gjá suður af Jerúsalem. Áður fyrir brenndu Ísraelsmenn börn sín til að þóknast guðinum Mólok (2Kron 28.3). Jeremía spáði fyrir um að vegna þessarar syndar mundi Drottinn gera dalinn að „Drápsdal“ þar sem lík Ísraelsmanna mundu verða brennd (Jer 7.32-33). Þannig fóru Ísraelsmenn að líta á staðinn sem stað dóms, refsingar og skammar. Síðar fór gyðinghefðin að líta á staðinn sem brennandi ruslahauga. Jesús notaði elda Hinnoms til að tákna helvíti (Matt 5.22; 18.9). Þannig tákna eldar Hinnoms eld hins hinsta dóms.

1. Hvað segir Jesús að tortímist í helvíti? Matt 10.28.

Biblían lofar réttlátum eilífu lífi en syndurum eilífum dauða—ekki endalausum vífiskvölum (Róm 6.23). Biblían kennir að hinir illu muni glatast, verða að engu gjörðir (2Pess 1.9; Heb 2.14), hverfa (Sálm 104.35), að þeir muni ekki lifa með meðvitund heldur upp brenna (2Pét 3.10).

- Guð vill að ég fylgi honum af kærleika
- hugmyndin um eilífa refsingu byggist á grískri kenningu um að við deyjum aldrei. Þessi hugsun náði rótum í kristindómi
- tímalengd vítiseldsins fer eftir eðli eldsneytisins
- vítiseldurinn gerist á ákveðnum tíma eftir dómsuppkvaðningu yfir heiminum

hversu lengi brennur helvíti?

2. Lestu 2Pét 2.6 og Júdas 7. Hve lengi brann „eílífi eldurinn“ sem eyddi Sódómu og Gómorru og hvað er okkur ætlað að læra um orðið „eílífur“?

Eldurinn logaði þangað til enginn eldsmatur var effir og þá slokknaði hann. Þegar Jesús talaði um eílífa refsingu (Matt 25.46) var hann ekki að tala um eílífa hirtingu. **Refsingin er varanleg—eílíf—en ekki sem stöðug og meðvituð upplifun því manneskjan er látin og veit ekkert.**

Biblían notar einnig orðasambandið „aldir alda“ um kvalir hinna illu (Opb 14.11; 19.3; 20.10) og hafa margir ályktað að Satan og syndarar verð kvaldir inn í eílífðina. **En—skilgreiningin á „aldir alda“ ákvarðast af eldsneytinu sem vísað er til—eins og með orðið „eílíft“.**

3. Lestu Jesaja 34.9-10. Hvað lærum við um lengd og takmörk elda Guðs af dæminu um dóm Guðs yfir Edóm?

hagnýting

4. Hvernig myndir þú útskýra helvíti fyrir vini sem óttast Guð?



að dýpka trú

Hvað hefur Heilagur andi sýnt þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

kafað dýpra

1. Þú getur séð útdrátt um það sem Sjöunda-dags aðventistar trúa varðandi helvíti í Byrjaðu hér 5, Helstu trúarkenningar: 27. Þúsund ára ríkið og endir syndar.
2. Til að skoða málið betur skaltu lesa um þessa grunnkenningu í bókinni Seventh-day Adventists Believe.

Lærum að tjá lofgjörð

lofgjörð er trú sem tjáð er í þakkargjörð og söng

að dýpka
TRÚ

37

YFIRLIT

hvernig lærum við lofgjörð?

Charles Haddon Spurgeon var breskur prestur á 19. öld. Hann er talinn vera mesti prédikari allra tíma. Vikulegar ræður hans seldust bókstaflega í tonnavís. Ein bóka hans er "The Practice of Praise: How to develop the habit of abundant, continual praise in your daily life". Þar nefnir hann **þrjú skref til að æfa lofgjörð**, byggð á Sálm 145.7: „Þær víðfrægja mikla gæsku þína og fagna yfir réttlæti þínu.“

þrjú skref

- Ég ástunda að lífa kringum mig.** „Þær víðfrægja mikla gæsku þína.“ Til að muna gæsku Guðs þarf ég fyrst að taka eftir henni. Lífi ég ekki í kringum mig til að sjá gæsku Guðs hef ég ekkert til að lofa hann fyrir.
- Hvað get ég séð í efnislega heiminum sem minnir mig á gæsku hans?** Gef ég gaum að fegurð og margbreytileika sköpunar hans? Hef ég tekið eftir samhljómi náttúrunnar? Og kannski það sem mikilvægar er: Hvað sé ég á andlega sviðinu sem mig langar að lofa hann fyrir? Hef ég tekið eftir blessunum sem hjálpræðið hefur veitt mér eða vöxt annarra í bæn og náð? Því meiri tíma sem ég skoða þeim mun meira sé ég og þannig hef ég meiri ástæðu til að lofa föður minn.

Ég ástunda að muna það sem ég hef séð. Get ég munað það sem Guð hefur gert í Biblíunni? Man ég þegar Guð greip inn í líf mitt með gæsku sinni – stundum með honum í náttúrunni, við trúarathafnir, þegar guðleg forsjón setti mig í samband við fólk? Hef ég þessi atvik í huga svo þau verði varanlegir vegvísar á leið minni til að minna mig á tilgang Guðs með líf mitt?
- Ég ástunda að tala um það.** „Þær víðfrægja.“ Sem hjalandi lækur eða lind er mér ætlað að lofa Guð taumlaust fyrir gæsku hans. Við það eflist ég og allir umhverfis mig.

ástæður fyrir því að víðfrægja gæsku Guðs

Spurgeon nefnir fimm ástæður fyrir því að lofa gæsku Guðs.

Í fyrsta lagi ættum við sífellt að lofa Guð. Við getum ekki annað því sannleikurinn um gæsku Guðs knýr okkur til frásagnar.

Í öðru lagi ættum við sífellt að lofa Guð því í samfélagi okkar eru óteljandi raddir sem reyna að hindra að Guð sé lofaður. Því meir sem samfélagið andmælir Guði því meir ættum við að tjá okkur um hann.

- **lofgjörð er vani sem kemur ekki af sjálfu sér**
- **lofgjörð byggist á að stöðuglega (1) fylgjast með því sem Guð gerir kringum mig, (2) muna það sem ég hef séð og (3) tala um það sem ég hef séð**
- **lofgjörð tengist beint gæsku og mikilleika Guðs**
- **lofgjörð er trú sem tjáð er í þakkargjörð og söng**

Í þriðja lagi ættum við sífellt að lofa Guð til að bera þeim vitni sem þekkja hann ekki. Lofgjörð er ekki aðallega einkamál, hún þarf áheyrendur – bæði Guð sem lofgjörðin beinist að og nágranna okkar sem þurfa að vita að Guð er raunverulegur og að kristilegt líf er þess virði að tileinka sér það.

Í fjórða lagi ættum við sífellt að lofa Guð til að hvetja trússystemi okkar. Oft finnst þeim sem glíma við erfiðleika þeir vera einir og í sjálfheldu. Lofgjörð uppörvar þá.

Í fimmta lagi ættum við sífellt að lofa Guð til að gefa honum dýrdina—því Guð er þess verðugur. Lofgjörð er athöfn sem alheimurinn stundar stöðuglega. Hvernig getum við orðið eftirbátar ef við höfum hlotið hjálpræði frá eillfri fordæmingu? Annar höfundur hvetur til slíkrar lofgjörðar:

Kennum hjörtum okkar og vörum að lofa Guð fyrir óviðjafnanlegan kærleika hans. Kennum sálum okkar að fyllast von og dvelja í ljósinu sem skín frá Golgata. Við megum aldrei gleyma því að við erum börn hins himneska konungs, synir og dætur Drottins allsherjar. Það eru forréttindi okkar að njóta hljóðláttrar hvíldar í Guði (Ministry of Healing, 253).

æfðu þetta

Taktu nokkrar mínútur til að gera það sem Spurgeon leggur til:

4. Tilefni í umhverfi mínu til að lofa Guð:

5. Ástæður lofgjörðar í ljósi þess sem Guð hefur gert fyrir mig:

6. Fólk sem ég get hvatt með lofgjörð minni í nærveru þess:

Notaðu dagbók þína til að skrá á hverjum degi í komandi viku lista yfir ástæður til að lofa Guð.



að dýpka trú

Hvað hefur Heilagur andi sýnt þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

endurkoma Jesú

fyrir trú treysti ég fyrirheiti Jesú um að hann komi aftur og taki mig til sín

að dýpka
TRÚ

38

YFIRLIT

fyrirheit Jesú

Jesús kom til jarðar sem barn en hann sagði lærisveinum sínum að hann kæmi aftur einhvern tíma í framtíðinni.

Hjarta yðar skelfist ekki. Trúið á Guð og trúið á mig. Í húsi föður míns eru margar vistarverur. Væri ekki svo hefði ég þá sagt yður að ég færi burt að búa yður stað? Þegar ég er farinn burt og hef búið yður stað kem ég aftur og tek yður til mín svo að þér séuð einnig þar sem ég er (Jóh 14.1-3).

Þó við getum ekki sagt til um framtíðina getum við treyst orðum Jesú um endurkomuna. Þessi fullvissa um endalok syndar og þjáninga geta veitt okkur mikla huggun og frið. Endurkoma Jesú segir okkur að dómi yfir heiminum hafi verið fullnægt. **Þannig að nauðsynlegt er að vera tilbúin fyrir komu hans viljum við verja eilífðinni með honum.** Jesús veitir okkur fjölda upplýsinga um endurkomu sína í Matteusi 24. kafla:

1. Hvert er mikilvægasta táknið um endurkomu Jesú? Matt 24.3-14.

2. Hvað segir Jesús að muni vernda okkur fyrir hverjum sem hermir eftir endurkomu hans? Matt 24.22-27.

3. Hvernig mun Jesús birtast? Matt 24.30-31.

4. Hvað vill Jesús að við vitum til að vera undirbúin fyrir endurkomu hans? Matt 24.32-33.

5. Hvað vitum við um tímasetningu endurkomunnar? Matt 24.36-44.

□ **Jesús lofað að koma aftur til jarðar og sækja fólk sitt til að það verði með honum**

□ **endurkoma Jesú verður ekki leynileg heldur opinber og heimsvíðtækur atburður**

□ **enginn veit hvenær Jesús kemur aftur, aðeins Guð faðirinn**

□ **ég get undirbúið mig fyrir endurkomuna með því að (1) halda sambandi við Heilagan anda, (2) nota þær Guðs gjafir í hans þágu og (3) þjóna öðrum**

hvernig við lifum meðan við bíðum

Jesús útskýrði fyrir lærisveinum með þremur dæmisögum í Matteusi 25. kafla hvernig þeir ættu að undirbúa sig fyrir endurkomuna. Lestu allan kaflann og skráðu kjarna hverrar sögu:

6. Dæmisagan um meyjarnar tíu

7. Dæmisagan um þjónana þrjá

8. Dæmisagan um sauðina og hafrana

hagnýting

9. Hver dæmisagnanna talar sterkast til þín? Hvað þarftu að gera miðað við það sem þú hefur lært?



að dýpka trú

Hvað hefur Heilagur andi sýnt þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

kafað dýpra

1. Þú getur séð útdrátt um það sem Sjöunda-dags aðventistar trúa varðandi helvíti í Byrjaðu hér 5, Helstu trúarkenningar: 25. Endurkoma Krists.
2. Til að skoða málið betur skaltu lesa um þessa grunnkenningu í bókinni Seventh-day Adventists Believe.

kristin sjálfsmynd mín

ég trúi að sjálfsmynd mín er mótuð af sjálfsmynd Jesú

hvaðan höfum við sjálfsmynd okkar?

Hvað gerir þig að þér? Það sem þú átt? Það sem þú veist? Þeir sem þú þekkir? Það sem aðrir álíta um þig?

Þegar við verðum kristin og „endurfæðumst“ hljótum við nýja sjálfsmynd. Við erum ekki lengur það sem fólk telur okkur vera heldur eins og Guð sér okkur.

Auðvelt er að gleyma sjálfsmynd okkar í Kristi. Hér er könnun til að hjálpa þér að sjá hvernig þú sérð þig. Gott er að skilja hvernig við hugsum og hvað okkur finnst því það hjálpar okkur í framtíðinni að einbeita okkur að því sem skiptir máli.

Settu X á þann stað línunnar sem best lýsir því sem þér finnst og svaraðu heiðarlega. Ekki merkja við það sem þér finnst að ætti að vera rétt því þú vilt skilja hvað þér finnst um þig og sjálfsmynd þína í dag.

1	Mér finnst ég njóta mestrar ástar þegar... ég veit að vinir og fjölskylda elska mig	ég veit að Guð elskar mig
2	Ég nýt mests öryggis þegar... ég veit að Guð meðtekur mig án skilyrða	öðrum líkar við mig
3	Mér finnst ég einhvers virði þegar... öðrum finnst ég vera ég einhvers virði	Guði finnst ég einhvers virði
4	Ég finn til mests öryggis þegar ég reiði mig á... mátt Guðs	mig
5	Sá sem mun sjá um mig er... ég	Guð
6	Tilgangur lífsins er að... heiðra Guð	njóta lífsins
7	Fjölskyldan sem skiptir mig mestu er... fjölskylda Guðs	jarðnesk fjölskyldan mín
8	Helsta ábyrgð lífsins snertir... það sem tengist guðsríki	að sinna eigin þörfum
9	Þegar ég íhuga framtíðina... veit ég að Guð passar að allt sé mér ætíð í hag	óttast ég
10	Það sem stýrir lífi mínu er		
a	Trú	Það sem ég sé
b	Reynsla af Guði	Kenningin um Guð
c	Að fórna fyrir Guð	Að eignast sem mest
d	Hlýðni við Guð	Að vita um Guð
e	Að reiða mig á það sem Jesús hefur gert fyrir mig	Að ég geri það sem þarf
f	Að þjóna öðrum	að þjóna mér
g	Samskipti við Guð	Að fylgja reglum

YFIRLIT

- **sjálfsmynd mín sem kristinnar persónu mótast algerlega af lyndiseinkunn, lífi og hlutverki Jesú**

að verða ný sköpun

Páll segir: „Ef einhver er í Kristi er hann orðinn nýr maður, hið liðna varð að engu, nýtt er orðið til“ (2Kor 5.17). Sem sagt, að þegar við tengjumst Jesú verður til ný sjálfmynd – hann. Þá erum við ekki lengur hluti af viðhorfi og hlutum ríkis Satans hér á þessari syndugu jörð. Þetta gjörbreytir hvernig við lítum á okkur sjálf og líf okkar.

Lestu eftirfarandi lista. Flettu upp ritningarstöðunum. Byrjaðu á þeim þáttum sem höfða mest til þín. Hvað er mikilvægasta atriðið varðandi sjálfsmynd þína í Jesú?

ég upplifi

1. ELSKU

- Ekkert getur skilið mig frá kærleika Guðs (Róm 8.37-39)
- Guð elskar mig og hefur útvalið mig (1Pess 1.4)

2. ÖRYGGI

- Mér er fyrirgefið á grundvelli yfirgnæfandi náðar Guðs (Ef 1.7-8)
- Ég hlýt ekki dóm fyrir gamlar syndir (Róm 8.1-2)
- Ég hef hlotið innsigli Heilags anda (Ef 1.13)

3. AÐ VERA EINHVERS VIRÐI

- Ég er dýrmæt eign Guðs (5Mós 14.2)
- Ég umbreytist í líkingu Guðs (2Kor 3.18)

4. EFLINGU

- Guð er í mér eins og Jesús er í föðunum og faðirinn í Jesú (Jóh 17.20-22)
- Ég get gert allt sem Guð vill því hann veitir mér mátt (Fil 4.13)

5. VIÐURVÆRI

- Ég hef beinan aðgang að háseti Guðs með allar þarfir minar (Heb 4.14-16)
- Sá Guð sem dó til að frelsa mig mun vissulega gefa mér allt sem ég þarfnast (Róm 8.31-32)

ég á mér

1. NÝTT MARKMIÐ

- Að gefa Guði dýrð með því að sýna öðrum lyndiseinkunn hans (Jóh 15.8)
- Að gera góðverk fyrir Guð (Ef 2.10)

2. NÝJA FJÖLSKYLDU

- Ég er hluti af fjölskyldu himinsins – barn Guðs (Jóh 1.12)
- Ég er hluti fjölskyldu Guðs hér á jörðu – kirkju hans ((Róm 12.5)

3. NÝJA ÁBYRGÐ

- Ég er verði keyptur (1Kor 6.19-20)
- Ég er fulltrúi guðsríkis (2Kor 5.20)
- Ég er konunglegur prestur Guðs (1Pét 2.9)
- Ég er samstarfsmaður Guðs (1Kor 3.9)

4. NÝJA FRAMTÍÐ

- Þar sem allt verkar til góðs (Róm 8.28)
- Arleifið mín er á himni (1Pét 1.3-4)

ég lifi í

1. TRÚ

- Ég lifi í trú án þess að sjá (2Kor 5.7)

2. REYNSLU

- Ég get notið innri styrks (Ef 3.16-19)
- Ég endurnýjast daglega (2Kor 4.16)

3. FÓRNFÝSI

- Ég á að vera lífandi fórn (Róm 12.1-2)
- Mér áskotnast allt við að treysta algertlega á Jesú (Fil 1.21)

4. HLÝÐNI

- Hlýðni fullkomnar kærleika Guðs í mér (1Jóh 2.5-6)

5. SAMBANDI

- Ég get ekkert án Guðs (Jóh 15.1-4)

6. ÞJÓNUSTU

- Þjónusta við aðra gengur fyrir hjá Guði sjálfum (Fil 2.1-8)



að dýpka trú

Hvað hefur Heilagur andi sýnt þér og hvernig þarftu að bregðast við?

kynlíf og hjónaband

að læra að treysta áformum Guðs um að sýna dýrð hans með guðlegri elsku

að dýpka
TRÚ

40

YFIRLIT

sköpuð til að opinbera Guð kærleikans

Guð er kærleikur (1 Jón 4.8). Lýsingar Biblíunnar á guðlegri elsku beinast að umhyggju, fórnfýsi og þjónustu við aðra (1Kor 13). **Guðleg elska lítur því út á við.** Öll sköpun Guðs spratt frá elskandi hjarta hans og átti að sýna elsku hans. Þar sem Guð skapaði mig sem kynveru ætti kynlífið að snúast um ást sem veitir öðrum unað—maka mínum. **En snúist ástin inn á við til að fullnægja eigin tilfinningum og þrám verður hún að losta.** Klám og sjálfsfróun ber að forðast því slíkt snýst aðeins um eigin nauð. Því afskræma **þessar kynlífsathafnir biblíulegu hugmyndina um ást og hamla þannig áformi Guðs fyrir mig sem kynveru og afskræmir að lokum hvernig kærleiklyndiseinkunn opinberast í mér.**

Guð skapaði líka menn og konur í sinni mynd og var sagt að marfaldast og uppfylla jörðina með hjónabandinu (1Mós 1.26-28). Með því að hlýða þessu mundi dýrð Guðs—með þeim sem bæru ímynd hans og opinberuðu lyndiseinkunn hans og áform—breiðast um jörðina. Þannig að ef við einhvern tíma ákveðum að endurskilgreina ást og hjónaband í andstöðu við áform Guðs um kærleikann þá mun ímynd Guðs og áform um að opinbera dýrð hans í heiminum afskræmast og skemmast. Persónulega getur það að lifa utan við áform Guðs varðandi kærleikann eyðilagt sambönd okkar og skilið eftir djúp og afgerandi ör í hjarta okkar. Augljóslega er þetta stórt málefni en hér á eftir eru nokkur lykilatriði sem hjálpa okkur að skilja kynvitund eins og Guð skapaði hana og verja okkur fyrir útbreiddum goðsögnum um kynferðislegt frelsi í samtíma okkar.

hjónabandið skilgreint

1. Hugmyndin um hjónabandið á upphaf sitt við sköpun heimsins. Hvaða ástæða er gefin fyrir sköpun Evu? 1Mós 2.15-20.

Ekki er alveg strax augljóst hvers vegna Guð skapaði Evu á eftir Adam nema til að leggja áherslu á að Eva átti að vera félagi Adams við framkvæmd verkefnanna sem Guð hafði gefið honum. Eva er ekki mótuð úr moldu jarðar eins og Adam heldur er hún sköpuð úr rifbeini hans. Sagt hefur verið að sköpun Evu úr rífi Adams undirstriki jafnrétti og nán tengsl þeirra. En í Nýja testamentinu sjáum við líka hliðstæðu milli Jesú og kirkjunnar. **Því eins og tilvera Evu er algerlega háð tilveru Adams þannig varð kirkjan til og er algerlega háð nærveru Jesú.** Þannig verður hjónabandið mikilvægt tákni til að skilja hvernig Guð lítur á og kemur fram við lýð sinn.

2. Hvað annað geturðu lært um áform Guðs fyrir hjónabandið í 1Mós 2.21-25?

- *elska sem beint er inn á við verður losti og afmyndar því kærleikslyndiseinkunn Guðs sem opinberast í mér*
- *ef ég fer út fyrir ramma Guðs til að tjá ást verð ég ófær um að uppfylla markmið Guðs um að opinbera dýrð hans sem sá er ber ímynd hans*
- *kynhegðun hefur verið ákvörðuð af skapara mínum*
- *hjónabandinu var ætlað tveimur manneskjum til að sameinast um að vinna verk Guðs*
- *kall mitt er að vera kynferðislega hreinn fyrir og eftir hjónavígslu*
- *mér ber að sýna öðrum náð og kærleika þegar þeim verður á*
- *sumt fólk getur Guð notað betur ef það er einhleypt frekar en í hjónabandi*

3. Hvers vegna varar Guð okkur við að ganga ekki í hjónaband með fólki sem trúir ekki eins og við? 2Kor 6.11-18 og Mal 2.15.
-

kynlíf og hjónaband

4. Hvað segir Biblían um kynlíf fyrir hjónaband? Hebr 13.4.
-

5. Hvaða ástæður eru gefnar í 1Kor 6.15-20 fyrir kynferðislegum hreinleika, bæði innan og utan hjónabands?
-

6. Hvað segir Biblían að muni gerast ef við stundum kynlíf sem er utan við áform Guðs? Róm 1.18-27.
-

7. Hvað kennir Jesús okkur um hvernig við eigum að hugsa um hórdóm? Matt 5.27-30.
-

einlífi

Ekki eru allir í hjónabandi eða vilja vera það. En fyrir þá sem eru einhleypir en eru að íhuga hjónaband þá gæti verið gagnlegt að lesa leiðbeiningar Páls í 1Kor 7.25-40. Samhengið hjá Páli er um að vegna tímanna sem við lifum á þá þarf hjónaband ekki að vera sjálfgefið. Svo **áður en gengið er í hjónaband er gott að ígrunda möguleikann á einlífi og hvernig það getur nýst guðsríki betur en hjónaband.**

hvað er viðeigandi?

Stundum getur verið erfitt að að vita hvað sé eðlileg kynhegðun, bæði fyrir og eftir hjónaband. Hér koma nokkrar gagnlegar spurningar til íhugunar þegar verið er að vinna í málunum:

- Er ég að fylgja þeim náttúrulögmálum sem Guð skapaði líkama minn fyrir?
- Er málið að sýna öðrum ást eða sinna sjálfnu? Þ.e. er þetta ást eða losti?
- Endurspeglar þessi hegðun lyndiseinkunn Guðs í lífi mínu?
- Fylgi ég leiðsögn Guðs eða sinni ég löngunum mínum fyrst?

áskorun syndugs eðlis okkar

Stóra áskorunin er að við erum öll fallin og syndug og lifum í föllnum og syndugum heimi. Hugsanir og tilfinningar okkar í dag eru ekki þær sömu og ætlaðar voru okkur samkvæmt Biblíunni. Því getur okkur langað til að lífa á skjön við áform Guðs.

Áskorunin er því að kenningar Biblíunnar skipi æðri sess en okkar eigin tilfinningar – að leyfa Heilögum anda Guðs að endurmóta líf okkar samkvæmt orðum Guðs. Og Guð lofar að gera þetta fyrir okkur. Og þar sem við eigum öll í þessu stríði á einhverjum sviðum lífs okkar erum við kölluð til að sýna hvert öðru mildi og kærleik er við glímum við að heiðra Guð í þessari hringiðu mannlegs veikleika.

hagnýting

8. Hvað er það nauðsynlegasta sem þú þarft að gera nú varðandi trú og hegðun?

að dýpka trú

Hvað hefur Heilagur andi sýnt þér og hvernig þarftu að bregðast við?



hverjum geturðu deilt þessu með?

kafað dýpra

1. Þú getur séð útdrátt um það sem Sjöunda-dags aðventistar trúa varðandi kynlíf og hjónaband í Byrjaðu hér 5, Helstu trúarkenningar: 23. Hjónaband og fjölskyldan.
2. Til að skoða málið betur skaltu lesa um þessa grunnkenningu í bókinni Seventh-day Adventists Believe.

athugasemd: val á maka

Hér eru sex biblíulegar meginreglur fyrir þá sem íhuga hjónaband. Þær er að finna í leiðbeiningum Guðs við val á konu handa Ísak í 1. Mósebók 24. Þessar biblíulegu meginreglur gagnast í dag þrátt fyrir allt aðrar kringumstæður.

1. **Guð veitir leiðsögn fyrir vegferðina framundan (6. og 7. vers).** Við brottför þjónsins segir Abraham honum: „Hann (Guð) mun senda engil sinn á undan þér, að þú megir fá syni mínum konu þaðan (7. vers). Abraham var sannfærður um að Guð mundi ekki einungis gera ferðina árangursríka heldur að hann mundi einnig senda boðbera frá himni til að undirbúa málið svo það leystist vel. Þjónninn þurfti ekki að berjast fyrir málinu. Hann hóf för sínar sannfærður um að Guð leiddi hann. Guð leiðir því hættur leynast alls staðar. Við þurfum að glíma við eigið svikula hjarta okkar (Jer 17.9). Einnig þurfum við að forðast Satan sem „er önnum kafinn við að sameina einstaklinga sem passa engan veginn saman“ (EGW, 2T, 248).

- 2. Treystu Guði fyrir valinu (12. vers).** Þjónninn bað: „Drottinn, Guð Abrahams, húsbónda míns. Vertu með mér í dag og auðsýndu Abraham, húsbónda mínum, miskunn.“ Þjónninn viðurkenndi að það var undir Guði komið að allt gengi upp. Þetta er okkur erfitt því okkur finnst við hæf til að velja rétt. En þar sem við sjáum ekki inn í framtíðina er mikilvægt fyrir okkur að treysta visku Guðs því „einlægur kristinn einstaklingur mun ekki fara í þessa átt án þess að vera viss um að Guð blessi framgang hans. Hann mun ekki vilja velja sjálfur heldur að Guð velji fyrir hann“ (EGW, AH, 43). Það dásamlega er að val Guðs er okkur alltaf fyrir bestu. Við þurfum ekki að óttast að honum skjátlist.
- 3. Bíddu þangað til þú sérð „meginreglu samræmingarinnar“ (13. og 14. vers).** Þjónn Abrahams biður nú um tákni til að staðfesta að hann hafi fundið réttu stúlkuna. Hún skyldi ekki aðeins bjóða honum, ókunnugum, að drekka heldur líka bjóðast til að brynna úlföldunum. En þjónninn bað ekki um þetta tákni bara út í loftið. Höfundur nokkur bendir á smávegis sem er e.t.v. mikilvægast í þessari sögu: „Á heimili meistara síns var hann vanur stöðugri gæsku og gestrisni og hann bað nú að góðverk mundi benda á stúlkuna sem Guð hafði valið“ (EGW, PP, 172). Þjónninn bað um tákni sem mundi sýna hvort lunderni Rebekku samræmdist geðslagi fjölskyldu Ísaks. Og það sem meira er, hún mundi líka samræmast stærra áformi Guðs varðandi sáttmálann milli hans og Abrahams. Þessi meginregla samræmingar virkar á tvo vegu. Í fyrsta lagi leitar hún samræmis persónuleikanna. Í öðru lagi, sem er kannski mikilvægara, þá leitar hún samræmis varðandi stefnu. Stefna gildi okkar, markmið og andleg vegferð í sömu átt? Hefur hin persónan sömu sýn á tilgang lífs míns sem Guð hefur þegar byrjað að sýna mér? Í upphafi var Eva sköpuð sem „meðhjálpar“ í áformi Guðs en ekki bara sem hitapúði handa Adam. Áður en við bindumst einhverri persónu þurfum við að sjá þessa meginreglu samræmingar virka, sérstaklega varðandi áform Guðs með líf okkar.
- 4. Þú munt sjá að Guð hefur valið (26. og 27. vers).** Áður en Rebekka hleypur heim til að segja frá „þá varpaði maðurinn sér til jarðar og laut Drottinn djúpt“ (26. vers). Þótt hann hafi ekki enn hitt fjölskyldu Rebekku var hann sannfærður um að Guð hafði valið. En það var ekki bara þjónninn sem var sannfærður því „(Rebekka) trúði vegna þess sem hafði gerst að Guð hefði kosið hana sem eiginkonu Ísaks“ (sama, 173). Bæði sáu þau Guð að verki.
- 5. Varaðu þig á táknum – bíddu effir staðfestingu á leiðsögn Guðs (33.-49. vers).** Þó þjónninn hafi beðið um ákveðið tákni reiknaði hann ekki með að fjölskyldan liti eins á málið. Fyrir matinn lýsti hann fyrir fjölskyldunni því sem hafði gerst og bað svo um leyfi til að snúa heim til sín með Rebekku. Ekki eins og í skólanum mínum. Komið var til vinar míns og sagt að „Guð hefur sýnt mér að við eigum saman.“ En Guð hafði ekki sagt neinum öðrum. Hvernig sem leiðbeining Guðs birtist þá þarf hún að staðfestast.
- 6. Aðrir munu staðfesta val Guðs (28.-31., 50. og 51. vers).** Þegar Laban, bróðir Rebekku, heyrir sögu hennar fer hann út á móti þjóninum og segir „blessaður sértu af Drottni“ (31. vers). En hvernig vissi Laban að þetta væri ekki blekkingarvefur? Einhvern veginn skynjaði Laban að Guð væri að verki. Stuttu síðar var föður Rebekku, Betúel, sagt frá málavöxtum. Svo þegar þjónninn spurði þá állits svöruðu þeir báðir: „Þetta er frá Drottni komið. Við getum ekkert sagt“ (50. vers). Guð var augljóslega að starfa þannig að öðrum var það ljóst. Þegar Guð er að verki mun guðhrætt fólk náði þér skynja það.





HVERNIG VAR MÉR ÆTLAÐ AÐ LIFA?

NEÞRÁ

BYRJAÐU HÉR	B
<i>að leggja</i> UNDIRSTÖÐUR	1
<i>að þrá</i> EINLÆGNI	2
<i>að dýpka</i> TRÚ	3
<i>að reiða sig á</i> GUÐLEGAN MÁTT	4
<i>að taka þátt í</i> STARFI GUÐS	5



Eins hef ég beðið Drottin, það eitt þrái ég, að ég fái að dveljast í húsi Drottins alla ævidaga mína til þess að horfa á yndisleik Drottins og leita svara í musteri hans.

Sálmarnir 27.4

hagnýtar leiðbeiningar um göngu með Guði

G A V I N A N T H O N Y

hægt er að sækja fleiri eintök hjá www.adventistar.is/eintra

© 2021 Gavin Anthony

Síðast uppfært September 2021

Þýðing: Einar Valgeir Arason
Prófarkalestur: Þóra Lilja Sigurðardóttir

Það væri gaman að vita ef þessi bók hefur hjálpað þér og þá hvernig! Ef þú vilt hafa samband eða þig vantar fleiri eintök, þá vinsamlegast hafið samband hér:
gavin@reflectingJesus.org

efnisyfirlit

- 41 1. skref—ég dey syndugu eðli mínu / 140
- 42 2. skref—fyllt Heilögum anda / 142
- 43 að gefast vilja Guðs / 144
- 44 auðmjúk játning / 146
- 45 kvöldmáltíðin: Jesús var undirgefinn / 148
- 46 undirgefni og hlýðni við lögmál Guðs / 150
- 47 líkami minn undirgefinn Guði—1 / 152
- 48 líkami minn undirgefinn Guði—2 / 154
- 49 endurreisn fyrir auðmýkt / 158
- 50 mótuð af biblíulegum meginreglum / 160
- 51 gefumst til að öðlast hreinleika / 162
- 52 deyjum sjálfinu— venjum og erfiði / 164
- 53 beðið um fyllingu / 166
- 54 fyllt með daglegri guðrækni / 168



Eins hef ég beðið Drottin, það eitt þrái ég, að ég fái að dveljast í húsi Drottins alla ævidaga mína til þess að horfa á yndisleik Drottins og leita svara í musteri hans.

1. skref—ég dey syndugu eðli mínu

guðlegur máttur er minn eftir að ég dey syndugu eðli mínu

að reiða sig á
GUÐLEGAN
MÁTT

41

markmiðið

Páll segir að markmið Guðs með okkur sé að „mótast eftir mynd sonar síns“ (Róm 8.29). Andrew Murray útlistar hlutverk Heilags anda í þessu verki:

Þegar Guð gefur Heilagan anda er hið háleita markmið hans að skapa heilaga lyndiseinkunn. Þetta er gjöf heilags hugarfars og andlegs lundernis og það sem við þurfum að gera umfram allt er að segja: „Ég má til með að öðlast Heilagan anda til að helga allt mitt innra líf, eigi ég virkilega að lifa Guði til dýrðar“ (Absolute Surrender, 9).

Við munum sjá kenningu Biblíunnar sem segir **að endurspeglun á lyndiseinkunn Guðs komi ekki til vegna lagfæringar á því sem ég er heldur á umskiptingu eðlis míns— þar sem syndugu eðli mínu er skipt út fyrir eðli Jesú.**

rót vandans

1. Hvernig erum við án Guðs? Róm 3.10-11; Ef 2.3.

Murray bendir okkur á vandann og síðan lausnina:

Hvers vegna er lamb alltaf blítt? Því það er eðli þess. Rembist lambið við að vera blítt? Nei. Hvers vegna ekki? Það er svo fallegt og blítt. Þarf lambið að læra að vera blítt? Hvers vegna er þetta lambinu svo létt? Því það er eðli þess. Og úlfurinn – hvers vegna er úlfinum svo auðvelt að vera grimmur og sökkva tönnum sínum í vesalings lambið eða kindina? Því það er eðli hans. Hann þarf ekki að tala í sig kjark, úlfseðlið er til staðar (Absolute Surrender, 16).

2. Hvernig skal tekið á syndugu eðli okkar? Róm 8.1-14.

Þegar við skiljum að vandi okkar stafar af syndugu eðli getum við forðast þau mistök að reyna að eiga við stakar syndir og frekar beint sjónum okkar að verksmiðjunni sem framleiðir þessar syndir.

3. Hver er leiðin til að verða lærisveinn Jesú skv. Lúk 9.23 og sem er einnig leiðin til að eiga við syndugt eðli?

YFIRLIT

- **fyrsta skref í að öðlast guðlegan mátt sem getur umbreytt lífi mínu er dauði syndugs eðlis míns**
- **synduga eðlið þarf að deyja því það getur stöðuglega af sér syndir**
 - **helsta leið til að syndugt eðli deyi er að ég gefi mig heilshugar Guði**
- **dauði syndugs eðlis míns er leiðin til að verða lærisveinn Jesú**

4. Hver er afleiðing þess að vera „lifandi fórn“ skv. Páli í Róm 12.1-2?
-

hvernig deyr synduga eðlið?

Leiðin til að sigrast á syndugu eðli mínu er ekki sú að dvelja við syndir mínar heldur að einblína á Jesú. Þegar ég er með hugann við synd mína fyllir Satan mig af vanmáttarkennd og gremju. En andspænis Jesú sé ég hjálpina þegar ég sé að ég get ekki kippt málunum lag. **Ég get lítið gert í synd minni nema færa hana Jesú. Því legg ég allt að fótum hans.**

Sjáðu hvernig Páll leggur áherslu á að gefast, bjóða sig fram, í Rómverjabréfinu: „Ljáið ekki heldur syndinni limi ykkar sem ranglætisvopn. Nei, ljáið heldur Guði sjálf ykkur lifnuð frá dauðum og limi ykkar sem réttlætisvopn“ (6.13). Og eins og við sáum „bjóðið fram sjálf ykkur að lifandi, heilagri, Guði þóknanlegri fórn“ (12.1).

Páll notar orðin „bjóða fram“. Kristnir höfundar hafa líka notað orð eins og gefast á vald, yfirgefa, gefa eftir o.fl. Við stöndum frammi fyrir Guði með opna lófa, reiðubúin að gefa honum allt. Fræðilega er þetta auðvelt. En þegar ég verða að horfast í augu við það sem ég þarf að gefa Guði tvístíg ég aðeins og streitist á móti. Þegar ég sé metnað minn og þrár til að fara eftir mínu höfði, fylgja mínum draumum um hamingju og sé svo að allt þetta ber mér að gefa Guði þá getur mér fundist þetta vera happdrætti. Stundum gef ég mig og bít á jaxlinn, stundum er léttir í því að þurfa ekki að bera ábyrgð á eigin árangri. **Ög þar sem syndin er svo viðloðandi þá verð ég að fara þangað sem Guð er. Ég get ekki „boðið fram“ úr fjarlægð.** Þegar ég læri að gefast stöðuglega læri ég að „vera í“ (Jóh 15.1-5).

5. Hversu oft segir Jesús að ég verði að deyja syndugu eðli mínu í Lúk 9.23 (þ.e. að gefast Guði og leggja allt að fótum hans)?
-

æfðu þetta

Dietrich Bonhoeffer ritaði þessi frægu orð: „Þegar Kristur kallar mann þá býður hann honum að koma og deyja.“ Verðu tíma nú til að biðja Guð um að sýna þér á hvaða svið lífsins þú þurfir að leggja fyrir hann. Punktaðu þetta hjá þér svo þú getir nýtt þér það sem bænarefni á komandi dögum. Bið þess sama dag hvern í komandi viku.

M

að reiða sig á guðlegan mátt

Hvað hefur Heilagur andi sýnt þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

2. skref- fyllt Heilögum anda

guðlegur máttur birtist þegar eðli Jesú kemur í stað syndugs eðlis míns

að reiða sig á
**GUÐLEGAN
MÁTT**

42

YFIRLIT

- *Heilagur andi fyllir tómarúmið sem skapast við dauða syndugs eðlis míns*
- *dagleg skírn Heilags anda á sér stað þegar ég bið daglega um að fyllast nærveru Guðs*

Annað skrefið í að upplifa guðlegan mátt til að endurspeglar ímynd Krists kemur sem afleiðing þess að deyða daglega syndugt eðli mitt (sjá síðustu lexíu). Þessi afleiðing er oft nefnd skírn Heilags anda. Á sama hátt og það að deyja sjálfu er daglegt og stöðugt ferli, eins er skírn Heilags anda dagleg og stöðug reynsla.

Mikilvægt er að muna að ég er ekki að breyta mér smávegis. Mér er ætlað að fyllast eðli Guðs sem getur aðeins gerst að því marki sem ég tæmist af eigin syndugu eðli.

1. Hver er sönnun þess að eðli Guðs sé innra með okkur skv. Gal 5.22-23?

2. Lestu Matt 3.16. Hvenær kom Heilagur andi yfir Jesú?

3. Hvað varð til að Heilagur andi kom yfir Jesú eftir að hann hafði stigið upp úr vatninu? Lúk 3.21-22.

Skírn táknar dauða hins gamla lífs. Við skírningina fer einstaklingurinn alveg á kaf til að sýna greftrun hins gamla lífs. En svo er risið upp til nýs lífs, lífs sem knúið er af Heilögum anda. **Það var effir að Jesús steig upp úr hinni votu gröf Jórdanárinnar að guðlegur eldur Heilags anda kom af himni og hvíldi á honum.**

Páll notar málfar helgidómsþjónustunnar þegar hann hvetur lesendur sína til að bjóða sig fram sem „lifandi fórn“ (Róm 12.1) sem átti að eyðast með guðlegum eldi.

4. Hvert var eldsneyti eldsins sem notaður var í helgidómsþjónustunni? 3Mós 9.24 og 2Kron 7.1.

5. Hvað segir Biblían um altariseldinn í helgidóminum á tíma Ísraelsmanna? 3Mós 6.8-9, 12-13.

6. Hvaða ráðleggingar gefur Páll samstarfsmanni sínum og hinum kristnu í þessalóníku? 2Tím 1.6 og 1þess 5.19.

Að vera fórn og að öðlast skírn Heilags anda eru tvær hliðar sama penings. **Skírn heilags anda er afleiðing þess að verða fórn en kemur þegar ég bið Guð.** Jesús segir

að lærisveinn þurfi að deyja daglega (Lúk 9.23), eins mun skírni Heilags anda gerast dag hvern þegar ég bið. Þannig þjóna ég guðlegum mætti frekar en mínum eigin.

hagnýting

7. Hvað þarftu að gera til að upplifa mátt Heilags anda dag hvern?



að reiða sig á guðlegan mátt

Hvað hefur Heilagur andi sýnt þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

kafað dýpra

1. Þú getur séð útdrátt um það sem Sjöunda-dags aðventistar trúá varðandi Jesú og hjálpræðið í Byrjaðu hér 5, Helstu trúarkenningar: Heilagur andi, 7. Eðli mannsins, og 11. Að vaxa í Kristi.
2. Til að skoða málið betur skaltu lesa um þessa grunnkenningu í bókinni Seventh-day Adventists Believe.

að gefast vilja Guðs

ég þekki vilja Guðs og lifi samkvæmt honum þegar ég gefst Guði

að reiða sig á
GUÐLEGAN
MÁTT

43

að þekkja vilja Guðs: leyndardómurinn

Að lifa umvafin vilja Guðs er að vera á öruggum stað. Því þrá flestir kristnir að vita hver vilji Guðs sé svo þeir geti notið friðar. Þáll postuli opinberar leyndardóminn um að þekkja vilja Guðs:

(A) Því brýni ég ykkur, systkin, að þið vegna miskunnar Guðs bjóðið fram sjálf ykkur að lifandi, heilagri, Guði þóknanlegri fórn. Það er sönn guðsdýrkun af ykkar hendi. Fylgið ekki háttsemi þessa heims. (B) Látið heldur umbreytast með hinu nýja hugarfari og (C) lærið svo að skilja hver sé vilji Guðs, hið góða, fagra og fullkomna (Róm 12.1-2).

Taktu eftir niðurröðuninni með því að skoða hana aftur á bak. Niðurstaðan er að þekkja vilja Guðs (C). Leiðin til þess er að umbreytast með nýju hugarfari (B). En hvernig öðlumst við nýtt hugarfar? Með því að bjóða okkur Guði sem lifandi fórn (A).

Sem sagt, **vilji Guðs verður skýr þegar ég gefst honum af öllu hjarta**. Eins og Salómon skrifaði:

Treystu Drottin af öllu hjarta en reiddu þig ekki á eigið hyggjuvit. Minnstu hans á öllum vegum þínum, þá mun hann gera leiðir þínar greiðar. Þú skalt ekki þykjast vitur en óttast Drottin og forðast illt, það er heilnæmt líkama þínum og hressing beinum þínum (Okv 3.5-8).

En þegar ég er til í að gefa Guði allt sem ég á, er og vil vera—sem er kjarni þess að vera lifandi fórn—þá óttast ég ekki framtíðina. Þegar ég legg mig algerlega í hendur Guðs get ég tekið hverju sem er því ég veit að Guð stýrir öllu mér í hag.

að deyja sem fræ

Elizabeth Elliot lýsir svona lífi með hliðsjón af fræi sem deyr.

Vöxtur alls þess sem grænt er lýsir á undursamlegan hátt því að öðlast og gefa frá sér, fá og missa, lifa og deyja. Fræið fellur í jörð og deyr um leið og nýr frjóangi kemur upp. Eitthvað verður að klofna og brotna til að nýtt brum myndist. Brumið „sleppir hendinni“ þegar blómið myndast. Bikarblöðin sleppa svo blóminu. Krónublöðin visna og deyja svo aldinið myndist. Aldinið fellur, klofnar, sleppir fræinu. Fræið fellur til jarðar. Ekkert andlegt líf getur þrífist án þess að sleppa. Um leið og við neitum að sleppa hættir vöxturinn. Ef við höldum fast í það sem okkur er gefið og neitum að sleppa því þegar þess er þörf, eða neitum að láta það nýtast eins og gefandinn ætlast til, þá hindrum við vöxt sálarinnar. Fræið „veit“ ekki hvað muni gerast. Það veit bara það sem er að gerast—fallið, myrkrið, dauðinn... Endanlegt áform Guðs er eins fjarlægð ímyndun okkar og eikartréð er ímyndun akarnsins. Akarnið gerir það sem það

YFIRLIT

- **ég læri að lifa samkvæmt vilja Guðs þegar ég læri að lifa sem lifandi fórn**
- **þekkingin kemur eftir að ég dey**
- **að þekkja Guð er mikilvægara en að vita hvað skal gera næst – að þekkja sjálfan Guð veitir frið**

á að gera án þess að angra skapara sinn með spurningum um hvenær, hvernig og af hverju. Við sem höfum öðlast skynsemi, vilja og alls konar þrár sem geta stangast á við hið guðlega áform til góðs erum beðin um að trúa honum (Elisabeth Elliot, *Passion and Purity*, Grand Rapids, MI: Fleming H. Revell, 1984), 162-165).

Og aftur: **að vita kemur á effir að deyja.** Við vitum hvað ber að gera þegar við höfum gefist Guði algerlega. Ellen White fjallar um þetta í tengslum við Jesú:

Hér á jörðu lagði Kristur engin áform fyrir sig. Hann meðtók áform Guðs með hann og faðirinn opinberaði áform sín dag frá degi. Þannig ættum við að reiða okkur á Guð svo að líf okkar verði einföld framvinda vilja hans. Þegar við felum okkur honum mun hann leiða okkur (Ministry of Healing, 479).

Guð sjálfur er það sem skiptir máli

Þannig er Guðs vilji ekki spurning um hvaða maka, hvaða vinnu, hvaða hús – þó Guði sé annt um öll svið lífs okkar. En Guði er í mun að við séum í stöðugu sambandi við hann, svo algerlega helguð honum, því í þannig aðstæðum verðum við sem hann. Að lifa samkvæmt vilja Guðs er því ekki spurning um stað eða hlut fremmur um tilveru okkar og afstöðu gagnvart Guði sjálfum. Það er að vera sífellt opin fyrir honum, sama hvað. Þegar við lifum þannig skipta mistök okkar eða rangt val eða óvissa um hvað gera eigi næst ekki máli, því við finnum við frið í Guði sjálfum því við erum opin fyrir handleiðslu hans.

æfðu þetta

Taktu þér tíma og gerðu lista yfir það sem þú þarft að gera til að meta það að þekkja Guð sjálfan frekar en að vita hvað þarf að gera næst. Hvað þarftu að gera til að verða „lifandi fórn“. Endurtaktu þetta dag hvern í komandi viku.



að reiða sig á guðlegan mátt

Hvað hefur Heilagur andi sýnt þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

auðmjúk játning

auðmjúk játning lagar skaddað samband mitt við Guð

að reiða sig á
**GUÐLEGAN
MÁTT**

44

vandinn við syndina

Syndin slítur sambandi okkar við Guð. „Ef ég hygg á illt í hjarta mínu, þá heyrir Drottinn ekki“ segir Sálmaskáldið (Sálm 66.18). Ímyndaðu þér að Guð hlusti ekki á okkur! **Davíð skildi að erfitt væri fyrir Guð að hjálpa ef hann lifði á skjön við ætlun og áform Guðs.**

Stundum vitum við hvað við höfum gert rangt. Sundum vitum við ekki hvert vandamálið er—okkur bara líður ekki vel. Í slíkum kringumstæðum er mikilvægt að spyrja Heilagan anda hvað sé að og bíða svo eftir svári hans.

hvernig Andinn vinnur

Jesús sagði lærisveinunum að Heilagur andi kæmi til að „sanna heiminum hvað er synd og réttlæti og dómur“ (Jóh 16.8). **Andinn mun einnig sýna okkur synd okkar ef við biðjum hann.** Ef Andinn sýnir okkur synd okkar og við ákveðum að hlusta ekki þá hindrum við Guð í að gera okkur hrein eins og hann er hreinn. Breyting er okkar val. En þegar við erum opin fyrir Guði og játum synd okkar er hann fær um að hreinsa okkur og við munum endurspegla heilagleika hans.

lykillinn að endurreisn

Charles Finney varði miklum tíma í að prédika og skrifa um umbreytt lífni og hvernig játning og iðrun eru dyr til slíks. Hann áleit að kalli Hósea væri lykillinn að því að skilja hvað okkur beri að gera, ...að „brjóta land til ræktunar. Nú er tími til að leita svara hjá Drottni þar til hann kemur og lætur réttlæti rigna yfir yður“ (Hós 10.12). M.ö.o. **við þurfum að brjóta harðúð hjartna okkar með því að játa því aðeins þá mun regn Heilags anda ná til hjartna okkar og breyta okkur.**

Um Charles Finney var sagt að hann væri maður „sem hefði sennilega orsakað fleiri sinnaskipti og skapað fleiri vakningar en nokkur annar maður nútímans.“ Hann á að hafa stuðlað að sinnaskiptum 250.000 manna. Upphafsmálgrein bókar hans How I Experienced Revival lýsir grunni endurnýjaðs lífs: „Vakning er endurnýjuð sannfæring um synd og iðrun.“

Allir leiðandi menn trúarvakninga hafa verið sammála um nauðsyn sannfæringar á synd. Jóhannes skírari hafði þetta sem forgang þegar hann hvatti fólk til að „taka sinnaskiptum og láta skírast til fyrirgefningar synda“. Jesús sjálfur sagði: „Tíminn er fullnaður og Guðs ríki í nánd. Takið sinnaskiptum og trúið fagnaðarerindinu“ (Mrk 1.15).

Slík syndajátning krefst þess að við sjáum allt sem hindrar okkur í samskiptum okkar við Guð. Þetta getur verið sársaukafullt og auðmýkjandi ferli en samt nauðsynlegt. En

YFIRLIT

- **syndin rýfur samband mitt við Guð**
- **eitt helsta hlutverk Heilags anda er að benda mér á synd mína**
 - **einungis með auðmjúku hjarta er mér mögulegt að játa fyrir Heilögum anda**
- **Heilagur andi sannfærir mig um synd en aðeins ég get játað syndina**

Þegar við vísum synd úr lífi okkar og biðjum Guð fyrirgefningar sköpum við rúm fyrir græðandi ástúð hans og frið til að fylla huga okkar. Fyrirheit hans um að hreinsa okkur er ætíð til staðar: „Ef við játum syndir okkar, þá er hann trúr og réttlátur svo að hann fyrirgefur okkur syndirnar og hreinsar okkur af öllu ranglæti“ (1Jóh 1.9).

æfðu þetta

Verðu nú tíma til að játa syndir í einrúmi.

1. Þakkaðu Guði fyrir fyrirheit hans um að fyrirgefa þér svo að þú getir byrjað upp á nýtt. Jóhannes segir að „ef við játum syndir okkar, þá er hann trúr og réttlátur svo að hann fyrirgefur okkur syndirnar og hreinsar okkur af öllu ranglæti“ (1Jóh 1.9). Þetta þýðir að ef við iðrumst sannarlega fyrir að ganga í berhögg við áform Guðs með líf okkar þá muni Guð fyrirgefa okkur og endurskapa okkur hið innra – sama hvað við höfum gert.
2. Biddu Heilagan anda að gefa þér auðmjúkt og skarpsýnt hjarta svo að þú sjáir hvort þú þurfir að játa eitthvað og breyta einhverju. Eins og Finney bendir á þá mun slíkt fela í sér syndir vanrækslu – það sem ég hefði átt að gera en gerði ekki, og svo hinar syndirnar – þær sem ég hef drýgt en hefði ekki átt að gera.
3. Gerðu lista yfir þetta. Haltu áfram að biðja og skrifa þangað til þú ert viss um að ekki sé neitt fleira sem Heilagur andi vilji sýna þér. Dragðu svo strík undir listann, t.d.:
 1. Fyrir að reiðast Nonna í morgun.
 2. Fyrir að skoða efni á netinu sem ég hefði ekki átt að gera.
 3. Fyrir að langa ekki að hjálpa fólki í neyð.

-
4. Biddu Guð um fyrirgefningu og hjálp til að breyta hugsunum og gjörðum. Sjáðu fyrsta atriðið á listanum (reiði). Bið svo Guð að fyrirgefa þér fyrir að reiðast og skammast. Þegar þú ert viss um að Guð hafi fyrirgefið þér (mundu 1Jóh 1.9) skaltu strika yfir það atriði. Svo skaltu biðja sérstaklega varðandi atriði tvö og fara eins að. Biddu um hvert atriði fyrir sig. Þegar þú kemur svo að strikinu veistu að þennan dag ertu í stöðu til að lifa samkvæmt Guðs vilja.

Ekki halda að Guð geti ekki fyrirgefið eitthvað sem þú hefur gert. Guð vill endilega reisa þá upp sem biðja eins og Davíð gerði í 51. Sálmi.

Æfðu þetta í svolitla stund dag hvern í komandi viku.



að reiða sig á guðlegan mátt

Hvað hefur Heilagur andi sýnt þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

kvöldmáltíðin: Jesús var undirgefinn

regluleg áminning um að gera eins og Jesús og gefast Guði algerlega

að reiða sig á
**GUÐLEGAN
MÁTT**

45

vandi stefnulausra hjartna okkar

Tvær mikilvægar athafnir kristinna manna tákna og lýsa algerri undirgefni okkar við Guð. Sú fyrri er skírinn. Í flestum tilvikum fer hún fram einu sinni og er opinber yfirlýsing þegar gefist er Guði.

Hin athöfnin er kvöldmáltíð Drottins. Þessi athöfn fer fram nokkrum sinnum ár hvert. Hún gegnir svipuðu táknrænu hlutverki og skírinn því hún er regluleg áminning um fórn Jesú og minnir okkur því á staðfestu okkar í að vera Guði lifandi fórnir.

Þar sem hjörtu okkar fara reglulega út af sporinu og frá Guði þá er **kvöldmáltíðin reglulegt tækifæri til að laga stefnuna og öðlast fullvissu um fyrirgefningu Guðs.** Þegar við helgum okkur aftur til að líkja eftir fórn Jesú þá opnum við okkur fyrir því að meðtaka fyllingu Heilags anda inn í líf okkar.

bakgrunnur

Kvöldmáltíðin grundvallast á síðustu máltíðinni sem Jesús átti með lærisveinum sínum fyrir krossfestinguna. Jesús var að halda upp á páskahátíð Gyðinga en hún var til minningar um það þegar engillinn heimsótti heimilin í Egyptalandi. Þau heimili sem höfðu roðið lambsblóði á dyrastafi sína sluppu (2Mós 12.21-28). Þetta benti fram til hjálpræðisins sem Messías mundi bjóða upp á. Fyrir krossfestingu sína gaf Jesús tákni brauðsins (líkama Jesú) og vínsins (blóð Jesú) nýja þýðingu.

fótaþvottur

Kvöldmáltíðin skiptist í tvennt. Fyrri hlutinn er fótaþvotturinn.

1. Lestu Jóh 13.1-17. Fótaþvottur var almenn kurteisvenja á tíma Jesú. Hvað er Jesús að kenna okkur með fótaþvottinum?

brauðið og vínið

Í seinni hluta athafnarinnar er borðað ósýrt brauð og drukkinn óáfengur vínberjasafi. (Ósýrt brauð er án gers. Ísraelsmönnum var sagt að gera sér slíkt brauð áður en Guð bjargaði þeim úr þrælaldinu í Egyptalandi. Þeir þurftu að yfirgefa Egyptaland með litlum fyrirvara og höfðu ekki tíma til að láta brauðið hefast).

YFIRLIT

- *kvöldmáltíðin minnir á björgun Ísraelsmanna úr þrældómi í Egyptalandi og á vonina um komandi Messías*
- *kvöldmáltíðin er tækifæri til að stilla reglulega hjarta mitt gagnvart Guði*
- *athöfnin hefst með fótaþvotti sem táknar auðmýkt hjartans sem er forsenda þess að meðtaka það sem Jesús hefur gert fyrir mig*
- *kvöldmáltíðin er opin hverjum sem trúir á Jesú og það eru engin aldurskilyrði*

2. Lestu Matt 26.17-30. Hvað segir Jesús að sé tákni

brauðsins? _____

vínsins? _____

3. Lestu Jóh 6.48-58. Hvað getum við lært meira um tákni brauðsins og vínsins skv. Jesú?

4. Hver segir Páll að sé tilgangur þess að minnst síðustu kvöldmáltíðar Jesú? (1Kor 11.23-26).

opin öllum

Kvöldmáltíðin er opin öllu kristnu fólki sem trúir á Jesú. Upphaflega páskamáltíðin stóð öllum í fjölskyldunni til boða og því er fólki á öllum aldri velkomið að taka þátt. Eina skilyrðið er að trúa á dauða, líf og upprisu Jesú.

hagnýting

5. Er nokkuð sem hamlar þér að taka þátt í næstu kvöldmáltíðarathöfn?



að reiða sig á guðlegan mátt

Hvað hefur Heilagur andi sýnt þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

kafað dýpra

1. Þú getur séð útdrátt um það sem Sjöunda-dags aðventistar trúa varðandi kvöldmáltíðina í Byrjaðu hér 5, Helstu trúarkenningar:16. Kvöldmáltíðin.
2. Til að skoða málið betur skaltu lesa um þessa grunnkenningu í bókinni Seventh-day Adventists Believe.

undirgefni og hlýðni við lögmál Guðs

hlýðni er undirgefni við kærleika Guðs

að reiða sig á
GUÐLEGAN
MÁTT

46

YFIRLIT

hvað er lögmál Guðs?

Ég hugsa mér oft um lögmál Guðs eins og íbúar himnaríkis sem lifa án þess að þurfa að hugsa um það. **Lögmál Guðs lýsir því hvernig skaparinn ætlaði sköpunarverkinu að starfa.** Biblían segir „Guð er kærleikur“ (1Jóh 4.8). Allt sem hann skapar, okkur líka og hvernig við eigum að virka, er gegnsýrt og mótað af kærleika hans. M.ö.o. **lögmál Guðs er einfaldlega endurspeglun lyndiseinkunnar hans sem í grunninn er gæska og kærleikur.** Þannig að þegar ég ákveð að hlýða lögmáli Guðs vel ég að hlýða ekki eigin geðþótta heldur að mótast af kærleika Guðs og tilgangi hans fyrir líf mitt. **Lögmál Guðs, sem mótar hver Guð er, hefur mátt til að lagfæra mig svo ég geti endurspeglað kærleikslyndiseinkunn Guðs—eins og Guð hafði ætlað mér.**

1. Lestu Sálms 19.8-13. Hvað segir höfundurinn um gagnsemi lögmáls Guðs?

skráð

Þetta lögmál kærleikans er skráð því syndin hefur tilhneigingu til að fá mig til að gleyma. Þannig missi ég sjónar af meginreglunum sem Guð hefur ætlað mér að lifa eftir. **Lögmál Guðs er skráð líka vegna þess að syndugt eðli mitt hefur tilhneigingu til að rugla saman góðu og illu.**

2. Hvað notaði Guð þegar hann gaf Móse boðorðin tíu á Sínaíffalli og hvers vegna skiptir þetta máli? (2Mós 24.12; 34.1).

á hjartað

Synd er ekki á himni svo himneskar verur eru ekki gleymnar og þurfa að hafa lögmál Guðs í rituðu formi. Lögmál Guðs er ritað á hjörtu þeirra eins og Guð hafði ætlað í okkar tilfalli. Guð tvinnar hjartað, lögmálið og Heilagan anda saman þegar hann lofaði fyrir munn Esekíels: „Ég mun gefa ykkur nýtt hjarta og leggja ykkur nýjan anda í brjóst. Ég mun taka steinhjartað úr líkama ykkar og gefa ykkur hjarta af holdi. Ég mun leggja ykkur anda minn í brjóst svo að þið farið að boðum mínum og haldið reglur mínar og framfylgið þeim“ (Esk 36.26-27). **Hjá okkur sem sköpuðum verum átti hjarta okkar að vera staðsetning lögmáls Guðs.**

3. Hvers vegna sér Sálmaskáldið hjartað sem staðsetningu lögmáls Guðs? (Sálm 40.9).

- **lögmál Guðs er mótað af kærleika hans**
- **hlýðni mín er það að afneita sjálfstæði mínu og velja að lifa lífi mínu samkvæmt gæsku og áformi Guðs**
 - **lögmál Guðs er einfaldlega þær reglur sem segja til um hvernig Guð skapaði mig til að lifa**
- **lögmálið á að dvelja í hjarta mér—annars verð ég bókstafstrúar**

Ein hættan við að halda lögmál er þegar það er ekki í hjarta okkar heldur er utan við okkur. Sem leiðir til lögmálshyggju, bókstafstrúar. **Vandamálið við lögmálshyggju er að hún leiðir til harðneskju og náðarleysis því lögmálshlýðnin sprettur ekki af kærleika Guðs í hjartanu.** Þessu stóð Jesús frammi fyrir er hann kom til jarðar. Þegar hann reyndi að útskýra grundvöll lögmáls Guðs lagði hann áherslu á mótun þess á innra lífni.

4. Í fjallræðunni (Matt 5-7) byrjar Jesús margar málsgreinar á „þér hafið heyrt að sagt var . . . en ég segi yður . . .“ Hvað er Jesús að sýna varðandi lögmál Guðs? Líttu á tvö dæmi í Matt 5.21-22 og 5.27-28.

Lögmál Guðs er varanlegt

Lögmál Guðs samstillir okkur við áform hans með líf okkar. **Þar sem við erum sköpuð í mynd Guðs þá geymir lögmálið leiðsögn fyrir siðferðilegan, andlegan og líkamlegan þroska okkar.** Þar af leiðandi heldur slíkt lögmál eilíflega gildi sínu. Sum lög vörðudu einungis Ísrael en hin voru ætluð til að sýna hvernig ímynd Guðs getur verið endursköpuð í okkur sem svo leiðir til fagnaðar og kærleika í þjónustu við aðra.

hagnýting

5. Hvaða lög Guðs glímir þú helst við og hvers vegna? Hvernig ætlaðu að taka á þessu?

-
6. Hvað þarftu að gera til að forðast að verða lögmálshyggju-kristinn?

M

að reiða sig á guðlegan mátt

Hvað hefur Heilagur andi sýnt þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

kafað dýpra

1. Þú getur séð útdrátt um það sem Sjöunda-dags aðventistar trúa varðandi lögmálið í Byrjaðu hér 5, Helstu trúarkenningar: 19. Lögmál Guðs.
2. Til að skoða málið betur skaltu lesa um þessa grunnkenningu í bókinni Seventh-day Adventists Believe.

Líkami minn undirgefinn Guði—1

Líkami minn er musteríð þar sem Heilagur andi dvelur

að reiða sig á
**GUÐLEGAN
MÁTT**

47

YFIRLIT

- **líkami minn er Guði mjög mikilvægur sem dvalarstaður Heilags anda**
- **Guð hefur ákvarðað að gera hug minn og líkama nátengda**
- **líkamleg heilsa mín hefur bein áhrif á andlega heilsu mína**
- **öll erum við fíklar að einhverju leyti**
- **ég sigrast á fíkn þegar ég gef Guði stjórnina og nýti mér mátt hans**
- **deilan mikla milli Guðs og Satans snýst um rétta beitingu hugans og að velja Guð**

Líkami minn skiptir Guð máli

Guði er vel ljóst mikilvægi líkama okkar.

Vitið þið ekki að líkami ykkar er musterí heilags anda sem í ykkur er og þið hafið frá Guði? Þið eigið ykkur ekki sjálf. Þið eruð verði keypt. Vegsamið því Guð með líkama ykkar (1Kor 6.19-20)

Markmið okkar er ljóst: Líkamar okkar þurfa að vera í besta mögulega formi fyrir Anda Guðs að búa í. **Þar sem Jesús dó fyrir mig þá snýst líf mitt um það eitt að heiðra Guð með öllu sem ég er.**

Skv. 1Mós 1.26-27 skapaði Guð okkur „í sinni mynd.“ **Þó mynd Guðs geti átt við lyndiseinkunn hans þá er líkami og hugur mikilvægur hluti þeirrar myndar.** Mestu máli skiptir að Guð getur ekki haft samband við okkur án heilans sem höfuð okkar geymir. **Hugur okkar velur og metur og þessi hæfileiki til að velja er kjarni deilunnar milli Guðs og Satans.** En þegar hugur okkar er vanmegnugur að virka sem skyldi vegna þunglyndis, fíknar eða líkamlegs sjúkdóms– og þá líka að eiga samband við Guð—verður allt meira krefjandi, jafnvel ómögulegt.

8 skref til að sigrast á fíkn

Einhver sagði að við værum öll fíklar. Fíknin getur verið vín, sigarettur eða eituryf – en líka sykur, klám, vinna, tölvuleikir, að reyna að þóknast öðrum eða að líta vel út. Hér koma 8 skref til að sigrast á fíkn, aðlöguð úr efni eftir Mark Finley. Merktu við númerið við upphaf hvers skrefs þegar þú ert fær um að meðtaka það sem Biblían kennir um málið.

1. **Viðurkenndu að ____ FÍKN ÞÍN ____ er synd gegn Guði og lögmálum þeim sem hann cætlaði líkama þínum og huga að lifa samkvæmt.** Hvað segir Róm 12.1-2 um líkama þinn?

2. **Viðurkenndu veikleika syndugs eðlis þíns og vanmátt þinn til að umbreytast af eigin mætti.** Kannski hefur fíknin hrjád þig árum saman eins og var með marga sem Jesús mætti (t.d. Jóh 5.5-8). Þú þarft Heilagan anda Guðs til að fylla líf þitt svo þú getir sigrast á fíkninni. Hvað kennir Jesús þér um eigin mátt þinn? Jóh 15.5.

3. **Trúðu því að þrátt fyrir veikleika þinn þá er máttur Heilags anda í þér nægilega sterkur til að sigrast á fíkninni.** Hvað lærir þú af glímu Páls við syndina? Róm 7.21-25.

4. **Leggðu þig og fíkn þína fyrir Guð.** Hvað kennir Páll okkur um það að gefast Guði? Róm 6.3-15.

5. **Trúðu Guði og fyrirheitum hans um að hjálpa þér og þakkaðu honum núna.** Hvað segir Sálmaskáldið um það sem Guð getur gert fyrir þig í dag? Sál 103.1-5.

6. **Áttu eða ertu með aðgang að sígarettum, víni, lyfjum, klámefti? Ertu í sjónvarps- eða netáskrift með aðgang að slíku?** Ef eitthvað er til staðar sem skaðar líkama eða huga – hentu því eða segðu upp áskriftinni á stundinni. Hafðu ekkert innan seilingar sem getur freistað þín síðar. Hvað segir Jakob þér að gera nú? Jak 4.7.

7. **Finndu þér stuðning hjá öðrum.** Finndu vin sem þú getur rætt við um ákvörðun þína að losna undan þessari fíkn. Bið hann að fylgja þessu eftir með þér. Svo getur verið gagnlegt að byrja daglegar líkamsæfingar, borða nóg af ávöxtum og grænmeti, drekka nóg vatn, sofa a.m.k. 8 klst. á nóttu og forðast ávanabindandi efni eins og kaffi og alkóhól. Og þó að Guð bjargi þér frá fíkninni þá hjálpa daglegar venjur þér að standa þig. Hver getur veitt þér aðhald meðan þú losar þig við fíknina?

8. **Trúðu því stöðuglega að Guð bjargi þér frá fíkninni.** Æfðu þig að þakka honum fyrir hjálp hans og mundu að þakkir og lofgjörð eru leiðir til að sýna trú þína á hann. Hver er ástæðan fyrir þakkargjörð í 1Kor 15.57?



að reiða sig á guðlegan mátt

Hvað hefur Heilagur andi sýnt þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

kafað dýpragoing deeper

1. Þú getur séð útdrátt um það sem Sjöunda-dags aðventistar trúa varðandi notkun líkama okkar í Byrjaðu hér 5, Helstu trúarkenningar: 22. Kristileg hegðun.
2. Til að skoða málið betur skaltu lesa um þessa grunnkenningu í bókinni Seventh-day Adventists Believe.

Líkami minn undirgefinn Guði—2

að lifa eins og Guð ætlaðist til – fyrir líkamann sem hann hannaði

að reiða sig á
**GUÐLEGAN
MÁTT**

48

guðleg hönnun

Guð skapaði okkur í „sinni mynd“ (1Mós 1.26-27). **Sem slík erum við margbrotin og margsamfengd heild hugar, líkama og anda sem ekki er hægt að slíta í sundur.** Reyndar hefur heilbrigði eins þáttar áhrif á hina. Allt er þetta saman skapað í „hans mynd“.

Kjarni deilunnar milli Guðs og Satans er baráttan um vilja okkar og val um að fylgja öðru aflinu eða hinu. Í þessu samhengi hefur líkamleg heilsa mín bein áhrif á heilbrigði hugar míns og þar af leiðandi hversu vel ég nýti mér valkosti mína. **Mataræði mitt snýst því ekki bara um eigin smekk minn. Það sem ég borða hefur áhrif á hæfileika líkama míns til að virka eins og Guð ætlaði og því einnig á hæfni mína til að velja sem best.** Sumir þessara valkosta snerta eilífðarvelferð manns.

heilbriggt mataræði

Skoðum aðeins áform Guðs um mataræði okkar.

1. Hvaða mat ákvarðaði Guð fyrir fólk í Eden? (1Mós 1.29-30).

2. Hve mörg pör dýra gengu inn í örkina fyrir flóðið? (1Mós 7.2-3).

3. Hvaða tegund dýra fórnaði Nói Guði þegar stigið var út úr örkinni? (1Mós 8.20).

4. Hverju bætti Guð við mataræðið sem ákveðið var í Eden—eftir flóðið? (1Mós 9.3).

5. Hvaða útskýringu gefur Guð á dýraáti? (1Mós 9.4). Sem er svo endurtekið í Nýja testamentinu (Post 15.20).

Eftir brottför Ísraelsmanna frá Egyptalandi bætti Guð við nánari leiðbeiningum um hreina og óhreina fæðu. **Á sama hátt og lögmálið sem var fengið Ísraelsmönnum var ekki nýtt, heldur staðfesting á því sem hafði gleymst, eins virðist með reglurnar um hreina og óhreina fæðu – þær voru skráðar til að fólk þetta gleymdi þeim ekki.**

YFIRLIT

- **Guð hannaði fæðuna sem við þurfum til að þrífast**
 - **meginreglur mataræðis sem urðu til í Eden og stuttu síðar virka enn í dag**
- **við erum órjúfanleg eining hugar, líkama og anda þar sem hver hluti virkar á hina**
- **heilsulögmálið snýst um að halda líkama okkar í besta formi miðað við aðstæður**
- **ég gæti þurft að fara í bága við sumar langanir mínar til að fylgja heilsureglum Guðs**

6. Hvernig skilgreinir Guð hreina og óhreina fæðu? (3Mós 11.1-47; 5Mós 14.3-21).

Biblían útskýrir ekki ástæður Guðs fyrir að flokka fæðu í hreina og óhreina. Við vitum að margar tegundir óhreinna dýra eru sorphirðumenn náttúrunnar, t.d. svín, krabbar o.fl. og geta því auðveldlega borið sjúkdóma. En af einhverri ástæðu var dýrum skipt í hrein og óhrein dýr frá upphafi – jafnvel fyrir tíma Nóa. **Áhugavert er að sjá að Guð útskýrir ekki þessi lög um mataræði í tengslum við heilsu og sjúkdóma heldur í samhengi hlýðni og heilagleika. Í miðjum hluta laganna um mataræði segir Guð: „Vegna þess að ég er Drottinn, Guð ykkar, skuluð þið helga ykkur og vera heilagir því að ég er heilagur“** (3Mós 11.44-45). Meðfylgjandi eru leiðbeininga til að greina á milli þessara tveggja flokka fæðu (3Mós 11.47).

mataræði í hnotskurn

Guð vill að við, sköpuð í mynd Guðs, njótum sem bestar líkamlegrar heilsu. Upphaflega ætlaðist Guð til að við lifðum á óbreyttum, hráum matvælum úr náttúrunni. Effir flóðið þegar lífið var um gróður gaf hann leiðbeiningar um neyslu á hreinum dýrum sem höfðu verið látin blæða út. Núi þekkti til hreinna dýra sem voru notuð til fórnfæringa og borðuð síðan. Þó Guð hafi ekki bannað át á hreinum dýrum hefur Kirkja sjöunda dags aðventista mælt með grænmetisfæði sem vísindin hafa sýnt fram á stuðli að lengra lífi og betri lífsgæðum eins og Guð ætlaðist til í Eden. Erfitt getur verið að breyta um mataræði því það snýst um að breyta löngunum sem hafa mótað huga þinn, tilfinningar og bragðkirtla árum saman. Að neyta matar eins og Guð ætlaðist til krefst erfiðra ákvarðana og átaka. En þegar þú leggur val þitt og líkama í hendur Guðs mun hann hjálpa þér til að venja þig á mataræði sem stuðlar að sem bestri heilsu.

hagnýting

7. Hvernig mun ákvörðun mín varðandi reglur Biblíunnar um mataræði breyta matarvenjum mínum og matarundirbúningi fyrir fjölskylduna?

8. Hvaða áskoranir mæta mér þegar ég ætla að fylgja lögum Guðs um mataræði og lifa sem heilbrigðustu lífi? Hvernig snerta þessi lög það sem ég drekk, þ.m.t. alkóhól?

9. Þessi lexía hefur snúist um mataræði en hreyfing, svefn, umhverfið og streita skipta líka máli fyrir heilbrigðan líkama. Hvaða ákvarðanir þarftu að taka í dag til til að halda góðri heilsu?

að reiða sig á guðlegan mátt

Hvað hefur Heilagur andi sýnt þér og hvernig þarftu að bregðast við?



hverjum geturðu deilt þessu með?

kafað dýpra

1. Þú getur séð útdrátt um það sem Sjöunda-dags aðventistar trúa varðandi heilsuna í Byrjaðu hér 5, Helstu trúarkenningar: 22. Kristileg hegðun.
 2. Til að skoða málið betur skaltu lesa um þessa grunnkenningu í bókinni Seventh-day Adventists Believe.
-

til athugunar: krefjandi vers um mataræði

Varðandi hreina og óhreina fæðu þá virðist sumt í Biblíunni gefa til kynna að þessi greinarmunur sé ógildur núna. Hér eru nokkrir þessara ritningarstaða með útskýringum.

1Mós 9.3 Fyrir flóðið var augljós greinarmunur á hreinni og óhreinni fæðu. Síðar endurtekur Guð þennan greinarmun fyrir Ísrael. En milli flóðsins og lögmálsins á Sínai virðist Guð segja að fólkíð geti borðað hvað sem það vill – „Allt sem hrærist og lifir skal vera ykkur til fæðu.“ En þar sem Guð gerði greinarmun á hreinni og óhreinni fæðu við Nóa – og mun brátt gera sama greinarmun við Ísraelsmenn – þá er líklegt að Guð sé að vísa til alls sem er innan marka hreinnar fæðu í stað þess að vera alltaf að skipta um skoðun um mataræði fólks.

Post 10.9-28 Hér virðist Péttri vera sagt að hann geti borðað hvað sem er. En Pétur segir greinilega að allt sitt líf, líka meðan hann var með Jesú: „Nei, Drottinn, engan veginn, aldrei hef ég etið neitt vanheilagt né óhreint“ (Post 10.14). Hér er Guð ekki að lýsa alla fæðu hreina heldur er hann að segja Péttri að heiðingjarnir séu einnig fólk og að Pétur eigi að deila fagnaðarerindinu með því.

Róm 14.14 Hér skrifar Páll: „Það veit ég með fullri vissu í trúnni á Drottin Jesú að ekkert er vanheilagt í sjálfu sér nema þá þeim sem heldur eitthvað vanheilagt, honum er það vanheilagt.“ En hér er ekki verið að ræðar um lögmál mataræðis sem kom fram fyrir flóðið heldur hvort kristnir gætu borðað kjöt sem áður hafði verið fórnað heiðnum hjáguðum sem var dæmigert ágreinisefni í þá daga. Páll segir að kristnir geti með góðri samvisku neytt slíks kjöts.

Mrk 7.14-23 Í þessu samhengi skoðum við annað erfitt vers hjá Markúsi. Hann segir

um Jesús: „Þannig lýsti hann alla fæðu hreina“ (19. vers). En hér er Jesús ekki að afnema skilin á milli hreinnar og óhreinnar fæðu. Jesús og farisearnir voru ekki að ræða fæðutegundir heldur hvernig fæðunnar væri neytt. T.d. var nauðsynlegt að viðhafa þeim helgisið sem krafðist handarþvottar fyrir matinn? Jesús er að benda á að saurgun snýst ekki um hvort maturinn hefði komist í snertingu við óþvegnar hendur heldur hvort hjartabelið væri saurugt eða hreint (Mrk 7.20-23). Þannig er öll fæða sem neytt er með óþvegnum höndum lýst „hrein“.

endurreisn fyrir auðmýkt

máttur Guðs til að laga skaddað samband krefst auðmjúks hjarta

að reiða sig á
**GUÐLEGAN
MÁTT**

49

YFIRLIT

□ **synd mín spillir sambandi mínu við aðra**

□ **Guð átti frumkvæðið að því að koma sambandinu milli okkar í samt lag þó ég hafi upphaflega gert uppreisn gegn honum**

□ **lagfæring á sambandsslitum við aðra krefst auðmjúks hjarta**

□ **skilyrðislaus kærleiki hefur undursamlegan mátt til að bæta sambandslið**

syndin spillir samböndum

Syndin spillir samböndum. Þegar Satan syndgaði spilltist sambandið við Guð og allan himininn. **Þegar Adam og Eva syndguðu spilltist sambandið við Guð og milli þeirra sjálfra líka.** Þannig hefur þessu verið varið alla mannkynsöguna. Syndin birtist og sambönd og samskipti spillast milli okkar og Guðs, vina, fjölskyldna og innan kirkjusamfélaga. Syndin spillir.

uppskrift Jesú að bættum samböndum

Hvernig byrjum við á að bæta rofin sambönd? Jesús sýnir okkur það í Jóh 3.16: „Því svo elskaði Guð heiminn að hann gaf einkason sinn til þess að hver sem á hann trúir glatist ekki heldur hafi eilíft líf.“

1. **Guð byrjar á að sýna náð þeim sem eru skaddaðir og í uppreisn.** „Svo elskaði Guð heiminn.“ Meðan heimurinn var ennþá í uppreisn og áhugalaus um Guð elskaði Guð. Þetta spratt af náð því elska Guðs var óverðskulduð. Guð byrjaði á því að lífa á hinn seka með náðaraugum.
2. **Guð fórnar sér fyrir þá sem eru skaddaðir og í uppreisn.** „Því svo elskaði Guð heiminn að hann gaf einkason sinn.“ Þegar fólk gerir það sem mér finnst rangt vil ég yfirleitt berjast fyrir réttlætinu og fá fólk til að gera rétt. En Guð bauð sjálfan sig sem fórn áður en hann nefndi réttlæti eða rétta hegðun á nafn.
3. **Guð býður hinum sködduðu og uppreisnargjörnu tækifæri til að ná saman.** „Því svo elskaði Guð heiminn að hann gaf einkason sinn til þess að hver sem á hann trúir glatist ekki heldur hafi eilíft líf.“ Guð þráir að gefa hinum sködduðu og uppreisnargjörnu eilíft líf. Sem sagt, hann vill fá þá til sín. Guði er ekki í mun bara að fyrirgefa fólk úr fjarlægð. Hann vill koma því í náið samband við sig.

Að lífa þannig er erfitt og tekst ekki nema með auðmjúku hjarta (Fil 2.3-11). Því það að rétta sáttarhönd þeim sem hafa sært okkur fer algerlega í berhögg við tilfinningar okkar. Okkur finnst að gerandinn ætti að koma og biðjast afsökunar. Það er rétt og sanngjarnt! Og svo erum við svo særð að okkur langar ekkert til að koma á sambandi við persónuna aftur. Páll hvetur okkur: „Skuldið ekki neinum neitt nema það eitt að elska hvert annað því að sá sem elskar náunga sinn hefur uppfyllt lögmálið“ (Róm 13.8).

Hér koma fimm atriði til að hafa í huga þegar vinslit eiga sér stað:

1. **Allir eru börn Guðs – Guð elskar þá sem særðu mig, sama hvað þeir gerðu mér.** Reyndar finnur Guð væntanlega meira til en ég því hann skapaði þá og hefur verið umhugað um þá síðan þeir fæddust.
2. **Satan er að baki allra samskiptasliða—hann er hinn raunverulegi óvinur, ekki sá sem særði mig.** Þetta er erfitt að muna, en ef ég gleymi þessu mun mér líða enn verr gagnvart einstaklingnum sem særði mig.

3. **Sá sem særði mig er sennilega verr staddur en ég.** Jú, ég hef orðið fyrir særindum, en hversu djúpur eru særindi gerandans? Mögulega mun það mitt um náð handa gerandanum vera einmitt smyrslíð sem hann þarf á sín sár. Kannski er það eina leiðin fyrir hann til að batna.
4. **Ákveddu að bregðast við eftir biblíulegum meginreglum frekar en effir tilfinningum.** Eins og þegar Guð skipti Jórdanáni áður en Ísraelsmenn fóru inn í Kanaan þá bíður Guð kannski með að breyta kringumstæðum mínum þangað til ég tek fyrsta skrefið. Kraftaverk verða þegar ég stíg fram í trú – samkvæmt þeim fyrirheitum sem Guð hefur gefið mér.
5. **Ég get ekki veitt öðrum fyrirgefningu nema ég hafi fyrst meðtekið hana frá Guði.** Skorti mig náð og kærleika mun ég ekki geta veitt neinu til annarra nema gremju minni. Stundum þreytist ég mjög á að reyna að gera rétt gagnvart öðrum. Oft verð ég hissa þegar ég verð æ þreyttari á að leggja meira á mig. Það er vegna þess að mátturinn til að sigrast á tilfinningum mínum og árásum Satans á skaddað samband mitt mun aðeins verða minn þegar ég er á hnjúnum. Því verra sem ástandið er því lengur gæti ég þurft að dvelja í návist Guðs til þess að bregðast við með Guðs mætti innra með mér.

æfðu þetta

Þegar þú ert að glíma við sambandsslit geturðu skráð hugsanir, bænir og tilfinningar í dagbókina. En við þurfum umfram allt að lifa trú okkar. Við getum beðið, skrifað og hugsað en þegar kemur að samskiptum verðum við að taka djarfur ákvarðanir. Þegar við gerum þetta verðum við ekki ein—því sá Guð sem bauð okkur náð sína mun vera með okkur og bjóða náð sína í gegnum okkur þeim sem það þurfa.

Þú gætir notað dagbókina þína sem „bardagaáætlun“. Hvaða sambönd eru í ólagi? Eru einhverjir andlegir leiðtogar sem Guð hefur sett yfir þig sem þú hefur ekki viðurkennt (Heb 13.17) vegna þess að þú vilt fara þínu fram? Hvern gæti Guð snert með náð sinni gegnum þig? Hvert er fyrsta skref þitt til að laga samband sem Satan hefur reynt að skaða?

Verðu nú tíma til að hugsa og biðja varðandi skaddað sambandi í lífi þínu. Biddu fyrir þessu í komandi viku og skráðu það sem Guð gæti viljað að þú gerðir til að finna lausn.



að reiða sig á guðlegan mátt

Hvað hefur Heilagur andi sýnt þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

mótuð af biblíulegum meginreglum

förum eftir meginreglum Guðs þegar Biblían virðist óljós

að reiða sig á
**GUÐLEGAN
MÁTT**

50

YFIRLIT

- **sjö meginreglur til að taka góðar siðferðilegar ákvarðanir þegar Biblían virðist óljós varðandi einstök mál**
- **að fara eftir biblíulegum meginreglum getur verið erfitt því syndugt eðli mitt hneigist ekki til þess að hlýða Guði**

hvernig veit ég?

Dick Duerksen segir hvernig við getum verið viss um að taka réttar ákvarðanir þegar Biblían virðist ekki vera skýr. Hann segir að þegar Biblían virðist ekki veita beina leiðsögn varðandi málefni verðum við að hlýða meginreglum Guðs í Biblíunni. Yfirleitt er þetta erfitt því syndugt eðli okkar vill ekki hlýða Guði.

Við viljum tilheyra ríki Guðs og því ætlum við að skoða 7 biblíulegar meginreglur sem hjálpa okkur að taka réttar siðferðilegar ákvarðanir. Þú getur notað þær til að fá svör við spurningum um gráu svæðin. Höfum eitt á hreinu: Við notum ekki þessar meginreglur ef Biblían segir okkur fyrir hvað ber að gera. Þær eru aðeins notaðar þegar Biblían virðist óljós.

sjö meginreglur til að reisa traust hús

Hér koma svo 7 meginreglur Duerksens um að velja rétt. Líttu á hverja meginreglu sem hluta byggingar, sem stuðlar að traustu húsi, til að dvelja með Guði.

Undirstaðan

1. **Meginreglan um Guði helgað líf:** Þar sem ég kýs að deyja þrám mínum og löngunum mun ég beina hjarta og huga – tilfinningum og hugsunum – að Guði einum.

Fyrst þið því eruð uppvakin með Kristi, þá keppist eftir því sem er hið efra þar sem Kristus situr við hægri hönd Guðs. Hugsið um það sem er hið efra en ekki um það sem á jörðinni er. Því að þið eruð dáið og líf ykkar er fólgið með Kristi í Guði (Kól 3.1-3).

Tvískipta þakið

2. **Meginregla dómsins:** Það er ekki á mína ábyrgð að dæma aðra heldur að meta hvort ég fylgi hinum róttæka lífsstíl Guðs.

Því hefur þú, maður, sem dæmir, enga afsökun hver sem þú ert. Um leið og þú dæmir annan dæmir þú sjálfan þig því að þú, sem dæmir, fremur hið sama. Við vitum að Guð dæmir þá með réttu sem slíkt fremja. Hyggur þú, maður, sem dæmir þá er þvílíkt fremja og gerir sjálfur hið sama, að þú munir umflýja dóm Guðs? Eða forsmáir þú hans miklu gæsku, þolinmæði hans og biðlund og lætur þér ekki skiljast að gæska Guðs vill leiða þig til afturhvarfs? (Róm 2.1-4).

3. **Meginregla frelsisins:** Frelsi mitt er til þess að lifa fyrir Guð frekar en það sem mig langar.

Þið eruð frjálssir menn. Notið frelsið til að þjóna Guði en ekki til að hylja vonsku (1Pét 2.16).

Undirstöðurnar fjórar

4. **Meginreglan um að hlaupa án byrða:** Ég geri ekkert sem hægir á mér andlega.

Fyrst við erum umkringd slíkum fjölda votta léttum þá af okkur allri byrði og viðloðandi synd og þreytum þolgóð það skeið sem við eigum fram undan (Heb 12.1).

5. **Meginregla notagildisins:** Ég geri það eitt sem gagnast mér, öðrum og Guði.

Allt er mér leyfilegt en ekki er allt gagnlegt (1Kor 6.12a).

6. **Meginregla þrælahaldsins:** Ég geri það eitt sem Heilagur andi getur stjórnað.

Allt er mér leyfilegt en ég má ekki láta neitt fá vald yfir mér (1Kor 6.12b).

7. **Meginregla fordæmisins:** Ég geri það eitt sem er öðrum kristilegt fordæmi.

Dæmum því ekki frammar hvert annað. Hitt skuluð þið ákveða að verða trússystkinum ykkar ekki til ásteytingar eða falls (Róm 14.13).

æfðu þetta

Hugsaðu þér eitthvað sem þú ert ekki viss um að Biblían gefi skýrt svar við. Svo skaltu biðja Heilagan anda að leiða hugsun þína og skoðaðu svo meginreglurnar sjö. Þú getur notað dagbókina þína til að vinna með siðferðileg grá svæði og þær biblíulegu meginreglur sem hjálpa þér að velja rétt.



að reiða sig á guðlegan mátt

Hvað hefur Heilagur andi sýnt þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

- Þetta efni er frá Dick Duerksen aðlagð með leyfi hans.

gefumst til að öðlast hreinleika

máttur til að njóta hreinleika kemur þegar ég læt af syndugum venjum

að reiða sig á
**GUÐLEGAN
MÁTT**

51

YFIRLIT

- **hjarta mitt er svikult að eðlisfari**
- **hreinleiki snýst um stefnumótun en ekki staðsetningu**
- **hreinleik fæst ekki án hreinleika Guðs innra með mér**
- **við verðum hrein þegar við gefumst kærleika Guðs – sem svo kemur í stað óhreinleika okkar**


Jeremía segir: „Svikult er hjartað framur öllu öðru og forhert. Hver skilur það?“ (Jer 17.9). **Þegar hugsað er um hreinleika fyrir Guði þá eru það ekki gjörðirnar sem ég ætli að íhuga fyrst og fremst heldur hjartað. Þar liggur vandinn.** En þegar hjarta mitt er í réttu sambandi við Guð—þegar ég „horfi á yndisleik Drottins“—þá munu gjörðir mínar í hans garð og annarra vera réttar.

strikið

Einhver sagði að við sjáum oft hreinleika sem það að vera réttu megin við strikið. „Rétt“ er öðrumegin en „rangt“ hinumegin. En slíkur hugsunargangur er hættulegur því við álitum að séu fætur okkar réttu megin við strikið þá sé allt í sómanum. En hjarta okkar getur samt verið röngu megin.

Rétt	Rangt
Fætur	Hjarta

Gagnlegra er að hugsa um hjartað, ekki sem á réttum stað, heldur í réttri stefnu – sífellt að líkjast Jesú meir og meir því það er stefnan sem við munum vinna með á hinnum.



Munum að Satan og Adam og Eva bjuggu á fullkomnum stöðum – himni og Eden – þegar þau syndguðu. Þau voru á „réttum“ stað en hjörtu þeirra stefndu í ranga átt. Hjörtu þeirra voru ekki Guði gefin.

Líttu inn á við. Hvað atriði þarftu að hugsa betur um þegar kemur að því að endurspegla hreinleika Jesú í hjarta þér? Hefur hjarta þitt átt í baráttu við óhreinarn kynlífs hugsanir? Óhreinleika í fjármálum? Reiði eða hefningimi? Eitthvað annað?

tekist á við óhreint hjarta

Dag einn kom maður nokkur til Jesú og spurði:

Meistari, hvert er hið æðsta boðorð í lögmálinu?“ Jesús svaraði honum: „Elska skalt þú Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni og öllum huga

þínum. Þetta er hið æðsta og fremsta boðorð. Annað er hliðstætt þessu: Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig. Á þessum tveimur boðorðum hvílir allt lögmálið og spámennirnir“ (Matt 22.36-40).

Við höfum séð að lögmálsbrot í hjarta nær til margra þátta. En Jesús segir að þessi lögmál greinist í tvo flokka: elsku til Guðs og elsku til hvers annars. **Þannig að eigi líf okkar að einkennast af hreinleika gagnvart Guði og náunganum þá þurfum við að skilja hvað það þýðir í raun að elska Guð og náungann.** Hjörtu okkar verða að læra að gefast kærleikanum. Sennilega er það þess vegna sem Jesús segir í fjallræðunni:

Þér hafið heyrt að sagt var: Þú skalt elska náunga þinn og hata óvin þinn. En ég segi yður: Elskið óvini yðar og biðið fyrir þeim sem ofsækja yður. Þannig sýnið þér að þér eruð börn föður yðar á himnum er lætur sól sína renna upp yfir vonda sem góða og rigna yfir réttláta sem rangláta. Þótt þér elskið þá sem yður elska, hver laun eigið þér fyrir það? Gera ekki tollheimtumenn hið sama? Og hvað er það þótt þér heilsíð bræðrum yðar og systur einum? Það gera jafnvel heiðnir menn. Verið því fullkomin eins og faðir yðar himneskur er fullkominn (Matt 5.43-48).

Hjarta sem er algerlega hreint er hjarta sem elskar fullkomlega – jafnvel óvini. Til þess að fjarlægja óhreinleika hið innra þurfum við að gefast kærleika Guðs – kærleika sem kemur að utan. Hann verður að ýta óhreinleikanum á brott.

4 skref til að elska á fullkominn hátt

Að elska fullkomlega er verkefni alls lífsins. Hér eru 4 skref til að elska fullkominni elsku.

1. **Bið Heilagan anda** að leiða hugsanir þínar þegar þú íhugar hreinleika eigin lífs.
2. **Spurðu:** Er barátta mín tengd óhreinleika gagnvart Guði eða manneskju? Beinist hún að ákveðinni persónu skaltu biðja Guð reglulega um að fylla þig kærleika gagnvart henni. Beinist hún að Guði skaltu biðja Guð reglulega um að fylla þig kærleika hans svo þú getir elskað hann enn meira.
3. **Mundu að kærleikur er meginregla, ekki tilfinning.** Einsettu þér að skapa nýjar venjur með mætti Heilags anda.
4. **Mundu línuna:** Þú ert að sinna verkefni sem tekur allt lífið þar sem þú hverfur frá illu til enn frekari helgunar til að endurspegla ímynd Jesú.

Nú skaltu taka þér tíma til að gera þetta. Endurtaktu þetta dag hvern í komandi viku.



að reiða sig á guðlegan mátt

Hvað hefur Heilagur andi sýnt þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

deyjum sjálfinu— venjur og erfiði

að verða eins og Jesús krefst nýrra venja, uppgjafar, kjarks og erfiðis

að reiða sig á
GUÐLEGAN
MÁTT

52

YFIRLIT

- **ég er ekkert nema vaninn**
 - **venjur móta lyndiseinkunn mína**
 - **andlegar venjur skapa tækifæri fyrir Heilagan anda til að móta mig**
- **að búa til venjur krefst meðvitaðs erfiðis en mesta erfiðið felst í því að gefa syndugt eðli mitt upp á bátinn og gefast Guði**

lyndiseinkunn er örlög

Gríski heimspekingurinn Herakleitos sagði fyrir 2500 árum síðan að „lyndiseinkunn væri örlög.“ Annar grískur heimspekingur, Aristóteles, skrifaði að „siðferðilegir yfirburðir kæmu af venjum“. Þannig hafa margir séð að „endurteknar athafnir móta venjur, venjur móta lyndiseinkunn og það er hún sem ákvarðar örlög okkar nú og um eilífið“ (Christ's Object Lessons, 356).

ekki óvart

Ég þrái ekki Krist umfram allt bara fyrir slysi. Ég endurspeglar ekki Jesú eingöngu vegna einlægni minnar. Ég þarf að gróðursetjast í góða mold til að njóta andlegar heilbrigði og vaxa stöðuglega í ímynd Guðs – og þetta gerir mig að því sem ég er:

Lyndiseinkunnin verður ekki til fyrir slysi. Hún ákvarðast ekki af einu frekjukasti, einu skrefi í ranga átt. Það er endurteking athafnarinnar sem gerir hana að vana og mótar lyndiseinkunnina til góðs eða ills. Rétt lyndiseinkunn getur aðeins mótast með þrautseigu, linnulausu erfiði, með því að bæta hverja gefna gáfu og hæfileika Guð til dýrðar (Child Guidance, 164).

Richard Foster lýsir speglun lyndiseinkunnar Guðs sem ferð eftir stíg. Öðru megin við stíginn getum við fallið niður í hyldýpi mannlegs erfiðis með því að reyna að umbreyta okkur sjálf. Hinum megin við stíginn getum við fallið niður í hyldýpið sem er það að gera ekkert fyrir okkur sjálf. Foster heldur áfram:

Þegar við göngum eftir stíg þessum mun blessun Guðs koma yfir okkur endurmóta okkur í ímynd Jesú. Við verðum að muna að stígurinn framkallar ekki breytinguna; hann er einungis staðurinn þar sem breyting getur átt sér stað. Þetta er stígur agaðrar náðar (Richard J. Foster, Celebration of Discipline, (New York, NY: HarperCollins Publishers Inc., 1998), 8).

Að haldast á þessum stíg „agaðrar náðar“ krefst stöðugs vals—vals sem forðar mér frá sjálfsvorkunn eða uppgjöf þegar lífið verður erfitt. Slíkt val heldur okkur einnig á þeim stað þar sem við erum opin fyrir Heilögum anda.

venjur og erfiði

Að leggja hart að sér til að temja sér guðrækilegar venjur er ekki það sama og að frelsast fyrir verk. Páll ritar: „ . . . vinnið nú að sálhjálp ykkar með ugg og ótta eins og þegar ég var hjá ykkur, því fremur nú þegar ég er fjarri. Því að það er Guð sem verkar í ykkur bæði að vilja og að framkvæma sér til velþóknunar“ (Fil 2.12-13). Guð er að verki innra með okkur en við verðum að gera eitthvað – stundum mikið. Dallas Willard segir: „**Guð er ekki mótfallinn verkum heldur því að ávinna sér.**“

við hvað þarf að leggja hart að sér?

Áreynsla er nauðsynleg vegna einnar ástæðu: syndugs eðlis míns. Mér er ekki eðlislægt að gera rétt því innra með mér geisar stríð milli syndugs eðlis míns og ákalls Heilags anda. Þannig að áreynslan mikla sem þarf til að skapa nýjar venjur er ekki það að erfiða við að verða betri, heldur er það að gefast Guði enn frekar. Þannig getur Guð breytt stefnu minni og löngunum hjarta míns. Vegna þessarar undirgefni við Guð er hægt að skapa nýjar venjur með hans hjálp.

Í eftirfarandi versum lýsir Pétur þeim eiginleikum Guðs sem hann vill að verði okkar. Áður en þú heldur áfram skaltu lesa 2Pét 1.5-7 í Biblíunni þinni.

2Pét 1.5-7	Útskýring
Leggið þess vegna alla stund á að	Átaks er þörf til að vinna með Heilögum anda til að vaxa í lyndiseinkunn Guðs
1. sýna í trú ykkar dyggð.....	Dyggð: siðferðilegt ágæti, eins og Guð, í lyndiseinkunn okkar
2. og í dyggðinni þekkingu.....	Þekking: á Guði og andlegum málum
3. í þekkingunni sjálfsgaga	Sjálfsgagi: að haga sér eftir meginreglum Guðs þegar tilfinningar okkar vilja gera eitthvað annað
4. í sjálfsgaganum þolgæði	Þolgæði: að þrúka áfram – þegar gangan er erfið eða við mætum mótstöðu
5. í þolgæðinu guðrækni	Guðrækni: líf eins og líf Guðs
6. í guðrækninni bróðurelsku	Elska: að sinna þörfum annarra
7. og í bróðurelskunni kærleika	Kærleiki: þrá og vinna að því besta fyrir aðra

æfðu þetta

Skóðu listann yfir kristilegar dyggðir í 2Pét 1.5-7 og bið Guð að sýna þér hverri þeirra þú þarft að hlúa að í dag. Notaðu dagbók þína með bæn í huga til að skipuleggja þig í að móta nýjar venjur á þessu sviði. Dag hvern í komandi viku skaltu halda áfram að íhuga hvað Guð vilji gera í lífi þínu í tengslum við þessi vers.



að reiða sig á guðlegan mátt

Hvað hefur Heilagur andi sýnt þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

beðið um fyllingu

bænin dregur nærveru Heilags anda inn í líf mitt

að reiða sig á
**GUÐLEGAN
MÁTT**

53

YFIRLIT

hvernig get ég breyst?

Ein algengasta spurning kristinna er „hvernig get ég breyst? Ég bið að Heilagur andi breyti mér en ekkert virðist gerast!“ Þetta getur verið mjög ergjandi því við vitum að Guði er allt mögulegt og við vitum að við viljum breytast – svo hvers vegna virðist ekkert gerast?

Hluta svarsins er að finna í því sem Jesús kenndi lærisveinunum um Heilagan anda. Hann sagði að Heilagur andi sinni tveimur mikilvægum verkefnum. Í fyrsta lagi mun hann sýna mér það sem ég er að gera rangt – „Þegar hann kemur mun hann sanna heiminum hvað er synd“ (Jóh 16.8). Í öðru lagi mun hann sýna mér það sem er rétt – „En þegar andi sannleikans kemur mun hann leiða yður í allan sannleikann“ (Jóh 16.13). **Þó Heilagur andi sýni mér syndina í lífi mínu og réttan veg þá getur hann ekki látið mig iðrast eða hlýða.** Líf mitt mun aðeins breytast þegar ég kys að iðrast og hlýða sem viðbrögð við leiðsögn Heilags anda. Sleppi ég þessu tvennu get ég alls ekki breyst. Hvernig get ég þá samstarfað með Heilögum anda?

- **guðlegur máttur Heilags anda kemur vegna bænar**
- **máttur Guðs kemur ekki sjálfkrafa inn í mig heldur þegar ég samstarfa með Guði**

samstarfað með Heilögum anda

Að umbreytast til að líkjast Jesú kemur ekki af sjálfu sér. Og ekki heldur með því að dauðlanga það. Það gerist þegar Heilagur andi kemur eðli Jesú fyrir í lífi mínu. Hér er ferlinu lýst sem við förum í gegnum þegar við viljum að Heilagur andi breytir okkur hið innra. Flettu upp á versunum.

Víðurkenndu veikleika þinn. Játaðu fyrir Guði að þú hafir engan veginn mátt eða visku til að breytast eða til að vita hvað sé rétt (Sálm 6.3; Jak 5.15; Hós 5.13).

Biddu um leiðsögn og mátt Heilags anda. Við þurfum hjálp frá himni til að breytast. Bið Guð um að sýna þér hvað gera skal eða hvernig þú getur breyst (Lúk 11.13; Jak 1.5; Okv 3.5-6). Mundu að máttur Heilags anda kemur ekki endilega með einhverri tilfinningu því það er fyrir trú á Guð sem við vöxum.

Gerðu tilkall til fyrirheits Guðs um hjálp. Eitt er að biðja um hjálp en allt gannað er að trú á því að Guð hjálpi þér. En við munum ekki upplifa breytingu án trúar – algerrar trúar á að Guð muni gera það sem hann lofaði. Því er gagnlegt að herma upp á hann fyrirheit hans – til að sýna honum að þú treystir honum til að uppfylla það sem hann hefur lofað að gera í þér og fyrir þig. Þú getur lesið meira um að minna hann á fyrirheit hans í 24. kafla (Jóh 14.26; Jer 29.11-13; Jes 41.10).

Drífðu í því. Gerðu það sem þú veist að er rétt samkvæmt orði Guðs hvernig sem þér líður. Oft gerum við ekki það sem rétt er því okkur „finnst“

það erfitt. Ekki reiða þig á tilfinningarnar til að gera rétt heldur á leiðbeiningar Biblíunnar og fyrirheit Guðs (Fil 2.12-13). Ef þú byrjar að gera eitthvað og finnst svo það gæti verið rangt, hafðu þá ekki áhyggjur. Talaðu við Guð um það og treystu því að hann leiði þig rétta leið þó þér finnst þú hafa gert mistök.

Þakkaðu Guði fyrir verk hans í þér. Enn og aftur, þakkaðu Guði hvernig sem þér líður því þakkargjörð er trú í verki! Þakkaðu Guði, ekki vegna þess að þú sérð hvernig allt breytist heldur vegna trausts þíns á að Guð sé að verki í þér samkvæmt fyrirheitum hans – núna (Fil 4.4-6; Sálms 28.6-7; 56.12).

dæmi

Ímyndaðu þér að þú sért að glíma við reiði í garð einhvers sem hefur sært þig og að þú villir að Heilagur andi hjálpi þér til að losna við þessa tilfinningu. Samkvæmt ferlinu hér að ofan gætirðu beðið eitthvað á þessa leið:

Kæri Faðir, (Viðurkenning) ég ræð ekkert við þessa reiði innra með mér. (Beiðni) Send Heilagan anda þinn til að hjálpa mér að stjórna hugsunum mínum og tilfinningum. (Tilkall) Ég veit að þú hefur lofað mér að gefa mér anda friðar sem Páll lýsir í Galatabréfinu 5.22. (Þakkir) Þökk sé þér fyrir að heyra mig. Ég veit að þú ert mikill Guð og að þú munt hjálpa mér. Amen.

Mundu að **verk Guðs í þér er ferli**. Stundum gerir Guð kraftaverk sem taka enga stund. En oftast starfar **Heilagur andi í okkur um ákveðinn tíma svo að við getum skilið hvernig hann starfar**. Effir að hafa myrt Egypta nokkurn dvaldi Móse 40 ár í eyðimörkinni áður en hann var reiðubúinn til að leiða Ísraelsmenn út úr Egyptalandi. Ekki missa móðinn þó breyting gerist ekki eins hratt og þú óskar. Guð hefur heyrt bænir þínar. Hann er að sinna þér núna. Treystu honum því hann og allur himinninn er að sinna þér.

Við vitum að þeim sem Guð elska samverkar allt til góðs, þeim sem hann hefur kallað samkvæmt ákvörðun sinni. Þau sem hann þekkti fyrir fram hefur hann og fyrirhugað til þess að mótast eftir mynd sonar síns . . . (Róm 8.28-29).

æfðu þetta

Dag hvern í næstu viku skaltu nota dagbókina þína og nota ferlið til að skrá bænir þínar um breytingu.



að reiða sig á guðlegan mátt

Hvað hefur Heilagur andi sýnt þér og hvernig þarftu að bregðast við?

fyllt með daglegri guðrækni

að öðlast guðlegan mátt fyrir reglulegt og náið samband við Guð

að reiða sig á
**GUÐLEGAN
MÁTT**

54

YFIRLIT

hvað eru persónulegar guðræknistundir?

Mér hugnast að líta á persónulegar guðræknistundir sem reglulegar stundir til að ná áttum. Ímyndaðu þér að þú sért á gangi til næsta bæjar og sért með kort. Öðru hverju þarftu að stoppa, líta á kortið og leiðrétta stefnu þína. **Án þess að staldra reglulega við til að skoða stefnuna getum við villst illilega.**

Eins er því farið með líf okkar í Guði. Frumatriði er að ákveða stefnuna á andlega áttavitanum okkar að morgni og athuga svo reglulega hvernig gengur meðan við biðjum án afláts (1 Þess 5.17) og meta svo stöðuna að kveldi. Eins og við sjáum í reynslu Davíðs í Sálmunum 27.4 þá er meginmarkmiðið ekki að fá eitthvað frá Guði heldur að sjá hann.

1. Hvað er sumt af því sem Davíð gerir með Guði að morgni?

Sálm 5.4 _____

Sálm 119:147-148 _____

Sálm 63:7 _____

stöðirnar 4

Auðvelt er að sjá guðræknistundirnar með hliðsjón af slíkum athöfnum. En mögulegt er að biðja og þakka Guði án þess að breytast. Ég ætla að útskýra þetta.

Þessi bók skiptist í fjóra hluta, stöðir: 1) einlægni gagnvart Guði, 2) trú á Guð, 3) lífað fyrir mátt Guðs með því að deyja sjálfinu og vera skírð af Heilögum anda, 4) þátttaka í verki Guðs. Fyrstu þrjú atriðin snúast um að „vera“ frekar en athafnir, að gera eitthvað. T.d. **get ég framkvæmt athöfnina að biðja án þess að vera opinn fyrir Guði vegna streitu og áhyggna yfir því sem gerðist í vinnunni í gær. Ég get lesið Biblíuna án þess að trúa því sem Guð er að segja.** Í báðum þessum dæmum get ég verið að gera eitthvað sem er trúarlega gott en það leiðir ekki til breytingar þar sem ekki eru til staðar andlegu atriðin einlægni, trú, að deyja sjálfinu og að meðtaka skírni Heilags anda. Og þegar slíkt vantar getur virst sem ég sýni trúrækni því ég er að öðlast fleiri upplýsingar og gera rétt. En samt er ég ekki í réttum takti andlega.

allt snýst þetta um samband

Ég mun ekki dafna vel andlega af nokkrum mínútum við upphaf og lok dags. Slíkar bænastundir eru aðeins til að ná áttum og stilla sig af. Allan daginn þarf ég að lífa í einlægni og vera opinn fyrir Guði, treysta honum, deyja eigin syndugum hvötum

- dagleg guðrækni er stund til að ná áttum
- tilgangur sambands við Guð er kynnast honum
- samskipti við Guð snúast alltaf um umskipti – þar sem eðli Guðs fer í mig og skiptir út syndugu eðli mínu
- allar guðrækniathafnir ættu að fela í sér lærisveinastöðirnar 4— einlægni, trú, traust á guðlegan mátt og starf fyrir Guð
- stöðunum 4 er ætlað að móta mig stöðuglega en eru ekki bara fyrir guðræknistundir

mínum og fyllast Heilögum anda. Þetta er líf stöðugs sambands við Guð. Þannig vorum við öll hönnuð til að lifa. Mestu máli skiptir að sambandið snýst ekki aðeins um að vera í nálægð Guðs heldur að vera þar til þess að njóta skírnar Heilags anda daglega. Þessi skír Heilags anda setur upp hin lífsnauðsynlegu samskipti lífs míns. Þessi fylling Heilags anda gerir eðli Guðs mögulegt að flæða inn í líf mitt þannig að ég finni til, hugsi og lifi eins og Guð gerir—því nú lifir hann sínu lífi í mér.

æfðu þetta

- Áskorun okkar er að eðli okkar þráir ekki sjálfkrafa að „horfa á yndisleik Drottins“ (Sálm 27.4). Hver dagur er barátta við að vera einlæg og opin, trúföst og gefin Guði og fyllt Anda hans. Skráðu í kassann hér að neðan helstu ástæður fyrir því að vera í andstöðu við Guð og hvernig það sést í lífi þínu.

	Ástæður fyrir því að vera...	Einkenni þess að vera...
Lokuð		
Trúfítill		
Óháð		
Skortir Heilagan anda		

Hugsaðu um hvernig best er að styrkja einlægni gagnvart Guði, trú á hann, deyjja sjálfínu og skír Heilags anda. Skráðu og skipuleggðu áform um daglegt guðrækniáform fyrir þessa viku sem innifelur stoðirnar fjórar.



að reiða sig á guðlegan mátt

Hvað hefur Heilagur andi sýnt þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?





HVERNIG VAR MÉR ÆTLAÐ AÐ LIFA?

NEÞRÁ

BYRJADU HÉR	B
<i>að leggja</i> UNDIRSTÖÐUR	1
<i>að þrá</i> EINLÆGNI	2
<i>að dýpka</i> TRÚ	3
<i>að reiða sig á</i> GUDLEGAN MÁTT	4

að taka þátt í **STARFI GUDS**

5



Eins hef ég beðið Drottin, það eitt þrái ég, að ég fái að dveljast í húsi Drottins alla ævidaga mína til þess að horfa á yndisleik Drottins og leita svara í musteri hans.

Sálmarnir 27.4

hagnýtar leiðbeiningar um göngu með Guði

G A V I N A N T H O N Y

hægt er að sækja fleiri eintök hjá www.adventistar.is/eintra

© 2021 Gavin Anthony

Síðast uppfært September 2021

Þýðing: Einar Valgeir Arason
Prófarkalestur: Þóra Lilja Sigurðardóttir

Það væri gaman að vita ef þessi bók hefur hjálpað þér og þá hvernig! Ef þú vilt hafa samband eða þig vantar fleiri eintök, þá vinsamlegast hafið samband hér:
gavin@reflectingJesus.org

efnisyfirlit

- 55 hlutverk kirkjunnarað / 176
- 56 ferð Jesú til að ná til heimsins / 178
- 57 þrjú grunnatriði boðunar / 180
- 58 hvernig Guð undirbýr okkur / 182
- 59 hvar finn ég minn vettvang til að þjóna? / 184
- 60 tíund og ráðsmennska / 186
- 61 endir veraldar / 188
- 62 beðið fyrir öðrum / 190
- 63 að deila vitnisburði með öðrum / 192
- 64 að þjóna eins og Jesús / 194
- 65 ævintýri í þjónustu / 196
- 66 að vera trúverðugur / 198
- 67 spádómsboðskapur til að deila með öðrum / 200
- 68 hvíldardagurinn / 202



Eins hef ég beðið Drottin, það eitt þrái ég, að ég fái að dveljast í húsi Drottins alla ævidaga mína til þess að horfa á yndisleik Drottins og leita svara í musteri hans.

Sálmarnir 27.4

hlutverk kirkjunnar

hið knýjandi verkefni kirkjunnar fyrir endurkomu Jesú er að endurmóta skaddað fólk í ímynd Guðs

að taka þátt í
STARFI GUÐS

55

YFIRLIT

Babýlon yfirgefin til að endurreisa musterið

Guð boðaði fyrir munn Sakaríá: „Burt, burt. Flýið úr Norðurlandinu . . . burt, Síon. Forðaðu þér, þú sem dvelst í Babýlon“ (Sak 2.10-11). Sakaríá bjó í Jerúsalem. Hann var í litlum hópi Ísraelsmanna – leifum – sem höfðu fylgt Serúbabel heim til Jerúsalem úr útleið í Babýlon til að endurreisa musterið og borgina. En þessi litli hópur, leifar, hafði mætt andstöðu, misst móðinn og lagt niður störf.

Haggái (1.4) segir þá hafa einblínt á eigin þægindi. Tveimur mánuðum síðar reis Sakaríá upp í Jerúsalem og höfðaði til ættmanna leifanna sem kusu að búa í Babýlon. Sakaríá varaði við falli Babýlonar en var líka umhugað um að ættingjar þeirra yfirgæfu Babýlon og sameinuðust leifunum í að endurreisa musterið og borgina—staðinn þar sem Guð hafði kosið að opinbera nærveru sína á jörðu.

kirkjan er musteri Guðs

Mörgum árum síðar hvatti Páll hina kristnu í Korintuborg til að lifa hreinu lífi. Hann vitnaði í kall spámansins Jesaja um að „koma út úr Babýlon“ til að hvetja hina kristnu sem voru hálfvolgir og effirgefanlegir í trúmálum og gátu því ekki nálgast fullkomlega – nálgast „musteri lifanda Guðs“ (2Kor 6.16-18). Eins og Sakaríá kallaði leifarnar frá Babýlon til að endurreisa íverustað Guðs í musterinu í Jerúsalem þá kallaði Páll íbúa Korintuborgar til heilagleika svo að kristilegt samfélag þeirra gæti verið endurreist sem staður persónulegrar nærveru Guðs.

lokaútkall úr Babýlon

Í lok Biblíunnar eru þrjár mikilvægar viðvaranir sem andlegar leifar Guðs gefa til að undirbúa heiminn fyrir yfirvofandi endurkomu Jesú (Opb 14.6-13). Þessi þríþætti boðskapur frá himni til heimsins er til þess að 1) boða allsherjar dóm svo að fólk snúi sér til Guðs skaparans, 2) vita að Babýlon sé fallin, 3) forðast að samsamast röngum trúarbrögðum. Líkt og á tímum Sakaríá munu leifar Guðs flytja eina lokaviðvörðun til að kalla andleg systkini út úr hinni andlegu Babýlon. Þessi viðvörðun líkist annarri viðvörðuninni í Opb 14.8.

1. Lestu Opb 18.1-4. Hvað finnst þér mest sláandi við hvatninguna um að yfirgefa Babýlon?

- **kallið um að koma út úr Babýlon er kall um að laga það sem hefur farið aflaga – musteri Guðs**
- **Guð þráir að líf mitt komist á réttan kjöl því ég er musteri hans**
- **fyrir endurkomu Jesú heyrst lokakall fólks Guðs til annarra um að koma og sameinast um að endurskapa ímynd Guðs í sködduðu fólk**

Þetta er lokaboðið sem heimurinn fær um að vera reiðubúinn til að lifa í nærveru Guðs í hinu eilífa musteri hinnar nýju Jerúsalem (Opb 21.2-3). Enn og aftur, kallið um

að koma út úr Babýlon er kall um að vera í nærveru Guðs. Áherslan er ekki aðeins á að yfirgefa Babýlon vegna illsku hennar heldur er hún kall um að sameinast um að endurreisa skaddað fólk – rétt áður en við förum inn í hina eilífu nýju Jerúsalem.

ég er musteri Guðs

Páll segir: „Vitið þið ekki að líkami ykkar er musteri Heilags anda?“ (1Kor 6.19). Spámannlegi boðskapurinn í Opb 18.4—sem kallar fólk út úr ringulreið andlegrar Babýlonar – grundvallast á kalli til að verða lærisveinar—sem er kall um að endurmóta mannleg hjörtu sem musteri fyrir Guð. Þetta er kall til skaddaðs fólks um að sameinast samfélagi sem er algerlega helgað því að endurreisa musteri manlegs hjarta í mynd Guðs. Þannig að það geti í nærveru Guðs umbreytt til að endurspegla lýndiseinkunn Jesú. Þetta er helsta hlutverk kirkju Guðs við endalokin.

hagnýting

2. Hvaða þýðingu hefur það fyrir þig að vera musteri Guðs?

3. Hvaða þýðingu gæti það haft fyrir þig að hjálpa við að endurreisa fólk í mynd Guðs?



að taka þátt í starfi guðs

Hvað hefur Heilagur andi sýnt þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum geturðu deilt þessu með?

kafað dýpra

1. Þú getur séð útdrátt um það sem Sjöunda-dags aðventistar trúa varðandi leifarnar í Byrjaðu hér 5, Helstu trúarkenningar: 13. Leifarnar og hlutverk þeirra.s
2. Til að skoða málið betur skaltu lesa um þessa grunnkenningu í bókinni Seventh-day Adventists Believe.

aðferð Jesú til að ná til heimsins

lærum að vinna lærisveina sem vinna lærisveina

að taka þátt í
STARFI GUÐS

56

YFIRLIT

- *aðferð Jesú er jafn mikilvæg og boðskapurinn*
- *kall til að vera lærisveinn er kall til þjónustu, ekki einungis sjálfsþroska*
- *Jesús og Páll þjálfuðu lærisveina sem gátu svo gert aðra að lærisveinum*
- *áform Jesú var að „hugsa stórt, byrja smátt og fara djúpt“*
- *Jesús varði tíma með TTK fólki—trúföstu, tiltæku og kennsluhæfu*
- *aðferð Jesú snerist um að margfalda fólk inn í ríki Guðs, ekki bara að bæta við*
- *ég verð lærisveinn þegar ég hef gert lærisvein*

kall Jesú til lærisveina um að gera lærisveina

Jesús beitt bæði boðskap og aðferð. **Ef við reynum að aðskilja boðskap Jesú frá aðferð hans mun útkoman verða allt önnur.** Í þessari lexíu munum við skoða hvernig Jesús vann – aðferð hans. Freistandi er að sjá hlutverk lærisveinsins sem ferli sjálfsþroska. En Jesús kallaði lærisveina til að undirbúa þá fyrir ákveðið boðunarhlutverk.

1. Hvernig lýsir Jesús tilgangi kallsins um að fylgja honum í Matt 4.18-20?

Jesús segir greinilega þegar hann kallar Símon Pétur og Andrés að það að fylgja sér snúist um að „veiða menn“. Þegar Jesús síðar gefur lærisveinunum tilskipun í lok Matteusarguðspjalls þá er boðun aftur stóra málið.

2. Lestu Matt 28.18-20. Hvað biður Jesús lærisveinana um að gera?

Jesús kallar lærisveinana til að gera þrennt: 1) Farið og gerið lærisveina – sem bókstaflega þýðir að gera lærisveina þegar þið farið út – út þangað sem vantrúaðir búa. 2) Skírið – þannig að fólkið samsami sig Jesú og fólki hans. 3) Kennið þeim að halda – áherslan er ekki aðallega á kennslunni heldur að kennslan leiði til hlýðni – við allt sem Jesús hefur boðið, m.a. að gera fleiri lærisveina! Kjarni þessara versa er að lærisveinar Jesú áttu að gera fleiri lærisveina. Þess vegna kallaði hann þá við upphaf starfs síns.

Páll kallar lærisveina til að gera lærisveina

3. Lestu 2Tím 2.2. Hve margar kynslóðir lærisveina finnurðu?

Í þessu versi sjáum við Pál sem er lærisveinn Jesú. Hann er að segja lærisveininum Tímóteusi að kenna „trúum mönnum“ sem munu svo kenna öðrum. Í þessu staka versi sjáum við fjórar kynslóðir lærisveina! Sem lærisveinn og sá sem gerir lærisveina er Páll að segja Tímóteusi að gera lærisveina sem gera lærisveina.

hugsaðu stórt. byrjaðu smátt. farðu djúpt.

Einhver dró saman aðferð Jesú sem: „**Hugsaðu stórt, byrjaðu smátt, farðu djúpt.**“

Jesús áformaði að ná til alls heimsins, samt byrjaði hann mjög smátt. Hann talaði til ýmissa hópa fólks en sagt hefur verið að hann hafi varið 90% tíma síns með einungis 12 persónum. Svo segja guðspjöllin að fimm sinnum hafi hann verið með aðeins þremur – Pétri, Jakob og Jóhannesi – til að sérþjálfa þá. Það var þegar hann læknaði tengdamóður Péturs (Mrk 1.29-31), þegar hann reisti dóttur Jaírusar upp frá dauðum (Mrk 5.37), á Ummyndunarfallinu (Mrk 9.2), á Olúfjallinu þegar hann útskýrði atburði endalokanna (Mrk 13.3) og svo í Getsemanegarðinum stuttu fyrir krossfestinguna (Matt 26.37).

Á þessum dæmum sést að Jesús kynnti lærisveinum sínum fyrir mismunandi og krefjandi verkefnum. Þetta var stöðug sýnikennsla þar sem Jesús leyfði lærisveinum að fylgjast með og læra þjónustuna. Svo dreif hann þá út úr þægindarammanum og kallaði þá svo saman til að meta reynslu sína á hljóðlátum stað fjarri fjöldanum. Þetta var lífandi þjónusta. Alls engin dans á rósum en í þessum kringumstæðum öðluðust lærisveinarnir reynslur sem dýpkuðu andlega reynslu þeirra og traust á Guði.

leitað að TTK fólki

Slík þjálfun er ekki fyrir hálfvolga. Jesús þjálfaði aðeins þá sem voru andlega opnir. Hann kallaði fólk sem fylgdi honum strax og þjálfun hófst um leið. Jesús gaf alla orku sína þeim sem voru til í slaginn. Ef Jesú fannst fólk ekki vera heilshugar sýndi hann því það og það fór heim (sjá Matt 19.16-22). Craig Etheredge segir að Jesús hafi leitað slíks TTK fólks—sem væri **Trúfast, Tiltækt og Kennsluhæft**. Án slíkra eiginleika rennur þjálfun lærisveina út í sandinn.

lærisveinastærðfræði

Aðferð Jesú við að ná til heimsins byggir á margföldun, ekki samlagningu. Jesús og Páll vissu að þeir hefðu takmarkaðan tíma hér á jörð, því áformuðu þeir að endurgera sig aftur og aftur og aftur. Sjáðu stærðfræðina í þessu: Ef þú gerir einn lærisvein á ári, þá eru þeir orðnir 20 eftir 20 ár. En ef þú kennir hverjum þeirra að gera lærisveina og hver þeirra gerði svo einn lærisvein á ári til loka þessa 20 ára tímabils, þá væri fjöldi lærisveina orðinn 1.048.576 (2²⁰). Og ef þú byrjaðir með 2 einstaklingum þá teldi hópurinn 3.486.784.401 (3²⁰) við lok áranna tuttugu!



að taka þátt í starfi guðs

Hvað hefur Heilagur andi sýnt þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum getur þú deilt þessu með?

Þú ert nú að læra að vera lærisveinn Jesú. Hvern ætlar þú að vinna með og gera að lærisveini við lok þessa námskeiðs á þann hátt sem þetta efni kennir þér og eins og einhver hefur unnið með þér? Bið Guð að sýna þér fólk sem er TTK - Trúfast, Tiltækt og Kennsluhæft.

Þrjú grunnatriði boðunar

(1) deilum orðum Guðs, (2) endurspeglum Krist, (3) sinnum meðalgöngu

að taka þátt í
STARFI GUÐS


57

lexíur helgidómsins

Þegar Guð kaus Ísrael sem útvalið fólk sitt ákvarðaði hann daglegar og árlegar helgiathafnir til að kenna þeim að vera í sambandi við hann. Þungmiðja þessara athafna var helgidómurinn þar sem Guð sjálfur dvaldi sem sýndi sig í dýrðinni sem skein yfir búðunum (2Mós 40.36-38).

Hinar „daglegu“ helgipjónustur voru kjarni helgidómspjónustunnar. Fólkíð lagði fram þakkar- og fyrirgefningarfórnir sínar en prestarnir viðhöfðu sérstakar helgiathafnir hvern morgun og hvert kvöld allan ársins hring. Þessir helgisiðir táknuðu helgun Ísraelsmanna og að þeir væru háðir Guði.

Hver þáttur þessara helgiathafna tengdist hinu „sífellda“. Hinn guðlegi eldur sem brann á altarinu er sagður vera „sífelldur“ þar sem Guð hafði sagt prestunum að hann skyldi aldrei slokkna (3Mós 6.8-13). Ástæðan fyrir þessum „sífellda“ bruna var að Guð vildi að fórnirnar yrðu „sífelld“ settar á altarið. Í hinu heilaga—fremri hluta helgidómsins – voru þrjár aðalfórnir: brauðið, ljósið og reykelsið. Öllum átti að fórna „sífelldlega“. Einnig átti samvixusemi prestanna í að viðhalda þessum helgisiðum að vera „sífelld“.



Sérhvert þessara tákna benti fram til Jesú. Jesús er sífelld fórn (altarisfórn) okkar og er sífelld fylltur Heilögum anda. Jesús er einnig sífelld brauð lífsins, sífelld ljós heimsins, sífelldur meðalgangari okkar og sífelldur æðsti prestur okkar. Jesús er að verki fyrir þig hverja stund dagsins.

Á sama hátt á hver lærisveinn Jesú að endurspegla Jesú og starf hans. Kristnir eru kallaðir til að vera lífandi fórn (Róm 12.1-2) og fylltir Heilögum anda (1Þess 5.19). Við eigum að segja öðrum frá brauði lífsins (Jóh 6.11, 51), sýna ljós Heilags anda í lífi okkar með kristilegri lyndiseinkunn (Matt 5.16), biðja fyrir öðrum (Jak 5.15) og þjóna sem prestar fyrir Jesú (1Pét 2.9). Þetta eigum við líka sífelld að gera.

Þjónusta prestanna í þessum „sífelldu“ þjónustuathöfnum þurffi guðlegan eld frá altarinu til að nota við hina þrjú þættu fórnir í hinu heilaga. Reykelsið þarfnaðist guðlegs elds til að loga, ljósastikan þarfnaðist guðlegs elds og lagt hefur verið til að jafnvel hafi þurft heilagan eld við bakstur brauðsins heilaga. **Ef guðlegi eldurinn á**

YFIRLIT

- **hinar „sífelldu“ helgiathafnir í helgidómnum kenna mér um forgangatriði boðunar sem ég ætti „sífelld“ að viðhafa**
- **þrjú forgangatriði boðunar eru að deila orðum Guðs, að sýna lyndiseinkunn Guðs og að sinna milligöngu, fyrirbætur**
- **möguleiki minn til að þjóna öðrum með guðlegum mætti er undir því komið að Heilagur andi fylli mig sífelld**
- **Daníel spáði fyrir um trúarvald sem reynir að hylja eða eyða þessari sífelldu þjónustu Jesú og fylgjenda hans**

altarinu slokknaði vegna skorts á fórnun þá mundi prestsþjónustunni í hinu heilaga ljúka.

persónulegar og spámannlegar lexíur

Ef við heimfærum þetta upp á okkur sjálf þá kenna daglegu og „sífelldu“ helgiathafnir helgidómsins okkur að við þurfum að gefast sem lifandi fórnir og fyllast „sífelldu“ Heilögum anda, annars getum við ekki unnið fyrir Jesú og miðlað orðinu öðrum eða opinberað öðrum Krist eða haft milligöngu fyrir aðra. **Við getum samt gert þetta allt en máttur Heilags anda verður ekki til staðar í starfi okkar.** Það er ástæðan fyrir þessari bók – hún á að undirstrika þörfina á að lifa fyrir guðlegan mátt meðan við lærum að verða lifandi fórnir fyllt Heilögum anda. Aðeins þá mun starf okkar í Guði hafa guðleg áhrif.

Þetta atriði er líka mikilvægt þegar við skoðum spádóma Biblíunnar. Við vitum að þegar Satan var rekinn af himni „þá reiddist drekinn konunni og fór burt til þess að heyja stríð við aðra afkomendur hennar þá er varðveita orð Guðs og hafa vitnisburð Jesú“ (Opb 12.17). Við sjáum hluta af þessu í Dan 8.11 þar sem „lítið horn“ ætlar að taka hina „daglegu fórn“ (sífelldu) frá Jesú. Sem sagt, „litla hornið“ hefur alla mannkynssöguna reynt að skaða þjónustu Jesú eins og henni er lýst í mismunandi þáttum hinnar daglegu helgidómsþjónustu helgidómsins eins og sýnt er á skýringarmyndinni. Þannig hefur „litla hornið“ einnig skaðað verk það sem lærisveinar Jesú eiga að vinna fyrir Jesú hér á jörð. Með því að skaða fórnirnar sem eru færðar í hinu heilaga sjáum við þrjú forgangsatríðin í þjónustu Jesú fyrir aðra þar sem sérhvert þeirra gengur upp þegar við þjónum sem lifandi fórnir. **Er við setjum hvert svið þjónustunnar sífelldu í forgang heiðrum við og útfærum þjónustu Jesú hér í heimi.**

hagnýting

Hvert forgangsatríðanna þriggja vilt þú leggja áherslu á? Hvernig geturðu aukið þátttöku þína á þessu sviði?



að taka þátt í starfi guðs

Hvað hefur Heilagur andi sýnt þér og hvernig þarftu að bregðast við?

kafað dýpra

1. Þú getur séð útdrátt um það sem Sjöunda-dags aðventistar trúa varðandi hlutverk kirkjunnar í Byrjaðu hér 5, Helstu trúarkenningar: 12. Kirkjan, 13. Leifarnar og hlutverk þeirra, og 14. Eining í líkama Krists.
2. Til að skoða málið betur skaltu lesa um þessa grunnkenningu í bókinni Seventh-day Adventists Believe.

hvernig Guð undirbýr okkur

líf okkar er skóli Guðs sem hann notar til að móta okkur sér til dýrðar

að taka þátt í
STARFI GUÐS

58

YFIRLIT

Þetta snýst um líf okkar allt

Heilagur andi veitir okkur andlegar gjafir til að þjóna honum en þær þroskast oft í skóla Guðs—skólanum þar sem Guð þjálfar okkur til þjónustu fyrir guðlega leiðsögn í lífi okkar. **Guð notar mismunandi tímabil í lífi okkar til að móta okkur svo að hann geti opinberað dýrð sína gegnum okkur.**

hvernig Guð undirbjó Móse

Sjáðu dæmið með Móse. Guð kallaði Móse til að leiða Ísraelsmenn út úr Egyptalandi en hvernig lærir maður slíkt starf? Sjáðu hvernig Guð þjálfaði hann á ýmsum tímabilum lífs hans. **Áfangi 1: Mótaður hjá foreldrum sínum (2Mós 2.1-9).** Þótt dóttir faraós hafi bjargað Móse úr Nílarfljóti sá Guð til þess að hann gæti horfið aftur til móður sinnar sem kenndi honum vegu Guðs. Guð veitti Móse rétt umhverfi fyrir fyrstu þroskastig hans (um 12 ár). **Áfangi 2: Nám við hirð faraós (2Mós 2.10).** Eftir að hafa lært um Guð hjá móður sinni fluttist Móse til hirðar faraós sem dóttursonur faraós. Þar öðlaðist hann sérhæfða þekkingu í stjórnum á sviði þjóffélags- og hermála (28 ár). **Áfangi 3: Þroski í eyðimörkinni (2Mós 2.11-25).** Móse drap Egypta sem hefnd fyrir illa meðferð Egypta á Hebreum og flúði svo til Miðanslands. Þar kenndi Guð honum að reiða sig ekki á eigin mátt heldur að læra kristlega eiginleika auðmýktar og þolinmæði – með því að gæta kinda (40 ár). **Áfangi 4: Beiðing námsins í árangursríki þjónustu (2Mós 3 og áfram).** Móse var 80 ára þegar Guð kallaði hann til þjónustu hjá logandi runnanum. Þá fannst Móse hann vera óhæfur (2Mós 3.11). En fyrstu áfangarnir þrír í lífi Móse voru einmitt það sem Guð þurfti fyrir verkefnið framundan.

sköpuð til góðverka

Þáll skrifaði: „Við erum smíð Guðs, sköpuð í Kristi Jesú til góðra verka sem hann hefur áður fyrirbúið til þess að við skyldum leggja stund á þau“ (Ef 2.10). Hvernig undirbýr Guð okkur til að gera þessi góðu verk? Robert Clinton segir að **við þjónum Guði aðallega með því sem við erum** og við erum það sem Guð kemur í verk með guðlegri forsjón sinni í lífi okkar. Clinton rannsakaði hundruð kristinna leiðtoga sögunnar til að sjá hvernig Guð þjálfaði þá. Hann sá að Guð notaði sérstakar aðferðir til að þjálfra upp vissa hæfileika og athugaði svo hvort þessir hæfileikar hefðu náð rótfestu. Clinton sá að ef fólk stóðst ekki þessi próf gat það ekki haldið áfram þangað til það var prófað aftur og hafði staðist prófið. Hann sá að Guð prófar eftirfarandi eiginleika okkar með guðlegri forsjón í aðstæðum okkar.

1. **Heilindi** – þar sem Guð metur ætlanir mínar og þrjár – sem eru undirstaða lyndiseinkunnarinnar. T.d. er heilindi Daníels prófað þegar hann afþakkar mat sem hafði verið fórnað hjáguðum (Dan 1) og heilindi Jósefs er prófað þegar kona Pótífars vill sænga með honum (1Mós 39).
2. **Hlýðni** – þar sem Guð athugar hvort ég hlýði röddu sinni. Sem dæmi er fyrirskipun

- **nú þegar hefur Guð áform um að láta mig þjóna sér**
- **lífið er skóli Guðs**
- **að skynja leiðsögn Guðs í lífi mínu hingað til getur gefið mér til kynna áform hans um það hvernig ég eigi að þjóna honum**

Guðs til Nóa um að gera örk (1Mós 6).

3. **Heimfæring orðsins** – þar sem Guð athugar hvort ég taki við orði hans og heimfæri það upp á líf mitt. Dæmi um slíkt er þegar Guð kallaði Pétur til að þjóna öðrum en Gyðingum (Post 10).
4. **Undirgefni** – þar sem Guð athugar hvort við séum háð honum. Undirgefni er oft prófuð í kringumstæðum óréttlætis og deilna og krefst vaxandi trausts á að Guð sé ábyrgur fyrir að stjórna lífi þínu. Sem dæmi eru fyriræmi Guðs um að Hagar ætti að snúa til baka og vera ambátt Söru þrátt fyrir illa meðferð (1Mós 16).

Lífið er skóli Guðs

Þó Guð vilji nota þig í dag þá er undirbúningur hans til að gera þig sífellt gagnlegri oft margra ára ferli. Þetta er vegna þess að Guð er að endurmóta hjarta þitt og tilfinningar. Frá fæðingu er Guð að leiða þig í gegnum ýmsar reynslur til að efla þig með eiginleikum sem hjálpa þér að endurspegla dýrð hans á sannan hátt. **Allt lífið er skóli Guðs – skóli án lokaprófs!**



að taka þátt í starfi guðs

Hvað hefur Heilagur andi sýnt þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum getur þú deilt þessu með?

æfðu þetta

1. Biddu Guð að sýna þér hvernig hann leiðir í lífi þínu til að undirbúa þig til að þjóna sér.
2. Teiknaðu í dagbókina þína tímaás sem tákna líf þitt. Skráðu mikilvæga atburði lífsins. Hvernig gæti Guð hafa komið að þessum atburðum? Þú gætir skráð staði sem þú hefur komið til, samræður sem þú hefur átt, mikilvægar ákvarðanir sem þú hefur tekið og andlegar lexíur sem þú hefur lært.
3. Líttu eftir mynstrum eða tímabilum þar sem Guð gæti hafa verið að efla þig til þess sem þú gerir í dag eða til að gera eitthvað sérstakt sem þú veist að hann vill að þú gerir í framtíðinni. Erfiðara getur verið að sjá slík mynstur snemma á lífsferlinum. En þú munt sjá æ betur hvernig Guð hefur undirbúið þig fyrir starf á þann hátt sem þig hefur aldrei grunað fyrr.

kafað dýpra

1. Þú getur séð útdrátt um það sem Sjöunda-dags aðventistar trúa varðandi starf okkar og köllun í Byrjaðu hér 5, Helstu trúarkenningar: 17. Andlegar gjafir og þjónusta.
2. Til að skoða málið betur skaltu lesa um þessa grunnkenningu í bókinni Seventh-day Adventists Believe.

hvar finn ég minn vettvang til að þjóna?

Guð hefur gefið mér einstakar gjafir til að þjóna öðrum

að taka þátt í
STARFI GUÐS

59

YFIRLIT

Guð hefur gefið okkur öllum gjafir

Allir kristnir eiga að bera Guði munnlegan vitnisburð en Biblían segir að Heilagur andi gefir sérhverri persónu í kirkjunni sem er fyllt andanum sérstakar gjafir – einnig þér.

Þannig birtist andinn sérhverjum manni til þess að hann geri öðrum gagn (1Kor 12.7).

Tilgangur þessara gjafa er mikilvægur:

láta þeim þjónustu í té, líkama Krists til uppbyggingar, þangað til við verðum öll einhuga í trúnni og þekkingunni á syni Guðs, verðum fullþroska og náum vaxtartakmarki Krists fyllingar“ (Ef 4.12-13).

pýramídi Páls

Hér er texti Páls í pýramíða. Sjáðu að Guð byrjar á að gefa fólki sínu í kirkjunni andlegar gjafir. Þær eru öðrum til þjónustu sem leiðir svo til vaxtar, þá einingar, fullþroska og loks næst takmarkið æðsta – kirkjan opinberar heiminum fyllingu Krists.

Hvernig verðum við reiðubúin til að meðtaka og nota gjafir Andans? Jesús segir: „hve miklu fremur mun þá faðirinn himneski gefa þeim Heilagan anda sem biðja hann“ (Lúk 11.13). **Ef þú biður Guð um að nota þig mun hann senda nákvæmlega það sem þú þarft frá Heilögum anda til að þjóna honum.** Við gætum því sagt að bæen sé undirstöða pýramíða Páls.



Stundum notar fólk kannanir eða próf til að finna andlegar gjafir sínar. Þó kannanir geti verið góðar til að sjá í hverju við erum fær eða hvar áhugi okkar liggur þá segja þær okkur ekki endilega hvað Guð sé að undirbúa okkur til að gera. Guð gæti kallað þig til að gera eitthvað sem þú vilt ekki gera eins og í tilfelli Jónasar. Eða eins og í tilfelli Móse, Guð gæti kallað þig til að gera eitthvað sem þú telur þig ekki geta gert.

Mikilvægt er að muna að **andlegar gjafir og hæfileikar (talentur) er tvennt ólíkt.** Einhver getur búið yfir miklum hæfileikum sem kennari en sá hinn sami þarf ekki að hafa andlega gjöf þeirrar kennslu sem leiðir til styrkingar kirkjunnar. Þó hæfileikarnir og andlegu gjafirnar séu frá Guði komnar þá getum við ákveðið hvernig við notum eðlislæga hæfileika okkar. En Heilagur andi sýnir okkur hvernig gjafir hans skuli nýtast

- **Heilagur andi gefur andlegar gjafir til að styrkja kirkju Guðs**
- **markmið andlegra gjafa minna er að hvetja aðra til að sýna lyndiseinkunn Jesú**
- **þegar ég bið hann mun Guð sýna mér hvaða gjafir hann hefur gefið mér til að þjóna öðrum**
- **Guð getur notað mig í starfi sínu ef ég vil**

þar sem hann er að verki í lífi okkar.

Það sem Biblían segir

1. Hvers konar starfskraft vill Guð þegar hann hefur verk að vinna?
 - i. Þegar Guð kallaði Jeremía fannst Jeremía hann vera... (Jer 1.6).

 - ii. Þegar Guð kallaði Móse fannst Móse hann vera... (2Mós 3.11).

 - iii. Þegar Guð kallaði Jesaja var fyrsta hugsun Jesaja... (Jes 6.1-5).

2. Hvað þarf að gerast áður en andleg gjöf nýtist? (1Kor 12.8-11).

Byrjaðu að nota gjafir þínar

1. **Bið Guð að leiða þig í þær aðstæður þar sem þú getur þjónað honum í uppbyggingu kirkju hans** – „Ef þú hefur einhverjar spurningar um starfsvettvang þinn þá skaltu biðja Guð um leiðsögn og þú færð að vita það. Guð hefur sagt okkur ótvírætt að hann hafi sett hvern mann á sinn stað“ (Ye Shall Receive Power, 220).
2. **Þjóddu þig samstundis Guði sem lifandi fórn** (Róm 12.1) – sem þýðir að gera hvað sem Guð biður, sama hvað það kostar.
3. **Deildu löngun þinni til að þjóna með persónu sem hefur andlega gjöf visku og dómgreindar.** Hlustaðu vandlega á guðlegt innsæi hennar því við getum auðveldlega haft of mikið sjálfsálit eða rangt mat á eigin hæfileikum sem getur leitt okkur í ógöngur.
4. **Biddu þann einstakling að biðja fyrir þér til að þú vitir vilja Guðs.**



að taka þátt í starfi guðs

Hvað hefur Heilagur andi sýnt þér og hvernig þarftu að bregðast við?

kafað dýpra

1. Þú getur séð útdrátt um það sem Sjöunda-dags aðventistar trúa varðandi gjafir Andans í Byrjaðu hér 5, Helstu trúarkenningar: 17. Andlegar gjafir og þjónusta.
2. Til að skoða málið betur skaltu lesa um þessa grunnkenningu í bókinni Seventh-day Adventists Believe.

tíund og ráðsmennska

ég bý yfir auðlindum til vaxtar ríkis Guðs

að taka þátt í
STARFI GUÐS

60

YFIRLIT

- **allir fjármunir og eigur tilheyra Guði**
- **tíund og gjafir prófa hollustu mína og viðhorf til Guðs**
- **af ásettu ráði setur Guð fjármagn fyrir starf sitt í vasa minn**
- **allt sem ég á og er tilheyrir Guði**
- **ég upplifi fjárhagslegt öryggi þegar ég set Guð í forgang**

Það er allt í vasa mínum!

Oft er sagt að Guð hafi nægt fjárhagslegt bolmagn fyrir starf sitt. En vandinn er að það er allt geymt í vösunum okkar.

Því miður erum við einstaklega bundin því sem er í vösunum okkar. Manni finnst að það sem er í vasanum eða á heimilinu sé manns eign. **Fyrsta meginreglan er að allt tilheyrir Guði – ég er einungis ráðsmaður eigna Guðs.**

Guð bjó til tíundarkerfið til að við skildum þetta – 10% af tekjum okkar skyldu renna til að borga prestum.

1. Hverjum tilheyrir tíundin? (3Mós 27.30) _____
2. Hvers vegna kallar Guð eftir framlögum og hve mikið ættum við að gefa? (5Mós 16.16-17; 2Kor 9.7).

Við gætum sagt að **tíundargreiðslur prófi hollustu okkar við Guð en að gjafaframlög prófi viðhorf okkar til Guðs**. Sérhver launaútborgun sýnir fúsleika okkar, eða tregðu, til að láta „okkar pening“ af hendi og sýnir þannig viðhorf okkar gagnvart Guði og ríki hans.

Á tímum Gamla testamentisins krafðist Guð a.m.k. 25% af tekjum Ísraelsmanna. Okkur gæti fundist þetta mikil álög. En reyndin var önnur. Að skila Guði því sem hvort sem var tilheyrði honum var vitnisburður um trú á Guði og það var þessi trú sem gerði Ísraelsþjóðinni kleift að blómstra. Sama trúin á Guð eykur þroska okkar og gagnsemi í dag.

3. Hvað varar Páll okkur við varðandi peningamáli fyrir endurkomu Jesú? (2Tím 3.1-2).

Til að undirstrika viðvörun Páls lýsir Ellen White samræðum sem Satan átti við engla sína:

Farið og gerið eigendur lands og fjármagns drukkna af áhyggjum lífsins. Sýnið þeim heiminn á sem mest aðlaðandi hátt þannig að þeir afli sér fjársjóða hér og verði umhugað um jarðneska hluti. Við verðum að gera okkar besta til að hindra þá sem starfa í þágu Guðs til að afla viðurværis sem þeir nota á móti okkur. Haldið fjármunum í okkar búðum. Því meira sem þeir afla sér því meir munu þeir skaða ríki okkar með að ná fólki frá okkur. Látið þá vera meira umhugað um pening en að byggja upp ríki Krists og boða sannindin sem við hötum svo að við þurfum ekki að óttast áhrif þeirra. Því við vitum að sérhver

sjálfselek ágjörn persóna mun falla undir áhrifavald okkar og mun verða aðskilin lýð Guðs“ (Testimony to Ministers, 474).

4. Hvaða afleiðingar hafði það fyrir Guðs fólk að gjalda ekki tíund og gjafir? (Mal 3.6-9).
-

5. Hvaða afleiðingar hefur það að skila tíund og gjöfum samkvæmt Guði? (Mal 3.10-12).
-

6. Hver er lausn Jesú á freistingu efnishyggjunnar? (Matt 6.33).
-

7. Við hvaða hættu varar Jesús okkur þegar tíund er skilað? (Matt 23.23).
-

Hagnýting

Við höfum verið að fjalla um fjármál en sömu meginreglur eiga við um hæfileika okkar og eigur. Hvað kennir okkur dæmisaga Jesú um talenturnar um ráðsmennsku yfir því sem við höfum og eigum í tengslum við að efla ríki Guðs? (Matt 25.14-30).

S

að taka þátt í starfi guðs

Hvað hefur Heilagur andi sýnt þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum getur þú deilt þessu með?

kafað dýpra

1. Þú getur séð útdrátt um það sem Sjöunda-dags aðventistar trúa varðandi tíund og ráðsmennsku í Byrjaðu hér 5, Helstu trúarkenningar: 21. Ráðsmennska.
2. Til að skoða málið betur skaltu lesa um þessa grunnkenningu í bókinni Seventh-day Adventists Believe.

endir veraldar


skiljum lokaatburðina og deilum með öðrum

að taka þátt í
STARFI GUÐS

61

hvað er úti við sjóndeildarhringinn?

Biblían lýsir atburðum sem verða rétt fyrir endurkomu Jesú og líka þeim sem verða áður en Jesús endurskapar himin og jörð. Lestu tilvitnanirnar til að öðlast skilning að því sem mun gerast. Reyndu að skilja yfirlitsmyndina svo þú getir deilt þessu með öðrum.



YFIRLIT

- **Biblían lýsir vel því sem við getum vænst áður en Jesús kemur aftur**
- **vara þarf fólk við því sem er handan hornsins svo það geti undirbúið sig til að mæta Jesú**

til íhugunar

Með hliðsjón af röðun atburðanna skaltu íhuga eftirfarandi spurningar:

1. Hve er tilgangur Guðs með að flytja hina réttlátu til himins í 1000 ár? Hvað munu þeir gera á himnum? Hvernig tengist þetta réttlæti Guðs?
2. Hver er tilgangur Guðs með að reisa syndara upp við lok 1000 ára bara til að Satan leiði þá í árás á nýju Jerúsalem?
3. Hver ætli sé ástæðan fyrir því að Guð flytji nýju Jerúsalem frá himni til jarðar við lok 1000 ára?

hagnýting

Hvernig geturðu deilt með öðrum því sem þú hefur lært án þess að orsaka ótta?



að taka þátt í starfi guðs

Hvað hefur Heilagur andi sýnt þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum getur þú deilt þessu með?

kafað dýpra

1. Þú getur séð útdrátt um það sem Sjöunda-dags aðventistar trúá varðandi heimsendi í Byrjaðu hér 5, Helstu trúarkenningar: 25. Endurkoma Krists, 26. Dauði og upprisa, 27. Þúsund ára ríkið og endir á synd, 28. Hin nýja jörð. Þetta er í Viðbæti A þar sem þú finnur líka fleiri Biblíutilvitnanir um efnið.
2. Til að skoða málið betur skaltu lesa um þessa grunnkenningu í bókinni Seventh-day Adventists Believe.

beðið fyrir öðrum

bænin eflir ríki Guðs

að taka þátt í
STARFI GUÐS

62

YFIRLIT

Guð skipulags

Guð er Guð skipulags. Davíð segir: „Hann ákveður tölu stjarnanna, nefnir þær allar með nafni“ (Slm 147.4). Ímyndaðu þér minnið og skipulagið sem þarf til að stýra slíkum alheimi!

Við höfum ekki um jafn margt að hugsa og Guð. En jafnvel með þau fáu atriði sem við þurfum að muna þá gleymum við auðveldlega því sem við höfum beðið fyrir. Og bænin okkar eru of mikilvægar til að gleyma þeim.

Því getur verið gagnlegt að punkta hjá sér það sem við biðjum um varðandi aðra. **Að hafa bænalista hjálpar okkur líka til að einbeita okkur að sérstökum þörfum og sjá svo þegar Guð svarar.** Það kennir okkur líka að sýna bænum okkar vandvirkni eins og Guð sýnir heimi sínum vandvirkni.

Stundum getum við séð Guð svara bænum okkar næstum samstundis eins og þegar Elía bað um eld af himni ofan til að brenna fórnina (sjá 1Kon 18 til að kynnst allri sögunni). Í öðrum tilfellum getum við þurft að biðja þangað til að svar berst eins og þegar Elía bað um regn en hann þurfti að biðja sjö sinnum áður en regnið loksins kom (líka í 1Kon 18).

Hér er tvennt til að muna þegar beðið er fyrir öðrum—að vera sértæk og að vera einbeitt.

æfing 1: verum sértæk

Hér að neðan eða í dagbókina þína, skaltu skrá dagsetninguna og svo allt sem þú ætlar að biðja um varðandi aðra. Biddu svo um hvert atriði fyrir sig. Gerðu bænin þínar eins nákvæmar og þú getur. Í stað þess að skrifa „biðja fyrir Edda“ skaltu skrifa „biðja um að Eddi finni til sjálfsöryggis þegar hann fer í starfsviðtalið.“ Því nákvæmari sem þú ert því auðveldara er að sjá bænasvar Guðs. Það sem er kannski mikilvægara er að þegar þú sýnir nákvæmni þá gefurðu Guði færi á að svara af nákvæmni.

Dagsetning	Nákvæmt bænatriði

□ **bænlistar geta hjálpað mér með skipulag og einbeitingu þegar ég bið fyrir öðrum**

□ **Því sértækari sem ég er í bænum mínum því sértækari getur Guð verið í svörum sínum**

□ **Biblían nefnir mörg bænarefni sem ég get nýtt til að hafa áhrif á eilífðargöngu annarra**

æfing 2: einbeittu þér að því sem skiptir máli

1. Lestu eftirfarandi bænir í Biblíunni og gerðu lista yfir allt sem beiðandinn biður öðrum til handa.

a. Ef 1.15-23

b. Ef 6.10-18

c. Fil 1.3-11

d. Jóh 17

2. Hvernig mun sértækt innihald þessara bæna móta bænir þínar fyrir öðrum í framtíðinni?



að taka þátt í starfi guðs

Hvað hefur Heilagur andi sýnt þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum getur þú deilt þessu með?

að deila vitnisburði með öðrum

að deila vitnisburði mínum með öðrum er sannfærandi boðun

að taka þátt í
STARFI GUÐS

63

YFIRLIT

Guð þarfnast viljugra munna

Við erum kölluð til að endurspeglar lyndiseinkunn Jesú í athöfnum okkar. En **sérhver persóna sem hefur verið endurfædd fyrir Heilagan anda er líka kölluð til að bera honum munnlegan vitnisburð**. Er við undirbúum okkur fyrir endurkomu Jesú þá þarf fólk að heyra um mikilvægi lífs og dauða Jesú sem og endurkomu hans. Kristið fólk er málþipur Guðs því að við „erum útvalin kynslóð, konunglegur prestdómur, heilög þjóð, eignarlýður, til þess að þið skuluð viðfrægja dáðir hans, sem kallaði ykkur frá myrkrinu til síns undursamlega ljóss“ (1Pét 2.9). Því er gott við lok hvers dags að spyrja sig: „Hef ég verið munnlegur vitnisburður fyrir sannleikann um Guð í dag?“

vitnisburður Páls

Hluti þess að lofa Guð er að segja frá því sem Jesús hefur gert fyrir okkur persónulega. Þar sem Páll stendur frammi fyrir dauðanum í 26. kafla Postulasögunnar finnum við gott dæmi um að deila persónulegum vitnisburði þegar hann talaði við Agrippa konung. Vitnisburður hans er í þrennu lagi:

1. Hvernig líf hans var áður en hann kynntist Jesú (v. 4-11)
2. Hvernig hann mætti Jesú (v. 12-18)
3. Hvernig líf hans var eftir að hafa mætt Jesú (v. 19-23)

Þó vitnisburður Páls hafi verið frekar stuttur – kannski um 2 mínútur – þá gat Heilagur andi talað til konungsins því „þá sagði Agrippa við Pál: „Með litlu hyggur þú að geta gert mig kristinn?“ (v. 28). Þarna sjáum við að þegar við erum trúföst sem munnlegir vottar mun Heilagur andi starfa í okkur til að tengja aðra við Jesú.

Ef þú hefur endurfæðst fyrir Heilagan anda muntu hafa vitnisburð að bera! Þegar þú allt í einu ert í aðstöðu til að tala um Guð þá geturðu vísað í eigið líf sem dæmi um gæsku Guðs.

vitnisburður minn undirbúinn

Hugsaðu þér líf þitt í þremur þáttum eins og Páll gerði. Nýttu þér spurningarnar sem fylgja til að setja saman munnlegan vitnisburð um áhrif Guðs í lífi þínu. Þú ættir að geta deilt reynslu þinni á undir 2 mínútum.

1. **Hvernig var líf mitt áður en ég endurfæddist í Kristi?** Hvers konar manneskja var ég áður en ég bað Jesú að frelsa mig og Anda hans að vinna í mér? Hvernig hugsaði ég og hvernig leið mér með líf mitt? Hvernig lifði ég og hegðaði mér?
2. **Hvernig kynntist ég Jesú sem frelsara mínum og hvernig fór Andi hans að starfa í mér?** Hvar varstu? Hvað fékk þig til að breytast frá því að trúa ekki, freysta ekki Guði í að vera viss um að hann lifir og starfar í lífi þínu? Hvað fékk

- **munnlegur vitnisburður um það sem Guð hefur gert fyrir mig getur orðið öflugasta vitni um mátt hans til að umbreyta fólki**
- **einfalt dæmi um uppbyggingu persónulegs vitnisburðar er að skipta honum í þrennt – hvernig líf mitt var áður en ég mætti Jesú, hvernig ég mætti Jesú, hvernig líf mitt hefur breyst vegna Jesú**

þig til að taka við Jesú sem konungi og Drottni og fylgja venjum, meginreglum og lögmálum ríkis hans frekar en að fylgja heiminum?

3. **Hverju hefur Guð breytt í lífi mínu?** Berðu saman líf þitt nú við það sem var áður en þú kynntist Kristi. Hvað hefur Guð gert sem hefur haft mest áhrif á hvernig þú hugsar eða hagar þér í dag?

æfðu þetta

Til að hjálpa þér við undirbúninginn skaltu skrifa vitnisburð þinn í dagbókina orð fyrir orð. Bið Guð að hjálpa þér að muna það sem er mikilvægast fyrir þig að deila. Þú getur líka skráð bætur þína þar sem þú biður Guð um tækifæri til að vitna og svo skráð svo það sem gerist. Þú getur skráð helstu atriði vitnisburðar þíns hér að neðan.

Áður en ég mætti Jesú	Hvernig ég mætti Jesú	Líf mitt eftir að ég mætti Jesú

Æfðu vitnisburð þinn dag hvern þessa viku svo þú getir tjáð þig þegar tækifæri gefst.



að taka þátt í starfi guðs

Hvað hefur Heilagur andi sýnt þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum getur þú deilt þessu með?

að þjóna eins og Jesús

ég þjóna Guði með því að hjálpa þurfandi fólki

YFIRLIT

- **Ég undirbý mig fyrir endurkomu Jesú þegar ég sýni samúð hans með því að þjóna þeim sem eru þurfandi**
- **Ég get einungis þjónað fólki er ég kynnist því**

rétt fyrir krossfestinguna

Þegar fólk er sært, örmagna og einmana hefur það knýjandi þörf til að sjá lyndiseinkunn Jesú í verki hjá okkur, ekki bara í orðum okkar. Þegar við sjáum slíkt í verki vitum við að orðin eru ekta.

Í guðspjalli Matteusar sjáum við í því síðasta sem Jesús kenndi lærisveinunum áður en hann var krossfestur mikilvægar leiðbeiningar um athafnir okkar er við bíðum endurkomu hans. Dæmisagan í Matt 25.31-46 sýnir hvernig Jesús greinir sanna fylgjendur sína frá þeim sem þykjast fylgja honum.

Hvað heldurðu að greini á milli þeirra sem Jesús segir við „komið þér, sem faðir minn á og blessar, og takið við ríkinu sem yður var ætlað frá grundvöllun heims“ (v. 34) og hinna sem hann segir við „farið frá mér, bölvaðir, í þann eilífa eld sem búinn er djöflinum og árum hans“ (v. 41)?

Jesús er að sýna fram á að þeir sem sannarlega trú á hann sýni slíkt í verki. Hann segir:

Því hungraður var ég og þér gáfuð mér að eta, þyrstur var ég og þér gáfuð mér að drekka, gestur var ég og þér hýstuð mig, nakinn og þér klædduð mig, sjúkur og þér vitjuðuð mín, í fangelsi var ég og þér komuð til mín (v. 35-36).

hvernig Jesús þjónaði

Að lifa lífi þjónustu eins og Jesús gerði er að sinna þurfandi fólki af alvöru. En hvernig gerum við þetta? Ellen White segir um fordæmi Jesú í guðspjöllunum:

Aðferð Krists ein mun framkalla raunverulegan árangur í að ná til fólks. Frelsarinn umgekkst fólk sem sá er þráði að gera því gott. Hann sýndi því samúð, sinni þörfum þess og vann traust þess. Síðan bauð hann því „fylgið mér“ (MH, 143).

Við getum skipt þessu í þrennt. Til að vitna um gæsku Föðurins með því að sinna öðrum,

1. **Varði Jesús tíma með fólki.** Jesús var í nánú sambandi við fólk sem þarfnaðist hjálpar hans,
2. **Sýndi Jesús fólkinu meðaumkun.** Hann var ekki fjarlægur eða stóð á sama – fólk sá að honum var umhugað um það!
3. **Sinnti Jesús fólkinu á hagnýtan máta.**

æfðu þetta

Verðu nú svolitlum tíma til að spyrja Guð: „Hverjum getur þú sinnt með höndum, munnni og fótum mínum í dag?“ Bið Guð að sýna þér sértækar leiðir til að sinna þeim sem eru þurfandi. Skráðu nöfn þeirra í kassana hér að neðan og hvernig Guð vill að þú sinnir þeim.

Fjölskylda	Vinir	Óvinir	Aðrir þurfandi
Tek tíma til að tala við bróður minn sem hefur verið dapur upp á síðkastið.	Þjóða Magga að nota bílinn minn meðan bíllinn hans er í viðgerð.	Þjóða _____ að leysa hann af í kirkjunni meðan hann er í frí.	Spyrja nágrannann hvort hann þurfi hjálp við að reisa girðinguna.

Æfðu þig að biðja þessa bæn dag hvern í komandi viku.



að taka þátt í starfi guðs

Hvað hefur Heilagur andi sýnt þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum getur þú deilt þessu með?

ævintýri í þjónustu

Guð mun ávallt veita mér tækifæri til að þjóna þegar ég hlusta

að taka þátt í
STARFI GUÐS

65

YFIRLIT

- **Guð er sífellt að verki í umhverfi mínu**
- **mitt hlutverk er að sjá hvað Guð er að gera og vinna svo með honum**
- **þegar Heilagur andi hefur aðgang að mér mun ég hafa endalaus tækifæri til að taka þátt í starfi Guðs**
- **svo fremi sem ég sýni vilja til þá getur Guð notað mig – jafnvel þó mér finnst mig skorta undirbúning**

það sem himinninn er að gera

Á þessari stundu er Guð að verki. Heilagur andi hans og englarnir eru önnur kafnir við að undirbúa fólk til að mæta Jesú sem kemur mjög brátt. Englar Guðs eru stöðuglega umhverfis okkur. Þeir eru sífellt að og sóa ekki tímanum.

Guð er sífellt að verki í heimi okkar. Því spyr Henry T. Blackaby okkur: „**Viljum við taka þátt í því sem Guð er að gera?**“ Og það sem Guð er að gera er að hvetja fólk til að horfa til Jesú.

Verkefni í þágu Guðs ríkis eru næg. **Langi þig að vera verkfæri Guðs til að opinbera dýrð Guðs og viljiðu gera hvað sem Guð biður þig þá mun Guð pottþétt nota þig.**

Guð mun aldrei segja . . .

Guð mun aldrei segja „þið eruð ekki nógu gömul“ eða „þið eruð ekki nógu klár“ eða „ég get ekki notað ykkur því þið vitið ekki nóg ennþá“. Guð sérhæfir sig í að nota fólk sem finnst það ekki vera verðugt. Hann notaði Móse sem það „æ, Drottinn, sendu einhvern annan“ (2Mós 4.13). Og Guð notaði Jeremía sem kvartaði: „Drottinn minn og Guð. Ég er ekki fær um að tala því að ég er enn svo ungur“ (Jer 1.6). **Ástæðan fyrir því að Guð velur fólk sem telur sig ekki vera fær til verksins er að slíkt fólk reiðir sig algerlega 100% á Guð hvað varðar hugmyndir og styrk.**

Guð kallar hina veikburða þessa heims

Okkur finnst við vera klár og sterk en sem mannverur í hringiðu styrjaldar milli tveggja yfirnáttúrulegra afla höfum við ekki það sem þarf til að lifa fyrir Guð án þess að reiða okkur algerlega á guðlegan mátt hans.

Því segir Páll: „En þennan fjársjóð (Jesú og mátt orðs hans) ber ég í leirkerum (okkur) til þess að sýna að krafturinn mikli kemur frá Guði en ekki frá mér“ (2Kor 4.7). Síðar minnst hann á fyrirheit Guðs: „Náð mín nægir þér því að mátturinn fullkomnast í veikleika“ (2Kor 12.9). **Það er sama hver þú ert eða hversu veikburða þú telur þig, Guð getur notað þig.** Hann er viljugur að byrja um leið og þú ert til.

hvernig ég upplifi ævintýri með Guði

Þannig getur hver dagur orðið að ævintýri með Guði í því að vitna og þjóna. Þegar þú vaknar að morgni skaltu biðja að Heilagur andi og englarnir leiði þig til að vitna eða þjóna í þágu einhvers þann dag. Yfir daginn skaltu biðja Guð að opna augu þín fyrir tækifærum til að þjóna og vitna.

æfðu þetta

Hvernig gæti Guð hafa notað þig í liðinni viku?

Í komandi viku skaltu skrá í dagbókina þína dagleg ævintýri þín í þjónustuhlutverkinu. Hvernig notaði Guð þig í dag? Hvernig leiðbeindi Andinn þér? Ef þú sérð ekki hvar Guð var skaltu hugsa til baka til staðanna sem þú varst á, fólksins sem þú ræddir við, þess sem þú gerðir. Voru stundir þar sem Guð vildi nota þig en þú misstir einhvern veginn af tækifærinu? Hvers vegna? Biddu Guð að sýna þér daginn frá sínu sjónarhorni.

Góðu tíðindin eru þau að í hvert sinn sem þú biður Guð að nota þig mun hann senda fólk til þín eða þig til þess. Þú getur verið viss um að Guð er sífellt nálægur að verki til að sýna dýrð sína.



að taka þátt í starfi guðs

Hvað hefur Heilagur andi sýnt þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum getur þú deilt þessu með?

að vera trúverðugur

ég opinbera Jesú aðallega með því sem ég er, ekki bara með því sem ég segi

að taka þátt í
STARFI GUÐS

66

YFIRLIT

- **sannleikurinn er persóna**
- **fólk sér Jesú aðallega í því hver ég er, ekki í því sem ég segi**
- **ein helsta löngun fólks í dag er að upplifa trúverðugleika**

„miðlarinn er boðskapurinn“

Marshall McLuhan skrifaði árið 1964 að „miðlarinn er boðskapurinn“. Ef við yfirfærum hugmyndina á okkur kristna mundum við segja að **það sem við komum á framfæri um Guð er mótað og breytt með því hvernig fólk við erum**. Við erum miðillinn. Ef við t.d. segjum að Guð sé kærleikur og að hann geti umbreytt okkur til að vera eins og hann en sýnum svo ekki kærleika þá trúir fólk okkur ekki. En ef við segjum að Guð sé kærleikur og geti breytt hverjum sem er til að líkjast honum og ef við erum ástúðleg þá erum við (miðillinn) í takt við boðskap okkar. Þá erum við trúverðugir kristnir. Þegar við erum trúverðug mun boðskapur okkar fyllast mætti.

Jesús sjálfur var „miðillinn“

Guð talar hvað öflugast til heimsins með því hver við erum. Þetta reyndi Jesús að segja lærisveinum sínum. Hann vildi að þeir skildu að þeir sæu föðurinn með því að sjá Jesú.

Ég er vegurinn, sannleikurinn og lífið. Enginn kemur til föðursins nema fyrir mig. Ef þér hafið þekkt mig munuð þér og þekkja föður minn. Héðan af þekkið þér hann og hafið séð hann.“ Filippus segir við hann: „Drottinn, sýn þú okkur föðurinn. Það nægir okkur.“ Jesús svaraði: „Ég hef verið með yður allan þennan tíma og þú þekkir mig ekki, Filippus? Sá sem hefur séð mig hefur séð föðurinn. Hvernig segir þú þá: Sýn þú oss föðurinn? Trúir þú ekki að ég er í föðurnum og faðirinn í mér? Það sem ég segi við yður eru ekki mín orð. Faðirinn, sem í mér er, vinnur sín verk (Jóh 14.6-10).

Jesús vill að fólk kynnist föðurnum með því að kynnast okkur.

sannleikurinn er persóna

Jesús segir að fólk geti kynnst föðurnum með því að kynnast sér. Málið var ekki að fólk hittu fólk og segði frá föðurnum. Líf hans var rétt mynd af föðurnum. Þegar Jesús segir „ég er . . . sannleikurinn“ þýddi það „Faðir minn er eins og ég.“ Sannleikurinn er persóna. **Sannleikurinn er ekki bara rétt hugmynd heldur snýst hann um hver Guð er.**

Við opinberum sannleikann öðrum með því að sýna hver Guð er í lífi okkar. Þegar við (miðillinn) erum í samræmi við boðskapinn (sannleikann—hver Guð er) þá er máttur í vitnisburði okkar því hann er trúverðugur.

að búa heiminn undir komu Jesú

Þegar við búum heiminn undir endurkomu Jesú þá er mikilvægast að fólk viti að Guð er til og hvers konar Guð hann er. Þetta mun fólk skilja á sem sterkastan hátt þegar Guð opinberar sig í okkur. Stundum mun boðskapurinn sem Guð vill að við boðum virðast öðrum erfiður að heyra eða trúa. En þegar líf okkar endurspeglar sannleikann um hver Guð er þá mun Heilagur andi geta sannfært fólk. Sem formúla lítur þetta svona út:

Trúverðugt líf sem opinberar Guð + boðskapur frá Guði = gagnger áhrif

einkennir trúverðugleiki mig?

Kannski er mikilvægasta spurningin sem við getum spurt okkur sjálf um hvort við séum trúverðug. Eru athafnir mínar og orð í samræmi við innri mann? Ég segi fólk hitt og þetta um Guð **en getur Guð sannreynt þennan „sannleika“ með því sem ég er?**

æfðu þetta

Settu í fremri dálkinn allt sem þú vilt deila með öðrum um Guð. Í seinni dálkinn skaltu skrá hvernig þú ætlar að sýna þetta atriði í framkvæmd á trúverðugan hátt í eigin lífi – þannig að það sem þú segir sé alveg satt.

það sem ég vill segja öðrum um Guð	hvernig sýnir líf mitt að þetta sé satt?
t.d. Guð elskar alla, líka þá sem eru sama um hann.	Með því að sýna ástúð þeim sem líkar ekki endilega við mig.

Í komandi viku geturðu teiknað svona töflu og hugsað um hvernig þú munt á trúverðugan hátt betur opinbera „sannleikann“—persónu Guðs og boðskapinn sem hann vill að þú boðir.

S

að taka þátt í starfi guðs

Hvað hefur Heilagur andi sýnt þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum getur þú deilt þessu með?

spádómsboðskapur til að deila með öðrum

mikilvægur boðskapur fyrir síðustu tíma

að taka þátt í
STARFI GUÐS

67

YFIRLIT

heimurinn undirbúinn

Sagan sýnir að Guð sendi spámenn til að undirbúa heiminn fyrir mikilvæga atburði.

Hér að neðan geturðu borið saman spádómsboðskap Nóa fyrir heimsvíðtækan dóm flóðsins við boðskap Jóhannesar skírara fyrir komu Jesú og svo við boðskapinn sem fólk Guðs á eftir að boða fyrir lokadóminn og endurkomu Jesú.

Undirbúningur fyrir heimsvíðtækan dóm

1. Hvaða vandi ríkti í heiminum? (1Mós 6.11-13).

2. Um hvað snerist prédikun Nóa? (2Pét 2.5).

Undirbúningur fyrir komu Jesú

3. Hvert var hlutverk Jóhannesar skírara og hvað boðaði hann? (Lúk 3.1-14).

Undirbúningur fyrir heimsvíðtækan dóm

4. Hvað vandi steðjar að heiminum fyrir endurkomu Jesú samkvæmt orðum hans? (Matt 24.4-13, 38-39).

Undirbúningur fyrir endurkomu Jesú

Í Opb 14.1 lýsir Jóhannes fólki Guðs sem hefur boðað heiminum boðskap til að undirbúast: „Enn sá ég sýn: Lambið stóð á Síonarfjalli og með því hundrað fjörutíu og fjórar þúsundir sem höfðu nafn þess og nafn föður þess skrifað á enni sér.“ **Þetta nafn föðurins og sonarins er lyndiseinkunn eða ímynd Guðs sem hefur undirbúið það til að standast upplausnarfíma endurkomu Jesú.**

Opb 14.6-13 lýsir svo þremur englum sem boða heiminum þríþættan boðskap. Þessi boðskapur frá himni er boðaður af fólki Guðs sem uppi er fyrir endurkomu Jesú – fólkinu sem „ber nafn hans og nafn föðurins“. Taktu þér tíma til að lesa þessi vers áður en lengra er haldið.

Með táknmáli er því lýst hvernig **fyrsti boðskapurinn** kallar á heiminn að tilbiðja Guð sem skapara, sérstaklega af því að heimurinn á að fara að dæmast og fólk þarf að undirbúa sig fyrir að mæta Guði. **Annar boðskapurinn** vísar til falls Babýlonar. Margar

- *Guð varar heiminn alltaf við áður en mikilvægir heimsviðburðir gerast sem tengjast sögu Biblíunnar um hjálpræðisverk hans*
- *Nói, Jóhannes skírari og boðberar boðskapar englanna þriggja í Opinberunarbókinni kalla heiminn til biblíulegs heilagleika og að líkjast Kristi*
 - *þeir sem boða viðvörunarboðskap fyrir endurkomu Jesú endurspegla „nafn“ Guðs – ímynd og lyndiseinkunn Guðs*

spádómsbækur bæði í Gamla og Nýja testamentinu vísa til Babýlonar sem valds er stendur gegn Guði og lýð hans sem hefur sannleikann. Með þessum boðskap vill Guð vara heiminn við því að Babýlon sé búin að vera þó hún virðist vera sterk. **Þriðji boðskapurinn** vísar til stjórnmálalegs / trúarlegs valds sem nefnt er í Opb 13.11-18. Rétt fyrir komu Jesú mun þetta vald þrýsta á heiminn um að ofsækja þá sem boða biblíulega kristni. Guð varar við og segir að eilíf eyðing verði hlutskipti þeirra sem gefast þessu valdi.

Lokaspádómur er gefinn í Opb 18.1-4. Þetta er lokakall um að skilja sig frá andlegri Babýlon og sameinast samfélagi sem er helgað Guði og því að endurskapa ímynd hans í mannum. Þú getur lesið meira um þetta í lexíunni *hlutverk kirkjunnar* (55).

spádómur við heimslok

Biblían segir að stundum gefi Guð trúuðum anda spádómsins (t.d. Ef 4.11). Kirkja sjöunda-dags aðventista viðurkennir þessa andlegu gjöf í lífi og ritum Ellenar White. Rit hennar hvetja okkur til að helgast Jesú algerlega og undirbúa okkur sjálf og heiminn fyrir endurkomu hans.

hagnýting

5. Af því sem þú hefur lesið hvaða hluta spádómanna finnst þér að vinir þínir þarfnist mest?



að taka þátt í starfi guðs

Hvað hefur Heilagur andi sýnt þér og hvernig þarftu að bregðast við?

hverjum getur þú deilt þessu með?

kafað dýpra

1. Þú getur séð útdrátt um það sem Sjöunda-dags aðventistar trúa varðandi boðskap englanna þriggja í Byrjaðu hér 5, Helstu trúarkenningar: 13. Leifarnar og hlutverk þeirra.
2. Til að skoða málið betur skaltu lesa um þessa grunnkenningu í bókinni Seventh-day Adventists Believe.

hvíldardagurinn

hvíldardagurinn er opinbert og spámannlegt tákni sem kunnngjörir sköpun og endursköpun mannsins í mynd Guðs

að taka þátt í
STARFI GUÐS

68

YFIRLIT

hvíldardagurinn og sköpunin

Í frásögn fyrstu Mósebókar (1Mós 1) sjáum við Guð í Jesú (Kól 1.15) skapa mismunandi fyrirbæri á mismunandi dögum. Lestu 1Mós 2.1-3.

1. Hvað skapaði Guð sjöunda daginn? _____
2. Hvaða eðli gæddi Guð sjöunda daginn? _____
3. Hvers vegna skapaði Guð sjöunda daginn? _____

Áður en Adam og Eva höfðu náð að lifa í 24 klukkustundir, 2300 árum fyrir stofnun Ísraelsríkis og upphaf lögmálsins á Sínáíjalli, var hvíldardagurinn til sem heilagur tími. Frá upphafi skapaði Guð heilagan tíma. Sem mannverur getum við hvorki gert nokkuð heilagt né afhelgað það sem Guð hefur gert heilagt. Guð einn er heilagur og því getur hann einn gert eitthvað heilagt.

Dagar, mánuðir og ár tengjast hreyfingu jarðar, tungls og sólar. En sjö daga vikan okkar tengist engu slíku, bara boðorði Guðs við upphaf sköpunar heimsins. Þegar Guð síðar myndaði Ísraelsþjóðina endurtók hann lögmál sitt. **Lögmál Guðs var ekki nýtt, heldur árétting á framgangi heimsins eins og Guð hafði ákveðið frá upphafi.**

hvíldardagurinn og endursköpunin

4. Lestu 2Mós 20.8-11. Hvers vegna vill Guð að við munum hvíldardaginn?

5. Lestu 5Mós 5.12-15. Hvers vegna vill Guð að við höldum hvíldardaginn?

Í þessum tveimur útgáfum boðorðanna tíu tengir Guð hvíldardaginn við sköpunina og hjálpræðið. Á hvíldardeginum fagna ég fullkomnun upphaflegrar sköpunar Guðs. Ég fagna líka því hvernig Jesús heldur áfram að endurskapa mig þegar hann vinnur með skaðann sem syndin hefur orsakað í lífi mínu.

Kól 1.15 segir að Jesús hafi skapað heiminn. Því er ekki að undra að þegar hann kom til jarðar þá skyldi hann sinna endurreisni skaddaðra manna. Því kallar hann sig drottin hvíldardagsins (Matt 12.8) eins og Guð gerir í Jes 58.13-14. Jesús læknar mann með visna hönd á hvíldardegi (Matt 12.9-13) sem reitti trúarleiðtogana til reiði. Jesús vildi augljóslega leggja áherslu á að hann væri bæði skaparinn og sá sem endurskapar okkur í mynd Guðs. Á þann hátt **verður hvíldardagurinn tákni um löngun Guðs til að endurskapa skaddaðar mannverur í sinni mynd.**

□ *hvíldardagurinn er opinber vitnisburður um að Jesús endurreisir í mynd Guðs manninn sem er skaddaður af synd*

□ *hvíldardagurinn er ekki einungis bíblíuleg hugmynd sem við meðtökum heldur er honum ætlað að móta hugsanir okkar og gjörðir í a.m.k. einum sjöunda lífs okkar*

□ *hvíldardagur sköpunarinnar kennir okkur að Jesús er að endurreisa fólk í dag*

□ *fyrir endurkomu Jesú mun hvíldardagurinn verða prófsteinn á hollustu okkar við Jesú*

□ *sjöundi dagurinn er tákni um hvíld við lok sköpunar Guðs og um hvíld mína í verki hans við endursköpun mína*

Jesús sjálfur hélt hvíldardaginn (Lúk 4.16), einnig Páll og frumsöfnuðurinn (Post 13.13-14; 16.13; 17.2; 18.4). Jesús vænti þess að frumsöfnuðurinn héldi hvíldardaginn fjórtíu árum eftir upprisuna (Matt 24.20) og Guð segir að við munum halda hvíldardaginn um alla eilífð (Jes 66.23).

hvíldardagurinn og dauði Jesú

Í umfjöllun Gamla testamentisins um friðþægingardaginn er hægt að sjá stöðugt mikilvægi hvíldardagsins sem hluta óumbreytilegs lögmáls Guðs. Ár hvert var helgidómurinn hreinsaður af synd á táknrænan hátt með því að æðsti presturinn dreypti fórnarblóði á lok arkarinnar. Undir lokinu (3Mós 16.15-16) voru boðorðin tíu. Þetta táknaði þörfina fyrir fórnardauða Krists sem friðþægði fyrir brot á öllu lögmálinu á steintöflunum – m.a. fyrir að halda ekki hvíldardaginn.

Áhugavert er að sjá að hvíldardagurinn beindi athyglinni að dauða Jesú með því að hann var eini 24ra stunda dagurinn sem Jesús var í gröfni. Jafnvel í dauða hvíldist Jesús yfir hvíldardaginn—hann hvíldist í fullkomnuðu verki hjálpræðisins.

hvíldardagurinn og endalokin

Við sáum að einungis Guð getur gert eitthvað heilagt. Hvíldardagurinn er heilagur tími sem maðurinn getur ekki fjarlæggt. En í spádómsbók Daníels er vísað til trúarafis sem mun fram koma og vinna gegn Guði.

6. Lestu Dan 7.25. Hvað reynir þetta vald að gera?

Í Opinberunarbókinni lýsir Guð því hvernig deila mikil muni skella á vegna tilbeiðslu. Ofsóknarvald mun þvinga tilbeiðslu í ákveðinn farveg (Opb 13.11-17). Á hinn bóginn hvetur engill heiminn til að tilbiðja Guð sköpunarinnar (Opb 14.7). Helgur tími hvíldardagsins var einnig hluti af sköpunarverki Guðs. **Ef hvíldardagurinn er tákn um endurreisn mannvera í mynd Guðs þá er ekki að furða að Satan muni gera sitt til að fela og brengla tákn Guðs um sköpunina og endursköpunina.**

7. Lestu Opb 14.6-7. Hvers vegna skyldi engillinn hvetja fólk til að tilbiðja Guð sköpunarinnar?

Jesús skapaði hvíldardaginn sem heilaga stund til að fagna upphaflegu sköpuninni og sem drottinn hvíldardagsins gaf hann okkur hann til að fagna endursköpun mannvera í mynd Guðs. Spádómar Biblíunnar sýna hvernig Satan notar jarðnesk máttarvöld til að ráðast á hvíldardaginn fyrir endurkomu Jesú. Hvíldardagurinn er sérstakt skotmark þar sem hann er tákn um hvernig Guð endurreisir okkur í sinni mynd.

Þegar við upplifum hvíldardaginn eins og Guð ætlaði munu hjörtu okkar breytast því við er komin í náið samband við drottin hvíldardagsins – Jesú Krist. Engin mannvera eða mannlegt afl getur afnumið helgi hvíldardagsins sem Guð gæddi hann við sköpunina. **Því er ekki hægt að tengja helgi við sunnudaginn sem hefur engan biblíulegan grunn og er til kominn fyrir mannlega erfikenningu.**

hagnýting

8. Á heimili þínu:

i. Hvernig geturðu aukið tilfinninguna um helgi hvíldardagsins?

ii. Hvernig geturðu aukið tilfinninguna um hvíldardaginn sem fagnaðardag vegna þess að Jesús endurskapar þig og fjölskylduna í mynd sinni? Þetta er sérstaklega mikilvægt ef börn eru til staðar.

iii. Hvað þarftu að hætta að gera til að heiðra hvíldardaginn og hafa hann sem „gleðidag“? (sjá Jes 58.13-14).

að taka þátt í starfi guðs

Hvað hefur Heilagur andi sýnt þér og hvernig þarftu að bregðast við?



hverjum getur þú deilt þessu með?

kafað dýpra

1. Þú getur séð útdrátt um það sem Sjöunda-dags aðventistar trúá varðandi hvíldardaginn í Byrjaðu hér 5, Helstu trúarkenningar: 20. Hvíldardagurinn.
2. Til að skoða málið betur skaltu lesa um þessa grunnkenningu í bókinni Seventh-day Adventists Believe.

